




Kröftug innkoma hjartalæknisins Helga tónlist **46**



Vigur vestfirðir **42**



spottið **18**

Græddu á gulli á Grand Hótel um helgina

Skoðið nánar bls. 31



Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

31. mars 2012  
77. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*



Hlakkar til að ríða út Einar Bollason hefur látið af stöðu framkvæmdastjóra Íshesta á þrjátíu ára afmæli fyrirtækisins. **fólk 64**

Leitin að lífi í geimnum Hver stórtíðindin hafa rekið önnur í leitinni að lífvænlegum reikistjörnum. **vísindi 62**

Litríkt hjá fram-tíðarhönnuðum

Margir fylgdust með sýningu nema í fatahönnum við Listaháskóla Íslands sem blésu til tíkusýningar á Reykjavík Fashion Festival í gær. **tíska 90**



4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu Ferðir | Ferðahýsi | Fólk | Atvinna



**JÁKVÆÐ OG ÁKVEÐIN AFREKSKONA** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir fékk 10 fyrir meistaraverkefni sitt í lyfjafraði á dögnum og hlaut hæstu loka-einkunn sem gefin hefur verið í deildinni í faginu. Það þykir einstakur árangur fyrir námsmann í háverkum, því undirbúningur fyrir aðra Ólympíuleika hennar í sumar hafði alltaf forgang. Með jákvæðni og ákveðni að vopni lætur Ásdís söknuð eftir látnum föður ekki draga úr sér þrótt, heldur hvetur minningin um hennar helsta stuðningsmann hana áfram til frekari afreka. **Sjá síðu 34.**

## Tólf brot á höftum til saksóknara

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans vísaði tólf málum til sérstaks saksóknara í fyrra. Málin orðin 45 á þremur árum. Rannsókn er ekki lokið í neinu þeirra.

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands vísaði tólf málum til embættis sérstaks saksóknara á árinu 2011 vegna gruns um meiri háttar brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Eitt málauna var sent aftur til eftirlitsins til frekari yfirferðar en hin eru öll enn til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Þetta kemur fram í ársskýrslu Seðlabankans sem birt var á fimmtudag. Á árinu 2010 vísaði gjaldeyriseftirlitið alls tíu málum til frekari rannsókna. Árið 2009 voru þau 23 talsins.

Seðlabankinn vildi ekki veita upplýsingar um hvers eðlis þau mál séu sem send hafa verið til lögreglu til frekari rannsóknar. Bankinn vildi heldur ekki svara því hvaða ákvæði laga um gjaldeyrismál grunur leiki á um að hafi verið brotið né hvert heildarumfang upphæða í málu- num sé.

Eftir setningu laga um gjaldeyrismál voru brot á þeim upphaflega tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins. Því var breytt um mitt ár 2010 og eftir það hefur þeim verið beint til sérstaks saksóknara.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir enga endanlega niðurstöðu vera komna í þau mál sem vísað hefur verið til embættisins frá eftirlitinu. „Það eru ákveðin mál í rannsókn og ágætt samstarf á milli okkar og eftirlitsins.“ Að sögn Ólafs hefur eftirlitið ekki vísað neinum nýjum málum til embættis hans það sem af er þessu ári.

Gjaldeyriseftirlitinu bærust alls 971 beiðni um undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál á árinu 2011, eða um 200 fleiri en árið á undan. Það lauk 946 þeirra á árinu og þar af voru 688, eða um 70%, innsendra beiðna samþykktar, 23 samþykktar að hluta, 123 lokið með öðrum hætti og 112 hafnað. Seðlabankanum bærust 159 tilkynningar um nýfjárfestingu á síðasta ári og var heildarfjárhæð þeirra 19,8 milljarðar króna. Það er tölverð aukning frá árinu 2010 þegar heildarfjárhæðin var 13,5 milljarðar króna. - þsj

971

Beiðnir um undanþágu frá lögum um gjaldeyriseftirlit voru 200 fleiri árið 2011 en árið á undan, eða alls 971 talsins. Af heildarfjöldanum voru 688, eða 70% samþykktar.

ÁRSSKÝRSLA  
SEÐLABANKA ÍSLANDS

Margt smátt ... fylgir Fréttablaðinu í dag!



Hjálparstarf kirkjunnar





Þór, verðið þið þá með hlægilegt verð?

„Já, þau verða sprenglægileg og góð.“

Þór Bæring Ólafsson hefur stofnað ferða-skrifstofuna Gamanferðir ásamt félaganum sínum.

Fjárlög kynnt á Spáni:

## 4.500 milljarða niðurskurður

**SPÁNN** Niðurskurður í nýju fjárlagafrumvarpi spænsku ríkisstjórnarinnar nemur 27 milljörðum evra, eða rúmlega 4.500 milljörðum króna.

Skattar á stór fyrirtæki verða hækkaðir, rafmagn og gas hækkað í verði og tekjuskattur hækkar um tæp tvö prósent. Þá þurfa ráðuneyti að skera mikið niður, þar á meðal utanríkisráðuneytið um helming.

Hagfræðingar hafa lýst yfir efasemdum um áætlunina og segja ólíklegt að niðurskurðurinn dugi til þess að mæta kröfum Evrópusambandsins. Líklega þurfi enn meiri niðurskurð. - þeb

## Sinnir rannsóknunum í mánuð: Flugvél frá Nasa á Íslandi

**NÁTTÚRA** Rannsóknarflugvél frá Nasa lendir hér á landi í dag og dvelur í mánuð. Verkefnið mun styðja við rannsóknir á loftslagsbreytingum með þróun betri aðferða við að mæla bráðnun heimskautaíss.

Flugvélin er sérhönnuð til að fljúga í mikilli hæð og útbúin fullkonnunum mælitækjum. Hún á að sinna rannsóknunum yfir Grænlandi, en markmiðið er að mæla nákvæmni nýlega þróaðs mælitækis. Mælingarnar eru hluti af þróun sambærilegs mælitækis sem verður í gervihnetti sem á að fylgjast með umhverfis- og loftslagsbreytingum. Gervihnettinum að koma á loft árið 2016. - þeb

## ÍSAFJÖRÐUR

### Opið lengur um páskana

Bæjarráð Ísafjarðar hefur samþykkt að veita undanþágu svo hægt verði að hafa opið til klukkan fjögur að nóttu á skemmti- og veitingastöðunum í Edinborgarhúsi og í Alþýðuhúsinu um páskahelgina.

Pingsályktunartillaga um rammaáætlun var lögð fram á Alþingi í gær:

## Lagt til að Þjórsá fari í biðflokk

**VIRKJANIR** Þingsályktunartillaga um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða leit loksins dagsins ljós í gær. Nokkuð hafði verið beðið eftir henni, en hún hafði verið boðuð í lok janúar. Oddný G. Harðardóttir iðnaðarráðherra lagði tillöguna fram í samráði við Svandís Svavarsdóttur umhverfisráðherra.

Tillagan er að mestu samhljóða drögum sem lögð voru fram til umsagnar í haust, en þar voru 69 virkjanakostir metnir. Tvö svæði eru þó færð úr nýtingarflokki í biðflokk, að sögn vegna nýrra upplýsinga sem fram hafi komið í



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

samráðsferlinu. Það eru virkjanir í neðrihluta Þjórsár og virkjanir á hálendinu; Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir I og II.

Hvað Þjórsá varðar er sagt skynsamlegt að afla frekari upplýsinga varðandi laxagengd. Hinar fyrirhuguðu hálendisvirkjanir eru skammt frá Vatnajökulshjóðgarði og í umsagnarferlinu kom fram að áhrif virkjana á verndarsvæði þjóðgarðsins hafi ekki verið metin samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Þá er hert á atriðum er snúa að brennisteinsmengun og niurdælingu í tillögunni og tveir virkjanakostir, Eyjadalsvirkjun og Hveravellir, felldir út þar sem í ljós kom að þeir féllu utan gildisviðs laga sem tillagan visar til. - kóp

## Þakklát þeim sem aðstoðuðu við útför

Móðir letnesks manns sem lést á Íslandi er þakklát þeim sem gerðu henni kleift að fylgja syni sínum til grafar. Útfararstofa kirkjugarðanna leggur út fyrir útförinni og rússneska rétttrúnaðarkirkjan borgar flug og uppihald konunnar.

**FÓLK** „Ég er gríðarlega þakklát rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni á Íslandi, útfararstofunni, heiðurskonsúl Letta hér á landi og öllum öðrum sem gerðu mér kleift að koma hingað til að kveðja son minn.“ Þetta segir Tamara Aldohina frá Lettlandi, en hún er stóðd hér á landi til að fylgja syni sínum, Aleksandzs Aldohins, til grafar.

Aleksandzs lést í febrúar, en hann hafði búið hér og starfað síustu sex árin. Dánarbú hans stóð ekki undir kostnaði við útför og Tamara hafði engin ráð til að safna fé fyrir athöfninni. Hún segir að gott fólk hér á landi hafi þá komið til sögunnar. Jón Snorrason heiðurskonsúl hafi aðstoðað við alla skipulagsvinnu og rétttrúnaðarkirkjan séð henni fyrir flugmiða og uppihaldi á meðan hún kveður son sinn. Þá hafi Útfararstofa kirkjugarðanna sýnt drengskap.

„Ég átti ekki fyrir útförinni og þetta var búið að dragast lengi. Hann lést 25. febrúar þannig að það var ekki hægt að biða lengur. Útfararstofa kirkjugarðanna samþykkti að sjá um athöfnina án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því að fá hana nokkurn tímann greidda. Fyrir það er ég mjög þakklát.“

Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri útfararstofunnar, segir að ekki hafi verið hægt annað en að hlaupa undir bagga þegar syrgjandi móðir væri komin til landsins til að kveðja son sinn. Ekki hafi verið hægt að láta Tamöru fara erindisleysu og það verði bara að koma í ljós hvort stofan fái kostnaðinn nokkurn tímann greiddan.

„Þetta er bara eitt af þessum tilvikum þar sem engir peningar



**ÞAKKLÁT MÓÐIR** Tamara er öllum þeim sem gerðu henni kleift að kveðja son sinn þakklát. Hún er hér fyrir miðri mynd ásamt vinkonu sonar hennar, Renate Romans Kolinka og séra Timur Zolotuskiy, presti rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég átti ekki fyrir útförinni og þetta var búið að dragast lengi. Hann lést 25. febrúar þannig að það var ekki hægt að biða lengur.

TAMARA ALDOHINA

voru til. Þetta kemur sárasjaldan fyrir og er eiginlega alveg sérstakt tilvik. En auðvitað verður að leysa svona mál og þegar enginn er til að leysa þau þá gerum við það bara.“

Jón Snorrason, heiðurskonsúl Letta, segir Útfararstofuna og rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna hafa gert kveðjustundina að veru-

leika. Hann hafi aðeins aðstoðað við að koma málinu í kring, til dæmis við að fara í gegnum búíð.

„Mér finnst þetta stórkostlegt og átti ekki von á því að þetta væri hægt. Upphaflega var það útfararstofan sem var svo lipur að tryggja að útförin gæti átt sér stað. Síðan kemur rétttrúnaðarkirkjan til sögunnar og sér um ferðalag hennar og uppihald. Ég tek undir það með Tamöru að þessum aðilum ber að þakka.“

Aleksandzs hafði verið í stéttarfélagi og greitt í lífeyrissjóði. Það dugði hins vegar ekki til að fá framlag í útförina, en hann var einhleypur og barnlaus. Jarðarför hans fór fram í gær.

kolbeinn@frettabladid.is

Heróín frá Pakistan á Kastrup:

## Tuttugu kíló af heróíni í tösku

**DANMÖRK** Danska lögreglan lagði á miðvikudagskvöld hald á 20,5 kíló af heróíni sem fannst í tösku á flugvellinum í Kastrup. Taskan kom frá Pakistan að því er fram kemur í Berlinske Tidende.

Danska lögreglan sem naut aðstoðar lögregluþyrvalda á Spáni hafði rannsakað málið um margra mánaða skeið. Af fjórum mönnum sem nú sitja í gæsluvarðhaldi eru tveir starfsmenn á Kastrupflugvelli. Götuverðmæti heróínsins er talið nema um 575 milljónum íslenskra króna. - gar



**KVEÐST SAKLAUS** Einar Marteinnsson, sem segist skilinn við Hells Angels, hefur staðfestlega neitað sök í málinu.

## Ákæra þingfest í gær: Neita öll sök í hrottalegu árásarmáli

**DÓMSMÁL** Fimmmenningarnir sem sæta ákæru fyrir hrottafengna árás á konu í Hafnarfirði rétt fyrir jól neituðu allir sök við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Meðal hinna ákærðu er Einar Marteinnsson, þáverandi forsprakki Hells Angels, sem er gefið að sök að hafa skipulagt árásina. Þrír karlar og ein kona, með tengsl við Hells Angels, eru ákærð fyrir að hafa ruðst inn til konunnar og gengið í skrokk á henni. Konan slasaðist alvarlega í árásinni, hlaut heilahristing og mikla áverka.

Fólkið, auk sjötta mannsins, er jafnframt ákært fyrir aðild að skipulagðri glæpastarfsemi. - sh

Evrufundur í Danmörku:

## Neyðarsjóður stækkaður

**DANMÖRK, AP** Fjármálaráðherrar evruríkjanna samþykktu á fundi sínum í Kaupmannahöfn í gær að efla stöðugleikasjóðinn, sem notaður er til að hjálpa ríkjum að komast út úr alvarlegum fjárhagsvanda.

Til reiðu í björgunarsjóðnum verða nú 800 milljarðar evra, eða nærri 136 þúsund milljarðar króna. Áður hafði verið gert ráð fyrir 500 milljörðum evra. - gb

Herdís Þorgeirsdóttir leggur áherslu á virkara lýðræði og aukin mannréttindi:

## Herdís ætlar í forsetaframboð

**KOSNINGAR** Herdís Þorgeirsdóttir, doktor í lögum, býður sig fram til embættis forseta Íslands. Þetta tilkynnti hún á blaðamannafundi í Listasafni Reykjavíkur í gær.

Herdís sagði framboð sitt vera lýðræðistilraun, að láta á það reyna hvort fólkið í landinu væri máttugra en fjármálaöflin, sem hafi skert grundvöll lýðræðisins. Hún ætli í framboði sínu að leggja áherslu á virkara lýðræði og aukin mannréttindi. Þeir sem hafi skorað á hana að bjóða sig fram deili þessari skoðun með henni. „Framboð mitt byggir á því að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verði af honum tekin og það er undirstaða réttlætis og lýðræðis. Völdin eiga að koma frá okkur, fólkinu, og þau ber að nota í okkar þágu,“ sagði Herdís á fundinum.

Herdís sagði málskotsrétt forseta bera að beita af varkárni, „en þjóðin þarf jafnframt að geta treyst því að forseti Íslands hafi burði til að beita þessum rétti ef þörf krefur.“ Framboð Herdísar verður rekið með lágmarkstilkostnaði að hennar sögn. Opnaður verður reikningur þar sem fólk getur lagt sitt af mörkum ef það vill. - þeb



Í LISTASAFNINU Herdís ásamt Önnu Laufeyju Sigurðardóttur, kosningastjóra sínum, að loknum blaðamannafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MALLORCA**  
sólareyjan sem hefur allt!

**tilboð**

Aparthotel Maracaibo ★ ★ ★  
Flug + gisting í 7 nætur

Verð frá:  
**75.900 kr.\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 89.900 kr á mann m.v. 2 fullorðna.  
Brottför: 22. maí - 7 nætur.

**plús**  
FERDIR

Bókaðu núna á plusferdir.is!  
www.plusferdir.is

# VORTILBOÐ Á WEBER UM HELGINA

## GRILLAÐU PÁSKALAMBID!

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐAGRILLUM FRÁ  
WEBER OG AFSLÁTTUR AF ÞEIM ÖLLUM!

**ÞÚ SPARAR  
ALLT AÐ  
25.000 KR.**



### PÁSKA- MARKAÐUR BLÓMAVALS UM HELGINA.

Sjá nánar auglýsingu  
aftar í blaðinu.

**MUNIÐ!**  
ÁVÍSUNIN GILDIR  
TIL 1. APRÍL!

|  |  |
|--|--|
|  | Kr. 3.000,-                                  |
| Gæðiþing<br>Skiptipóstur   | <i>Handhafa</i>                              |
| Númer  | <i>Dýflétt 00/100</i>                        |
|  | <i>Fléttu er fyrir 10.000 kr. eða meira.</i> |
| Reykjón  | <i>15. mars 12 Húsmiðjan og Blómaval</i>     |
| <small>Assurinn gildir um 3.000 kr. útbætur í öllum veðrum húsmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudagnum 21. mars til sunnudagins 26. mars 2012, ef kaup er fyrir 10.000 kr. eða meira. Assurinn gildir eingöngu þegar verslað er með kreditkort eða í staðgreifðu en ekki í reikningveðbættum.</small> |  |

### NÝTT UPPHAF

Sameining Húsmiðjunnar og Bygma markar nýtt upphaf á íslenskum byggingavörumarkaði. Það eru spennandi tímar framundan í Húsmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.



**HÚSMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

GENGIÐ 30.03.2012

| GJALDMÍÐLAR     | KAUP SALA     |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 126,17 126,77 |
| Sterlingspund   | 201,97 202,95 |
| Evra            | 168,26 169,20 |
| Dönsk króna     | 22,615 22,747 |
| Norsk króna     | 22,133 22,263 |
| Sænsk króna     | 19,041 19,153 |
| Japanskt jen    | 1,5363 1,5453 |

SDR 195,38 196,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 230,4448

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

# Franska lögreglan handtók 19 manns vegna gruns um öfgamennsku: Sarkozy boðar fleiri aðgerðir

**FRAKKLAND, AP** Nítján manns voru handteknir í gærmorgun í Frakklandi vegna gruns um að þeir tengist öfgahópum íslamista, sem hugsanlega séu með áform um hryðjuverk.

Mikil spennan hefur ríkt í Frakklandi frá því ungur maður drap sjö manns í Toulouse og Montauban. Stjórnvöld leggja mikla áherslu á öryggismál og hættuna af hryðjuverkum. Á hinn bóginn fer ótti vaxandi meðal múslima um að almenningur stimpli þá alla sem hryðjuverkamenn.

Nicolas Sarkozy forseti stendur í

ströngu þessar vikurnar í kosningabaráttu fyrir forsetakosningar, sem haldnar verða innan fárra vikna.

Skoðanakannanir hafa ekki verið honum vilhallar, en í von um að afla sér meira fylgis hefur hann meðal annars boðað harðari stefnu gagnvart útflendingum.

„Það verða fleiri aðgerðir áfram sem gera okkur kleift að vísa burt úr landi ákveðnum hópi fólks sem hefur enga ástæðu til að vera hérna,“ segir hann. „Það er skylda okkar að tryggja öryggi frönsku þjóðarinnar. Um það höfum við ekkert val.“

- gb



HANDTEKINN Franska lögreglan að verki. NORDICPHOTOS/AFP

# Refsing staðfest í Hæstarétti: Tvö og hálf ár fyrir ofbeldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest tveggja og hálf árs fangelsisdóm yfir Kristmundi Sigurðssyni fyrir fjölmörg brot, meðal annars ofbeldi og frelssissviptingu.

Kristmundur, með tveimur öðrum, neyddi mann á sextugsaldri til að millifæra rúmlega hundrað þúsund krónur af banka-reikningi. Honum eru líka gefin að sök fikniefna- og umferðarlagabrot. Sakaferill Kristmundar nær aftur til ársins 1976. Árið 1978 hlaut hann tólf ára fangelsisdóm fyrir manndráp.

- sh



SOGAMÝRI Lóð ætluð Félagi múslima á Íslandi.

# Lagfæra uppdrátt í Sogamýri: Moska reyndist helmingi of lítil

**SKIPULAGSMÁL** Byggingarmagn sem ætlað var fyrir mosku og safnaðarheimili Félags múslima í Sogamýri reyndist helmingi minna en áður var gert ráð fyrir að félagið fengi. Samkvæmt lýsingu sem unnin var í fyrra á byggingin að vera 400 fermetrar. Guðjón Magnússon arkitekt, sem unnið hefur þarfagreiningu fyrir Félag múslima, segir hins vegar nauðsynlegt að byggingin verði á bilinu 800 til 1.000 fermetrar. Það sé svipað og gerist með meðalsóknarkirkjur, eins og til dæmis Guðríðarkirkju í Grafarholti. Er málið var í kynningu barst athugasemd frá einum íbúa úr Vogahverfinu. Hann vill halda Sogamýri sem útivistastæði. - gar

## ALMENNINGSÍPRÓTTIR

### Of hlýtt fyrir snjóframleiðslu

Tæki til snjóframleiðslu eru tilbúin í Ártúnsbrekku en snjóframleiðsla hefur ekki verið sett af stað vegna hlýnda. Þetta kom fram á fundi stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Þar kom líka fram að gríðarlegt magn af snjó hafi verið á Bláfjallasvæðinu og moksturskostnaður yfir áætlun. Þá hefur veður ekki verið hagstætt til opunar. Þann 12. mars síðastliðinn hafði verið opið í 45 daga í vetur.

## LEIÐRÉTT

Rangt var farið með nafn ljósmyndarans sem tók forsiðumynd Lífins, sem fylgdi Fréttablaðinu í gær. Rétt er að Stefán Karlsson tók myndina.

# Tveimur samningsköflum var lokað strax í Brussel

Tveimur af fjórum samningsköflum sem opnaðir voru í Brussel í gær var lokað strax. 15 kaflar hafa verið opnaðir og tíu lokað. Aðalsamningamaður Íslands er sáttur, en hefði viljað sjá fleiri köflum lokað.

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** Fjórir samningskaflar voru opnaðir á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB í Brussel í gær. Tveimur var lokað samdægurs, um utanríkis-, öryggis- og varnarmál, og um neytendamál og heilsuvernd, en samningaviðræður halda áfram um hina tvo, sem fjalla um samkeppnismál og orkumál. Með því hafa fimmtán kaflar af 33 verið opnaðir og tíu þegar lokað.

Í tilkynningu frá ráðherraráði ESB segir meðal annars að yfirlýsing um sérstöðu Íslands sem herlauss lands verði hluti af samningum ef til þess kemur. Einnig er tekið fram að varnarmálastefna ESB muni ekki hafa áhrif á forræði Íslands um mótun og framkvæmd stefnu Íslands í málaflokknum.



VIÐRÆÐUR Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, segist sáttur við framganginn í aðildarviðræðunum við ESB. Tíu samningsköflum hefur nú verið lokað en Stefán sést hér ásamt Póri Ibsen, sendiherra Íslands í Brussel, heilsa fulltrúa ESB á ríkjaráðstefnunni í gær. MYND/RÁÐHERRÁÐ ESB

Varðandi seinni kaflana tvo setti sambandið fram ymis atriði sem Ísland þarf að framfylgja svo að hægt verði að loka þeim. Meðal annars skal Ísland leggja fram áætlun um hvernig krafa ESB um lágmarksolúbirgðir verði uppfyllt, en í samningsafstöðu Íslands var farið fram á að fá frest til að mæta kröfunum með því að draga úr olúnotkun innanlands í stað þess að auka birgðir.

Í tilkynningu á vef utanríkisráðuneytisins kemur fram að í umræðum um orkukaflann hafi ESB staðfest þann skilning Íslands að aðild muni ekki koma til með að hafa áhrif á eignarhald og stjórn landsins yfir eigin auðlindum, og var í því sambandi vísað til ákvæðis þar að lútandi í Lissabonsáttmálanum.

Í samkeppnismálum tók ESB

fram að þeim kafla mætti loka síni Ísland fram á „að löggjöf um auðhringi, samruna fyrirtækja og um ríkisaðstoð sé rétt framfylgt“.

Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann væri almennt sáttur við gengið í viðræðunum þar sem nærri helmingur kaflanna hafi þegar verið opnaður, en hefði þó gjarna vilja sjá fleiri samningsköflum lokað.

„Við erum metnaðarfull í okkar vinnu og höfum sett okkur það markmið á fyrri stigum að hafa fleiri kafla til umfjöllunar á þessum tíma. Aðalatriðið er hins vegar að við viljum vanda til verka en stundum taka hlutirnir lengri

tíma en maður vill eða hefði haldið fyrirfram.“

Næsta ríkjaráðstefna verður haldin í lok júní, en Stefán sagði aðspurður ekki getað svarað því hvaða kaflar verði opnaðir þá. „Það á eftir að koma í ljós hvaða efnisflokkar verða á dagskrá, en við vinnum að því hörðum höndum að þeir verði fleiri en færri.“

Inntur eftir viðbrögðum við ummælum sem Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, lét falla á dögnum, þar sem hann sagðist vonast til þess að allir kaflarnir yrðu opnaðir fyrir árslok svaraði Stefán: „Það er alla vega hvetjandi að heyrna slíkt og ég tek undir þessi orð nafna míns.“ thorgils@frettabladid.is

## Kaflarnir: 15

- Lokað:**
2. Frjáls för vinnuaflls
  6. Félagaréttur
  7. Hugverkarréttur
  20. Fyrirtækja- og iðnstefna
  21. Samevrópsk net
  23. Réttarvarsla og grundvallarréttindi
  25. Vísindi og rannsóknir
  26. Menntun og menning
  28. Neytenda- og heilsuvernd
  31. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál
- Opnir:**
5. Opinber innkaup
  8. Samkeppnismál
  10. Upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar
  15. Orkumál
  33. Framlagsmál

**Rjómi**  
ALLRA LANDSMANNA

12 DAGA GEYMSLU-PÓL

### VEDURSPÁ

**Ingibjörg Karlsdóttir** veður-fréttamaður

**FREMUR MILT** verður víða um land í dag, þó ekki á norðausturlandi þar sem hiti verður um frostmark og má búast við slyddu. Annars verður dálítill rigning norðan til, þokusúld vestanlands en hins vegar nokkuð bjart suðaustan til. Á morgun fer veður kólnandi í bili.

**Á MORGUN** Hægur eða fremur hægur vindur um allt land.

**MÁNUDAGUR** Strekkingur allra syðst annars hægar.

**HEIMURINN**

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Alicante        | 19° |
| Basel           | 22° |
| Berlín          | 8°  |
| Billund         | 7°  |
| Frankfurt       | 11° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg       | 7°  |
| Kaupmannahöfn   | 7°  |
| Las Palmas      | 20° |
| London          | 11° |
| Mallorca        | 21° |
| New York        | 9°  |
| Orlando         | 30° |
| Ósló            | 8°  |
| París           | 15° |
| San Francisco   | 14° |
| Stokkhólmur     | 2°  |

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

# Páska leikur

29. mars - 7. apríl



Giskaðu á hvað við komum mörgum súkkulaði-eggjum fyrir í Volkswagenbjöllu sem er staðsett fyrir framan Hagkaup. Fylltu út þáttökuseðil og þú ert komin/n í pottinn í páskaleik Smáralindar!

Þú getur unnið afnot af bílnum í sex mánuði ásamt bensínúttekt frá Atlantsolíu og gjafakorti frá Smáralind eða fjölda aukavinninga frá Nóa Síríus.

Vinningar verða dregnir út þriðjudaginn 10. apríl og nöfn vinningshafa birt á smaralind.is.

**Hvað**  
eru mörg  
páskaegg  
í bílnum?



**6**

mánaða afnot  
af VW bjöllu  
og bensín frá  
Atlantsolíu

**Frábærar fermingargjafir**

Í Smáralind er glæsilegt úrval af gjafavörum. Komdu og finndu flotta gjöf handa fermingarbarninu.



Samstarfsaðilar



Das Auto.



NÓI SÍRÍUS



ATLANTSOLÍU

 Smáralind



Telur þú náttúru landsins í hættu vegna átroðnings ferðamanna?

|     |       |
|-----|-------|
| JÁ  | 56,9% |
| NEI | 43,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Ert þú hlynnt/ur því að gjald verði tekið upp á einhverjum ferðamannastöðum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.



Hagstofa Íslands kynnti í gær nýja þjóðhagsspá fyrir árin 2012 til 2017:

# Hagstofan spáir 2,6% hagvexti

**EFNAHAGSMÁL** Hagstofa Íslands spáir 2,6 prósentu hagvexti á þessu ári, 2,5 prósentum á því næsta og svo um 2,8 prósentum árin eftir það. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri Þjóðhagsspá Hagstofunnar.

Ný hagvaxtarspá er aðeins bjartsýnni en spáin sem gefin var út í nóvember en þá spáði stofnunin 2,4 prósentu hagvexti á árinu. Aukin einkaneysla og fjárfesting knýr hagvöxtinn. Þannig spáir Hagstofan að einkaneysla aukist um 3,1 prósent og fjárfesting um 10,5 prósent. Hins vegar verður lítils



**FRAMKVÆMDIR** Seinkanir á stóriðju-framkvæmdum eru meðal óvissuþátta í þjóðhagsspá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

háttar samdráttur í samneyslu samkvæmt spánni.

Spáin gerir ráð fyrir því að það

hægist á vexti einkaneyslu eftir þetta ár, ekki síst þar sem kjarasamningsbundnar launahækkanir verða minni en síðustu misseri.

Verðbólguþá Hagstofunnar hljóðar upp á 4,8 prósentu meðalverðbólgu á þessu ári. Til samanburðar spáði Seðlabankinn í febrúar 4,6 prósentu meðalverðbólgu á árinu. Þá spáir Hagstofan 3,4 prósentu verðbólgu árið 2013 og 2,5 prósentu verðbólgu eftir það.

Loks spáir Hagstofan að gengi krónunnar veikist um 2,7% á þessu ári, en haldist svo tiltölulega stöðugt.

- mþl

## Ögmundur tjáir sig ekki: Elín ósátt við viðtal í Nýju lífi

**FJÖLMIDLAR** Elín Hirst, höfundur bókarinnar *Aldrei líta undan*, er ósátt við að Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, hafi í viðtali í Nýju lífi efast um frásögn Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur af kynferðisofbeldi föður hennar. Sigríður er mágkona Guðrúnar Ebbu.

Elín hefur ritað Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra bréf og krefst þess að málið verði skoðað í ljósi stöðu Sigríðar.

Ögmundur sagðist ekki þekkja málið nógu vel til að tjá sig. - sv

# Hársnyrtistofa

– Nú er tækifærið!

Til sölu er vel staðsett hársnyrtistofa í 101 Reykjavík sem er í senn falleg og vel búin, með vinnuástöðu fyrir 4–5 fagmenn.

Stofan er í góðum rekstri, skuldlaus og með mjög góða vörusölu. Auk kjarna fastra viðskiptavina stofunnar liggur hún mjög vel við gangandi umferð, m.a. vaxandi umferð erlendrar ferðamanna.

Ef þú/þið hafið verið að velta fyrir ykkur eigin rekstri þá er þetta tækifærið.

Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á [auglysing1@gmail.com](mailto:auglysing1@gmail.com).

**Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

# Upplýsingar um PIP verða ekki veittar

Persónuvernd hefur úrskurðað að lýtalæknum beri ekki skylda til að afhenda landlækni persónuupplýsingar um allar þær konur sem hafa fengið sílíkonpúða í brjóst sín. Hópur kvenna ætlar að stefna ríkinu fyrir að sinna ekki eftirliti.


**HEILBRIGÐISMÁL** Persónuvernd úrskurðaði í gær að lýtalæknum í einkarekstri beri ekki skylda til að afhenda landlæknisembættinu persónuupplýsingar um þær konur sem fengið hafa sílíkonpúða í brjóst sín á margra ára tímabili. Ástæðan sé að það sé ekki ljóst til hvers landlæknir ætli sér að nota upplýsingarnar og að rík þagnarskylda ríki um störf lýtalækna.

Í úrskurði Persónuverndar segir að hver lýtalæknir sé ábyrgðaradili þeirra persónuupplýsinga sem hann skráir og varðveitir um þær konur sem hann hafi sett brjóstafyllingar í. Rík þagnarskylda hvíli á læknum og það sé alfarið á hans ábyrgð að gæta þess að þeim upplýsingum verði ekki miðlað til annarra nema skýr heimild sé til þess.

Hvorki verði ráðið af fyrirbyggjandi gögnum, þeim sjónarmiðum sem landlæknir hafi sett fram, né gildandi lögum, að lýtalæknar megi miðla til landlæknis persónuupplýsingum um allar þær konur sem hafi fengið brjóstafyllingar hér á landi frá árinu 2000 til dagsins í dag.

Landlæknir fór fram á að fá afhentar upplýsingar um konurnar eftir að PIP-málið svonefnda kom upp í lok síðasta árs. Það var gert í ljósi þess að embættið þyrfti á þeim upplýsingum að halda til að sinna lögbundinni eftirlitsskyldu sinni. Læknafélag Íslands bað um álit Persónuverndar í kjölfarið, sér í lagi vegna þess að hópur kvenna hafði farið fram á það að nöfn þeirra og auðkenni færu ekki á skrá hjá landlækni yfir þær konur sem höfðu farið í brjóstastækkunaraðgerð.

sunna@frettabladid.is



**SPRUNGINN PIP-ÞÚDI ÚR BRJÓSTI ÍSLENSKRAR KONU** Fjöldi kvenna hefur nú þegar gengist undir aðgerð á Landspítalanum til að láta fjarlægja sílíkonpúðana úr brjóstum sínum. Margir hverjir voru mjög illa farnir eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hópur kvenna ætlar í mál við ríkið

Geir Gunnlaugsson landlæknir neitar því að embættið hafi brugðist eftirlitsskyldu sinni eftir árið 2006 þegar umræður um mögulega skaðsemi PIP-sílíkonpúða komu upp erlendis. Þetta segir hann í ljósi þess að ótilgreindur fjöldi þeirra íslensku kvenna sem fengu PIP-púða í brjóstin eftir árið 2006 hafi í hyggju að höfða skaðabótamál á hendur ríkinu fyrir að að bregðast eftirlitsskyldu sinni.

Í tilkynningu frá Geir segir að embættinu hafi aldrei borist neinar upplýsingar frá eftirlitsaðilum í Evrópu um vandamál með PIP-brjóstapúða. „Aftur á móti liggur fyrir að einstaka læknar erlendis vöktu allt frá árinu 2006 athygli viðkomandi eftirlitsstofnana og fræðasamfélags lýtalækna á áhyggjum sínum af gæðum púðanna.“

Saga Yrr Jónsdóttir, lögmaður kvennanna, segir álit landlæknis ekki koma á óvart. „Þetta er allt spurning um hvort eftirlitsaðilar á Íslandi eigi að bera sig eftir upplýsingum eða hvort þær eigi bara að koma til þeirra,“ segir Saga. „Það er ekki hægt að skera úr um það hvort þeir hafi brugðist eftirlitsskyldu nema láta dómstóla skera úr um það svo það verður bara að láta á það reyna.“ Saga veit ekki hversu margar konur höfðu mál á hendur ríkinu, en hún segir þær skipta tugum sem fengu púðana í sig á árunum 2005 til 2007.



**GEIR GUNNLAUGSSON** **SAGA YRR JÓNSDÓTTIR**

Nefndarformaður segir ákvörðun tekna um framhaldið eftir páska:

# Stjórnarskrá fari í þjóðaratkvæði

**ALÞINGI** Drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá verða ekki borin undir þjóðaratkvæði samhliða forsetakosningum í júní. Slíka kosningu þarf að samþykka með þriggja mánaða fyrirvara og rann sá frestur út á miðnætti á fimmtudag. Stjórnarliðar saka sjálfstæðismenn um málþóf, en þeir brugðust ókvæða við slíkum ásökunum.

Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að ákvörðun um framhaldið verði tekin eftir páska. „Á einhvern hátt, hver sem hann verður, munum við leita samræðs við fólkið í landinu um gerð þessarar stjórnarskrár.“

Álfheiður Ingadóttir, varaformaður nefndarinnar, segir enga uppgjöf í stjórnarmeirihlutunum. „Við litum á að það sé skýr meiri-



**ANDAKTUGIR** Birgir Ármannsson og Ásmundur Einar Daðason hlýða á umræður um stjórnarskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hlutavilji þingsins að leggja þessa tillögu stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæði og sérstök álitamál tengd stjórnarskránni, eins og kom fram í samþykkt Alþingis á sérstakri ályktun 22. febrúar.“

Birgir Ármannsson, fulltrúi

Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segist ekki útiloka þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrána.

„Við teljum hins vegar að til að bera málið undir atkvæði þjóðar þurfi að vera um að ræða fullmótaðar tillögur sem Alþingi sé búið að vinna í og koma sér saman um og fá fræðilega aðstoð til greiningar. Að því loknu, þegar málið er farið að nálgast endapunkt, er þjóðaratkvæðagreiðsla vissulega möguleiki í okkar huga.“

Birgir segir hins vegar óþóðlegt að leggja í þjóðaratkvæði tillögur sem vitad er að muni taka breytingum. Hann vill fara eftir ákvæðum núverandi stjórnarskrár; þingið samþykki breytingar nú, og nýtt þing staðfesti þær eftir kosningar. Það megi gera með frestun gildistökuákvæða og bera fullnúið verk undir þjóðina. - kþp



17. júní í Reykjavík

## Dagskráratríði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum [www.17juni.is](http://www.17juni.is) en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út 10. maí 2012.



# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



## PHILIPS

Heyrnartól  
SHP1900  
• 2m kapall

2.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



14.990<sup>kr</sup>

V.Á. 19.990.-



## JBL

Hátalari með vöggu

- ONSTAGEMICROIIIIBL
- iPod og iPhone vaggja
  - Tveir 1" (25mm) Odyssey Neodymium hátalarar
  - Fjarstýring
  - Gengur fyrir rafmagni eða batteríum



## Lenco

Xemio mp3 spilari

- XEMIO655GR
- 4GB minni
  - Rauf fyrir Micro SD kort allt að 8GB
  - Diktafönn
  - Margir litir

6.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## JVC

HD tökuvél

- GZHM30BEU
- 1920x1080/50P upptaka
  - Titringseyfir
  - Innbyggður zoomhljóðnemi
  - Klippi- og afspilunarforrit fylgja (Win)

39.990<sup>kr</sup>

V.Á. 49.990.-



## OLYMPUS

Myndavél VG160RED

- 14 MegaPixel
- HD video upptaka 720p (1280 x 720 / 30fps)

16.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## Nikon

Myndavél S3300SILFUR

- 16 MegaPixel
- NIKKOR aðdráttarlinsa
- Rafræn titringsjöfnun
- HD upptaka hreyfimynda með hljóði
- Margir litir

29.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ

FERMINGARTILBOÐ: Taska og 4GB High Speed kort að verðmæti 7.995.- fylgja



## OLYMPUS

Myndavél VG110S

- 12 MegaPixel
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)

12.990<sup>kr</sup>

V.Á. 14.990.-



## PHILIPS

Hljómtækjasamstæða með vöggu

- DCM2020
- 20W RMS
  - Geislaspilari
  - Dynamic Bass Boost
  - Hleður iPod/iPhone/iPad-inn þinn
  - Vekjaraklukka
  - RDS FM útvarp
  - USB tengi, MP3 link
  - Fjarstýring

34.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## OLYMPUS

Sjónauki 50mm

- 10X50DPSI
- 10x stækkun
  - 50mm linsa
  - Taska fylgir

13.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ

## Dantax

Hljómtækjasamstæða

- M208
- FM/AM útvarp
  - Baklýstur LCD skjár
  - Fjarstýring

11.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## tasco

Sjónauki 25mm

- 168RB
- 10x stækkun
  - 25mm rauð gler
  - Taska fylgir

3.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## FINLUX

Finlux 32" LCD Sjónvarp

- 32FLX905HU
- Upplausn 1366x768 punktar
  - Skerpa: 4000:1
  - Birta: 500 cd/m<sup>2</sup>
  - Multimedia USB tengi

69.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ



## FINLUX

22" HD LCD sjónvarp með DVD spilara

- 22FLX850VUD
- Innbyggður DVD spilari
  - 1366x768 punkta upplausn
  - Skerpa: 8000:1, birta: 300 cd/m<sup>2</sup>, svartími: 5ms
  - Multimedia USB tengi
  - 12v - 230v kerfi

54.990<sup>kr</sup>

GOTT VERÐ

Gildir til 7. apríl á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



1. Hvað heita sakborningarnir í Al Thani málinu?
2. Hvaða verðgildi fær nýr peningaseðill sem gefa á út?
3. Hvað söfnuðust miklir peningar í átakinu Mottumars?

## SVÖR

1. Hríðvar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Ólafur Ólafsson. 2. Tíu þúsund krónur. 3. Næstum 30 milljónir króna.

Innanríkisráðherra hefur lagt málefni Íslenskrar ættleiðingar fyrir ríkisstjórnina en engin niðurstaða er komin:

## Þarf að endurskoða málaflokkinn í heild

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum með allan málaflokkinn til endurskoðunar,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og kveðst taka mjög alvarlega yfirlýsingu sem Íslensk ættleiðing (ÍÆ) um óvissu sem ríki um framtíð ættleiðina.

Ögmundur segir ljóst að félagið standi völlum fótum vegna bágrar fjárhagsstöðu. Engin ákvörðun hafi þó verið tekin um aukna fjárveitingu ríkisins til félagsins.

Ögmundur segist meðvitaður um mikilvægi félagsins og það hlutverk sem það gegnir. Engu

að síður sé staðreynd að þrengt hafi verið að því eins og víða í velferðarþjónustunni. „En ég tek þessu máli alvarlega og hef á því fullan skilning.“

Hann hefur lagt málefni ÍÆ fyrir ríkisstjórnina en eins og áður sagði hefur engin ákvörðun verið tekin um framtíð þess.

Félagið hefur lýst því yfir að fái það ekki frekara fjármagn frá ríkinu geti komið til þess að lokað verði fyrir nýjar umsóknir um ættleiðingar á þessu ári.

Framlag til ÍÆ í ár var 9,2 milljónir króna, en forsvarsmenn

telja það þurfa um 54 milljónir króna til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Hörður Svavarsson, formaður ÍÆ, segir viðbrögð ráðherra sýna að framtíð félagsins sé enn jafn óljós og erfið og hún var áður.

„Það tekur auðvitað tíma fyrir stjórnvöld að bregðast við fréttum, en við höfum ekki heyrð neitt frá þeim síðan þessi staða komst í hámmæli,“ segir hann. „Við vitum að það vilja allir þessum málaflokki voðalega vel, en það bara gerist ekkert. Það er það sem við höfum horft á í þrjú ár.“ -sv



**ÆTTLEIÐING** Íslensk ættleiðing er eina ættleiðingafélagið hér á landi og þurfa því allir verðandi foreldrar ættleiddra barna að sækja um í gegnum það.

NORDICPHOTOS/GETTY

**MALLORCA**  
Sólareyjan sem hefur allt!

**tilboð**

Aparthotel Maracaibo ★ ★ ★  
Flug + gisting í 7 nætur

Verð frá:  
**75.900 kr.\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 89.900 kr á mann m.v. 2 fullorðna.  
Brotföör: 22. maí - 7 nætur.

**plús**  
FERÐIR

Bókaðu núna á [plusferdir.is](http://plusferdir.is)!

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

Breytt skipan ferðamála:

## Allir verði með öryggisáætlun

**FERÐAÞJÓNUSTA** Allir sem bjóða ferðir innanlands þurfa að útbúa öryggisáætlun, nái nýtt frumvarp um breytingu á lögum um skipan ferðamála fram að ganga.



**ODDNÝ HARÐARDÓTTIR**

Oddný Harðardóttir, ráðherra ferðamála, greindi frá því á aðalfundi SAF, að hún myndi miklar vonir við þá hluta frumvarpsins sem snúa að öryggi ferðamanna. „Í öryggisáætlun á að koma fram mat á áhættu viðkomandi ferðar og lýsing á því hvernig ferðaskipuleggjandi hyggist bregðast við beri v á að höndum í ferðinni,“ segir í tilkynningu SAF. -óka



**NÝ SKÝRSLA** Með útgáfu skýrslunnar er Samkeppniseftirlitið að fylgja eftir stærri skýrslu, „Samkeppnin eftir hrun“, sem gefin var út sumarið 2011. Páll Gunnar Pálsson er forstjóri eftirlitsins.

## Þriðja hvert stórfyrirtæki í eigu banka

Bankar réðu yfir 27% af 120 stærstu fyrirtækjum landsins í byrjun þessa árs. Stórum fyrirtækjum undir yfirráðum banka fækkaði um 20 í fyrra.

**SAMKEPPNISMÁL** Bankar eru í ráðandi stöðu í 27% af 120 stærstu fyrirtækjum landsins í byrjun árs 2012. Þeir voru í slíkri stöðu í 46% þeirra í byrjun árs 2011 en á síðasta ári voru 20 stór fyrirtæki seld eða endurskipulögð með þeim hætti að bankarnir hafa ekki lengur þau ítök í rekstri fyrirtækjanna sem þeir höfðu áður. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem ber heitið „Endurreisn fyrirtækja 2012 – aflaklær eða uppvakningar?“ Skýrslan verður birt opinberlega á mánudag.

Í henni kemur fram að stór íslensk fyrirtæki eru mjög skulsett í alþjóðlegum samanburði. Þar segir að „eftirtektarvert er að skuldir fyrirtækja sem lokið hafa endurskipulagningu eru eftir sem áður almennt mjög miklar. Um þriðjungur stjórnenda stærri íslenskra fyrirtækja, sem hafa verið seld eða gengið í gegnum endurskipulagningu, telja að fyrirtækið geti ekki staðið undir núverandi skuldabyrði eða að óvíst sé að það geti staðið undir henni.“

Að mati Samkeppniseftirlitsins stafa margvíslegar hættur af mikilli skuldsetningu fyrirtækja. Þau geti hvorki veitt

keppinautum aðhald né starfað með skilvirkum hætti á markaði. Í skýrslunni segir að „hætt er við því að slíkt fyrirtæki ákveði verð á vöru eða þjónustu í samræmi við slæma skuldastöðu sína sé þess nokkur kostur. Hættan á þessu er þeim mun meiri eftir því sem samkeppni á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á er minni og markaðshlutdeild þess meiri.“

Samkeppniseftirlitið ætlar á næstunni fyrst og fremst að beina sjónum sínum að tvennu í tengslum við eftirlit með endurskipulagningu fyrirtækja. Annars vegar eftirliti með arðsemismarkmiðum fyrirtækja sem enn eru undir yfirráðum banka og hins vegar að tryggja að raunveruleg yfirráð banka yfir fyrirtækjum séu uppi á borðum. Eftirlitið hefur að undanförunu haft til skoðunar nokkur mál þar sem kannað er hvort myndast hafi yfirráð banka yfir fyrirtækjum samkvæmt samkeppnislögum. Í skýrslunni segir að þetta sé sérstaklega mikilvæg spurning vegna „mikillar skuldsetningar fyrirtækja og möguleika banka til að hafa áhrif á rekstur skuldettra fyrirtækja í gegnum skilmála í lánasamningum og gjaldfellingar-ákvæði.“

thorur@frettabladid.is

### Rangir hvatar eiga enn við

Skýrsla Samkeppniseftirlitsins er framhald af skýrslunni „Samkeppnin eftir hrun“ sem birt var sumarið 2011. Þar voru meðal annars skilgreindir rangir hvatar sem tefðu fyrir endurskipulagningu fyrirtækja. Í nýju skýrslunni segir að hinir röngu hvatar eigi að mestu enn við. Þeir eru:

1. Umsýsluvandi: Þeir sem vinna við lausn vandamála hafa af því talsverðar tekjur og byggja lífbrauð sitt á því.
2. Stjórnunarvandi: Þeir sem stjórna fyrirtækjum í eigu banka venjast honum sem eiganda og búa ekki við nauðsynlegan aga við ákvörðunartöku.
3. Eigendavandi: Kröfuhafar hafa hagsmuni af því að hámarka virði krafna sinna og hætt við að þeir horfi til of skamms tíma vegna þessa.
4. Ákvörðunarvandi: Hræðsla við stöðuga gagnrýni vegna ákvarðana sem teknar hafa verið.
5. Sannngirnisvandi: Sterk krafa um sanngírni og jafnræði við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

75 | ÁR Á FLUGI



## BROT AF HEIMINUM Í FERMINGARGJÖF

Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla upp í flugfar til allra áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Þú velur upphæðina.

+ Pantaðu fermingargjöfina á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

**ICELANDAIR**



# i-Páskar hjá Nova!



2.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 3 GS!

3.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 4S!

2.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
iPhone 4!

iPhone 3 GS (8 GB)

**4.490 kr.** í 18 mán.

2.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

69.900 kr. stgr.

iPhone 4S (16 GB)

**8.690 kr.** í 18 mán.

3.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

139.990 kr. stgr.

iPhone 4 (8 GB)

**6.490 kr.** í 18 mán.

2.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

99.990 kr. stgr.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

**NOVA**

Atkvæði meðlima peningastefnufndar Seðlabankans birt í ársskýrslu bankans:

## Haukurinn horfinn úr peningastefnufnd

**EFNAHAGSMÁL** Anne Sibert, sem nýverið vék úr peningastefnufnd Seðlabankans, var mesti haukur nefndarinnar í fyrra. Með því er átt við að Sibert var gjörnust nefndarmanna til að mæla með vaxtahækkunum til að stemma stigu við verðbólgu. Þetta kemur fram í ársskýrslu Seðlabankans sem birt var á fimmtudag.

Peningastefnufndin hittist alls átta sinnum á síðasta ári en þá var hún skipuð þeim Má Guðmundssyni seðlabankastjóra,

Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni aðalhafgræðingi, Gylfa Zoëga, prófessor í hagfræði, og Anne Sibert, prófessor í hagfræði.

Í ársskýrslunni kemur fram að viðhorf Mús og Arnórs héldust fullkomlega í hendur við ákvarðanir bankans. Kaus bankinn fimm sinnum að halda vöxtum óbreyttum, einu sinni að lækka þá og tvisvar að hækka. Hins vegar var Sibert gjarnari en aðrir nefndarmann á að mæla með vaxtahækkunum og Gylfi

gjarnari á að mæla með vaxtahækkunum. Þá virðast skoðanir Þórarins vera óútreiknanlegri en skoðanir annarra nefndarmanna.

Samkvæmt breytingum sem urðu á lögum um Seðlabankann árið 2009 skal peningastefnufndin taka ákvarðanir um þróun vaxta bankans. Skal nefndin halda minnst átta fundi á ári og skulu fundargerðir þeirra birtar tveimur vikum eftir vaxtaákvörðun. Í fundargerðum nefndarinnar er hins vegar ekki upplýst um hvernig einstakir nefndarmenn

### Skoðanir nefndarmanna

| Nafn       | Hækkun | Óbreytt | Lækkun |
|------------|--------|---------|--------|
| Már        | 2      | 5       | 1      |
| Arnór      | 2      | 5       | 1      |
| Þórarinn   | 3      | 3       | 2      |
| A. Sibert* | 3      | 3       | 1      |
| Gylfi      | 0      | 6       | 2**    |

\* Var einu sinni fjarverandi

\*\* Vildi einu sinni meiri lækkun vaxta en aðrir

vildu haga vaxtaákvörðun en þær upplýsingar eru birtar í ársskýrslu bankans.

- mþl



**FURÐUFISKUR** Í verslunarmiðstöð í Bangkok á Tailandi stendur yfir sýning á sérstæðum fiskum, þar á meðal þessum sem nefndur er blómahorn.

NORDICPHOTOS/AFP

## Nýja línan frá Weber komin!



**Vortilboðsdagar**  
á Webergrillum  
og grilláhöldum

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag



**LÖGREGLUVÖRÐUR** Ströng öryggisgæsla er við hús í Islamabad þar sem ekkjur Osama bin Ladens eru taldar hafðar í haldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Faldi sig í þéttbýlinu

Yfirheyrslur yfir ekkjum hryðjuverkaleiðtogans Osama bin Laden hafa gefið mynd af ferðum hans og dvalarstöðum árin sem hann var í felum.

**PAKISTAN, AP** Osama bin Laden bjó á fimm mismunandi stöðum í Pakistan eftir að hann fór í felur síðla árs 2001 og þangað til bandarískir sersveitarmenn drápu hann í maí 2011.

Á þessum árum eignaðist hann fjögur börn. Tvö þeirra fæddust á ríkissjúkrahúsum. Þetta kemur fram í skjölum pakistönsku lögreglunnar sem hefur yfirheyrð þrjár ekkjur bin Ladens.

Pakistanska dagblaðið Dawn komst yfir þessi skjöl og hefur birt úr þeim ýmsar upplýsingar. Í framhaldi af því hafa vestrænir fjölmiðlar skýrt frá efni skjalanna.

Mohammed Amir Khalil, lögmaður ekknanna, segir að þeim verði á næstu dögum birtar ákærur fyrir að dveljast með ólöglegum hætti í Pakistan. Þær gætu átt yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi.

Yngsta ekkjan, Amal Ahmed Abdel-Fatah al-Seda, sem er þrítug og fædd í Jemen, segist hafa flúið til Pakistans árið 2000. Þaðan hélt hún til Afganistan þar sem hún giftist bin Laden nokkru fyrir ársins á Bandaríkin þann 11. september.

Eftir að bandarískir sersveitarmenn drápu bin Laden á heimili hans í Abbottabad hefur komið í ljós að síðan 2002 hafði hann að mestu dvalist í Pakistan.

Samkvæmt yfirheyrsluskjölum pakistönsku lögreglunnar segir al-Seda að fjölskyldan hafi sundrast fyrst eftir að bin Laden fór í felur. Hún sjálf fór til borgarinnar Karachi í Pakistan, en hitti bin Laden síðar í borginni Peshawar og þau hafi síðan flutt til Swat-



**OSAMA BIN LADEN** Faldi sig ekki í helli.

NORDICPHOTOS/AFP

dalsins, þar sem þau bjuggu í tveimur húsum.

Árið 2005 fluttu þau svo til Abbottabad, borgarinnar þar sem bin Laden fannst loks eftir níu ára leit fyrir tæpu ári.

Meðan Bandaríkjamenn gerðu dauðaleit að bin Laden í nærri áratug sögðust flestir bandarískir og pakistanskir ráðamenn telja nokkuð öruggt að hann væri í felum öðru hvoru megin við landamæri Afganistans og Pakistans. Hugsanlega í helli.

Þegar svo í ljós kom að hann hafði verið búsettur í fjölmönnum borgarhverfum í Pakistan, þá vaknaði grunur um að ráðandi öfl innan pakistönsku leyniþjónustunnar eða hersins hafi haldið hlífiskildi yfir honum. Bandarískir embættismenn hafa síðar fullyrt að ekkert hafi fundist, sem geti staðfest þennan grun.

gudsteinn@frettabladid.is

## Aðalfundur VR

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli, þriðjudaginn 10. apríl nk. og hefst fundurinn kl. 19:30.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Lagabreytingar

Innborgun í VR varasjóð

Virðing  
Réttlæti

VR

Páskasöfnunin er hafin:  
**Meira þarf en mataraðstoð**

**HJÁLPARSTARF** Hjálparstarf kirkjunnar hefur hrundið af stað söfnun fyrir innanlandsaðstoð undir yfirskriftinni Hjálparum heima nú fyrir páskana. Í tilkynningu frá Hjálparstarfinu segir að mataraðstoð ein dugi skammt, taka verði á öðrum þáttum til að raunverulegur árangur náist.

Fram kemur að gefist hafi vel sú nýjung sem tekin var upp í fyrra að gefa inneignarkort í matvöruverslunum í stað þess að úthluta matarpokum.

- áas

Þrjátíu og níu grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í rannsókn:

**Þyngri börn fá síður háþrýsting**

**HEILSA** Lág fæðingarþyngd spáir fyrir um hækkun á blóðþrýstingi í 9 og 10 ára gömlum íslenskum börnum. Þetta var meðal þess sem nýverið var kynnt á rannsóknarráðstefnu deildarlækna Lyflækningasviðs LSH.

Alls tóku 39 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu þátt í rannsókninni og niðurstöður fengust fyrir tæplega þúsund börn. Fjórar blóðþrýstingsmælingar voru gerðar á hverju barni. Börn sem mældust með háþrýsting eftir þriðju mælingu, fóru í sólarhringsblóðþrýstingsmælingu. Einnig

var kyn, hæð, þyngd og fæðingarþyngd skráð og líkamsþyngdarstuðull reiknaður út.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að tíðni háþrýstings 9 og 10 ára barna er svipuð og hjá bandarískum börnum á áttunda áratugnum. Tíðnin er þó lægri en í nýlegum bandarískum og evrópskum rannsóknum. Samband fæðingarþyngdar og háþrýstings var sterkara hjá stúlku en stráku en svipuð tengsl fundust fyrir fæðingarlengd og höfuðmál við fæðingu, en engin fylgni var við meðgöngulengd. - sp



**KORNABARN** Rannsókn á tengslum háþrýstings og fæðingarþyngdar var kynnt á ráðstefnu LSH. NORDICPHOTOS/AFP



**PÁSKAGUSA** Í ungerska þorpinu Holloko er gömul hefð fyrir því að ungt fólk klæði sig í þjóðbúninga og vatni sé gusað á kvenfólkið. NORDICPHOTOS/AFP

Gagnrýnir Orkustofnun:  
**Rekstraróvissan er óviðunandi**

**ÍDNADUR** Landsnet hefur búið við óvissu um tekjumörk nánast frá stofnun fyrirtækisins, að sögn

Geirs A. Gunnlaugssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins. Landsnet annast raforkuflutninga landsins samkvæmt sérleyfi og lýtur eftirliti Orkustofnunar.



**GEIR A. GUNNLAUGSSON**

„Hjá því verður ekki komist að láta í ljós það álit að allsendis óásættanleg stjórnsýsla sé að verið sé í dag, árið 2012, að kveða upp úrskurði um tekjumörk ársins 2006,“ sagði Geir í ræðu sinni á upplýsingafundi Landsnets í gær. Óvissa í rekstri og uppgjöri tekjumarkna segir hann óviðunandi, jafnt fyrir Landsnet og viðskiptavinum, sem eigi rétt á því að vita hvað þeir þurfi að borga fyrir þjónustuna.

- óká



**BÍLASALA** Capacent birtir í gær einnig vísitölu yfir fyrirhuguð stórkaup. Jókst hún lítillega frá síðustu mælingu sem var í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Capacent mælir væntingar:  
**Væntingavísitalan lækkaði**

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar voru heldur svartsýnni á horfur í efnahags- og atvinnumálum í mars en mánuðina á undan. Þetta má ráða af Væntingavísitölu Capacent Gallup sem birt var í vikunni.

Vísitalan lækkaði um 11 stig frá því í febrúar og mældist nú 65,7 stig. Þegar væntingavísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neikvæðir á horfur en jákvæðir. Vísitalan hefur mælst undir 100 stigum frá því í febrúar 2008.

Væntingar landsmanna til aðstæðna í efnahags- og atvinnumálum eftir sex mánuði lækkuðu mest eða alls um 17 stig. Sú vísitala fór fyrir vikið niður fyrir 100 stig í fyrsta sinn síðan í desember síðastliðnum.

- mbl

**LÖGREGLUMÁL**

**Hraðabrot mynduð**

Brot þriggja ökumanna voru mynduð í Háholti í Hafnarfirði í gær, að því er fram kemur á vef lögreglunnar. Á einni klukkustund, fyrir hádegi, fóru ellefu ökutæki þarna um. Lögregla bendir á að samkvæmt því hafi rúmur fjórðungur ökumanna, eða 27 prósent ekið of hratt. Hinir brotlegu mældust allir á 39 kílómetra hraða en 30 kílómetra hámarkshraði í Háholti.





# KJÓSUM BETRI HVERFI

Rafrænar kosningar  
um framkvæmdir í hverfum  
Reykjavíkur

**29. MARS – 3. APRÍL**

Ágæti Reykvíkingur

Nú gefst öllum Reykvíkingum, sem voru orðnir 16 ára um síðustu áramót, tækifæri til þess að kjósa um framkvæmdir í hverfinu sínu. Kosningarnar eru rafrænar og afar einfalt að greiða atkvæði. Verkefnin sem fá mest fylgi verða framkvæmd á næstu mánuðum. Ef þú hefur ekki aðgang að tölvu er hægt að kjósa á næstu þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

**SVONA EINFALT ER AÐ KJÓSA**

- 1  [kjosa.betriereykjavik.is](http://kjosa.betriereykjavik.is)
- 2  [island.is](http://island.is)  
Auðkenning [island.is](http://island.is) er notuð. Þú notar kennitölu og veflykil ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki á debetkorti.
- 3  Veldu hverfið sem þú vilt kjósa í.
- 4  Veldu verkefni af báðum listunum.
- 5  **Kjósa**  
Smelltu á **KJÓSA**. Staðfesting birtist um að atkvæði þitt hafi verið móttekið.



Rafrænar kosningar um framkvæmdir í hverfum Reykjavíkur. 29. mars – 3. apríl  
[betriereykjavik.is](http://betriereykjavik.is)



**MÓTMÆLENDUR Í SKÓFLU** í Nantes í Frakklandi voru haldin mótmæli gegn fyrirhuguðum alþjóðaflugvelli. Nokkrir mótmælendur komu sér vel fyrir í grófuskóflu dráttarvélar. NORDICPHOTOS/AFP

## Breytt eignarhald Landsnets kallar á samninga við lánardrottina Landsvirkjunar: Flóknara en gerist á einni nóttu

**IDNADUR** Breytingar sem gera þarf á eignarhaldi vegna breytinga á raforkulögum frá því í ársbyrjun 2011 gætu haft áhrif á lána-samninga Landsvirkjunar. Þetta er meðal þess sem fram kom í ræðu Geirs A. Gunnlaugssonar, stjórnarformanns Landsnets, á kynningarfundum í vikulokin.

Eins og er eiga orkuframleiðslufyrirtækin Landsnet. Landsvirkjun er langstærsti eigandinn með 65 prósentu hlut. Með breytingum á raforkulögum, í samræmi við Evrópu-tilskipun sem ganga á í gildi á



**FUNDUR Í GÆR** Geir A. Gunnlaugsson stjórnarformaður og Þorgeir J. Kristjánsson, skrifstofustjóri Landsnets, sem stýrði fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

næstu misserum, var hins vegar horfið frá því að flutningsfyrirtækið geti verið að hluta eða öllu leyti í eigu fyrirtækja í framleiðslu eða dreifingu raforku.

„Ljóst er að þessi breyting á eignarhaldi Landsnets er flóknari en svo að hún verði gerð á einni nóttu. Eignir Landsnets eru hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar og þar af leiðandi hluti þeirra eigna sem standa á bak við lán Landsvirkjunar. Breytingar á eignarhaldi geta því krafist flókinnna samninga við lánveitendur Landsvirkjunar,“ sagði Geir.

Átta milljónir eru til skiptanna: 75 vildu fá 49 milljónir króna

**UMHVERFISMÁL** Umsóknir um styrki til smærri verkefna til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum, sem Ferðamálastofa auglýsti í fyrrihaust, voru 75 talsins. Umsóknarfrestur rann út 25. nóvember.

„Heildarupphæð styrkóska er um 49 milljónir króna en til úthlutunar eru 8 milljónir,“ segir á vef Ferðamálastofu. Fram kemur að hámarksupphæð hvers styrks verði 800 þúsund krónur og hann sé ætlaður fyrir efnis-kostnaði og/eða hönnun. - óká

Vefrit fjallar um Handpoint: Á yfirlitsmynd með leiðandi fyrirtækjum

**UPPLÝSINGATÆKNI** Íslenska greiðslumiðlunar fyrirtækið Handpoint er talið með ellefu helstu fyrirtækjum á sínu sviði í nýrri yfirlitsmynd vefþímarsins MobilePaymentsToday.com.

Vefritið birtir slíka mynd árlega, en þar eru talin upp fyrirtæki sem talin eru leika stærst hlutverk í „hreyfanlega og þráð-lausa“ greiðsluheiminum, að því er fram kemur í tilkynningu Handpoint. Fyrirtækið hefur meðal annars þróað tækni til að taka á móti kortagreiðslum með farsíma eða spjaldtölvu. Auk Handpoint eru á yfirlitsmyndinni talin upp fyrirtæki á borð við PayPal, VISA, Square og iZettle. - óká

Iðkendur Falun Gong fagna tillögu:

## Tækifæri fyrir Ísland að leiðrétta ofsóknir

**MANNRÉTTINDI** Falun Gong iðkendur styðja þingsályktun Guðmundar Steingrímssonar og tíu annarra þingmanna. Lögð er til formleg leiðrétting á þeim óheppilegu aðgerðum sem í júní 2002 beindust gegn Falun Gong í tengslum við opinbera heimsókn þáverandi leiðtoga Kína. Í maí í fyrra baðst Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra afsökunar á óréttlátri meðferð sem iðkendur Falun Gong hlutu hér á landi.

Iðkendur Falun Gong líta á tillöguna sem dýrmætt tækifæri til þess að „leiðrétta enn frekar þær óréttlátu og ólöglegu aðgerðir“ sem Falun Gong iðkendur voru beittir hér og erlendis.

„Meirihluti íslensku þjóðarinnar var afar ósáttur við þá atburði og margir reidir og hneykslaðir á banninu. Þúsundir Íslendinga gengu um götur til stuðnings þeim rétti iðkenda Falun Gong að minna á mannréttindabrot kínverskra yfirvalda,“ segir í opnu bréfi Falun Gong iðkenda.

Ofsóknir á hendur iðkendum Falun Gong eru sagðar hafa haldið áfram og þeir þurfi að þola auknar pyntingar vegna nýrrar margmilljarða herferðar kínverska Kommúnistaflokksins. Um þessa herferð á hendur iðkendum Falun Gong megi meðal annars lesa í trúnaðarskjölum flokksins sem eru aðgengileg á netinu. - áas



**RÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon sagði mikilvægt að ekki verði komið í veg fyrir eða dregið úr nýtingu auðlinda sem geta skilað auðlindarentu til þjóðarinnar og virðisauka í þjóðarbuíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tekist á um upphæðina á veiðigjaldinu

Ráðherra segir skattlagningu á sjávarútveg þurfa að vera sveigjanlega. Hún þurfi að standa undir kostnaði við verndun. Deilt er á upphæð veiðigjaldsins.

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, mælti fyrir frumvarpi um veiðigjald á Alþingi í gær. Líkt og fram hefur komið verður gjaldtaka í sjávarútvegi tvíþætt. Í fyrsta lagi fast veiðigjald, svipað að upphæð og nú er við lýði, en að öðru lagi auðlindarentu, skattlagningu á umframhagnað.

Rentan tekur mið af arðsemi fyrirtækjanna hverju sinni. Steingrímur sagði auðlindarentuna ganga út frá sömu grundvallarsjónarmiðum og almennt

væru höfð að leiðarljósi við auðlindaskattlagningu. Skattlagning í sjávarútvegi þyrfti að vera sveigjanleg og aðlagast sjálfkrafa aðstæðum eins og þær eru á hverjum tíma.

Sjávarútvegurinn þyrfti að standa undir þeim kostnaði sem lagður er af mörkum til að vernda fiskveiðiauðlindina og gjaldtakan miðist við að skila sem stærstum hluta auðlindarentu sem eftir stendur í ríkissjóð.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, telur gjaldið allt of hátt. Hann benti á að í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram í haust, hefði verið gert ráð fyrir um 10 milljarða gjaldi af sjávarútvegi. Sú tala væri nú tuttugu milljörðum hærri.

„Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin hafi fundið matarholu upp

### Lítið eftir hjá ríki

Steingrímur sagði virðisauka í sjávarútvegi á fyrsta áratug aldarinnar hafa numið 115 milljörðum króna, á verðlagi ársins 2010. Hluttur vinnunnar hafi numið 67%, fjármagns um 17% og hlutur auðlindar, þegar veiðigjald er talið með, um 24% virðisaukans.

Annað blasti við þegar lítið væri á hvernig virðisaukinn skiptist á milli handhafa framleiðsluáttanna. Launþegar hafi fengið 59%, en eigendur fjármagns afganginn, að frátöldu veiðigjaldinu, eða alls 40% virðisaukans.

„Fulltrúi eiganda auðlindarinnar, ríkið, fékk í sinn hlut um 1% eða lítið eitt meir ef talinn er með sá tekjuskattur sem greiddur var af þeirri rentu sem rann til annarra.“

á 20 milljarða í einni atvinnugrein á nokkrum mánuðum.“

Þá sagði Bjarni að heildarskuldsetning útgerðarinnar næmi um 400 milljörðum króna. Væri gert ráð fyrir 5% vöxtum, næmi sú upphæð 20 milljörðum króna, eða sömu upphæð og auðlindarentan ætti að skila.

„Það þýðir að þessar hugmyndir jafnast á við 400 milljarða viðbótar-skuldsetningu greinarinnar.“

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagði vanta upp á mat á áhrifum gjaldtökunnar á einstök fyrirtæki og svæði. Þá vantaði einnig mat á áhrifin á sjávarklasann í heild, en við hann störfuðu 25 til 30 þúsund manns. Þetta þyrfti frekari skoðunar við. kolbeinn@frettabladid.is

## Sætar franskar frá McCain



Nýtt!

Sætu kartöflurnar frá McCain eru ómótstæðilega bragðgóðar og ríkar af A-vítamíni. Þú skellir þeim í ofninn og áður en þú veist af ertu komin(n) með gírnilegt og gómsætt meðlæti. Prófaðu núna!




# 500 SÆTI - 1. APRÍL

FERÐATÍMABILIÐ ER 1.-15. MAÍ

FLUGFÉLAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



FRÁ RVK

**5.990 kr.**

TIL RVK

**6.340 kr.**

*Leiðmagnað*

**TILBOÐ**

**AÐEINS HÆGT AÐ BÓKA  
1. APRÍL. ÞAÐ ER  
EKKERT GABB.**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ því að taka daginn snemma þann 1. apríl og bóka flugsæti til Reykjavíkur á 5.990 kr.\* eða frá Reykjavík á 6.340 kr.\* Þú ferð á netið, tryggir þér sætið í apríl og tekur svo flugið 1-15 maí. Gættu þess bara að bóka í tæka tíð.

\*Áfangastaðir: Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og Reykjavík. Ferðatímabil 1.-15. maí.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# HELGAR

## OPIÐ ALLA HELGINA

### STÖÐVAR 2 VILDARTILBOÐI

### LÝKUR UM HELGINA



**VILD**

**Philips 40PFL5206H**

- 40" LED LCD Pixel Plus HD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ**  
**129.995**

FULLT VERÐ 159.995



**VILD**

**Philips 32PFL5606H**

- 32" LED LCD Pixel Plus FHD sjónvarp
- Full-HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion
- Stafrænn DVB-T móttakari
- USB margmiðlunartengi

**TILBOÐ**  
**99.995**

FULLT VERÐ 129.995



## Panasonic

### MYNDAVÉLAR

### 15% AFSLÁTTUR



### ÖRBYLGJUOFNAR

### 20% AFSLÁTTUR

**MOTTUMARS**

TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

1000 krónur af öllum seldum Philips skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins

PHILIPS Heimilistæki

### MOTTUMARS

1000 krónur af öllum seldum Philips skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins

Gildir líka sunnudaginn 1. apríl.



**Panasonic SCHC55**

- Ofurþunn samstæða með iPod vögg
- 40W magnari
- Innbyggð DIGITAL iPod/iPhone vagga
- MASH Geislaspilari
- Bluetooth Re-Master tengimöguleiki
- Internet og FM/AM útvarp
- Klukka með vekjara og svefnrofa
- USB heyrnatóls- og Music Port tengi
- Advanced Bamboo Cone Hátalarar
- Hægt að festa á vegg

## Panasonic

**TILBOÐ**  
**59.995**

FULLT VERÐ 79.995

# RTILBOÐ

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17



55"  
LED

PIXEL PRECISE LED

#### Philips 55PFL6606T

- 55" FHD LED Pixel Precise sjónvarp
- 1920x1080p upplausn
- 400Hz Perfect Motion
- Háskerpu stafrænn HDTV móttakari
- NetTV netvafri (Wi-Fi möguleiki)

**TILBOÐ**

**329.995**

FULLT VERÐ 379.995



47"  
LCD

PIXEL PLUS HD

#### Philips 47PFL4606H

- 47" Full HD LCD sjónvarp
- Pixel Plus HD
- 400Hz Picture motion rate
- 3 HDMI og USB tengi


**TILBOÐ**

**159.995**

FULLT VERÐ 179.995



**SAUMAVÉLAR**  
**15% AFSLÁTTUR**



**VÖFFLUJÁRN**  
**20% AFSLÁTTUR**

**PHILIPS**

**SOUNDBAR HEIMABIÓ**



#### Philips CSS2113

- 60w RMS Soundbar heimabíó
- Dolby Digital and DTS Digital Surround
- MP3 Link og AUX in
- Digital coaxial in og Digital optical in
- Virtual Surround Sund
- Double Bass - meiri fylling og dýpri bassi

**TILBOÐ**

**29.995**

FULLT VERÐ 39.995

**PHILIPS**

**SOUNDBAR HEIMABIÓ**



**PRÁÐLAUS NETTENGING  
MEÐ ANDROID**

#### Philips CSS5123

- Soundbar heimabíókerfi
- Android stuðningur með DLNA vafra
- Stremir þráðlaust
- 2x 1" Mylar tweeter og 2x 2,5" miðja
- Virtual Surround hljóð
- Dolby Digital 5.1
- Dolby Digital Plus
- DTS Digital Surround
- Double BASS
- 90W þráðlaust bassabox
- Innbyggt Wi-Fi
- Smart media player spilari
- USB og SD kortalesari

**TILBOÐ**

**99.995**

FULLT VERÐ 119.995



**Heimplistæki** ht.is

SÚDURLANDSBRÁUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# FERMINGARTILBOÐ!



**-10.000**

15,6"

## TOSHIBA

TOSHIBA Satellite C660-2K1  
Frábær kaup. 15,6" með  
Intel örgjörva, 4 GB minni  
og 500 GB.

**89.990**

Fullt verð 99.990



Logitech

Logitech G400

Vinsælasta leikjamús  
okkar með 3600 dpi  
nákvæmni.

**6.990**



**-2.000**

Mass Effect 3 - PC DVD  
Nýjasti leikurinn í Mass  
Effect seríunni.

**7.990**

Fullt verð 9.990



CORSAIR

Corsair Vengeance K60  
Eitt öflugasta leikjalyklaborðið  
sérhannað fyrir mikla notkun og  
stuttan svartíma.

**22.990**



10,1"

**-10.000**

ASUS

ASUS EEE 1015BX 040S  
Nett 10,1" fartölva með amd-C60  
Dual Core og 320 GB hörðum disk.

**59.990**

Fullt verð 69.990



**-3.000**

Logitech

Logitech Driving Force GT  
Fullkomið leikjastýri með  
Force Feedback stýri og  
girstöng PC/PS2/PS3.

**23.990**

Fullt verð 26.990



WD

WD Elements  
Traustur 2TB  
flakkari fyrir gögnin,  
kvikmyndirnar og  
tónlistina.

**19.990**

Fullt verð 24.990



Logitech

Logitech Z313  
2.1 hátalarakerfi með  
bassaboxi. Mjög þéttur  
hljómur.

**9.990**



Allir sem versla fyrir páska  
setja nafnið sitt í pott.

Á Skirdag drögum við út 50 heppna  
viðskiptavini sem allir fá páskaegg  
nr. 7 frá Nóa-Sírius.

Inni í öllum páskaeggjunum leynast  
vinningar eins og fartölva, borðtölva,  
spjaldtölva, myndavél eða 16GB  
minnislykill.

Hægt er að taka þátt í leiknum  
í verslunum Tölvulistans  
um allt land.



COOLER  
MASTER

CM HAF G1.1  
Hrikalega öflug borðtölva  
á flottu fermingarverði.  
CoolerMaster HAF 912 Plus  
turnkassi sem hannaður er fyrir  
mikið loftflæði. 3.6 GHz AMD X4  
örgjörvi, 8GB vinnsluminni og  
hljódlátur 1TB Seagate SATA3  
harður diskur. Öflugt ASUS  
M5A97 móðurborð og AMD  
Radeon R6790 skjákort. Kemur  
með Windows 7 Home Premium.

**139.990**



**0% VEXTIR** í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI



50 VIÐSKIPTAVINIR VINNA STÓRT NÓA-SÍRÍUS  
PÁSKAEGG OG GLÆSILEGAN VINNING!

50 PÁSKAEGG  
OG VINNINGAR  
AÐ VERÐMÆTI  
**500.000**



-10.000

**UNITED**

Android spjaldtölva með  
Multi-Touch snertitækni.

7" 19.990  
10" 29.990



-5.000

**APPLE**

Apple iPod Nano  
Vinsælasti mp3 spilarinn okkar.  
Aðeins 21 gr.

**29.990**

Fullt verð 34.990



-20.000

15,6"

**TOSHIBA**

Toshiba Satellite L755-1J2  
Öflug 15,6" Intel Core i7 með  
GeForce GT 525M.

**159.990**

Fullt verð 179.990



**WACOM**

BAMBOO PEN AG  
Teikniborð fyrir  
ljósmyndaforrit og alla  
grafiska vinnslu.

**11.990**

-3.000

**RAZER**



RAZER CARCHARIAS  
Kraftmikil og sterk  
leikjaheyrnatól með mikrafón  
sem þola mikla notkun.

**14.990**

Fullt verð 17.990



**RAZER**

Razer Goliathus Speed  
Músamotta sem hönnuð  
er til að auka nákvæmni  
í leikjaspilun.

**2.990**



-10.000

17,3"

**ASUS**

ASUS K73TK-TY028V  
Flott 17,3" fartölva með AMD  
Fusion Quad Core og 8GB minni.

**139.990**

Fullt verð 149.990



-5.000

23,6"

**PHILIPS**

Philips 247E3LSU  
24" FULL HD LED með  
frábærri skerpu og  
litadýpt.

**29.990**

Fullt verð 34.990

**OPIÐ**

ALLA HELGINA  
Á SUÐURLANDSBRAUT

Laugardag 11-16  
Sunnudag 13-17

tl.is

**TÖLVU  
LISTINN**

6 VERSLANIR  
UM ALLT LAND

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

Frestun þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá er blessun, ekki bölvun:

## Alþingi þarf að vanda sig

**L**ítil innistæða er fyrir kveinstöfum og óbótaskömmum stjórnarmeirihlutans á Alþingi vegna þess að hann brann inni með tillögu sína um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá samhliða forsetakosningunum í sumar. Um þessi málalok getur stjórnarmeirihlutinn kennt sjálfum sér og engum öðrum.

### SKOÐUN

**Ólafur P. Stephensen**  
olafur@frettabladid.is



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins hafði tillögu stjórnlagaráðs að breyttri stjórnarskrá til umfjöllunar í fimm mánuði. Í stað þess að fara efnislega ofan í saumana á málinu, leita umsagna sérfræðinga, skýra óskýrt orðalag, lagfæra misræmi í ákvæðum –

með öðrum orðum gera það sem þingnefnd á að gera við þingmál – skilaði meirihluti nefndarinnar af sér ómerkilegri og illa unninni þingsályktunartillögu um að þjóðin yrði spurð álits á tillögu stjórnlagaráðs.

Tillagan kom fram í síðustu viku, nokkrum dögum áður en frestur til að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu í júnílok rann út. Þar var gengið út frá því að fólk tæki afstöðu til plaggs sem yrði svo breytt síðar. Enn fremur átti að leita leiðsagnar þjóðarinnar um fimm álitamál tengd stjórnarskrá.

Greinargerðin sem þessari tillögu fylgdi, eftir fimm mánaða „þrotlausu“ vinnu, var minna en hálf blaðsíða sem gefur kannski til kynna hvaða hugsun var lögð í málið. Þar var engan rökstuðning að finna fyrir því hvers vegna spurt var um þessi fimm álitæfni en ekki önnur, til dæmis um forsetaembættið. Engin rök voru heldur færð fram fyrir því hvers vegna spurningarnar skyldu orðaðar eins og raun bar vitni eða hvaða gildi svör við þeim myndu hafa í raun.

Eftir að hafa farið yfir þingsályktunartillöguna með landskjörstjórn og nokkrum sérfræðingum á sviði lögfræði og stjórn-málafræði, sem fundu spurningunum býsna margt til foráttu, lagði meirihlutinn fram tillögu um veigamiklar breytingar á fjórum spurningum af sex. Engar spurningar bættust við og enginn frekari rökstuðningur kom fram. Þetta gerðist daginn áður en fresturinn til að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu rann út.

Það liggur svo fullkomlega í augum uppi að málið var vanreifað og óklárað af hálfu Alþingis að það er mikil blessun, en alls ekki bölvun, að þjóðin skuli ekki verða spurð álits á tillögum um breytingar á stjórnarskrá samhliða forsetakosningunum.

Eftir sem áður er full ástæða til að klára heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Og þjóðin á að sjálfsgöðu að fá að segja sitt álit á tillögu um breytta stjórnarskrá. Nú gefst Alþingi færi á að vinna vinnuna sína og vanda til verka. Þingið þarf að taka efnislega afstöðu til þeirra tillagna sem fyrir liggja, tryggja að ákvæði stjórnarskrár séu skýr og ákveðin en ekki galopin fyrir túlkun og ekki innri mótsagnir í grundvallarplaggi stjórnskipunarinnar. Um tillögur sem uppfylla þessi skilyrði þarf síðan að leitast við að ná eins breiðri samstöðu á þingi og hægt er. Að þessari vinnu lokinni er tímabært að leggja tillögur fyrir þjóðina, en ekki fyrir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Spænskunám og sumarbúðir í Zafra á Spáni fyrir 14-18 ára ungmenni**  
**23. júní – 14. júlí**

Sögufærðir og MUNDO - alþjóðleg ráðgjöf, bjóða ungmönnum upp á menntandi sumarbúðir í Zafra í 3 vikur í sumar.

Hugmyndafræðin byggir á hinum sjö venjum harðduglegra unglunga eftir Sean Covey. Krakkarnir læra að: **hafa frumkvæði, skipuleggja fram í tímann, forgangsraða, setja sig í spor annarra, finna góða lausn fyrir báða aðila, vinna vel í hópi og hugsa vel um sig.**

Að dvöl lokinni eiga krakkarnir að geta bjargað sér á spænsku.

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar og spænskukennari mun halda utan um krakkana á meðan á dvölinni stendur.

Spænskunám er stundað fyrir hádegi en síðdegis er skipulagt félagsstarf svo sem íþróttir, sundlaugaferðir og skoðunarferðir, þ.á.m. til Mérida, Sevilla og á ströndina.

Skilyrði fyrir þátttöku er að snerta enga vímuegjafa af hvaða tagi sem er.

**MUNDO**  
www.mundo.is

Verð er 340.000 ISK - Innifalið eru flugferðir, gisting og fæði allan tímann.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir Njarðvík í síma 6914646 eða í tölvupósti: margret@mundo.is



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Réttlát þjóðareign með arði

**S**tjórnarflokkarnir hafa sagt að breyta þurfi stjórnkerfi fiskveiða til þess að ná þremur markmiðum: Í fyrsta lagi að tryggja réttlæti. Í öðru lagi að gera auðlindina að þjóðareign. Í þriðja lagi að flytja arðinn til fólksins. Þetta eru allt gófug markmið.

Þau vekja eðlilega nokkrar spurningar: Hvað breytist í raun og veru? Hvernig verður réttlætið í samamburði við óréttlætið sem sagt er að ríki. Hvernig finnur þjóðin að hún á meira í auðlindinni en áður? Hvað fá heimilin í sinn hlut sem þau njóta ekki í dag?

Vegna þess að auðlindin er tak-



ÞORSTEINN PÁLSSON

mörkuð verður aldrei unnt að leyfa öllum að veiða sem vilja. Ríkisstjórnin telur hins vegar að því fleiri sem fá að veiða því meira verði réttlætið. Ef við föllumst á þetta þarf að svara því hversu mikil fjölgunin þarf að vera til að fullnægja réttlætinu. Þeirri spurningu er hins vegar ekki svarað í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Næsta spurning er þá: Hvað

kostar að ná réttlætinu fram með þessum hætti? Svarið við þeirri spurningu liggur í augum uppi. Með því að heildaraflinn er sá sami kemur minna í hlut hvers og eins. Ágóði einstakra fyrirtækja minnkar og tekjur hvers sjómanns lækka. Ekki er öldungis víst að allir sjái réttlætið í því.

En svar ríkisstjórnarinnar er einfalt: Laun sjómanna þurfa ekki að lækka í krónum talið. Það má leysa með því að lækka gengi krónunnar. Fjármunir verða þá fluttir frá heimilunum til sjávarútvegsfyrirtækjanna. Kaupmáttur allra heimila í landinu rýrnar.

## Kostnaðurinn við réttlætið

**M**eð öðrum orðum: Kostnaðurinn við réttlætið er kaupmáttar-rýrnun heimilanna. Þetta er það sem forseti Alþýðusambandsins var í vikunni að brýna menn á að koma í veg fyrir. Hann skilur ekki réttlæti ríkisstjórnarinnar.

Ranglæti núverandi kerfis er að mati ríkisstjórnarinnar fólgið í því að hér veiða færri skip og færri sjómenn meiri afla en gengur og gerist meðal annarra þjóða. Afleiðingin af því eru hærri tekjur hvers sjómanns og meiri arður fyrir hverja útgerð. Þetta stuðlar

að herra gengi krónunnar en ella og hjálpar þannig til við að halda uppi kaupmætti heimilanna.

Enn er ekki ljóst hversu langt ríkisstjórnin ætla að ganga í því að auka réttlætið með því að fjölga veiðiskipum og sjómönnum. Fjölgi þeim um fjórðung er það samt svo að meira en 99 prósent landsmanna munu ekki finna beint fyrir auknu réttlæti nema í kjara-rýrnun.

Þá er það spurning hverju skilgreining í lögum um þjóðareign breytir út frá réttlætissjónarmiði. Með því að sams konar skilgreining er í lögum og hefur verið í

áratugi verður ekki séð að heimilin finni beint fyrir því ákvæði.

Næst er þá spurningin hvernig úthlutunarpottar og tímatak-mörk á veiðileyfum snerta 99 prósentin sem ekki fá ný störf við breytinguna. Því er fljótsvarað: Sá hluti þjóðarinnar finnur ekki fyrir neinni breytingu og fær ekkert í sinn hlut sem skilgreindur eigandi auðlindarinnar.

Þegar öllu er á botninn hvolft nær réttlætið aðeins til þeirra sem fá nýjar veiðiheilmildir og ný störf. Segja má að sérhagsmunir þeirra fáu séu réttlætið sem ríkisstjórnin er að berjast fyrir.

## Fæst réttlæti með hærri skatti?

**Þ**á er spurning hvort sú staðhæfing er rétt að stóraukin skattheimta sem Alþingi sér síðan um að dreifa út á ný skapi það almenna réttlæti sem allir þrjá? Að hluta til svara lögmál hagfræðinnar þessari spurningu en að öðrum hluta ræður ólíkt tilfinningamat.

Fyrst er á það að líta að óhagkvæmara stjórnkerfi dregur úr arðsemi og minnkar skattstofninn. Eins og áform ríkisstjórnarinnar eru nú á að taka að meðaltali nær allan hagnað fyrir-

tækjanna í ríkissjóð miðað við núverandi hagkvæmni. Það segir sig sjálf að fá þeirra munu starfa áfram eftir það. Þess vegna mun ríkisstjórnin gefa eftir og lækka skatthlutfallið. En réttlætið ætti þá eftir kenningunni að minnka í sama hlutfalli.

Sú eftirgjöf mun fækka þeim fyrirtækjum sem leggja upp laupana. Eigi að síður mun ráðagerðin draga mjög þrótt úr atvinnugreininni. Hvaða svar á ríkisstjórnin þegar stór hluti fyrirtækjanna sýnir halla á rekstri? Hún lætur þau ekki

fara á hausinn. Gengi krónunnar verður lækkað þannig að verst reknu fyrirtækin komist á núllpunktinn.

Þetta þýðir að færa þarf peninga frá heimilunum til sjávarútvegsfyrirtækjanna ofan á það sem gera þarf vegna neikvæðra áhrifa af skipulagsbreytingunum. Þannig munu skattþeningarnir sem ríkisstjórnin ætla að endurúthluta til heimila og sveitarstjórna hverfa í viðvarandi gengislækunum. Réttlætið í þessu minnir á hundinn þegar hann bitur í rófunu á sér.

# VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR SENDINGAR AF GJAFAVÖRU!



## HEIMA HÚSIÐ



mood lifum

GALLERY GÓLF  
PARKET-FLISAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# Virkjum af skynsemi – verndum af skynsemi!

## Rammaáætlun

**Oddný G. Harðardóttir**  
iðnaðarráðherra



**Svandís Svavarsdóttir**  
umhverfisráðherra



Fjá mál hafa reynt jafn mikið á þjóðina á undanförunum áratugum eins og ágreiningurinn um hvar skuli virkjað og hvar verndað. Bæði sjónarmiðin eiga rétt á sér; landið okkar býr yfir miklum orkuauðlindum sem má umbreyta í uppbyggingu og störf. En það felast ekki síður verðmæti í einstakri og óspilltri náttúru Íslands sem okkur er treyst til að standa vörð um fyrir komandi kynslóðir. Auk þess hefur þeim sjónarmiðum verulega vaxið ásmegin að náttúruvernd sé mikilvægur grundvöllur ferðaþjónustunnar sem vaxandi atvinnugreinar.

Í gær var þingsályktunartillaga um Rammaáætlun kynnt en hún verður síðan lögð fram á Alþingi til umfjöllunar og afgreiðslu. Í áætluninni er hugsanlegum virkjunarkostum rædd á orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk og er markmiðið að skapa framtíðarsýn í verndunar- og virkjanamálum og ná almennri sátt í þjóðfélaginu um þennan mikilvæga málaflökk.

Vinna við Rammaáætlun hefur staðið yfir allt frá árinu 1999 en að henni hafa komið fremstu vísindamenn þjóðarinnar á ótal sviðum. Í ágúst mánuði sl. voru drög að þingsályktunartillögu lögð fram í 12 vikna opið umsagnar- og samráðsferli þar sem bárust vel yfir 200 umsagnir. Allar umsagnirnar voru metnar og á grundvelli þeirra gerðar breytingar á drögnum sem lögð voru fram til kynningar. Um er að ræða breytingar þar sem svæði eru færð úr nýtingarflokki í biðflokk; annars vegar virkjunarkostir í neðri hluta Þjórsár (Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun) og hins vegar

að kanna hann til hlítar áður en endanleg ákvörðun er tekin. Það kemur síðan í hlut nýrrar verkefnisstjórnar rammaáætlunar, sem skipuð verður í kjölfar samþykktar Alþingis, að hrinda í framkvæmd nauðsynlegri rannsóknarvinnu vegna umræddra virkjunarkosta og lögð er áhersla á að tillaga um endanlega flokkun liggja fyrir svo fljótt sem auðið er eftir að nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir.

Þegar ólík sjónarmið takast á riður á að finna jafnvægi sem breið samstaða getur náðst um. Náttúruverndarsamtök hafa lýst þeim sjónarmiðum sínum

Nú sér loks fyrir endann á löngu, flóknu og metnaðarfullu ferli um þetta stóra mál þar sem brýnt er að byggja hvert skref á yfirvegum og málefnalegri niðurstöðu.

kostir á hálandinu (Hágönguvirkjanir I og II og Skrokkölduvirkjun).

Í öllum tilvikum eru rökin þau að vegna nýrra upplýsinga sem komu fram í samráðsferlinu beri að rannsaka tiltekna þætti betur áður en endanleg ákvörðun um nýtingu eða vernd verður tekin. Á grundvelli laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, eru hér svokölluð varúðar-sjónarmið höfð til hliðsjónar; ef um vafa er að ræða þá beri

áð mun fleiri virkjunarkostir eigi að falla í verndarflokk. Og frá þeim sem vilja ganga lengra í orkunýtingu heyrast öndverðar skoðanir.

Rammaáætlun verður rædd á Alþingi á komandi mánuðum og endanlega afgreidd þaðan. Nú sér loks fyrir endann á löngu, flóknu og metnaðarfullu ferli um þetta stóra mál þar sem brýnt er að byggja hvert skref á yfirvegum og málefnalegri afstöðu.

# Jafnt og þétt

## ESB-aðild

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður  
samninganevndar Íslands



**Björg Thorarensen**

varaformaður  
samninganevndar  
Íslands



**Þorsteinn Gunnarsson**

varaformaður  
samninganevndar  
Íslands



Aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins var haldið áfram á ríkjaráðstefnu í Brussel föstudaginn 30. mars. Á þessum fundi hófust viðræður um fjóra samningskafla til viðbótar þeim 11 sem hafa þegar verið opnaðir. Um var að ræða mikilvæga málaflökka þ.e.a.s. samkeppnismál, orkumál, neytendamál og heilsvæðing, og utanríkis-, öryggis- og varnarmál. Viðræðum lauk samdægurs um neytendamál og heilsvæðing, og um utanríkis-, öryggis- og varnarmál. Þetta þýðir að nú þegar níu mánuðir eru líonir frá því að efnislegar samningaviðræður hófust eru viðræður hafnar um 15 samningskafla af 33, og er þegar lokið um 11 þeirra. Viðræðunum vindur fram jafnt og þétt.

## Evrópa og utanríkismálin

Utanríkis-, öryggis- og varnarmálin eru samningsvið sem eru að öllu leyti utan EES-samningsins og Schengen og því hefði mátt ætla að viðræður um það myndu taka tíma. Engu að síður var kaflanum lokað samdægurs og búið er að ganga frá þeim texta sem fer inn í aðildarsamninginn. Þetta endurspeglar þá staðreynd að Ísland á samleið í þessum málaflökki með Evrópusambandsríkjum. Í fyrsta lagi er Ísland bandamaður flestra ESB-ríkja en 21 af 27 aðildarríkjum ESB eiga aðild að NATO. Í öðru lagi hefur Ísland allt frá gildistöku EES-samningsins átt utanríkisráðgjafi samráð við ESB og styðja íslensk stjórnvöld mikinn meirihluta yfirlýsinga Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi, rétt eins og Ísland gerir yfirleitt á vettvangi norrænnar samvinnu en þrjú Norðurlandanna eiga sem kunnugt er aðild að ESB. Síðast en ekki síst þá deilum við grunnildum með ESB sem felast m.a. í virðingu fyrir mannréttindum og áherslu á friðsamlega lausn deilumála. Í viðræðunum við ESB lagði samninganevndin þunga áherslu á herleysi Íslands. Evrópusambandsríkin virðkenna að fullu þessa sérstöðu sem birtist í sérstakri yfirlýsingu sem verður hluti af aðildarsamningi. Þótt utanríkis-, öryggis- og varnarmálin séu vissulega að fullu á forræði aðildarríkjanna er þessi yfirlýsing mikilvæg og undirstrikar þá einstöku stöðu sem Ísland hefur að þessu leyti.

## Orkumál, samkeppni og neytendamál

Viðræður hófust einnig um samningskafla 15 um orkumál. Reglverk þess kafla er nú þegar að mestu leyti hluti af íslenskri löggjöf í gegnum EES-samninginn en þó þarf að semja um ákveðin atriði sem ekki voru hluti af

honum og varða t.a.m. orkunýtni bygginga og lágmarksbirgðir af olfu sem eiga að vera til í öllum aðildarríkjum ESB. Ísland leggur áherslu á að aðild hafi ekki áhrif á fyrirkomulag á Íslandi varðandi eignarhald á orkuauðlindum en ein af grundvallarreglum í orkustefnu Evrópusambandsins er að virða beri sjálfsákvörðunarrétt aðildarríkja þegar kemur að nýtingu og eignarhaldi orkuauðlinda. Það gildir líka um olíuauðlindir sem kunna að finnast við Ísland. Aðild myndi þannig ekki hafa áhrif á sjálfsákvörðunarrétt Íslendinga þegar kemur að nýtingu olíuauðlinda í eigu landsins við inngöngu í ESB, sbr. 2. mgr. 194. gr. Lissabon sáttmálans.

Samkeppnismálin mun einnig taka ákveðinn tíma að semja um þrátt fyrir að sá samningskafla sé nú þegar hluti af EES-samningnum og Ísland framfylgi að langmestu leyti samkeppnislöggjöf Evrópusambandsins. Í samningsafstöðu okkar kemur fram að Ísland hyggst viðhalda og tryggja áfram tilvist félagslegs íbúðalánasjóðs til að fylgja eftir félagslegri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum og tryggja jafnvægi í framboði á lánsfé til íbúðarkaupna milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þá hyggst Ísland viðhalda núverandi fyrirkomulagi á ÁTVR rétt eins og Svíar sömdu um á sínum tíma. Samningum um neytenda- og heilsvæðing var hins vegar lokið samdægurs. Það er einnig mikilvægur málaflökkur því löggjöf í honum miðar að því að tryggja öryggi vöru sem er framleidd og seld innan ESB, og tryggja neytendum margvísleg réttindi í viðskiptum s.s. í fjarsölu og neytendalánnum, auk þess sem villandi auglýsingar eru bannaðar.

## Einhugur um hagsmuni Íslands

Framundan er að hefja viðræður um hinn helming samningskaflanna. Þar á meðal eru viðræður um veigamikla málaflökka sem varða hagsmuni Íslands miklu, s.s. sjávarútveg, landbúnað, byggðamál og myntsamstarf. Stefnt er að því að viðræður um þessa kafla hefjist síðar á árinu. Mikil vinna hefur farið fram af Íslands hálfu og undirbúningur gengur vel. Fulltrúar í viðkomandi samningahópnum hafa unnið hörðum höndum við að undirbyggja samningsafstöðu Íslands og í samningalöginu ríkir góður andi og einhugur um að halda fast á hagsmunum Íslands.

Samhliða samningavinnunni sjálfri er það mat okkar að efla þurfi umræðu um inntak viðræðanna sjálfra. Við þurfum að hafa þrek til að ræða saman um Evrópumálin - málefnalega, forðómalaust og af virðingu fyrir ólíkum skoðunum á þeim. Aðild að Evrópusambandinu er stórt mál fyrir sérhverja þjóð og miklu varðar að vel takist til um niðurstöðuna. Þess vegna er jákvætt að umræða og umfjöllun fjölmiðla fari vaxandi. Við bendum á að öll hlutadeigandi gögn og upplýsingar um samningaviðræðurnar má nálgast á heimasíðunni [viadraedur.is](http://viadraedur.is). Loks skal sérstaklega getið samráðs-hópsins um ESB-viðræðurnar sem nýverið tók til starfa en í honum sitja 23 einstaklingar af landinu öllu, karlar og konur, yngra fólk og eldra, og síðast en ekki síst fólk sem hefur mismunandi skoðanir á Evrópusambandinu.

## AF NETINU

### Varla dautt mál

Stundum skilur maður ekki hamfarirnar í þingsölum. Það er eins og himinn og jörð séu að farast. Í kvöld var þar allt vitlaust vegna atkvæðagreiðslu um tillögur Stjórnlagaráðs sem sumir vildu halda samhliða kosningum. Það var eins og málið væri barasta dautt ef þetta tækist ekki. En svo er auðvitað ekki. Ef ríkisstjórninni og stjórnarliðum er einhver alvara með þessu er þeim í lófa lagið að halda þessa atkvæðagreiðslu síðsumars og í haust – og nota tímann þangað til að tryggja að málið fái eins góða kynningu og auðið er. Og í leiðinni hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna er tillagan sem var deilt um í kvöld svo seint á ferðinni, hví þessi tímapróng?

<http://silfuregils.eyjan.is>

Egill Helgason

# Húsgögn fyrir hagsýna

Tilboð



Tilboð 15.500,-  
Fullt verð 20.300,-



CD - og bókahillur  
í úrváli



kr. 36.400,-

Tilboð



Support

Tilboð 23.120,-  
Fullt verð 28.900,-



kr. 26.900,-



kr. 39.700,-



kr. 39.900,-

Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

# Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

Áfram  
veginn 2012



# Stór kostlegur SPARK staðalbúnaður!



Mánaðargreiðsla\*  
**19.873**kr.  
Spark L



Söluhæsti bíll til  
almenningis 2011

Hluti af staðalbúnaði Spark LS: 1.2L / 81 hestafla vél • 14" álfelgur • 6 líknarbelgir • Loftkæling • Aksturstölvla Hiti í speglum • Öryggisnemar í aftursæti • Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn • Rafmagn í rúðum og speglum Hljómflutningstæki með USB tengi • Aðgerðarstýri og margt, margt fleira • Sjá benni.is

**SPARK LS 1.2L/81 hö**  
bensín, bsk.  
kr. 1.990 þús.

**SPARK L 1.0L/68 hö**  
bensín, bsk.  
kr. 1.790 þús.

**Bílabúð  
Benna**

Sérfræðingar í bílum

Komdu og reynsluaktu Chevrolet í dag - Opið í dag frá kl. 12-16.



SPARK



AVEO



CRUZE



ORLANDO



CAPTIVA



CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

# Virkjanir í neðri Þjórsá

## Orkumál

### Sigurður Guðjónsson

forstjóri  
Veidimálastofnunar



Íljósi umræðu að undanfögnu eru hér settar fram upplýsingar um lífríki og möguleg áhrif fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá.

Veidimálastofnun er óháð rannsókn- og ráðgjafastofnun. Rannsóknarsviðið er lífríki í vatni, veiðinýting, fiskrækt og fiskeldi. Stofnunin vinnur fyrir marga aðila er nýta auðlindir vatns. Veidimálastofnun sinnir ekki stjórnsýslu og því leyfir hún ekkert né bannar.

Fyrir mat á áhrifum á umhverfi vegna virkjana í neðri Þjórsá vann Veidimálastofnun viðamikla rannsóknavinnu fyrir Landsvirkjun. Niðurstöður þessara rannsókna voru nýttar ásamt öðrum upplýsingum þegar umhverfisáhrif voru metin.

Virkjanirnar voru leyfðar með skilyrðum árið 2003. Hvað vatnalífur varðar voru sett skilyrði að greið leið yrði fyrir fisk upp ána og að fiskvegir væru byggðir yfir alla stíflugarða, lágmarksvatn yrði alltaf á farvegum neðan við stíflur svo að vatnalíf þrífist þar og að fært yrði fyrir fisk. Þá voru sett skilyrði um að búnaður væri settur í stíflu Urriðafossvirkjunar til að seiði kæmst þar ósköddu niður ána og til sjávar.

Í rannsóknunum var lífríki Þjórsár kortlagt og metin áhrif fyrirhugaðra virkjana og bent á mögulegar mótvægisáðgerðir.

Meginniðurstöður rannsóknanna voru að í Þjórsá er ríkulegt lífríki. Víða eru góð búsvæði fyrir laxfiskaseiði og talsvert uppeildi lax og urriða er í Þjórsá og í Kálfá. Ofan við fossinn Búða er vaxandi uppeildi laxa en fiskvegur var byggður þar árið 1991. Samkvæmt laxveiðitölum hefur lax-

gengd farið vaxandi og var meðalveiði áruna 2006-2010, 5.365 laxar og 844 urriðar. Meira en 95% aflans er netaveiði. Laxastofn Þjórsár er stór á landsvísu.

Þegar hafa komið út 23 skýrslur, alls 865 blaðsíður, um rannsóknir á lífríki Þjórsár sjá [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)

Þegar meta á hugsanleg áhrif fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá verður að líta til þess að Þjórsá er mikið breytt af mannavöldum. Fimm virkjunum þar fylgja mörg miðlunarlón og veitur. Þetta hefur gerbreytt eiginleikum árinna. Rennsli er mun stöðugra og jökulsvifaur minni. Þetta hefur bætt skilyrði fyrir flestar lífverur í ánni og birtist meðal annars í meiri laxaframleiðslu og laxveiði. Með fiskvegi við fossinn Búða tvöfölduðust búsvæði fyrir lax. Lax er enn að nema þar land og á því laxgengd í Þjórsá enn eftir að aukast.

Fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá eru þrjár. Sú efsta er Hvammsvirkjun, sú næsta er Holtavirkjun, báðar ofan við náttúrulegt fiskgengt svæði Þjórsár. Sú neðsta er Urriðafossvirkjun.

Árvatn Þjórsár er súrefnisríkt og engar líkur á að lífríki árinna skaðist vegna þess né heldur mun frumframleiðni minnka í ánni eins og haldið hefur verið fram. Möguleg stærð laxastofnsins í Þjórsá mun minnka vegna tapaðra búsvæða sem fara undir lón. Á móti kemur að landnám lax ofan við fossinn Búða á enn eftir að aukast. Án mótvægisáðgerða (fiskvega) myndu virkjanirnar loka aðgengi að búsvæðum ofan þeirra. Gert er ráð fyrir fiskvegum fram hjá öllum stíflum. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir svokallaðri seiðafleytu við Urriðafossvirkjun. Slíkar fleytur byggja á því að laxfiskar á leið til sjávar nýta sér yfirborðsstraum og fylgja honum niður ár og leitast við að fara yfirhindranir. Ef áðgerðir til að tryggja göngur fiska upp og niður virka sem skyldi mun áfram

verða sterkur laxastofn í Þjórsá. Afar ólíklegt er að hann hverfi eins og haldið hefur verið fram. Vissulega er áhætta fólgin í öllum inngrípum í náttúruna. Hvernig gera á fiskvegi til að koma fiski yfir hindranir er vel þekkt hér á landi. Þar er áhætta því ekki mikil. Reynsla er lítil á búnaði til að koma seiðum niður ár. Mikil þróunarvinna hefur verið unnin erlendis í slíku og þar hafa menn náð góðum árangri, t.d. í Columbia-fljótinu í Bandaríkjunum. Sú reynsla verður nýtt í Urriðafossvirkjun.

Seiði geta farið í gegnum hverfla virkjana og er vel þekkt hve mikil afföll fylgja því. Í Þjórsá hefur verið reiknað hver afföllin væru ef svo illa færi að seiði færu þá leið niður ána. Þær tölur benda til að afföll séu ekki mikil í hverri virkjun. Meiri hættu fylgir því ef seiði verða innlyksa í inntakslónum virkjana. Þau viðhalda sjóþroska einungis í nokkrar vikur og ef þau komast ekki til sjávar á þeim tíma eiga þau takmarkaða lífsmöguleika.

Landsvirkjun hyggst fyrst reisa efstu virkjunina í Þjórsá, Hvammsvirkjun, og síðan halda niður ána og síðast yrði Urriðafossvirkjun reist. Það gefur því ágæta möguleika á að prófa lausnir til að koma fiski lifandi upp og niður Hvammsvirkjun og láta þær sanna gildi sitt. Að því fengnu ætti áhættan að vera minni þegar kemur að byggingu Urriðafossvirkjunar. Ef illa tekst til með Hvammsvirkjun er hægt að bíða með frekari virkjanir í Þjórsá uns viðunandi árangur næst.

Vatnsaflsvirkjunum fylgja oft breytingar á vatnalífi. Hlutverk Veidimálastofnunar er meðal annars að meta á faglegan hátt með rannsóknum umfang slíkra breytinga, benda á leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum og á mögulegar mótvægisáðgerðir. Á þann hátt mun Veidimálastofnun vinna hér eftir sem hingað til.

# Ofnýtt land

## Landbúnaður

### Herdís Þorvaldsdóttir

leikkona og fv.  
formaður Lífs og lands



Á hverju sumri eru 70 þúsund áhross og 1.350.000 fjár að elta uppi tætingslegar gróðurleifar landsins allt sumarið án nokkurrar ábyrgðar eigenda þeirra.

Landgræðslustjóri segir að til séu engin lög í landinu sem virki þannig að þau heimili henni að grípa til neyðarúrræða vegna ofbeitar eða landníðslu. Bændur hafi allt forræði og eignarhald á nýtingu lands, hvort sem það séu þjóðlendur eða ekki. Er þetta ekki það fyrsta sem þarf að leiðrétta í gömlum og úrsér-gengnum lögum? Þó er brýnast af öllu að setja lög um það, að starfsstétt sem byggir afkomu sína á ræktun búfjár hafi sínar skepnur á sínu eigin landi en ekki annarra.

Við skattgreiðendur greiðum sauðfjábændum rúma fjóra milljarða á ári fyrir að framleiða þessar skepnur, helmingi fleiri en þörf er á. Þessar greiðslur eru auðvitað framleiðsluhvetjandi, því fleiri kindur, því meiri peninga. Þetta er grátbrosleg aulastefna, því jafnfamt hefur verið reynt með hikandi hendi að fá eitthvað af öllum þessum fjárbændum með alla þessa offramleiðslu til að snúa sér að einhverju öðru.

Má þar nefna vinnu við uppgræðslu lands o.fl. og lofað stuðningi við breytingar á rekstri fjárbúa en fengið nánast engar undirtektir. Jafnvel þó sumir af þessum bændum eigi ekki einu sinni land fyrir þessar

skepnur sínar, en láti þær bara ganga á annarra manna löndum öllum til mikils ama. Slíkt óréttlæti er ekki hægt að koma í veg fyrir á meðan löngu úrelt ránryrkja með lausagöngu búfjár er ennþá við lýði. Allir aðrir landsmenn verða að girða sig af frá sauðkindinni, í stað þess að girða hana af.

Við megum líka þola það að þegar við förum um landið í sumarfríinu okkar þá erum við oft á niðurnöguðum blómlausum beitolöndum, nema á fáeinum uppgræddum og afgirtum svæðum og girðinga-

Við skattgreiðendur greiðum sauðfjábændum rúma fjóra milljarða á ári fyrir að framleiða þessar skepnur, helmingi fleiri en þörf er á.

vír okkur til yndisauka meðfram öllum vegum. Landgræðslan var stofnuð af Alþingi fyrir rúnum 100 árum til að græða upp stórskemmda landið okkar. Hún hefur fengið milljarða frá ríkinu en nær varla að halda í við skemmdirnar vegna ofbeitarinnar. Eigum við að halda svona áfram næstu hundrað árin bara svo að þeir sem sitja á þingi þurfi ekki að óttast um atkvæðin sín frá bændum ef stuggað væri við þessum forréttindum þeirra. Hvað annað gæti komið í veg fyrir þessar nauðsynlegu breytingar, landinu og ríkissjóði til góðs?

Svar óskast!

# Lífeyrissparnaður með trausta og góða ávöxtun

Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í lífeyrissparnaði og er traustur bakhjarl. Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrisbók Landsbankans hafa skilað góðri ávöxtun undanfarnin þrjú ár.



# Hvenær tökum við siðfræði alvarlega?

## Siðfræði

Henry Alexander Henrysson

heimspekingur og verkefnisstjóri hjá Heimspekistofnun HÍ



Umræða um siðfræði hefur ekki verið greininni of hagstæð undanfarin misseri. Annars vegar hefur fréttalutningur af sérkennilegum bréfaskiptum milli forsætisráðherra og forsetaembættisins um hvort embættinu beri að setja sér siðareglur fremur ruglað landsmenn í ríminu en upplýst þá um gildi og möguleika slíkra reglna. Hins vegar hefur erfið og upphrópanakennd umræða um störf siðanefndar Háskóla Íslands í tilteknu máli gert það að verkum að traust til slíkra nefnda hefur sjaldan verið minna.

Ég minnst þess ekki að í fyrra málinu hafi verið dregið fram hvað gæti falist í siðareglum fyrir forsetaembættið; í hugum fólks gætu þær falist hvort sem er í reglum um borðhald á Bessastöðum eða nákvæmum lista yfir leyfilega gesti á forsetaskrifstofuna. Og í seinna málinu gleymdist alveg að ræða hvernig siðanefndir ættu að bera sig að. Í ályktun fjölda háskólakennara mátti til dæmis helst skilja að í nafni frelsis ættu siðanefndir ekkert erindi innan háskóla. Það var óvænt siðferðileg krafa.

Þetta er einkennilegt þegar höfð er í huga umræðan um aukna áherslu á siðfræði fyrir meginstöðir íslensks samfélags sem hefur verið flaggað á undanförunum árum. Líklega hefðu slík fréttamál átt að vera kærkomið tækifæri til þess að koma málfræðilegru umræðu um siðfræði og

kynningu á hlutverki hennar að í fjölmiðlum. Til dæmis hefði mátt greina frá því hvers vegna reglur og almennt siðferði ná ekki alltaf yfir sama svið og siðareglur.

Heimspekingar hefðu getað svarað því hvers vegna siðfræði er sjálfstæð fræðigrein sem getur komist að gildum niðurstöðum sem þó þurfa ekki alltaf að falla að viðurkenndum trúarsetningum, kunnnum hagfræðikenningum eða nýlegum lögfræðialítum. Helst hefði þó mátt nota tækifærið til þess að kveða niður þá goðsögn að siðfræðilegir dómar séu hreinir smekksdómar sem byggist á einhverju sem kallað er „hreint huglægt mat“.

Nú er kominn tími til að háskólasamfélagið taki nauðsynlega forystu þegar kemur að því að efla bæði vitund þjóðarinnar og hæfni hennar til að rökræða um þau siðferðismál sem virðast vera brýnni en oft áður. Siðferðileg álitamál eru staðreynd í öllum samfélögum. Þau koma upp á vinnustöðum, í skólum og á öllum sviðum opinbers lífs. Þau vakna einnig innan veggja heimila og þegar við erum ein með sjálfum okkur.

Siðfræði býður ekki upp á lista af lausnum slíkra álitamála. Siðanefndir færa okkur ekki óvefengjanlegar niðurstöður. Enn síður kenna siðareglur okkur í eitt skipti fyrir öll hvað ber að varast. Hins vegar gerir þekking á frumforsendum og útlitunum siðfræðinnar, sem og leikni í beitingu þeirra, okkur kleift að standa ekki máttvæna andspænis siðferðilegum spurningum.

Það hafa reyndar ekki allir tekið undir kröfuna um að gagnrýninni hugsun og siðfræði verði gert hærra undir höfði í íslensku samfélagi á næstunni. Enn heyrast

raddir sem láta eins og aukinn siðferðilegur skilningur sé einhvers konar munaður sem hægt er að snúa sér að þegar leyst hefur verið úr brýnum efnahagsmálum. En þar er hlutum snúið á haus. Vandamálin geta átt sér aðrar orsakir en efnahagslegar þótt tímabundin lausn sé þess eðlis. Enn mikilvægara er þó einmitt að hafa í huga að siðferðilegur veruleiki er jafn mikill veruleiki og hver annar. Hann hverfur ekki þegar við snúum okkur að öðrum málum. Röng og illa ígrunduð breytni skánar ekkert við að aðeins fáir gefi því gaum hvers vegna hún er óásættanleg. Réttindi svífa ekki um í lausu lofti þangað til huglægt mat einhvers dregur þau til jarðar. Og eftirsóknarverðir eiginleikar einstaklinga krefjast ekki smekks annarra til þess að færa þeim farsæld.

Siðfræði er heillandi fag sem tengist lífi okkar og væntingum engu síður en aðrar greinar sem við teljum þó oft hafa forgang þegar við leitum svara við því hvað fór úrskeiðis og hvert skuli stefna. Líkt og hagfræðin getur útskýrt hvers vegna vasar okkar eru tómir á ákveðnum tímamarki getur siðfræðin útskýrt eynd tilveru sem einkennist af ósamkvæmni og óheilindum.

Á vef mennta- og menningar- málaráðuneytisins má lesa í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla að „siðfræði ásamt heimspeki“ verði brátt hluti af skólagöngu íslenskra barna. Það er mikið fagnaðarefni. En maður getur ekki annað en velt því fyrir sér hvort virkilega þurfi að bíða eftir þeim kynslóðum sem nú eru að vaxa úr grasi til þess að vitund um hvers siðfræði er megnug verði almenn og byggist fremur á rökum en útúrsmunum.

## AF NETINU

### Endurskoðun er bara bull

Mér er fyrirmanað að skilja hvernig endurskoðendur beita „alþjóðlegum reikningsskilareglum“ til að hvítþvo bókhald banka, sem brjóta allan skala laganna. Vörn PriceWaterhouseCooper í málum Glitnis og Landsbankans felst í, að farið hafi verið eftir lögum og reglum. Reglurnar geri PWC kleift að skrifa upp á taumlaust rugl. Til hvers eru þá endurskoðendur, ef þetta er rétt hjá Stefáni Geir Þórissyni?

<http://jonas.is/>

Jónas Kristjánsson

### Skertur kvóti

Það hefur ekki farið hátt í umræðunni um hin nýju fiskveiðistjórnarfrumvörp, að ætlunin er að skerða mjög verulega og jafnvel afleggja með öllu þær fiskveiðiheimildir sem nýttar hafa verið til byggðalegra, félagslegra og atvinnulegra úrræða á landsbyggðinni. Þær hafa sannarlega verið umdeildar, en skila vitaskuld tekjum, störfum og umsvifum í þeim byggðalögum sem hafa notið þeirra. Engin tilraun er gerð til þess að meta afleiðingar þessa í þeim frumvörpum sem nú hafa verið lögð fram.

<http://www.ekg.is/>


Einar K. Guðfinnsson

## Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2012

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilit að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 15. apríl 2012 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Hrafnistu við Laugarás, 104 Reykjavík eða á netfangið [margret.gudmundsdottir@hrafnistia.is](mailto:margret.gudmundsdottir@hrafnistia.is)



Íslenski lífeyrissjóðurinn er almennur sjálfstæður lífeyrissjóður sem tekur bæði við lögbundnum lífeyrissparnaði og viðbótarlífeyrissparnaði almennings. Íslenski lífeyrissjóðurinn býður sveigjanlegar leiðir til útgreiðslu lögbundins lífeyrissparnaðar og fjölbreyttar ávöxtunarleiðir.

### Lífeyrisbók Landsbankans

Innlánsreikningur fyrir lífeyrissparnað sem hentar þeim sem vilja ávaxta sparnað sinn á einfaldan og gagnsæjan hátt.

|         |   | Meðalávöxtun þriggja ára* |
|---------|---|---------------------------|
| Líf 1   | Hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma.       | 13,0%                     |
| Líf 2   | Hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævi.            | 12,3%                     |
| Líf 3   | Hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af söfnunartíma.          | 11,9%                     |
| Líf 4   | Fyrir þá sem nálgast töku lífeyris eða eru þegar að taka hann út. | 11,6%                     |
| Sameign | Fyrir þá sem vilja samtvinna ævilanga sameign og séreignasparnað. | 8,7%                      |

Meðalávöxtun þriggja ára\*

9,7%

6,7%

\* Meðaltal nafnávöxtunar á ári 01.01.2009 – 01.01.2012

Íslenski lífeyrissjóðurinn er almennur lífeyrissjóður sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenski lífeyrissjóðurinn er með rekstrarsamning við Landsbankann hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn og ávöxtun hans má finna á [islif.is](http://islif.is). Landsbankinn er rekstrar- og vörsluadili Lífeyrisbókar Landsbankans samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari upplýsingar um Lífeyrisbók og ávöxtun hennar má finna á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Kynntu þér lífeyrissparnað Landsbankans í síma 410 4040, í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi þitt til enda á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4000





**33%**

**8 PÖR**

**69020995**

**DÖMU- OG HERRASOKKAR**  
Svartir sokkar á dömum og herra. Stærðir: 36-46. 8 pör í pakka.

**FULLT VERÐ: 1.495**

**995**

**50%**

**FULLT VERÐ: 3.995**

**1.995**

**LAMPI MED STÆKKUNARGLERI**  
Frábært hjálpartæki! Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana. Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.

**33%**

**FULLT VERÐ: 2.995**

**1.995**

**TOP ROLLER PLASTKASSI**  
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang. Stærð: 59.3 x 39.3 x 34.2 sm.

**42%**

**1981200**

**GORDES SKÓR**  
Finir og léttir skór. Stærðir: 36-41.

**FULLT VERÐ: 895**

**399**

**50%**

**FULLT VERÐ: 2.495**

**1.247**

**HRAÐSUÐUKETILL**  
Góður hraðsuðuketill. Tekur 1,7 lítra.

**42%**

**FULLT VERÐ: 3.495**

**1.995**

**1228880**

**ZONKA SÆNGURVERASETT**  
Efni: 100% gæða bómull. Lokað að neðan með tölum. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

**40%**

**MYRKVUNARGARDÍNA**

**AFMÆLISTILBOÐ**  
STÆRÐ 60 x 170 sm.  
FULLT VERÐ: 2.495

**1.495**

**1987 - 2012**

**30%**

**FULLT VERÐ: 3.995**

**2.795**

**36683001**

**SUPERSOFT BAÐSLOPPUR**  
Mjúkur og góður baðsloppur. Efni: 100% míkrofíber polyester. Nokkrir flottir litir. Stærðir: S - XL.

**DARK MYRKVUNARGARDÍNUR**  
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir:

|               |                |               |                |               |                |
|---------------|----------------|---------------|----------------|---------------|----------------|
| 60 x 170 sm.  | 2.495 nú 1.495 | 80 x 170 sm.  | 2.995 nú 1.795 | 100 x 170 sm. | 3.495 nú 2.095 |
| 110 x 170 sm. | 3.995 nú 2.395 | 120 x 170 sm. | 4.295 nú 2.575 | 140 x 170 sm. | 4.695 nú 2.815 |
| 150 x 170 sm. | 4.995 nú 2.995 | 160 x 170 sm. | 5.495 nú 3.295 | 180 x 170 sm. | 5.995 nú 3.595 |
| 200 x 170 sm. | 6.495 nú 3.895 | 90 x 250 sm.  | 4.495 nú 2.695 | 150 x 250 sm. | 5.995 nú 3.595 |





**AFMÆLISTILBOÐ**  
 STÆRD: 135 x 200 sm.  
 FULLT VERÐ: 10.950  
**5.995**  
 1987 - 2012

**45%**

BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 34.950

**24.950**

**SPARIÐ 10.000**

**THINSULATE THERMOSÆNG**

Gæðasæng saumuð saman úr tveimur sængum þannig að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Létt en vel hitaeinangruð, fyllt með 2 x 550 gr. af polyestermíkrófiber. Áklæði úr polyester/bómull. Sængurtaska fylgir. Stærðir: 135 x 200 sm.

**YORK BORÐ OG STÓLAR**

Einstaklega stílhreint borð með MDF borðplötu og stólum með krómfótum. Fæst í hvítu og svörtu. Stærð á borði: B76 x L120 sm.

**AFMÆLIS 25 ára RÚMFATALAGERINN 1987-2012 TILBOÐ!**

RÚMFATALAGERINN VERÐUR 25 ÁRA Í HAUST OG AÐ ÞVÍ TILFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPPÁ FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ! RÚMFATALAGERINN AÐEINS ÓDÝRARI Í 25 ÁR. TILBOÐIN GILDA TIL 4 APRÍL.



3690011

**QUEENS SVEFNSÓFI**

Flottur svefnsófi með gráu, slitsterku áklæði. Þægilegur og auðveldur í notkun. Stærð: B209 x H78 x D80 sm. Í svefnstöðu: B140 x L190 sm. Litur: Grásvartur.

FULLT VERÐ: 89.950

**SPARIÐ 20.000**

**69.950**



3656154

**PHOENIX SJÓNVARPSSKÁPUR**

Sjónvarpsskápur úr sterkri, gegnheilli eik. Stærð: B160 x H45 x D44 sm.

FULLT VERÐ: 49.950

**29.950**

**33%**

FULLT VERÐ: 1.495

**995**



**THOMAS KLAPPSTÓLL**  
 Góður klappstóll. Fæst í svörtu.

# Staða lífeyrismála

Lífeyrissjóðir

Guðmundur Gunnarsson  
rafiðnaðarmaður



Þessa dagana er rætt um framtíð lífeyriskerfisins. Við stofnun almennu lífeyrissjóðanna upp úr 1965 var réttindakerfið reist á þeirri forsendu að lífeyrisþegar ættu tryggan lífeyri sem næmi um 72% af meðalárstækjum, tengdum við verðlagsvísitölu. Um 25% elli-lífeyris kæmi frá ríkinu, iðgjald í lífeyrissjóð var miðað við að sjóðirnir tryggðu 57% af dagvinnutekjum launafólks.

Stjórnmalamenn hafa á síðustu áratugum sótt auknar tekjur í ríkissjóð með því að auka tekju-tengingar í bótakerfinu og þar með minnka hlut Trygginga-stofnunar í bótakerfinu. Þetta er komið svo langt að þátttaka TR í lífeyri einstaklings með 75 þús. kr. greiðslur úr lífeyrissjóði skerðist um sömu upphæð. Inn-grip stjórnmalamanna í kerfið hefur haft ákaflega letjandi áhrif á þátttöku fólks í lífeyriskerfinu og framkallar vaxandi þátt-töku í neðanjarðarhagkerfinu og undanskotum í kostnaðarþátttöku til velferðarkerfisins. Um er að ræða umtalsverðar fjárhæðir, ef frítækjumarkið væri t.d. hækkað upp í 20 þús. kr. myndi upptaka ríkisins á lífeyrisgreiðslum frá lífeyrissjóðum minnka um 3 milljarða.

Nokkrir halda því fram að lækka eigi ávöxtunarviðmiðið úr 3,5%, ekki síst stjórnmalamenn sem vilja sækja fé til lífeyris-

sjóðanna á neikvæðum vöxtum til þess að standa við kosninga-loforðin. Þetta myndi ekki breyta miklu hjá þeim sem eru þegar á lífeyri eða eru að nálgast þann aldur, en hefði aftur á móti gríð-arleg áhrif hjá ungu fólki. T.d. myndi væntanlegur lífeyrir fólks sem er í dag innan við 35 ára skerðast um 25% ef farið væri með ávöxtunarviðmiðið niður um 0,5% eða í 3%. Ástæða er til að benda sérstaklega á að á Íslandi er ávöxtunarkraftan lág sé litið til annarra landa með uppsöfnunarlífeyris-kerfi, t.d. er ávöxtunarkrafta í Bandaríkjunum 4,35%. Í þessu sambandi væri mikið eðlilegra og heilbrigðara að lífeyr-issjóðirnir byðu sínum sjóðsfélögum sérstök lán á vildarkjörum til þess að kaupa sína fyrstu íbúð.

Fram hafa komið hugmyndir um að fella niður uppsöfnunar-kerfi og taka upp gegn-umstremiskerfi. Ef tryggja á samsvarandi lífeyri, örorkubætur, makalífeyri og barnabætur og uppsöfnunarlífeyriskerfið er að greiða í dag, þarf iðgjald í gegn-umstremiskerfi að vera 36%. Ef sú leið væri farin má reikna með að núverandi iðgjald væri óbreytt, en það myndi kalla á að framlag ríkissjóðs inn í kerfið þyrfti að vera vel ríflega það sem kemur inn með núverandi iðgjaldi. Þetta er ekki flókið því liðlega helmingur þess sem líf-eyrisþegi fær útgreitt eru vextir og vaxtavextir af sparnaði hans í uppsöfnunarsjóð.

Nokkrir, þar á meðal ráðherrar, ræða um að sameina eigi alla líf-eyrissjóðina í einn. Ef þetta verður gert er ekki komist hjá því að taka ákvörðun um hvort ætlunin sé að skerða réttindi hjá einhverjum hópum, eða jafna réttindi allra við það besta. Eðli málsins samkvæmt er ekki framkvæman-legt að jafna réttindin nema að hækka iðgjöldin umtalsvert hjá þeim sem búa við lakari réttindi. Tryggingarfræðilega séð eru

hópar á vinnumarkaði ákaflega mismunandi. Þar er að finna ástæðu þess að sumir sjóðir geta verið með mun dýrari réttindakerfi en aðrir.

Ef lífeyrissjóðirnir á almenna markaðnum yrðu t.d. sameinaðir án þess að iðgjald væri hækkað, myndi það valda allt að 20% skerðingu á réttindum í sumum lífeyrissjóðanna, þá sérstaklega iðnaðar-mannasjóðunum.

Með öðrum orðum; það væri þá verið að flytja umtalsverðar eignir frá einum hópi til annarra, ásamt umtalsverðum flutningi á fjármunum milli kynslóða. Í þessu sambandi er ástæða að benda á að Fjármálaeftirlitið hefur gefið það út að til þess að standa undir óbreyttu kerfi opinberu sjóðanna, þurfi að hækka iðgjald upp í 19% eigi þeir að vera sjálf-bærir. Það þýðir að ef jafna á öll lífeyrisréttindi án þess að staða nokkurs hóps væri skert þyrfti að hækka iðgjöld umtalsvert, eða allt að 7%.



Inngrip stjórnmalamanna í kerfið hefur haft ákaflega letjandi áhrif á þátttöku fólks í lífeyris-kerfinu...

# Vatnajökuls-þjóðgarður – stoltið okkar!

Náttúruvernd

Kristveig Sigurðardóttir

verkfræðingur og stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs



Fram undan eru spennandi tímar við uppbyggingu stærsta þjóðgarðs í Evrópu. Með samstilltri vinnu mun okkur takast það verkefni vel!

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður í júní 2008. Markmið hans er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Flestir ættu að fallast á þessi markmið, enda hafa Íslendingar almennt góðan skilning á mikilvægi náttúru-verndar og njóta ferðalaga í tignarlegri og óspilltri náttúru.

Þann 28. febrúar 2011 staðfesti Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra fyrstu stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (SOVV). Áætlunin er verkfæri þjóðgarðsins til að skipuleggja uppbyggingu og þjónustu í garðinum. Í henni er sett fram stefna og framtíðarsýn sem byggir á þremur meginstöðum; náttúru-vernd, útivist og byggðaþróun.

Náttúruvernd, útivist og byggðaþróun

Vatnajökull og áhrifasvæði hans mynda náttúrufarslega heild sem einkennist af kraftmiklu samspili elds og íss og er náttúran einstök, ekki bara fyrir Ísland heldur á heimsvísu. Okkur ber að vernda þessa stórbrotnu náttúru.

En markmiðið með þjóðgarðinum er ekki bara að vernda náttúruna heldur er mikilvægt að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem hægt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins. Stór hluti SOVV snýst um þetta markmið. Þar er áætlun um fræðslu, skipulagningu gönguleiða, reid-leiða og akstursleiða, upplýsingar við áningarstaði, uppbyggingu göngubrúa og skála, gestastofur, tjaldsvæði og fleira sem þarf til að mæta þörfum útivistarfólks og til að auðvelda upplifun stórkost-legrar náttúru þjóðgarðsins.

Þjóðgarðurinn nær nú yfir um 13% af landinu og átta sveitarfélög eiga land í garðinum. Lögd hefur verið áhersla á jákvæða byggðaþróun á grannsvæðum þjóðgarðsins, ekki aðeins með störfum í þjóðgarðinum heldur líka afleiddum störfum við ferðaþjónustu og samvinnu þjóðgarðs og einkaaðila um eflingu byggðar. Þjóðgarðurinn hefur gríðarlegt aðdráttarfl og laðar til sín hundruð þúsunda ferðamanna á ári. Með aukinni uppbyggingu og þjónustu mun fjöldi ferðamanna til svæðisins aukast enn frekar svo að markaður fyrir gistingu, veitingastaði, handverk og afþreyingu stækkar.

Tækifærin eru fjölmörg og þegar hafa verið þróaðar vörur og þjónusta í samvinnu við starfsmenn þjóðgarðsins til að efla grundvöll ferðaþjónustunnar, til dæmis sem tengjast fuglaskoðun, fjallamennsku og ýmiss konar fræðslu.

Lýðræðislegt stjórnkerfi

Vatnajökulsþjóðgarður er samvinnuverkefni ríkisins, sveitarfélaganna átta sem eiga land í honum, landeignenda og annarra hagsmunaaðila. Að stjórn hans og stefnumótun koma tæplega þrjátíu manns, þ.á.m. fulltrúar sveitar-

félaga, umhverfisverndarsamtaka, ferðaþjónustunnar og útivistar-samtaka.

Allir þessir aðilar, auk starfsfólks garðsins, komu að gerð SOVV og samráð var að auki haft við fjölda annarra.

Góð samstaða um stjórnunar- og verndaráætlun

Góð samstaða er um langflestu þætti SOVV. Þó er deilt um örfáar samgönguleiðir og veiðar innan þjóðgarðsins. Ákvað stjórn garðsins því síðastliðið vor að setja af stað frekara samráðsferli um þessi málefni til að fá bestu mögu-

Með aukinni uppbyggingu

og þjónustu mun fjöldi ferðamanna til svæðisins aukast enn frekar...

legu yfirsýn yfir sjónarmið, rök og hagsmuni í málinu áður en hún tæki ákvörðun um framhaldið.

Í samráði felst uppbyggileg umræða þar sem fram koma ólík sjónarmið og ræddar eru mismunandi lausnir þar til niðurstaða fæst sem flestir geta sætt sig við. Í flóknum málum eins og skipulagi stórs þjóðgarðs er nánast óhugsandi að algjör sátt náist um alla þætti skipulagsins. Markmiðið er þó að komast eins nálægt því og hægt er.

Í samgöngumálunum var sett upp umfangsmikið ferli: Greining á hagsmunaaðilum, kynningarfundur, fjölmennur opin fundur þar sem lögð voru drög að afmörkun umfjöllunarefna og að lokum yfirferð samráðshóps um málefni. Samráðshópurinn skilaði metnaðarfullu starfi og sendi niðurstöður sínar til stjórnar í desember síðastliðnum. Stjórn hefur farið yfir hvert þeirra 25 mála sem samráðshópurinn fjallaði um og tók í meginatriðum undir ályktanir hópsins í 23 tilvikum. Hvað varðar Vonarskarð tók stjórn undir sam-eiginlega ályktun samráðshópsins um að frekari rannsókn væri þörf áður en ákvörðun yrði tekin um skipulag ferðaleiða um svæðið. Um leið norðan Dyngjufjalla skilaði samráðshópurinn tvístruðu álit og svæðisráð Norðursvæðis var einnig klofið í sinni afstöðu. Í því tilviki ákvað stjórn að fara sömu leið og með Vonarskarð, að fara í nánari rannsóknir áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Af framangreindu sést að samráðið hefur verið árangursríkt.

Flestar athugasemdir sem bárust um veiðar í SOVV eru bundnar við austursvæði þjóðgarðsins. Ákvað stjórnin að fela svæðisráði og þjóðgarðsverði þar að leitast við að leiða málið til lykta og síðasta vor hófst þar samráðsferli. Haldnir voru nokkrir fundir í svæðisráðinu með góðum gestum, m.a. fulltrúum Skotvís, Skaust, Umhverfisstofnunar og hreindýraleiðsögumanna. Opíð málþing var haldið 17. mars síðastliðinn um málefnið og heppnaðist vel. Menn fengu þar tækifæri til að hittast, fræðast og skiptast á ólíkum skoðunum um veiðar. Nú mun svæðisráð vinna úr gögnum og senda ályktun til stjórnar fyrir vorið.

Ég tel að þessi tvö samráðsferli skili góðri sátt og að hægt verði að vinna áfram saman á jákvæðan og uppbyggilegan hátt við að byggja þjóðgarðinn okkar upp. Ég hvet landsmenn alla til að snúa bókum saman og hlúa vel að þeirri dýr-mætu þjóðargersemi sem Vatna-jökulsþjóðgarður er og njóta hennar um leið.



## Tálknafjarðarskóli

Tálknafjarðarskóli, sameinaður grunn-, leik- og tónlistarskóli, auglýsir lausa til úmsóknar stöðu skólástjóra til eins árs. Fyrir liggur metnaðarfull áætlun um uppbyggingu menntastarfs á Tálknafirði með tillögu um að leik-, grunn- og tónlistarskóli starfi undir einu þaki. Um er að ræða spennandi starf fyrir áhugasaman einstakling sem er reiðubúinn að leiða skólann til árangurs í samræmi við markmið í skólastefnu Tálknafjarðarhepps. Einnig vill skólinn ráða kennara fyrir næsta skólaár.



Tálknafjörður er skjólgóður, lygn og gróðurssæll miðja vegu á milli Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, með fjölbreyttu mannlífi, góðu félagslífi og íþróttamannvirkjum eins og þau gerast best. Í kaupúninu búa um 300 manns. Tálknafjarðarskóli er góður vettvangur fyrir kennara sem langar að starfa í metnaðarfullum skóla við ákjósanlegar aðstæður.



Skólinn leggur ríka áherslu á að tengja nám við daglegt líf, áttþaga og umhverfi nær og fjær, efla frumkvæði og ábyrgð nemenda og gefa þeim tækifæri til að rækta margs konar hæfileika. Grænfáninn blaktir við hún á báðum starfsstöðvum skólans.

## Skólástjóri

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennararéttindi
- Stjórnunarnám æskilegt
- Stjórnunarreynsla
- Kennslureynsla í grunnskóla eða leikskóla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi

Æskilegt er að viðkomandi taki þátt í undirbúningi næsta skólaárs eftir fongum.

## Kennarar

**Grunnskólakennara** í grunnskóladeild á Sveinseyri til list- og verkgreinakennslu (myndmennt, textilmennt, hönnun og smíði, heimilisfræði), kennslu yngri barna, stærðfræði og raungreina á unglingsstigi.

**Leikskólakennara** í leikskóladeild að Vindeheimum.

**Íþróttakennara** til afleysinga út næsta skólaár frá og með 10. apríl 2012 vegna fæðingarorlofs.

**Tónlistarkennara** til að efla tónlistarstarf í leik- og grunnskóla og kenna á eitt eða fleiri eftirtalinnna hljóðfæra í tónlistardeild skólans: málmlásturshljóðfæri, fiðla, slagverk, harmónika og gítar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennararéttindi
- Reynsla af kennslu á viðkomandi kennsluviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsóknarrestur er til og með 15. apríl 2012.

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ.

Umsóknarbréf ásamt ferilskrá skal senda á netfangið skoli@talknafjordur.is með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Upplýsingar um störfin veitir skólástjóri í síma 456 2537.





## Góðir fjárfestingarkostir

Íslandssjóðir hf. stýra og reka innlenda og alþjóðlega verðbréfa- og fjárfestingarsjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Íslandssjóðir eru dótturfyrirtæki Íslandsbanka og aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja.

### Nafnávöxtun á ársgrundvelli, %

|   | 1 ár*                        | 2 ár | 3 ár | 4 ár  | 5 ár  | Frá stofnun |
|---|------------------------------|------|------|-------|-------|-------------|
| <b>Skuldabréfasjóðir</b>                |                              |      |      |       |       |             |
| í Ríkissafn - Ríkissk.bréf og innlán**  | 3,3                          | 5,8  | 7,6  |       |       | 8,3         |
| í Veltusafn**                           | 3,3                          | 5,0  |      |       |       | 5,7         |
| í Ríkisskuldabréf - Sjóður 5**          | 12,1                         | 11,2 | 14,7 | 15,6  | 15,1  |             |
| í Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7**     | 16,2                         | 13,1 | 17,0 | 17,1  | 16,1  |             |
| í Fókus - Vextir***                     | 13,4                         | 12,4 |      |       |       | 12,3        |
| í Skuldabréfasafn ÍS***                 | Starfrækt frá september 2011 |      |      |       |       | 12,1        |
| <b>Innlendir hlutabréfasjóðir</b>       |                              |      |      |       |       |             |
| í Úrvalsvísitala - Sjóður 6**           | -8,5                         | -1,0 | 3,8  | -42,7 | -40,7 |             |
| í Úrval innl. hlutabréfa - Sjóður 10*** | 7,0                          | 17,5 | 16,4 | -33,2 | -32,6 |             |
| <b>Blandaðir sjóðir</b>                 |                              |      |      |       |       |             |
| í Eignasafn**                           | 9,7                          | 10,2 |      |       |       | 11,0        |
| í Eignasafn - Ríki og sjóðir**          | Starfrækt frá apríl 2011     |      |      |       |       | 6,8         |
| <b>Erlendur hlutabréfasjóður</b>        |                              |      |      |       |       |             |
| í Heimssafn**                           | 0,4                          | 4,6  | 24,7 | 13,6  | 10,0  |             |

\* Ávöxtunartímabil 28. febrúar 2011 – 29. febrúar 2012 – upplýsingarnar eru fengnar frá [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

\*\* Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

\*\*\* Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði

Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

**Kynntu þér fjölbreyttar leiðir í sparnaði og fjárfestingum á [islandssjodir.is](http://islandssjodir.is) eða fáðu nánari upplýsingar hjá helsta söluaðila Íslandssjóða, VÍB – eignastýringarþjónustu Íslandsbanka í síma 440 4900.**

**Söluaðilar Íslandssjóða:**

**víb** Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka  
Íslandsbanki  
Auður Capital hf.  
Arctica Finance hf.



# Nýtt sjúkrahótel er nauðsyn

## Heilbrigðismál

### Bryndís Konráðsdóttir

forstöðumaður  
Sjúkrahóts



Ár hvert horfast þúsundir Íslendinga í augu við að þurfa að leggjast inn á sjúkrahús eða fylgja nákomnum ættingjum til sjúkrahúsdvalar. Allir sem upplifað hafa sjúkdóma eða slys í sínu nánasta umhverfi þekkja álagið sem slíkt getur valdið einstaklingum og fjölskyldum þeirra.

Öryggi og hlýlegt umhverfi er nokkuð sem fólk sem gengist hefur undir aðgerðir eða aðra sjúkrahúsmeðferð sækist eftir. Undanfarnin ár hefur legutími á sjúkrahúsum styst og æ fleiri sjúklingar njóta dag- og göngudeildarþjónustu eftir meðferð á sjúkrahúsi. Slíkt hentar þó ekki alltaf og getur líðan sjúklinga og búseta haft þar áhrif á. Dvöl á sjúkrahótelum er stundum bráðnauðsynleg og góður kostur til að brúa bilið milli sjúkrahúslægu og heimferðar.

Í þessu skyni hefur sjúkrahótel verið rekið undanfarna þrjú áratugi. Ísland var raunar fyrst Norðurlandanna til að reka slíkt hótél en lengst af sá Rauði krossinn um rekstur þess og vann með því mikið frumkvöðlastarf. Hin seinni ár hefur sjúkrahótel verið rekið samkvæmt samningi LSH og Sjúkratrygginga Íslands.

### Nýtt landsbyggðarfólk vil

En hverjir sækja sjúkrahótel? Það eru fyrst og fremst einstaklingar sem þurfa heilsu sinnar eða aðstandenda vegna að dvelja fjarri heimabyggð vegna rannsókna

og meðferðar. Auk þess nýttist sjúkrahótel þeim sem dvalið hafa á sjúkrahúsi sem liður í frekari endurhæfingu og bata. Gestum er veitt hjúkrun og ráðgjöf vegna heilsufarsvanda og þeim liðsinnt við að sækja heilbrigðisþjónustu auk almennrar hótelpjónustu. Áhersla er lögð á heimilislegt og hlýlegt umhverfi en það hefur talsverða þýðingu í bataferlinu og flýtir fyrir heimferð.

Og hvar er sjúkrahótel? Hótelíð er í dag til húsa í Ármúla 9, í sama húsi og Park Inn hótél. Það er því í nokkurri fjarlægð frá spítalanum sjálfum. Mikið óhagræði er af því að rekstur hótelsins sé svo langt frá spítalanum og takmarkar í raun notkunarmöguleika þess. Foreldrar sem koma með veik börn sín til meðferðar á Barnspítalanum geta til dæmis átt erfitt með að víkja langt frá.

### Fyrir einstaklinga og fjölskyldur

Nú hillir þó undir breytingar til batnaðar. Í 1. áfanga nýrra bygginga á Landspítalalóð er fyrirhugað að reisa sjúkrahótel, sem verður hluti sameinads Landspítala við Hringbraut. Á hótelinu er gert ráð fyrir 77 herbergjum, en þarna verða bæði einstaklings- og fjölskylduherbergi. Þetta er fjölgun um 20 herbergi frá því sem nú er og er brýn þörf á, enda hefur verið vaxandi eftirspurn eftir sjúkrahótelinu. Þrátt fyrir að rýmum hafi verið fjölgað síðasta árið hefur þurft að setja sjúklinga á biðlista.

Hið nýja sjúkrahótel, sem vonandi verður tekið í notkun innan fimm ára, rís rétt norðan núverandi barnspítala og fæðingardeildar. Hótelíð verður skammt vestan við þá byggingu sem hýsa mun göngudeildir og geislameðferð. Með byggingu sjúkrahóts á spítalalóðinni feta Íslendingar í fótspor frændþjóða en víða í nágrannalöndunum eru sjúkrahótel orðin nauðsynlegur hluti nútíma spítalastarfsemi.

### Nálægð við spítala eykur öryggi

Sjúkrahótelíð mun nýttast öllum sjúklingum sem þurfa á þjónustu þess að halda. Nálægðin við spítalanum eykur mjög öryggi þeirra, því aðgangur er þá að öllu öryggisneti hans. Þar með er hægt að kalla eftir aðstoð ef eitthvað kemur upp á og þá er stutt að fara. Þá geta gestir sjúkrahótsins komist á alla helstu meðferðarstaði innan spítalans þurum fótum. Mikill akkur er í því fyrir fólk sem flest hvert er nýkomid úr aðgerðum eða annarri sjúkrahúsmeðferð og sækir jafnvel daglega þjónustu inn á LSH.

Bætt aðstaða sjúklinga og aðstandenda þeirra er falin í byggingu sjúkrahótsins sem verður að veruleika...  
Bætt aðstaða sjúklinga og aðstandenda þeirra er falin í byggingu sjúkrahótsins sem verður að veruleika í fyrsta áfanga stækkunar Landspítala. Þær framfarir sem verða í þjónustu við sjúklinga með byggingunni eru jafnframt mikilvægt skref inn í nútíma sjúkrahúsþjónustu.



Bætt aðstaða sjúklinga og aðstandenda þeirra er falin í byggingu sjúkrahótsins sem verður að veruleika...

# Skjaldborgarráðherrann

## Fjármál

### Guðmundur Franklín Jónsson

viðskiptafræðingur  
og formaður Hægri  
grænna, flokks  
fólksins



Jóhanna Sigurðardóttir (JS) forsætisráðherra skrifaði merkilega grein í Morgunblaðið í nóvember 1996, sem bar nafnið „Ísland eina landið sem verðtryggir skuldir heimilanna“. Greinin er merkileg í ljósi þess að JS hefur haft mörg tækifæri til þess að grípa inn í og afnema verðtrygginguna og breyta kerfinu, sem æðsti yfirmaður Íbúðalánasjóds (ÍLS) um árabíl og í ríkisstjórn þegar MiFID reglur Evrópusambandsins (ESB) voru lögfestar þann 1. nóvember 2007, með lögm nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Þá var innleidd í íslenskan rétt tilskipun ESB um markaði fyrir fjármála-gerninga. Með nýjum verðbréfavíðskiptalögum breyttust ýmsar mikilvægar reglur sem lutu að því hvernig standa átti að viðskiptum með verðbréf. Við þetta var henni skylt að afnema verðtryggingu af neytenda- og húsnæðislánunum almennings og bar fjármálamarkaðnum að innleiða nýju reglurnar.

JS segir í grein sinni að: „Efnahagsleg rök og sanngirni mæla með því að verðtrygging á lánunum til heimilanna verði alfarið bönnuð, að ríkisstjórnin sé föst í gamla verðbólguhugsunarhættinum...“. Heldur hún áfram: „Græmetisverð eykur skuldir heimilanna [...] Fólkíð skilur því ekki hvernig höfuðstóll skuldanna vex sífellt. Er nema von að það skilji ekki ástæðurnar, eins og þegar kartöflur hækkuðu tímabundið í sumar, þá leiddi vísitalan og verðtrygging til þess að skuldir heimilanna jukust um 500 milljónir króna...“.

Þáverandi alþingismaður heldur áfram og segir: „Meginniðurstaðan er að verðtrygging er ekki á lánunum til heimila í löndum OECD, að Íslandi undanskildu... Skuldir heimila í árslok verða 350 milljarðar króna og hafa aukist á þessu ári um 25 milljarða króna. 90% af lánunum eru verðtryggð, en einungis 10% óverðtryggð. Af hálfu stjórnvalda eru engin áform uppi um að takmarka verðtryggingu lána, umfram það sem þegar hefur verið ákveðið.“

Þetta er allt saman mjög athyglisvert í ljósi þess að hægt er að margfalda vandamálið í dag, en JS segir síðar: „Gjaldþrot heimilanna hafa vaxið gífurlega... Þannig hafa gjaldþrot heimilanna meira en tvöfaldað á tveimur árum. Laun og lífskjör eru hér með því lægsta sem þekkist og vinnutími hvað lengstur. Auk þess þurfa íslensk heimili að búa við verðtryggingu á lánaskuldbindingum sínum sem hvergi þekkist innan landa OECD...“.

Að lokum skrifar hún: „Allt þetta ætti nú að skapa forsendur til að afnema verðtryggingu á fjárfskuldbindingum heimilanna. En allt kemur fyrir ekki. Rökstuðningur ráðherrans í svari við fyrirspurn minni byggist á gamla verðbólguhugsunarhættinum, sem ríkisstjórnin virðist föst í [...] Það mæla bæði efnahagsleg rök og sanngirni með því að verðtrygging á lánunum til heimilanna verði alfarið bönnuð á næstu misserum.“

Svo mörg voru þau orð, en JS er fyrrverandi félagsmálaráðherra á árunum 1987-1994 og 2007-2008, félags- og tryggingamálaráðherra 2008-2009 og forsætisráðherra síðan 2009, og bar hún ábyrgð á ÍLS. JS átti sæti í ríkisfjármálanefnd ríkisstjórnar, svokallaðri súperráðherranefnd Geirs H. Haarde, ásamt Ingibjörgu Sólrúnu og Árna Mathiesen, og stóð að yfirlýsingunni, sem gefin var út í tengslum við lánaþyrngreiðslu norrænu seðlabankanna vorið 2008.

Með yfirlýsingunni skuldbatt íslenska ríkisstjórnin sig til að grípa til aðgerða, m.a. að draga úr útlánunum ÍLS. Þetta var eitt af skilyrðunum, sem norrænir seðlabankar settu fyrir fyrirgreiðslunni. Ríkisstjórn Íslands stóð ekki við loford sín, sem leiddi til þess að mikil tortryggnir ríkti í garð Íslands um haustið 2008 og efnahagskerfi Íslands hrundi. JS lét stóraukin útlán ÍLS sig litlu varða sumarið 2008 þrátt fyrir gefin loford í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þann 27. október 2008 skipaði svo JS fimm manna sérfræðinganefnd sem falið var að skoða leiðir til að bregðast við vanda lántakenda vegna verðtrygginga. Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur og formaður ASÍ var formaður nefndarinnar. Þegar neyðarlögin voru til umræðu á Alþingi 6. október 2008 var uppi krafa um að verðtryggingin yrði tekin úr sambandi tímabundið. Þáverandi forsætisráðherra fól JS að skoða tillöguna um að taka verðtrygginguna úr sambandi en ekkert var gert. Höfuðábyrgðina á slæmri skuldastöðu heimilanna í dag bera Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Jóhanna Sigurðardóttir. Þau hafa tekið stöðu með fjármálaþyrngingunum gegn almenningsi. Verðtryggingin hefur lagst af fullum þunga á skuldbætt heimili landsins, en fjármagnseigendur eru varðir að fullu. Ólöglegt er að selja almennum fjárfestum samkvæmt MiFID neytendalögjöfni afleiður, sem verðtryggð neytenda- og íbúðalán án alls vafa flokkast undir. Staðreyndin er sú að verðtryggð húsnæðislán til heimilanna hafa hækkað um meira en 40% frá 1. nóv. 2007 plús vexti á meðan það eru eingöngu vextir og engin verðtrygging á húsnæðislánunum annars staðar í heiminum. Ekki er líklegt að einhver önnur þjóð í heiminum láti þjóða sér svona fyrirkomulag.



Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK sumarið 2012.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagsamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfsgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnin lúta að rektun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is).

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir, í síma 515 9000, [thorag@lv.is](mailto:thorag@lv.is).

Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl.

Umsóknareyðublað er að finna á [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is)

## AF NETINU

### Víti til varnaðar

Læknar, sem þekktu til í Noregi, mæltu með því að ég skoðaði þennan nýja spítala og síðan til samanburðar annan norskán spítala sem væri „víti til varnaðar“, spítalann í Þrándheimi.

Sá spítali væri þannig til kominn, að líkt og ætlunin er að gera í Reykjavík, hefði verið farið út í „bútasam“ þar sem reynt væri að tjasla saman gömlum og nýjum byggingum með undirgöngum og lokuðum tengingum yfir götur á milli húsa.

Hins vegar hefði í Ósló verið brugðið á það ráð að finna stóra auða lóð sem næst stærstu krossgötum borgarinnar og landsins og hanna spítala alveg frá grunni, byrja með autt blað.

Og munurinn á þeirri lausn og bútasamnum í Þrándheimi væri sláandi, annar spítalinn mesti fyrirmyndarspítali Evrópu, hinn víti til varnaðar.

<http://omarragnarsson.blog.is>

Ómar Ragnarsson



# Mjólkin er að bursta þetta

Besti kalkgjafinn fyrir tennur og bein

Dagleg neysla kalkríkrar fæðu er, ásamt réttri  
tannhirðu, lykillinn að góðri tannheilsu.



**mjólk**  
er góð

# Sekur uns sakleysi er sannað

Samfélagsmál

Hrafn Jónsson  
laganemi við HÍ



Í bakþönkum Fréttablaðsins þann 24. mars lét Atli Fannar Bjarkason þær staðhæfingar falla að í eðli sínu færi jafnrétti aldrei út fyrir skynsamleg mörk og því beinlínis hlægilegt að gerast svo djarfur að tala um öfgafemínisma. Vill hann meina að ekki sé hægt að tala um öfgar fyrr en tilteknir hópar eru farnir að stunda innbrot og fremja aðra glæpi í þágu málstaðarins, s.s. að sprengja upp húsnæði Smáralindar þar sem því svipar til reðurs sé það skoðað úr loftmynd. Fyrr væri leikurinn einfaldlega ekki kominn út fyrir skynsamleg mörk. Telur hann baráttuna fyrir jafnrétti aldrei geta orðið öfgafulla. Ég spyr hins vegar: Snýst baráttu þessara hópa ennþá um jafnrétti eða er hún mögulega spröttin af hatri og ef til vill komin út fyrir skynsamleg mörk jafnvel þó Smáralindin standi enn í fullri reisu?

Í viðtali við fyrrum forseta okkar Íslendinga, Vigdís Finnbogadóttur, sem birtist í tímaritinu Monitor 22. mars, segist hún bæði vera kven- og karlréttindakona, sem kjósi jafnræði og telur hún vissar tegundir femínisma komnar út í öfgar. Hún hvetur fólk til að gæta varhugar þar sem öfgarnar geti eyðilagt góðan málstað. Getur mögulega verið að sannleikskorn leynist í þessum orðum fyrsta lýðræðiskjörna kvenforseta heims?

Það fór varla fram hjá neinum að í lok síðasta árs var þjóðþekktur og

vægast sagt umdeildur einstaklingur ákærður fyrir alvarlegan kynferðisglæp. Ekki leið á löngu þar til tilteknir aðilar sem kenna sig við femínisma höfðu tekið skýra afstöðu í málinu, fylkt liði gegn meintum geranda og vildu sumir hverjir helst hengja umræddan mann undir eins og það án dóms og laga. Aðeins örfáum klukkustundum eftir að fjölmiðlar greindu frá ákærinni eða 3. desember 2011 lét María Lilja Þrastardóttir, yfirlýstur femínisti, þau orð falla í pistli sínum á smugan.is að nú fylktu liði fylgdarmenn Gillz nauðgunarbrandar Karls og hrópuðu ofnotuð slagorð á borð við „saklaus uns sekt er sönnuð“. Samkvæmt Maríu Lilju og hennar sýn á jafnrétti er hornsteinn réttarríkisins og hin sígilda meginregla sem kveður á um að hver og einn sé saklaus uns sekt er sönnuð einungis ofnotað „hugtak“.

Nú ætla ég ekki að skipa mér í annað hvort „liðið“ enda ekki í verkahring annarra en lög-gæslufirvalda og ef til þess kemur þá dómstóla að leggja dóm á málið. Ég þori hins vegar að fullyrða að hver einasti sæmilega þenkjandi einstaklingur sem reiknað hefur dæmið til enda, geti ekki með nokkru móti hugsað sér að búa í samfélagi þar sem meginregla á borð við „sekur uns sakleysi er sannað“, er við lýði. Ástæðan er fyrst og fremst sú að af tvennu illu er þó öllu skárra að á meðal okkar gangi nokkrir sekir aðilar sem komast hafa hjá fullnustu refsingar fremur en að á bak við lás og slá sitji fjöldinn allur af saklausum einstak-

lingum. Ekki aðeins sviptir frelsinu heldur einnig ærunni.

Það er ástæða fyrir því að við setjum okkur sjálf lög og reglur. Við kjósum að lifa ekki í algjörri ringulreið réttaróryggis þar sem geðþóttaákvæðanir yfirvalda og sleggjudómar götunnar eiga síðasta orðið. Þó ákveðin aðilar telji lífs-skóðanir sínar æðri lögum okkar allra þá getur það varla talist nægilega gild ástæða þess að mannréttindum beri að víkja til hliðar.

Langstærstur hluti þess fólks sem í gegnum tíðina hefur barist fyrir réttindum okkar hefur notast við friðsamlegar aðferðir og tekist á á mál-efnalegum grundvelli. En svo koma þeir sem með ofstæki afskræma hugtak á borð við femínisma og draga heildina niður á blóðugan vígvöllinn. Skilaboðin eru svo idulega þau að hver sá sem dirfist að standa upp og stugga við slíkum aðgerðum er óvinur málstaðarins sem vinnur markvisst gegn jafnrétti. Rosa Parks, Martin Luther King, Mahatma Gandhi og Nelson Mandela voru öll róttæk þegar þau börðust fyrir auknu frelsi landa sinna. Ekkert þeirra lét hatur hins vegar blinda sig eða teyma út í öfgar. Öumdeilt er að árangur þessa fólks á sér vart hliðstæðu.

Góðir hlutir ávinnast ekki með herskáum og hatursfullum áróðursbrögðum í öfgafullri baráttu sem bæði er háð á lágu og ógeðfelldu plani. Slíkt gerir lítið annað en kynda undir hatri í samfélaginu. Tilgangurinn helgar ekki alltaf meðalið.



Góðir hlutir ávinnast ekki með herskáum og hatursfullum áróðursbrögðum í öfgafullri baráttu ...

# Mér er mismunað

Kjaramál

Anna Helga Sigfúsdóttir  
leikskólakennari



Ég er beitt misrétti af hálfu meirihluta borgarstjórnar, Besta flokksins og Samfylkingar. Af því að ég er leikskólakennari og félagi í Félagi leikskólakennara ætla borgin að fella niður greiðslur vegna yfirvinnu sem ég hef fengið greidda fyrir að matast með börnunum í leikskólanum og vinna í matartímanum mínum. Samstarfsfólk mitt sem situr á næsta borði fær áfram greitt fyrir að sleppa því að fara í matarhlé og borða með börnunum.

Á morgun, 1. apríl, tekur uppsögn á 2,5 klst. eftirvinnutímum (svokölluðu neyslhléi) gildi hjá félögum í Félagi leikskólakennara. Þessu svokallaða neyslhléi var komið á árið 2007 af borgarstjórn Dags B. Eggertssonar til þess að mæta mikilli starfsmannaeklu í leik-

Með þessum aðgerðum meirihlutans er ég og aðrir félagar í Félagi leikskólakennara í Reykjavík beitt hróplegu misrétti og ójafnræði. Í fyrstu var rökstuðningur meirihlutans fyrir þessari aðgerð sá að Félag leikskólakennara hafi í ágúst 2011 gert mjög góðan kjarasamning og að það hafi alltaf verið skilningur allra sem við samningsborðið sátu að í kjölfar þess góða samnings myndi neyslhléið falla niður.

Nú hefur komið fram í fjölmiðlum og meirihlutinn viðurkennt að það var alls ekki skilningur samningsaðila að fella ætti niður neyslhléið í kjölfar samningsins, heldur þvert á móti stóð til að leiðrétta starfskjör leikskólakennara í samræmi við starfskjör viðmiðunarstétta.

Jafnræðisregluna þekkja borgarfulltrúar meirihlutans mæta vel og hafa oftsinnis flaggað henni í máli sínu, sem dæmi má nefna þegar forgangur barna leikskólustarfsfólks var afnuminn en eitthvað virðast þeir hafa gleymt henni í þetta skiptið en hún styður



Að sjálfsgöðu eigum við að fá greitt fyrir að komast ekki í matarhlé eins og samstarfsfélagar okkar. Þetta er algjört sanngirnismál sem borgin ætti að sjá sóma sinn í að leiðrétta.

skólum borgarinnar. Í þessu felst viðurkenning á því að starfsfólk leikskóla sem matast með börnunum og kemst ekki í matarhlé á milli hálf tólf og hálf tvö fær greidda 10 yfirvinnutíma á mánuði.

Það kynnu sjálfsagt margir að halda það sjálfsagt mál að greiða starfsfólki aukalega fyrir að vinna í matartíma sínum og taka ekki matarhlé en það er nú ekki svo. Einungis Hafnarfjörður og Húsavík fylgdu fordæmi Reykjavíkurborgar í þessu máli og borguðu leikskólustarfsfólki sínu þessa aukatíma.

Fljótlega eftir efnahagshrun var það tekið af í Hafnarfirði en borgarstjórn Reykjavíkur „stóð vörð um neyslhléið“ og gekk svo langt að þegar 24 leikskólar voru sameinaðir í 11 á síðasta ári mátti oft heyra í rökstuðningi meirihlutans að þannig væri hægt að standa vörð um neyslhléið.

Jafnframt héldu borgarfulltrúar meirihlutans því fram að það væri alls ekki í kortunum að leggja neyslhléið niður þó svo að það myndi vissulega spara borginni töluverðar fjárhæðir.

Það kom okkur leikskólakennurum því verulega í opna skjöldu þegar meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar tilkynnti í nóvember síðastliðnum að segja ætti leikskólakennurum og takið eftir, aðeins leikskólakennurum, upp neyslhléinu í þessum samfara launahækkunum nýundirritaðs kjarasamnings. Það sem kemur mest á óvart í þessu máli er að meirihlutinn ætla að fara þá ósanngjörnu og ómerkilegu leið að segja einungis einni fagstétt leikskólustarfsfólks upp þessu svokallaða neyslhléi en ekki öðrum en þetta er allt fólk með misjafna starfsreynslu og menntun en vinnur saman hlið við hlið að sömu störfum.

Ög ekki misskilja mig, ég gleðst sannarlega með öðru leikskólustarfsfólki sem fær áfram greitt neyslhléið og enginn okkar sem vinnur í leikskólum borgarinnar er of vel að launum okkar kominn.

algjörlega mál mitt. Jafnræðisregluna er að finna í 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, og hljómar svo:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis- uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Markmið reglunnar er að koma í veg fyrir mismunum á grundvelli þeirra atriða sem koma fram í 1. mgr. og annarra atriða sem gætu talist ómál-efnaleg.

Hér er orðið ómál-efnaleg lykilorðið því þessi mismunur sem ég og aðrir félagar í Félagi leikskólakennara verðum fyrir er með algjörlega ómál-efnalegum rökstuðningi.

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar vill meina að vegna þess að Félag leikskólakennara hafi gert svo góðan kjarasamning í ágúst 2011 sé frekar hægt að lækka laun mín en Gunnu sem er félagi í Þroskaþjálfafélaginu og starfar við hliðina á mér við sömu störf í matartímanum. Þetta er vissulega launalækkun og fyrir mér er þetta svipað og að segja að Gunna sem er í hjónabandi þoli að fá lægri laun en Bára sem er einhleyp.

Klárlega náðust viðunandi kjarasamningar í ágúst á síðasta ári, en ennþá erum við leikskólakennarar með lægst launuðu háskólastéttum landsins og lægst launada kennarastétt landsins. Að sjálfsgöðu eigum við að fá greitt fyrir að komast ekki í matarhlé líkt og samstarfsfélagar okkar. Þetta er algjört sanngirnismál sem borgin ætti að sjá sóma sinn í að leiðrétta.

Ég vil að lokum minna borgaryfirvöld á að einungis 33% starfsfólks hjá leikskólum Reykjavíkur eru menntaðir leikskólakennarar, með því lægsta sem þekkist hér á landi og þörf er á átaki til þess að efla leikskólann og það starfsumhverfi sem borgin býður starfsfólki sínu.

Nánar á [urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

# VORFERÐ TIL PRAG

## 16-20 maí 2012

Tónleikar með Andreu Gylfa og tékkneskum tónlistarmönnum!

Ferð í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til Prag. Ötrúlega margt innifalið!

**FRÁ: 99.800 kr\***

á mann í tvíbyli með morgunverði á Orea Hotel Pyramida. \*\*\*\*

Önnur hótél:

- Hotel Coronthia \*\*\*\***  
Verð á mann í tvíbyli með morgunverði kr. 105.900.-
- Hotel Ramada \*\*\*\***  
Verð á mann í tvíbyli með morgunverði kr. 106.900.-
- Hotel Crystal Palace \*\*\*\***  
Verð á mann í tvíbyli með morgunverði kr. 112.800.-

\*Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, göngu- og skoðunarferð um borgina, kokteilboð, tónleikar og íslensk fararstjórn.

ÚRVAL-ÚTSÝN

Lágmúli 4 108 Rvk | S. 585 4000 | [info@uu.is](mailto:info@uu.is) | [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

# Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!  
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!

Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel  
Laugardaginn 31. mars frá kl. 11:00 til kl. 19:00  
Sunnudaginn 1. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00  
Mánudaginn 2. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd,  
gullmynt, Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



## FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,  
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



Kaupum alla demanta



**Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel**



Upplýsingar og tímapantanir  
Sverrir s. 661-7000



# Draumurinn um raforkusölu til Evrópu

## Orkumál

Porbergur Steinn Leifsson  
verkfæringur



Hinn ágæti jarðvegsfræðingur, Ólafur Arnalds, skrifar grein í Fréttablaðið 2. mars, þar sem hann finnur hugmyndinni um sölu á raforku til Evrópu flest til for-áttu. Því miður eru slæmar villur, jafnvel öfugmæli í flestum tölu-liðum í greininni. Það er reyndar ekki skrítið þó leikmönnum skriki fótur því umræðan um orkumál er almennt mjög ómarkviss og lítt upplýsandi og engar tæknilegar forsendur liggja fyrir um þetta tiltekna mál. Eg ætla því að nýta tækifærið til að leiðrétta misskilning sem er í gangi um þessi mál með beinni tilvísun í tölu-liði Ólafs.

- Með orkusölu um sæstreng verður Ísland eins og Nýlenda.** Nei, með sæstreng er flutt út fullunnin vara á margföldu kostnaðarverði af okkur og á okkar forsendum. Nær væri að kalla álverin nýlenduherra því þau borga einungis kostnaðarverð fyrir raforkuna, langt undir markaðsverði í Evrópu.
- Raforkuverð til almenninga mun margfaldast.** Þetta er rétt, en íslenskur almenningur mun í framtíðinni aðeins nota um 5% heildaraforkunnar (1/20). Almenningur fær því hverja krónu sem hann greiðir aukalega vegna herra verðs allt að 20 falda til baka, þ.e.a.s. ef orkuauðlindirnar verða í almenningseign, öfugt við t.d.

sjávarauðlindina í dag. Það yrði stórkostlegur lífskjaraþati að fá að borga t.d. hálf milljón aukalega fyrir orkuna en fá þá jafnframt 5 til 10 milljónir til baka frá „nýlenduherrunum“, t.d. í formi lægri tekju- og virðisaukaskatts.

- Orkutap um sæstrengi er of mikið.** Tap við orkuflutning yfir hafið verður líklega 5 til 10%. Stærsti hluti orkunnar sem fluttur yrði út er hinsvegar umframorka sem annars rynnir framhjá virkjunum hér á landi í flóðum og í góðum vatnsárum. Þar sem raforkumarkaðurinn hér á landi er takmarkaður að stærð og engin tiltæk varaorka er framleiðslugetan miðuð við þurrustu vatnsárin. Í um nýu af hverjum tíu árum er því til umframorka sem hægt er að nýta með því að tengjast raforkukerfum sem reida sig ekki að öllu leyti á jarðgufu eða vatnsafl. Orkutap við flutning um sæstreng er miklu minna en sú umframorka sem vinnst með betri nýtingu kerfisins hér á landi. Þannig myndi t.d. manngerði fossinn mikli í Hafrahvamagljúfri, sem myndast öll haust þegar Hálslón fyllist, nær hverfa og sú „orkusóun“ í staðinn nýttast í að lýsa upp stræti Evrópu. Þessi aukna nýting vatnsins í Hálslóni myndi auk þess hjálpa mjög til við að gera Jökulsá á Dal að einni stærstu og bestu laxveiðiá landsins.
- Orka til útflutnings um streng er ekki til.** Það er miklu meiri vatnsorka til en gert er ráð fyrir í t.d. Rammaáætlun. Fjölmargar endurbætur og viðbætur við

núverandi kerfi eru ekki inni í neinum áætlunum, auk fjölda umhverfisvænna virkjanakosta sem enn hafa ekki verið skoðaðir, en verða hagkvæmir við herra orkuverð. Þá mun sveigjanleiki útflutningsins valda því að núverandi kerfi getur framleitt mun meiri orku en það gerir nú inn á lokað takmarkað kerfi. Ef þetta dugar ekki, þá getum við eftir um 20 ár byrjað að loka einhverjum álverunum, þ.e.a.s. ef þau geta þá ekki geta borgað

nætur, þegar jafnvel væri hagstætt að flytja inn rafmagn til Íslands. Nefna má að í mörgum árum flytja Norðmenn inn meiri raforku en þeir flytja út, en verðmunurinn er margfaldur. Í Evrópu er raforka að mestu framleidd með kjarnorku, kola og olústöðum, auk vindmylla. Engin þessara orkuvera geta aukið eða minnkað framleiðslu sína eftir þörfum markaðarins. Því er sveiflum, t.d. milli dags og nætur, mætt með því að

nýta enn meira af því vatni sem nú rennur framhjá. Strengur með flutningsgetu upp á 500 til 1.000 MW hefur því líklegast óveruleg áhrif á mögulega framleiðslu til annarra nota, verði afl núverandi virkjana jafnframt aukið. Í Noregi er að jafnaði flutt út minna en 10% af þeirri orku sem hægt væri að flytja um strengina þaðan.

Ólafur nefnir réttilega að íslenska vatnsorkan sé ekki stór hluti raforkuþarfar Evrópu, en allir hlutir samanstanda af mörgum smáum. Allir jarðarbúar verða að leggja sitt lóð á vogarskálarnar, sérstaklega þegar það er þeim líka hagstætt efnahagslega, og bætir nýtingu takmarkaðra endurnýjanlegra orkulinda heimsins.

Auðvitað kunna að vera annmarkar á útflutningi um sæstreng, tæknilega, stofnkostnaður mikill, rekstur ótryggur og orkuverð óvissu háð. Það eru hins vegar líklega svo miklir hagsmunir fólgnir í þessum möguleikum fyrir almenning að rétt og skylt er að kanna þetta mjög vel. Þegar niðurstaða liggur fyrir tökum við ákvörðun út frá réttum forsendum. Það sem gerir þetta fyrst og fremst áhugavert er hið sérstaka eðli íslenska raforkukerfisins sem myndi hafa mikil jákvæð samlegðaráhrif, yrði það tengt við hið gjörólíka kerfi Evrópu. Þetta virðist Ólafur, eins og svo margir aðrir, því miður ekki hafa áttað sig á, enda liggja nær engar upplýsingar um þetta fyrir. Það er allt í lagi að láta sig dreyma stóra drauma um framtíðina, þó allir draumar rætist ekki, annars værum við sennilega enn á steinöld.

Auðvitað kunna að vera annmarkar á útflutningi um sæstreng, tæknilega, stofnkostnaður mikill, rekstur ótryggur og orkuverð óvissu háð. Það eru hins vegar líklega svo miklir hagsmunir fólgnir í þessum möguleikum...

byggja dæluvirkjanir (e. pumped storage) sem framleiða rafmagn á daginn en nota rafmagn til að dæla vatni upp í lón á nóttunni. Þarna er tapid á m.k. 20%, þ.e.a.s. virkjanirnar skila 20% minni raforku en þær nota.

- Íslensku vatnsaflsvirkjanirnar gætu hugsanlega komið í stað þessara „orkueyðingarstöðva“ í Evrópu.** Eingöngu þarf þá að auka uppsett afl í núverandi virkjunum hér, en það er í flestum tilfellum mun ódýrara á hverja afleiðingu (MW) en að byggja dælustöðvar í Evrópu. Aukið uppsett afl, sem hefur hverfandi umhverfisáhrif, myndi auk þess stórauka umframorkuna með því að gera kleift að

byggja dæluvirkjanir (e. pumped storage) sem framleiða rafmagn á daginn en nota rafmagn til að dæla vatni upp í lón á nóttunni. Þarna er tapid á m.k. 20%, þ.e.a.s. virkjanirnar skila 20% minni raforku en þær nota.

## Þjóðarskútan Kúttar Sigurfari í kröppum sjó

### Mening

Árni Múli Jónasson  
bæjarstjóri á Akranesi



Á Akranesi er varðveitt eina skipið úr þilskipastóli Íslendinga frá fyrri tíð. Þetta er Kúttar Sigurfari, en þessi gamla skúta og háu möstrin hennar, sem ber við himin á Safnasvæðinu á Akranesi, er fyrir löngu orðin eitt helsta tákn bæjarins. Hin 127 ára saga kúttersins er merkileg og viðburðarík og víða bar hann hrausta og sæbarða skútukarla með salt og hrim í skeggi og björg að landi, uns hann loks lagðist varanlega í höfn þegar hann var fluttur á Safnasvæðið á Akranesi árið 1975. Og þar er sá gamli enn, almenningi til skoðunar og skemmtunar og menntunar; einstakur og ómetanlegur þáttur í varðveislu og miðlun fróðleiks um atvinnusögu og menningu íslenskrar þjóðar.

Þegar líða tók að 120. ári kúttersins fór að bera á umtalsverðum skemmdum á skipinu, enda hafði það þá lengi staðið óvarið gegn óblíðu íslensku veðri og engin efni eða olíur virtust ná að verja það frosti og snjó, vatni og vindum. Gerðar hafa verið sérstakar skoðanir á ástandi skipsins og allar segja þær sömu sögu. Að óbreyttu, og raunar mjög fljótlega, verður kúttarinn orðinn ónýtur, eða a.m.k. svo illa farinn að hættu getur skapast af honum fyrir börn og fullorðna og því er óhjákvæmlegt að fjarlægja skipið af Safnasvæðinu á næstu misserum ef ekkert verður að gert.

Þann 16. janúar 2007 var undirritaður samningur menntamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar um endurgerð Kúttars Sigurfara og var með þeim samningi að því stefnt að koma skipinu í sjófært ástand. Höfst þá frekari undirbúningur þessa verkefnis, en þó var ljóst að þessi fjárhæð myndi

hvergi nærri duga til að klára það og því þurfti að tryggja frekari fjárframlög. Nánari skoðun á skipinu leiddi svo í ljós að ástandi þess hafði hrakað hraðar en áður hafði verið talið; skemmdir á því voru mun meiri og kostnaður við endurgerð því talsvert meiri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Áföll í efnahag þjóðarinnar síðustu ár hafa svo endanlega kollvarpað fyrri hugmyndum um uppbyggingu og endurgerð Kúttars Sigurfara í þeirri mynd sem lagt var upp með. Forsendur fyrir fjárhagslegri aðkomu annarra aðila, sjóða og fyrirtækja hafa enn fremur mikið veikt eða brostið. Enn hefur ekki náðst niðurstaða

því loknu endurbætur og viðgerðir á því. Hugað yrði að öðrum verkefnum samhliða þessu og má nefna sem möguleika í því sambandi sýningu og fræðslu eða nokkurs konar safn um sögu Kúttars Sigurfara og skútuöldina. Það er þó ljóst að ekki verður hafist handa við þetta verkefni án aðkomu og þátttöku ríkisins. Verkefnið er einfaldlega stærra en svo að eigendur skipsins ráði við það einir.

Tími til að taka ákvarðanir um framtíð Kúttars Sigurfara er knappur því að hann er að grotna hratt niður. Valið stendur á milli þess að hefja, helst strax á þessu ári, framkvæmdir sem miða að því að koma skipinu í skjól eða að taka

Tími til að taka ákvarðanir um framtíð Kúttars Sigurfara er knappur því að hann er að grotna hratt niður. Valið stendur á milli þess að hefja, helst strax á þessu ári, framkvæmdir sem miða að því að koma skipinu í skjól eða að taka ákvörðun um að hluta skipið niður...

um hvert framhaldið á að verða og á meðan versnar ástand kúttersins.

Starfshópur, sem skipaður var af eigendum kúttersins (Akraneskaupstaður 90% og Hvalfjarðarsveit 10%) í febrúar árið 2010 og í sátu einstaklingar sem hafa sérþekkingu á þessu sviði, komst að þeirri niðurstöðu að bráðnaðsýnlegt og brýnt væri að koma skipinu í skjól til að verja það frekari skemmdum. Hópurinn leggur til að byggt verði yfir kúttarinn en að því loknu megi taka langan tíma að vinna að endurbótum hans. Slík endursmiði yrði í raun mjög áhugaverð og fróðleg og aðdráttar-afl í sjálfu sér fyrir almenning og ferðafólk að fylgjast með og jafnvel taka þátt í.

Þær tillögur sem nú er unnið eftir miða þess vegna að því að koma skipinu í skjól og hefja að

ákvörðun um að hluta skipið niður og fjarlægja af Safnasvæðinu og/ eða líta svo á að skipið sé ónýtt og farga því. Hér þarf að vinna hratt og því er mikilvægt að allir sem að málinu koma séu meðvitaðir um stöðu þess og þá ekki síst íbúar á Akranesi, sem mega ekki til þess hugsa að Kúttar Sigurfari hverfi af sjónarsviðinu.

Eg vil því að lokum skora á mennta- og menningarmálaráðuneytið og alla þá sem áhuga hafa á varðveislu og miðlun íslenskrar atvinnu- og menningarsögu, viðhaldi gamalla tréskipa og gamals verklags við smíði þeirra og skilja mikilvægi alls þessa fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar að koma nú skjótt og rösklega að því með eigendum Kúttars Sigurfara að forða því menningarslysi að hann ónýttist í höndunum á okkur.

## Að fjalla um tónlist

### Mening

Guðmundur Steinn Gunnarsson  
tónskáld



Ég hef heyrt fólk sem er eldra þegar a.m.k. fjórir menn voru öruggir fastagestir á alla tónleika í klassíska geiranum. Þeir voru gagnrýnendur fyrir blöðin fjögur. Fólk í ýmsum menningargeirum talar um það hvernig það var mun meiri umræða um menningu og listir í aðalfjölmíðlunum áður fyrr. Sjálfan rámar mig í fylgirit með blöðum sem fjölluðu af því-líkri dýpt um menningarmál að ég þurfti sem unglingur að klífa langt upp í hillu að ná í orðabók til þess að skilja hvað var sagt.

Nú er öldin önnur og menningarumfjöllun er eins og fjöggra blaða smárar innan um fréttir af nýjasta kynlífsmyndbandinu sem fannst með hinum og þessum nafntoguðu einstaklingum. Það er samt ekki laust við að smáarnir séu heldur fólleitt núorðið. Mega þeir muna ffil sinn fegri eða er það bara ímyndun einhvers sem er ekki nógu gamall til að muna?

Þá sjaldan að eitt af þeim síðustu stráum sem eftir standa af tónlistarrýni birtast á síðum blaðanna eða heyrast í útvarpi veltir maður því fyrir sér hvort það væri ekki alveg eins gott að sleppa þeim, hvort þeir geri nokkuð fyrir menninguna yfir höfuð?

Ítalska tónskáldið Luciano Berio lét eitt sinn hafa eftir sér að það sem hann vildi helst að Ítalir flyttu út væri tónlistargagnrýni. Sú staða sem hann tók eftir að gagnrýnendur víða lentu í virtist vera svo óbærileg að hún hlyti að leiða af sér mannvösku. Það er eitthvað óeðlilegt við að eina sem felst í starfslýsingu einhvers sé að segja hvað honum finnst um samtímalistamenn. Því að til að kritik sé einhvers virði þarf hún að spretta upp úr virðingu fyrir viðfangsefnum.

Ef ég missi af tónleikum er gaman að heyra frá öðrum hvað

þar fór fram, finna einhvern þef af því. Auðvitað er ekki slæmt ef góður penni getur komið slíkri upplifun vel í orð sem gerist á tónleikum. Það sem gagnrýnandinn bætir ofan á er „sérþekking“. Hann reynir að búa til eitthvað sem sumir myndu kalla „kennigaramma“ og nefna einhver nöfn eða gefa sér tæknilegar forsendur fyrir því sem viðkomandi er að segja. Þetta er allt gott og blessað nema þegar þessi sérþekking er bara hreinlega ekki fyrir hendi og gagnrýnandi hendir fram fullyrðingum um eitthvað sem er utan sérþekkingar viðkomandi,

Það er eitthvað óeðlilegt við að það eina sem felst í starfslýsingu einhvers sé að segja hvað honum finnst um samtímalistamenn.

viðurkennir ekki fáfræði sína á ákveðnu sviði og hreinlega bara lýgur tilviljanakennt. En stundum er ekkert eftir nema „mér finnst“ og „mér fannst“ en af hverju þarf sérstaka stétt manna til að sjá um það að finnast eitthvað? Eru ekki allir jafn góðir í því?

Það að lýsa tónlist getur verið eins og að lýsa litum fyrir blindum manni. Þegar samtímatónlist er annars vegar er það jafnvel erfiðara. Þó ég lifi og dvelji í samtímatónlist eru strauar og stefnur svo óteljandi að það er ómögulegt að nokkur maður geti haft þá yfirburða þekkingu á allri samtímatónlist að hann geti sest í einhvers konar dómarsæti.

Það er ekki bara að tónlistargagnrýnendur á Íslandi þekki lítið af tónlist eftir 19. öldina heldur er sú hugmynd sem þeir hafa um sjálfa sig ennþá á 19. öldinni. Eins og allir sitja við sama borð og einn fagmaður geti lýst leiknum og leikið einhvers konar dómara. Sú hugmynd er orðin ósköp þreytt og eftir því þreytandi.



„Afburða hönnun“



product  
design  
award

2011

**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá AEG búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú 30% stærra en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



3 LÍNAN

**Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni**

8 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið. Íslensk notendahandbók.



5 LÍNAN

**Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni**

9 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hraðhitun • barnalæsing á stillingum • rafeindaklukka • sökkhnappar • þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.

**Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi.** Íslensk notendahandbók.



7 LÍNAN

**Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum**

12 aðgerðir • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjúr • fjórfalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.

**Einnig fáanlegur með sjálfhreinsikerfi og sem gufuofn.** Íslensk notendahandbók.



9 LÍNAN

**Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi**

18 aðgerðir - Multifunction • blástur með elementi • blástur með undirhita (pizza stilling) • undir og yfirhiti • undirhiti • affrysting • grill einfalt • grill tvöfalt • grill og blástur • hæg eldun (slow cook) • frosin matvæli • halda heitu • spareldun (ECO Roasting) • hefun • brauðbakstur • gratenering • þurrkun (ávextir/grænmeti) • diskahitun • niðursuða • barnalæsing á stillingum • stafrænn upplýsingaskjúr • fjórfalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið.

**Einnig fáanlegur sem gufuofn.** Íslensk notendahandbók.

## AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

## FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

## AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.



VERSLANIR OG  
UMBOÐSMENN  
UM LAND ALLT

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800  
www.ormsson.is

# Þetta er bara spurning um vilja

Stífar æfingar fyrir Ólympíuleika komu ekki í veg fyrir að **Ásdís Hjálmsdóttir** útskrifaðist með hæstu einkunn sem gefin hefur verið úr lyfjafræði og uppskar 10 fyrir meistaraverkefni sitt. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** komst að því að spjótkastarinn á sér fleiri háleita drauma, svo sem þann að þróa lyf sem gæti bjargað fjölda kvenna í þróunarlöndum frá því að látast af barnsförum.

**H**ún mætir til fundar við blaðamann beint úr tíma í Háskóla Íslands, þar sem hún kennir verklega lífeðlisfræði og kúrsinn „Íþróttir og lyf“ í lyfjafræðideild. Hann fjallar um áhrif lyfja sem eru á bannlista. Þar sameinast einmitt tvö af áhugamálum Ásdísar, íþróttir og áhrif lyfja á líkamann. „Ég fór ekki í lyfjafræði til þess að ná mér í einhverja háskólagráðu. Ég hef ofboðslega mikinn áhuga á lífeðlisfræði og öllu því sem á sér stað í líkamanum. Ég var alveg búin að ákveða að fara í lyfjafræði áður en ég fór í menntaskóla,“ segir Ásdís og klykkir út með setningu sem margir vildu geta sagt sjálfir. „Ég hef aldrei upplifað þetta „oh, ég veit ekkert hvað ég á að gera í lífinu“ sem svo margir þekkjá.“

## Allir geta það sem þeir vilja

Ásdís útskrifaðist nú í febrúar með meistaragráðu í lyfjafræði frá Háskóla Íslands, fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið og 10 fyrir lokaritgerðina sína. Samt var hún ekki með námið í fyrsta sæti, heldur lét æfingarnar alltaf hafa forgang. „Metnaður í námi og metnaður í íþróttum fara oft saman. Ég held að það sé keppnis-skapið sem stjórnar því. Reyndar hef ég séð nokkuð mörg frávík frá þessari reglu, til dæmis á meðal fótboltastráka, en það er önnur saga,“ segir Ásdís og glóttir. „Þetta er allt spurning um tíma-stjórnun og vinnu. Maður getur gert allt sem maður vill. Það er bara spurning um að vilja það nógu mikið. Ég hef alltaf haft metnað fyrir því að gera vel í skólanum.“

## Lengi stefnt á Ólympíuleika

Frá barnsaldri hefur Ásdís vitað vel hvað hún vill og hvert hún stefnir. Hún var ekki nema þrettán ára þegar hún setti sér það markmið að fara á Ólympíuleikana. „Þá var ég að kasta kringlu og var ekki að kasta nema um 30 metra, sem er langt frá Ólympíulágmarkinu, sem er um 60 metrar. Ég efaðist samt ekki í eitt sekúndubrot um að ég ætti eftir að fara á Ólympíuleika. Ég var ekkert undrabarn í íþróttum, þetta var hörkuvinna og ég fékk ekki á Ólympíuleika fyrr en 10 árum seinna, í Peking árið 2008.“

Þótt hún hafi ekki efast um það sjálf að hún kæmist á Ólympíuleikana segir hún aðra stundum hafa reynt að draga úr sér. „Auðvitað hef ég kynnst fólki í gegnum tíðina sem hefur efast um mig. En það skiptir engu máli hvað fólk heldur. Það eina sem skiptir máli er hverju þú trúir sjálfur. Ef maður tekur gagnrýni inn á sig fer maður að efast og ef maður trúir ekki á sig sjálfur getur maður ekkert. „Hvort sem þú heldur að þú getir það eða að þú getir það ekki, þá hefur þú rétt fyrir þér“ er frábært orðatiltæki.“

## Glimukóngurinn Hjálmur

Einn af helstu stuðningsmönnum Ásdísar frá barnsaldri var faðir hennar, Hjálmur Sigurðsson, glímumaður með meiru. „Pabbi minn var glímukóngur árið 1974, en hann var sérstaklega þekktur fyrir það í glímuheiminum hvað hann glímdi fallega. Hann fékk oft fegurðarverðlaun fyrir það,“ segir Ásdís.

Hjálmur hafði óþrjótandi áhuga á íþróttum og studdi þétt við bakki á Ásdís strax þegar hún byrjaði að æfa íþróttir á barnsaldri. „Hann var aðdáandi minn númer 1,2 og 3. Þegar ég var lítill fór pabbi oft með mér út á kastvöll og fylgdist með mér æfa mig.“

Hún er með það á hreinu að



VEIT HVAD HÚN VILL Ásdís var 13 ára þegar hún setti sér það markmið að fara á Ólympíuleikana. Það varð að veruleika tíu árum seinna. Hún tekur þátt í Ólympíuleikumum í annað sinn í sumar og stefnir hærra. Í dag er hún í níttjándra sæti á lista bestu spjótkastara heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stuðningurinn hafi skipt sköpum fyrir hana á leið hennar til afreka. „Pabbi á stóran þátt í þessu, því hann gaf mér tækifæri. Hann ýtti mér aldrei áfram en gerði allt sem hann gat til að gera æfingarnar sem auðveldastar fyrir mig. Þannig hjálpaði hann mér að verða góður íþróttamaður.“

vera farinn. En ég vil alls ekki að hann gleymist. Margir eru tví-stígandi í kringum mig í sambandi við að ræða um hann, en ég vil ekki að þetta verði tabú í kringum mig. Ég vil að börnin mín, sem ég vonandi eignast í framtíðinni, viti allt um hann afa sinn. Pabbi var þunglyndur, átti ofboðslega erfitt,

ég var komin. Það hefði allt verið til einskis. Hann hefði viljað að ég héldi áfram. Sem er auðvitað alveg rétt, því ég er bara rétt að byrja.“

## Uppreinsarseggur í laumi

Fyrir um ári síðan bættist góður lífsstyrkur við stuðningsmannahóp Ásdísar, þegar nuddarinn,

í tungunni. Og það er ekki möguleiki að ég muni nokkurn tímann láta einhvern stinga nál í gegnum tunguna á mér aftur. Það er alveg á kristaltæru!“

## Vill vinna gegn mæðradauða

Ásdís sér fyrir sér að hún eigi að minnsta kosti tíu góð ár eftir í spjótkastinu og ætlar ekki að láta Ólympíuleikana í sumar verða sína síðustu. Í þessum skrifuðu orðum er hún í 19. sæti á lista yfir bestu spjótkastara heims og hún ætlar sér að klifra áfram. Þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að hún ætli að láta sér nægja að stunda æfingar, heldur ætlar hún að „dúlla sér“ í doktorsnámi, sem hún hyggst hefja strax næsta haust. Hana langar að halda áfram með efni meistaraverkefnis síns. „Ég hef verið að gera tilraunir á rottum við þróun á lyfi sem hefur áhrif á samdrátt í legi. Þetta tengist beint blæðingum úr legi eftir fæðingu, sem er algengasta dánarorsök kvenna eftir fæðingu,“ útskýrir Ásdís af ákafa og augljóst að efnið er henni hjartans mál. „Yfirleitt þegar talað er um að kona deyi af barnsförum er það þetta sem gerist, henni beinlínis blæðir út. Hugmyndin er að þróa lyfjaform sem væri hagkvæmt að nota í þróunarlöndunum, þar sem mæðradauði er enn talsvert algengur. Þetta yrði líklegast nefuði sem ekki þarf að geyma í kæli og hver sem er getur gefið,“ segir Ásdís og lýsir því að hingað til hafi einungis þjálfað heilbrigðisstarfsfólk getað gefið sambærilegt lyf í sprautuformi og það þurfi að geyma í kæli, sem sé sjaldnast fyrir hendi í þróunarlöndunum. „Það yrði að sjálfsögðu algjör draumur ef þetta gengur allt upp og lyfjaformið kæmist í notkun. Ég gæti þá að minnsta kosti verið sátt við að vita að ég hafi lagt eitthvað af mörkum við að gera heiminn að pinulítið betri stað.“



Við pabbi vorum mjög nánin, en veikindi hans voru ekki alltaf uppi á borðinu. Ég vissi ekki af þeim fyrr en á unglingsárum. Þegar við bjuggum saman reyndi ég að gera það sem ég gat til að hjálpa honum, en hann vildi ekki hjálp.

## Mesta áfall lífsins

Hjálmur fyrirfór sér 2. mars árið 2006, eftir áralanga baráttu við þunglyndi. Fráfall hans varð Ásdísi gríðarlegt áfall, enda voru þau feðgin nánin. „Mamma og pabbi skildu árið 2001, þegar ég var að byrja í menntaskóla. Þá flutti ég með pabba,“ útskýrir hún. Hún var sextán ára á þessum tíma, en eldri systkini hennar þrjú voru öll komin á fullorðinsár og höfðu hafið sitt eigið líf fjarri foreldrahúsum. Árið 2004 fékk Hjálmur starf sem tómsunda- og æskulýðsfulltrúi á Skagaströnd og fluttist þangað, en fram að því bjuggu þau feðgin tvö saman. „Við pabbi vorum mjög nánin, en veikindi hans voru ekki alltaf uppi á borðinu. Ég vissi ekki af þeim fyrr en á unglingsárum. Þegar við bjuggum saman reyndi ég að gera það sem ég gat til að hjálpa honum, en hann vildi ekki hjálp,“ segir Ásdís. Henni þykir mikilvægt að tala um pabba sinn og veikindi hans. „Ég vil tala sem mest um hann. Mér finnst ofboðslega leiðinlegt að vera búin að missa pabba minn, að hann skuli

en vildi ekki leita sér hjálpar. Mig langar að sýna öðrum að það er þess virði að gera það, því að hlutirnir geta farið svona.“

## Þrjú erfið ár

Árið 2006 var því Ásdísi gríðarlega erfiður tími. „Þetta ár fór algjörlega í vaskinn hjá mér. Ég átti mjög erfitt. Ég hafði líka meiðst árið 2005, fékk álagsbrot í ökklaun, sem lækna sögðu mér að væri ekki víst að myndi nokkurn tímann gróa. Ég stóð því frammi fyrir því að ferli mínum gæti verið lokið. Ég var að jafna mig á þessu þegar pabbi dó. Árið 2007 þurfti ég svo að fara í stóra aðgerð á olnboga, þannig að þessi ár, 2005, 6 og 7 voru virkilega erfið. En svo náði ég mér á strik árið 2008, náði lágmarkinu á Ólympíuleikana en svo tóku olnbogameiðslin sig upp aftur skömmu fyrir leika. Á þeim tímapunkti hefði ég getað sest niður og gefist upp. Mig langaði dálítið til þess. En það sem ég notaði til að hvetja mig áfram var allt það sem pabbi hafði gert til að auðvelda mér að komast þangað sem

íþróttifræðingurinn og einkahljálparinn Víðir Þór kom inn í líf hennar. Þau eiga vel saman, lifa og hrærast bæði tvö í heimi íþróttanna. Hvorugt reykja þau heldur né drekka. Þá reglu brýtur Ásdís bara í september, sem er eini mánuður ársins sem Ásdís smakkar hugsanlega áfengi. „Í þeim mánuði er ég hvorki að æfa né keppa svo ég leyfi mér aðeins að lifa eðlilegu lífi,“ útskýrir hún. „Annars á þessi áfengislaus lífsstíll svo vel við íþróttirnar. Það er bara þannig.“

Í henni blundar sennilega samt lítið uppreinsarseggur, því á meðan hún talar glíttir í gulan pinna inni í munnum á Ásdísi. Þega líður á samtalið stenst blaðamaður ekki mátið að spyrja. Ertu með gat í tungunni? „Já, ég var í 10. bekk þegar þessi kom. Ég er reyndar líka með þrjú tattú og gat í naflanum,“ uppljóstrar hún. „Ég hef oft verið spurð af hverju ég tek hann ekki úr mér. Það er eiginlega bara vegna þess að kannski, mögulega, mun mig einhvern tímann aftur langa til að hafa pinna

SPÁNN



## FERÐA LEIKUR

Skráðu þig í Netklúbb Express ferða og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Costa Brava!

Flug og gisting í viku.  
Dregið 15. júní.

# COSTA BRAVA

## AUKAFLUG! FÖSTUDAGINN 1. JÚNÍ!

BROTTFÖR 4. JÚNÍ - UPPSELT  
BROTTFÖR 8. JÚNÍ - ÖRFÁ SÆTI LAUS

Costa Brava hefur hlotið stórkostlegar móttökur og greinilegt að þessi fjölskylduvæna sólarparadís fellur vel í kramið hjá íslenskum ferðalöngum. Uppselt er í fyrstu ferðina 4. júní og örfá sæti laus í ferðina 8. júní. Við hjá Express ferðum höfum því brugðið á það ráð að bæta við aukaflogi þann 1. júní.

BÓKAÐU  
NÚNA!  
TAKMARKAÐ  
SÆTAFRAMBOÐ



★★★★  
Costa Encantada  
Aparthotel

Verð á mann í 7 daga, frá

**84.700 kr.**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2 - 11 ára í fjölskylduherbergi í viku.  
Flögið út 8. júní.



Borgarferð

## Með Helga Björns í menningarborginni Berlín


Helgi Björns ætlar að leiða farþega um áður óþekktar slóðir hinnar frábæru Berlínar sem margir kalla „New York Evrópu“ - enda sefur hún aldrei. Helgi gjörþekkir Berlín og veit hvar áhugaverða klúbba, dansstaði, leikhús, óperur og fjöllistasýningar er að finna.

Verð á mann í tvíbýli frá

**94.900 kr.**

27.-30. apríl 2012

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í þrjár nætur með morgunverði á 4\* hóteli og fararstjórn Helga Björnssonar.



Sérferð

## Töfrar Garda-vatnsins Fararstjóri: Margrét Laxness

Fáir staðir í Evrópu njóta jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Möguleikar á afþreyingu eru óteljandi; siglingar, alls kyns spennandi vatnasport, styttri og lengri skoðunarferðir, svo fátt eitt sé nefnt.

Verð á mann í tvíbýli frá

**199.900 kr.**

16.-23. júní 2012

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu 3\* hóteli með morgunverði og þríréttaðum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



Sérferð

## Rihanna í London

Express ferðir ætla á tónleika með hinni geysivinsælu Rihönnu sunnudaginn 8. júlí í samstarfi við 2 do in London. Tónleikarnir eru hluti af Wireless tónlistarháttíðinni sem er ein af þeim vinsælustu í Evrópu. Tónleikarnir verða í Hyde Park sem er í hjarta London.

Netverð á mann í tvíbýli frá

**99.900 kr.**

7.-9. júlí 2012

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á hóteli í 2 nætur með morgunverði og miði á tónleikana.

Allar nánari upplýsingar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

Express ferðir



Sveigjanlegir greiðslumöguleikar

Ármúli 7, 108 Reykjavík | [expressferdir.is](http://expressferdir.is) | sími: 5 900 100

# Kirkjan fær brátt nýjan leiðtoga

**Tveir prestar** urðu efstir í fyrri umferð biskupskosninga; kona og karl. Þau sammælast um að mörgu verði að breyta innan kirkjunnar þó afstaða þeirra til aðferðanna sé um margt ólík. Biskupsefnið svöruðu spurningum *Sunnun Valgerðardóttur* um fyrstu verkefni sín sem biskup, viðbrögð kirkjunnar í máli Ólafs Skúlasonar, hjónabönd samkynhneigðra, kosningar og bókstafstrú.

## SPURNINGAR FRÉTTABLAÐSINS TIL BISKUPSEFNA

1. Hvert verður þitt fyrsta verk til breytinga verður þú kjörinn biskup?
2. Hvernig hefði kirkjan átt að bregðast við í máli kvennanna sem ásökuðu Ólaf Skúlason biskup um kynferðisbrot árið 1996?
3. Hefur þú og/eða myndir þú gefa saman samkynhneigð pör? Vinsamlegast rökstyddu svar þitt.
4. Telur þú að allir félagar í þjóðkirkjunni eigi að hafa kosningarétt í biskupskosningum?
5. Finnst þér afstaða kirkjunnar til mála hafa byggst um of á bókstafstrú?

### ■ AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR



Agnes M. Sigurðardóttir er fædd árið 1954 og býr í Bolungarvík. Agnes á þrjú uppkomin börn og býr einsömul. Agnes starfar nú sem prófastur á Vestfjörðum og sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli.

**1981:** Cand. theol. frá guðfræðideild Háskóla Íslands. Vígðist sem æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar.  
**1986 - 1994:** Sóknarprestur í Hvanneyrarprestakalli.  
**1994 - 2012:** Sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli.  
**1997:** Nám í prédikunarfræði í Uppsala í Svíþjóð.  
**2006 - 2007:** Skrifaði meistararitgerð um félagsmótun prestsbarna.  
**1999 - 2012:** Prófastur á Vestfjörðum.

[www.prestar.is](http://www.prestar.is)

### Mun fyrst kynna sér málin og fá yfirsýn

1. Ef ég verð kjörin biskup mun ég fyrst og fremst vinna að því að kynna mér málin og fá yfirsýn. Það þarf ugglauast að breyta ýmsu í stjórn og starfsháttum kirkjunnar en biskupinn er engan veginn sá aðili sem hefur eitthvert allsherjarvald. Önnur kirkjuleg stjórnvöld eru kirkjuþing og kirkjuráð, auk prestastefnu og biskupafundar. Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum kirkjunnar og engar breytingar geta orðið nema kirkjuþing samþykki þær. Frá árinu 1998 eða í nær 15 ár hefur þjóðkirkjan verið sjálfstæð stofnun með frelsi í bæði ytri og innri málum sínum innan lögmæltra marka. Það þarf að meta þá reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi og út frá því byggja endurskoðað skipulag.

### Engir verkferlar voru til þegar biskupsmálið kom upp fyrir 16 árum

2. Umrætt mál hefur verið mörgum afar erfitt, ekki síst konunum sem brotið var á. Aðalatriðið er að nú er hægt að takast á við mál strax og þau koma upp, hvar svo sem meintur gerandi er staddur í valdastiganum. Það er í sjálfu sér auðvelt nú 16 árum eftir atburði að segja eitthvað í viðtengingarhætti um hvernig hefði átt að bregðast við og það vil ég síður gera. Þegar þessi mál komu upp á sínum tíma voru engir þeir verkferlar til sem hægt var að vinna eftir. Og það gildi ekki aðeins um þjóðkirkjuna heldur aðrar stofnanir þjóðfélagsins líka. Fljótlega hóf þjóðkirkjan mikla vinnu í sambandi við að móta verkferla til þess að vinna út frá ef mál hliðstæð þessu kæmu upp. Og þjóðkirkjan hefur síðan verið framarlega í sambandi við vinnu af þessu tagi miðað við aðrar stofnanir. Í rannsóknarskýrslu Kirkjuþings sem út kom í fyrra er komið inn á hvernig við var brugðist og hvað bar út af.

### Ætti ekki að þvinga presta til verka sem samviskan leyfir ekki

3. Ég hef ekki verið beðin um að gefa saman samkynhneigð pör en ég gerði það, væri ég beðin. Kirkjan náði farsælli niðurstöðu í því máli og var mjög framarlega í því sambandi miðað við kirkjur í nágrannalöndunum. Mér finnst líka mjög mikilvægt að samviskufrelsi presta sé virt og prestar séu ekki þvingaðir til að vinna verk sem samviska þeirra leyfir ekki.

### Afstaða kirkjunnar ekki byggð á bókstafstrú

5. Því fer fjarri. Bókstafstrú hefur engan veginn verið í forgrunni í kirkjustarfi á Íslandi. Kirkjan hvílir á ríkrí og dýrmætri hefð og þegar taka þarf afstöðu til mála sem snerta kenningu hennar, boðun og helgihald þarf að taka ákvörðun sem byggist á rannsókn ritninganna og kirkjulegrar hefðar. Ef með spurningunni er átt við afstöðuna til samkynhneigðar þá var vel og faglega unnið í því máli innan þjóðkirkjunnar í því skyni að ná niðurstöðu. Það tókst og skilaði að minni hyggju mjög farsælli niðurstöðu. Hlutverk kirkjunnar er og verður ætíð að boða trú á Jesú Krist. Undan því hlutverki getur hún ekki vikist og sú trú verður að móta alla breytni hennar.

### AGNES FÉKK FLEST ATKVÆÐI Í FYRRI UMFERÐ

Talið var í fyrri umferð biskupskjörsins þann 23. mars síðastliðnum. Á kjörskrá voru 502 manns og 95 prósentu þátttaka var í kosningunni.

Agnes fékk flest atkvæði, eða 131 og 27,5 prósent allra atkvæða. Sigurður Árni fékk næstflest atkvæði, eða 120 og 25,2 prósent heildarfjöldans. Í þriðja sæti var Sigríður Guðmarsdóttir með 76 atkvæði.

Í síðari umferð kosninganna stendur valið á milli Agnesar og Sigurðar Árna. Frestur til að skila atkvæðum og yfirlýsingu um að viðkomandi hafi kosið á Biskupsstofu rennur út mánudaginn 16. apríl næstkomandi.

### ■ SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON



Sigurður Árni Þórðarson er fæddur árið 1953 og býr í Reykjavík. Sigurður Árni er giftur Elínu Sigrúnu Jónsdóttur og á fimm börn, þar af þrjú af fyrra hjónabandi. Hann starfar nú sem prestur í Neskirkju í Reykjavík.

**1979:** Cand. theol. frá guðfræðideild Háskóla Íslands.  
**1989:** Doktorspróf í guðfræði- og heimspekisögu við Vanderbilt háskóla í Tennessee.  
**1986 - 1991:** Rektor í Skálholtsskóla.  
**1992 - 1995:** Fræðslustjóri þjóðgarðsins á Þingvöllum.  
**1995 - 2004:** Verkefnisstjóri á Biskupsstofu.  
 Hefur starfað sem prestur í Ásaprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi, Staðarfallsprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi, við Hallgrímskirkju í Reykjavík og Neskirkju. Sigurður Árni er kirkjuþingsmaður og varamaður í kirkjuráði, situr í samkirkjunefnd kirkjunnar og er formaður framtíðarnefndar kirkjuþings.

[www.prestar.is](http://www.prestar.is)

### Málefni barnafjölskyldna og fjármálin mest aðkallandi verkefni

1. Fólk og fjármál eru fyrstu viðfangsefnið og fólkíð er í forgangi. Mitt fyrsta verk verður að kalla barnafæðara kirkjunnar til átaks í þágu barna og barnafjölskyldna. Börnin eru dýrmæti og framtíð þjóðarinnar og kirkjunnar. Svo vil ég hefja virkt samtal og samfylgd með prestum, djáknum og sjálfboðaliðum í þjóðkirkjunni. Í starfsfólki kirkjunnar er mannaúður. Biskupinn á að fylgjast með, uppörva og leiðbeina, samgleðjast þegar vel gengur og benda á það sem betur má fara. Við þurfum að breyta sinnuleysi og kulda í athygli og umhyggju því glatt fólk vinnur vel. Varðandi fjármál er knýjandi að leiðrétta skerðingar á trúfélagsgjöldum, sem hafa þrengt mjög að kirkjustarfi um allt land. Biskup á að beita sér fyrir að endurheimta félagsgjöldin. Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að kirkjan sé virk og haldi sjó í þeim erfiðleikum sem eru þaulsetnir í íslensku samfélagi.

### Ólafur Skúlason hefði átt að víkja á meðan málið væri kannað

2. Fagfólk um eðli og afleiðingar kynferðisbrota hefur kennt okkur, að þegar mál af þessu tagi koma upp, hefur fólk innan viðkomandi stofnunar tilhneigingu til að slá vörð um stofnunina sjálfa fremur en að koma þolanda ofbeldisins til hjálpar. Þetta kom í ljós þegar ásakani gegn Ólafi komu fram árið 1996. Stjórnkerfi og stjórnunarmenning kirkjunnar á þeim tíma var til hindrunar að ásakani væru kannaðar á faglegan hátt. Þetta leiddi skýrsla rannsóknarnefndar kirkjuþings í ljós. Eðlilegra hefði verið að mæta konunum, sem stigu fram, og leyfa þeim að segja sögu sína og trú þeim. Sá, sem borinn var sökum, hefði átt að víkja á meðan kannað væri hvað væri hæft í ásökunarefnum. Kirkjan hefur lært af reynslunni og tileinkað sér ný vinnubrögð í meðferð kynferðisbrota síðustu árin. Þjóðkirkjan hefur nú verkferla og kunnáttu til að bregðast við kynferðisbrotum. Starf Fagráðs um meðferð kynferðisbrota er gott og til fyrirmyndar.

### Mun halda áfram að gifta samkynhneigð pör

3. Já. Ég mun næst þjóna við slíka athöfn í Dómkirkjunni 30. júní. Þjóðkirkjan var samstíga löggjafanum þegar ný hjúskaparlög tóku gildi 27. júní árið 2010. Þann dag tók einnig gildi nýtt hjónavígsluform í kirkjunni, fyrir alla sem gifta sig í kirkju, samkynhneigða og gagnkynhneigða. Samkynhneigðir njóta fullra réttinda í samfélagi okkar og líka í þjóðkirkjunni. Bæn fyrir hjónaefnum lýtur ætíð að því sama, að þeim auðnist að elska, treysta og vera trú á lífsgöngunni. Þjóðkirkjan lítur hjónaband samkynhneigðra sömu augum og hjónaband karls og konu. Sömu áskoranir og gleðiefni mæta þeim og kirkjan býður samfylgd og samtal í gegnum lífsgönguna.

### Ætti að leyfa fleirum innan þjóðkirkjunnar að kjósa biskup

4. Ég vil auka áhrif kirkjufólksins á stjórn þjóðkirkjunnar. Það verður til að efla kirkjustarfið en ekki minnka völd og virkni prestanna. Kosningabátttaka í fyrri hluta biskupskjörsins var framúrskarandi. Nú var kosið eftir nýjum reglum, sem fjölga kjörmönnum mjög. Í fyrsta sinn eru prestar ekki í meirihluta þeirra sem kjósa biskup, heldur leikmenn sem gegna trúnaðarstörfum í þjóðkirkjunni. Ég hef sannfærst um að þetta var gæfuspor. Taka á örugg en markviss skref í þessum efnum og mér sýnist að ganga megi lengra og fjölga kjörmönnum. Þjóðkirkjan má njóta hinnar merkilegu og öfluglu hugmyndar um hinn almenna prestdóm – sem færir ábyrgð og myndugleika til allra sem eru skírðir. Biskupinn er kallaður af söfnuðunum í landinu og þau, sem hafa köllun til að þjóna kirkjunni sinni og taka virkan þátt í starfi hennar, eru að sjálfsögðu hæf til að velja biskup.

### Lítið umburðarlyndi í bókstafstrú gagnvart breytingum í samfélaginu

5. Biblían skiptir kirkjuna höfuðmáli, hefur haft áhrif á menningarsögu heimsins og umbreytt lífi milljóna. Ekki bara kristnir menn lesa Biblíuna. Gyðingar nota stóran hluta hennar og múslimar virða biblíuefnið mikils. Nútímaþenning okkar verður ekki skilin vel nema kunna nokkuð fyrir sér í Biblíunni og hvernig hún hefur verið túlkuð. Bókstafstrúin hefur lítinn áhuga á túlkun og táknrænum boðskap og leitar fremur að óskeikulli leiðsögn. Bókstafstrú hefur ekki mikið umburðarlyndi gagnvart því að samfélag og gildi hafa breyst og sé í síðfræði fornaldar boð um lífni og skyldur kristins manns í nútíma. Kirkja okkar og aðrar lútherskar kirkjur hafa þegið í arf að Biblían skuli lesin út frá persónu Jesú Krists og boðskapur hennar sé túlkaður í ljósi reynslu manneskjunnar. Þannig þjónar Guðs orð velferð og frelsi manneskjunnar í heimi, sem kreppir og dæmir. Afstaða kirkjunnar á að mótast af því.

# Fermingar tilboð



**NÚ 19.900,-**  
ÁÐUR 26.900,-  
SPARAÐU 7.000,-

**STEP**  
Breið hilla. 85x35x190 cm.  
26.900,- **NÚ 19.900,-**  
Ýmsir litir.



**NÚ 17.900,-**  
ÁÐUR 23.900,-  
SPARAÐU 6.000,-

**STEP**  
Mjó hilla. 45x35x190 cm.  
23.900,- **NÚ 17.900**  
Ýmsir litir.

© ILVA Ísland 2012



**NUD** Leiðsla m/ljósastæði. Ýmsir litir.  
L3 m. **7.995,-/stk.** Pera seld sér.



**PALERMO** Stóll. Háglans hvítt plast/  
textilleður og króm fótur. H78 cm.  
**24.900,- Einnig til svartur.**



**WALLSTICKER** Fiðrildi, svört.  
50x50 cm. **5.995,- Einnig til fjólublár.**



**JELLYFISH**  
Lítill stóll m/loftbolta. Ø46, H52,5 cm. 9.900,- **NÚ 6.900,-**  
Stór stóll m/loftbolta. Ø61, H57 cm. 14.900,- **NÚ 9.900,-**

**tilboð**



**YAKIMA** Skrifborð m/4 skúffum. 120x48,5x74,3 cm.  
Hvitt melamín. 29.900,- **NÚ 19.900,-**

**tilboð**



**HORSE**  
Bókastoð. Messing. H17 cm.  
3.995,- **NÚ 2.995,-**



**ILVA** Hundamyndir.  
Flokkur 11. 43x43 cm. **7.995,-/stk.**  
Fleiri myndir í þessum flokk.



**TOP GUN**  
Kanna m/byssuhandfangi. **3.995,-**  
Einnig til silfurlitúð.



**LETTER**  
Bókstafur L. H15 cm. **895,-**  
Bókstafur X. H14 cm. **895,-**



**ILVA**  
Marilyn. 23x28 cm. **3.995,-**  
Marilyn. 33x43 cm. **4.995,-**  
Ýmsar gerðir.



**SOHO**  
Borðlampi m/skerm. H51 cm. **8.995,-**  
Einnig til svartur.



**FOUR**  
Vegghillur 4 stk. í pk. S:35x17x26 cm  
M:45x22x30 cm L:53x27x34 cm  
XL:61x32x38 cm **24.900,-**  
Einnig til marglita og hvítar



**FLAX**  
Stóll m/geymslu. ABS plast. H51 cm.  
**8.900,-**

**tilboð**



**PINBALL**  
Ferkantað borð. 40,5x40,5x40,5 cm.  
6.900,- **NÚ 4.900,-** Ýmsir litir.



**RETRO**  
Borðlampi. H25 cm. **5.995,-**  
Einnig til fleiri litum.



**SPARKLING** Lime/multi/gul/multi. 100% pólýester.  
140x200 cm. **29.900,-** 170x240 cm. **44.900,-**

**kaffi ILVA**

**Camembertbeygla**  
Camembert ostur,  
sólpuurkaðir tómatar,  
rauðlaukur, pestó, basilólía  
og salatblanda **795,-**



**VISA Lán**  
- VAXTALAUST  
Bjódum uppá  
vaxtalaust lán  
til 6 mánaða

**ILVA**  
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)  
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

# netto

Kræsingar & kostakjör

HAMBORGAR-  
HRYGGUR

50% AFSLÁTTUR


999

ÁÐUR 1.998 KR/KG

KJÖTSEL



## PÁSKASTEIKIN



GRÍSAKÓTELETTUR  
HUNANGS, LÉTR.

GOÐI



VERÐ NÚ

1.758

ÁÐUR 2.198 KR/KG

GRÍSAHNAKKI  
ÚRB.



1.498 KR/KG

KJÖTSEL

LAMBALÆRISSEIÐAR  
ÞURRKRYDDAÐAR

BAUTA  
BÚRIS



VERÐ NÚ

1.798

ÁÐUR 1.998 KR/KG

X-TRA • GOTT VERÐ

SMÁBRAUÐ  
750 G



299 KR/ PK

LAMBAHRYGGUR  
LÉTR.



VERÐ NÚ

1.649

ÁÐUR 2.198 KR/KG

25% AFSLÁTTUR

LONDONLAMB



31% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ

1.599

ÁÐUR 2.318 KR/KG

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |





HVÍTLAUKSBRAUÐ  
175 G

99 KR



HUMAR  
SKELBROT, 1 KG

33% AFSLÁTTUR

1.997

ÁÐUR 2.980 KR/KG

# ER KOMIN Í NETTÓ

X-TRA • GOTT VERÐ



EPLAMÚS  
720 G

199 KR  
STK

X-TRA • GOTT VERÐ



HAFRAKEX  
400 G

139 KR  
PK

X-TRA • GOTT VERÐ



HVEITI  
2 KG

269 KR  
PK

X-TRA • GOTT VERÐ



KAFFI  
400 G

398 KR  
PK

X-TRA • GOTT VERÐ



KAKÓMALT  
1 KG

598 KR  
PK

X-TRA • GOTT VERÐ



REPUOLIA  
1 LTR

389 KR  
STK

Tilboðin gilda 29. mars - 1. apríl

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





**HRIKALEGT ÁSTAND TANNA** Fimmtán ára unglingur með hverja einustu tönn skemmda var á meðal þeirra sem nýttu sér hjálparvakt tannlækna, sem var hluti af átaksverkefni Tannlæknadeildar HÍ sumarið 2011. Eins og myndirnar bera með sér voru tennur fleiri barna afar illa farnar, en myndirnar voru allar teknar við það tækifæri. MYNDIR/INGA B. ÁRNADÓTTIR

# Börn af erlendum uppruna verr sett

Barnatennur þeirra sem eiga erlenda foreldra eru verr farnar en barna sem eiga íslenska foreldra. **Inga B. Árnadóttir**, tannlæknir og prófessor við tannlæknadeild HÍ, lýsti því fyrir **Hólfríði Helgu Sigurðardóttur** hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem bannar mismunun á grundvelli efnahags, er þverbrotinn hér á landi. Tannheilsa sé orðin forréttindi þeirra efnaðri.

**B**arnatennur þeirra sem eiga erlenda foreldra eru verr farnar heldur en barna sem eiga íslenska foreldra. Þetta kemur fram í skýrslu um átaksverkefni sem fram fór á vegum Tannlæknadeildar HÍ og velferðarráðuneytisins síðastliðið sumar, þar sem um þúsund börn tekjulágra foreldra höfðu rétt til þátttöku. Inga B. Árnadóttir, tannlæknir og prófessor við tannlæknadeild HÍ, var þeirra á meðal. „Í sumum tilfellum var ástandið skelfilegt. Við sáum börn með niðurbrenndar barnatennur og margar tennur voru dregnar út. Við sáum að upprunaland foreldra hefur áhrif á tannheilsu barna, þar sem fleiri tennur voru skemmdar í börnum af erlendum uppruna. Börn af landsbyggðinni voru líka með fleiri skemmdar tennur en börn af höfuðborgarsvæðinu.“

Inga var á meðal frummælenda á málþingi Barnaheilla í vikunni, þar sem þeirri spurningu var velt upp hvort það sé mannréttindi eða forréttindi að vera með heilbrigðar tennur. Frummælendur voru sammála um að á Íslandi í dag sé tannheilbrigði augljóslega forréttindi þeirra efnaðri. Rannsókn, sem Stefán Hrafn Jónsson, lektor í félagsvísindum, gerði árið 2005 styður við þetta, en hann fann tölfræðilega marktækt samband á milli heimilistekna og fjölda viðgerðra tanna barna í íslenskum skólum. Það brýtur gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem mismunun á grundvelli efnahags er bönnuð.

## 2,8 tennur skemmdar

Inga segir að það þurfi þó að fara varlega í að draga ályktanir af niðurstöðum úr átaksverkefninu, þar sem úrtakið hafi verið lítið og miðist við tekjumörk foreldra barna sem TR setti til að velja börnin. Átaksverkefnið hafi hins vegar staðfest það sem vitað var, að úrbóta var þörf. „Þetta gaf okkur ýmsar vísbendingar um ástandið. Í Munnis-rannsókninni sem gerð var



**SKORTIR EFTIRLIT OG ÞJÓNUSTU** Inga B. Árnadóttir, prófessor og tannlæknir, segir skorta skipulagt tannheilsueftirlit á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum hafi það verið lögleitt. Það sé nauðsynlegt að gera hér líka en sé hins vegar ekki mögulegt, fyrr en hið opinbera auki þátttöku í kostnaði við eftirlit og meðferð en það gerir nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

árið 2005, og er mjög vel gerð og marktæk rannsókn, skoðuðum við upprunaland foreldra og sáum enga fylgni milli þess og tannskemmda. Það virðist því vera að eitthvað hafi breyst síðan þá.“

Að meðaltali voru tólf ára börn í áttinu með 2,8 skemmdar tennur, en samkvæmt heilbrigðisáætlun fyrir árið 2010 var stefnt að því að meðaltal skemmdra tanna ætti að vera ein tönn.

Tennur um helming þeirra barna sem tóku þátt í átaksverkefninu voru í ágætum standi. Þau fengu fræðslu um tannvernd og þurftu ekki að heimsækja tannlækni aftur fyrr en að ári liðnu. Ástand tanna um 25 prósent þeirra var hins vegar í verulega slæmum farvegi. Þá er ekkert vitað um ástand tanna þeirra 260

barna sem fengu boð um þátttöku í verkefninu, en mættu ekki.

## Eftirlit og þjónusta

Ljóst er að íslensk börn heimsækja tannlækna of sjaldan. Í rannsókninni árið 2005 kom fram að 17 prósent barna á aldrinum 4 til 18 ára komu ekki í eftirlit árið 2005. Árið 2010 komu 42 prósent barna 17 ára og yngri ekki í eftirlit til tannlæknis. „Við viljum að börn komi til tannlæknis strax um þriggja ára aldur og reglulega eftir það. Reglulegt eftirlit skiptir öllu máli, því þá er hægt að stöðva sjúkdóma strax á byrjunarstigi, áður en þeir verða að stórum vandamálum,“ segir Inga.

Á undanförunum árum hafa íslenskir tannlæknar séð tannheilsu barna hraka og nú er svo komið að íslensk börn eru með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Ísland er í sjötta neðsta sæti allra OECD-landa hvað tannheilsu barna varðar. Inga segir það sem greini Ísland frá öðrum Norðurlöndum, þar sem tannheilsa barna er í mun betri farvegi en á Íslandi, að hér er á landi er eftirlit með tannheilsu barna ekki lögbundið. „Forvarnir

og fræðsla skipta miklu máli, en það sem okkur skortir hér er markvisst eftirlit og þjónusta. Hér á landi finnst ekki reglugerð um skipulagt tannheilsueftirlit barna. Það er lögleitt á hinum Norðurlöndunum og það er það sem við þurfum að gera hér. En við getum ekki lögleitt eftirlit, nema hið opinbera taki meiri þátt í kostnaði við bæði eftirlit og meðferð en nú er. Við getum ekki skikkað börn í meðferð ef foreldrar þurfa að greiða fyrir það.“

## Brostnar forsendur

Að nafninu til er í gildi samningur á milli Sjúkratrygginga og tannlækna um ókeypis forvarnarskoðun þriggja, sex og tólf ára barna. Það eru hins vegar einungis 29 tannlæknar, þar af þrjár á landsbyggðinni, sem enn bjóða þær forvarnarskoðanir. Í heild eru 275 tannlæknar starfandi á landinu og því ljóst að forsendurnar fyrir þessum samningi eru brostnar, þar sem langflestir tannlæknar hafa sag sig frá honum. Hvað veldur því? „Sjúkratryggingar hafa ekki staðið við sinn hluta samningsins. Það var mjög sárt fyrir mig að segja mig frá þessum samningi,



Hvenær yrði það samþykkt, ef ríkið segðist ætla að greiða 75 prósent af kostnaði við ungbarnaeftirlit? Ef hendi brotnar á barni er hún löguð, alveg óháð efnahag foreldra þess

en allir hafa sín þölmörk og ég gat ekki unnið eftir honum lengur. Ég veit að mjög mörgum kollegum mínum þótti erfitt að segja sig frá þessum samningi,“ segir Inga.

## Hvað með munnholíð?

Yfirlýst markmið heilbrigðisvirkvalda er að kostnaðarþátttaka hins opinbera skuli nema allt að 75 prósentum af raunkostnaði fyrir allar almennar tannlækningar barna. Sjúkratryggingar greiða hins vegar 75 prósent af kostnaði samkvæmt gjaldskrá sem hefur ekki verið uppfærð frá því árið 2004 og er því löngu úrelt. Oft greiða foreldrar frá 50 til 70 prósentum af meðferð. Að mati Ingu væru 75 prósent ekki ásættanlegt hlutfall endurgreiðslu, jafnvel þótt staðið væri við það. „Hið opinbera hefur gefið út fjölda reglugerða er varða börn, meðal annars um mæðraeftirlit, sjónmælingar og heyrnamælingar. Hvenær yrði það samþykkt, ef ríkið segðist ætla að greiða 75 prósent af kostnaði við ungbarnaftirlit? Ef hönd brotnar á barni er hún löguð, alveg óháð efnahag foreldra þess,“ segir Inga. „Munnholíð er hvergi nefnt í íslenskum reglugerðum.“



## 20 ÁRA Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í ár eru 20 ár liðin frá því að Ísland staðfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í tilefni stórafmælis sáttmálans mun Fréttablaðið fjalla reglulega í helgarblaði um málefni sem tengjast Barnasáttmálanum með einum eða öðrum hætti.

### 2. grein Jafnræði — bann við mismunun

Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fótunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

### 18. grein Uppeldi og þroski

Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu taka mið af því sem börnunum er fyrir bestu. Stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til

þess að byggðar séu upp stofnanir og þjónusta veitt til umönnunar barna.

### 24. grein Heilsuvernd barna

Börn eiga rétt á að njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja, s.s. með læknaaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að draga úr barnadauða, berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, stuðla að fræðslu um heilbriggt lífferni og reyna að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilsu barna. Barnshafandi konur og mæður ungbarna eiga rétt á heilsugæslu.

**Alþjóðlegar sýningar Kynjakatta**

Sýningarnar verða haldnar í **Reiðhöll Gusts, Kópavogi, 31. mars og 1. apríl 2012.**

Opið verður kl. 10-17 báða dagana.

Whiskas logo and other branding.

Frekari upplýsingar á <http://www.kynjakettir.is>





**Páskagreinar**  
3 stk. í búnti  
**699**kr

**10<sup>stk</sup>**  
**Túlípanar**  
→ **999**

# PÁSKAMARKAÐUR

í Blómavali um land allt



**tílboð**  
Páska Begonía  
**999**kr

**tílboð**  
Páskakrýsi  
**999**kr



**10<sup>stk</sup>**  
**Páskaliljur**  
→ **999**



**tílboð**  
páskaliljur í potti  
**tet a tet**  
**399**kr



**Allt**  
**páskaskraut**  
**30%**  
afsláttur

  
**blómaval**  
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri  
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær



HORFTIL BÆJAR FRÁ BRYGGJUNNI Snrytimennska og virðing fyrir umhverfinu er allsráðandi í Vigur.

# Lífið snýst um fugla og ferðamenn

Pó loft sé suddalegt yfir Ísafjarðardjúpi nær sólargeisli að brjótast í gegn yfir Vigur um leið og báturinn skríður að bryggju. Aðstandendur rokkhátíðarinnar Aldrei fór ég suður eru innanborðs, ljósmyndarar og blaðamenn fljóta með, þeirra á meðal Gunnar V. Andrússon og Gunnþóra Gunnarsdóttir.

Salvar bóndi í Vigur er mættur á bryggjuna og bæjarhrafnninn situr á lengdar. Teistan leikur við landsteinana, fyrst vorboða og veiðihugur gerir vart við sig hjá sumum ferðafélögum. „Það væri hægt að ná fimm í einu skoti,“ segir einn. „Teistan er alfríðaður fugl í Vigur. Hún er aldrei veidd hér,“ segir Björn Böðvarsson fararstjóri ákveðinn. Sumir hrísta höfuðið.

Vigur hefur verið byggð frá landnámi. Þó minjar um þá búsetu séu ekki sjáanlegar þá er fortíðinni mikill sómi sýndur af núverandi eigendum með varðveislu bygginga og muna, miðlun sögulegs fróðleiks til ferðamanna og íslenskrí gestrisni.

Vigur hefur verið í eigu sömu ættar frá 1880 og íbúðarhúsið er byggt 1884. Þar býr Salvar Böðvarsson nú og hefur verið mest einn í vetur meðan frúin er í námi. Fjár- og kúabúskapur hefur verið lagður niður í eyjunni, nema hvað fáeinir kindur eru eftir. Þær sjást þó ekki þennan daginn, Salvar segir þær uppteknar af gróðurnálinni sem komin er í kringum lundaholurnar nyrst á eyjunni. Björn fararstjóri er bróðir hans og var bóndi í Vigur í 20 ár en flutti til Ísafjarðar fyrir átta árum. Hann viðurkennir að hafa saknað eyjarinnar mjög fyrst eftir flutningana, sérstaklega á vorin en hann hafi meðal annars flutt til að koma börnum sínum í skóla. Sjálfur hafi hann verið í heimavistar-skóla á Reykjanesi, farið þangað fyrst átta ára, bæði vor og haust, hálfan mánuð í hvort skipti.

## Sjórinn verður svartur

Selum hefur fjölgað við Vigur síðustu ár að sögn Björns og lundanum líka. Hvort tveggja er auginndi fyrir ferðamenn og kemur sér vel fyrir Vigurbúskapinn sem nú snýst mest um ferðapjónustu og hlunnindi. „Þegar lundinn kemur svona um miðjan apríl þá verður sjórinn kringum eyjuna bara svartur, algerlega. Svo fer hann að hreinsa út úr holunum,“ lýsir Björn og segir brúnir eyjarinnar allar útgrafnar eftir fuglinn. Því sé vissara að stíga þar varlega til jarðar.

Æðarvarpið er ósvikin tekjulind því það skilar 55 til 60 kílóum af dún árlega úr um 3500 hreiðrum. Í fyrra var dúnninn þó með minna móti að sögn Björns sem kennir erni um að hafa vomað yfir varpinu á nóttum og skelft íbúa þess. „Ef kollurnar verða varar við örn þá fljúga þær allar út á haf og sumar koma ekkert aftur,“ lýsir hann.

Mjög sérstakur réttarveggur liggur meðfram fjörinni neðan við útihúsin. Fjörumegin er hann með ótal hólfum og lítur út eins og heljarlangt raðhús fyrir fugla en hinum megin er hann áhaldi fyrir kindur. „Kristján Guðmundsson Dannebrogsmaður var mikill búhöldur hér í byrjun 19. aldar og hlóð þennan garð fyrir æðarfuglinn. Hann var heiðraður af danska kónginum árið 1830 fyrir framtakid og fékk silfurbikar sem enn er til,“ lýsir Björn sem segir vegginn hafa verið hlaðinn reglulega upp síðan, enda sé oft orpið í 60-70% hólfanna.

Elsta skip Íslands, Vigurbreiður, er í hlaðvarpanum, rétt við fjörukambinn og gamalt gangspil við hlið þess. Enn einn forngripur setur svip á umhverfið, kornmylla sem var byggð 1840 en notuð síðast 1917. Í fyrra fauk annað vængja-settið af henni en búid er að smíða nýtt að sögn Björns. „Hún verður væntanlega komin í stand fyrir sumarið,“ segir hann.

## Rafmagn klukkan sex

Þótt bæði byggingum og munum sé vel við haldið þá hefur nútíminn ekkert sneitt hjá garði í Vigur. Rúllubaggaþæknin er viðhöfð við heyskap og sjálfvirki síminn kom í byrjun 9. áratugarins, áður var hringingin ein löng og tvær stuttar. Rafmagnið kom úr landi 1984 og þá þagnaði dísilmotorinn sem keyrður var til raforkuframleiðslu hluta úr sólarhring. „Það var svakalegur munur að fá rafmagnið,“ rifjar Björn upp. „Þegar ég var þúki þurfti ég alltaf að fara til pabba þegar klukkan var að verða sex á sunnudögum og biðja hann að kveikja á mótornum svo ég gæti horft á Stundina okkar.“

Áður en hópurinn yfirgefur eyjuna fögru og heldur út á Djúpið býður Salvar bóndi í kaffi og gómsætt meðlæti í sérstöku gestahúsi, sem að hluta til er frá 19. öld og að hluta til mun nýrra. Að því loknu fylgir hann okkur til skips.



Fleiri myndir úr ferðinni má sjá á Vísir

FRAMHALD Á SÍÐU 44



BÚKLETTUR Hér var leikið fyrrum með leggi, skeljar og glerbrot.

# SÉRTILBOÐ Á GRANDA

TILBOÐIN ERU EINGÖNGU Í BOÐI Í VERSLUN ELKO Á GRANDA

**PHILIPS**  
**LED SJÓNVARP**

- Full HD – upplausn 1920x1080
- 400Hz Perfect Motion – minna flókt
- Pixel Plus HD myndvinnslubúnaður – bætir myndgæðin
- Digital Natural Motion – mykri hreyfingar
- Net TV – innbyggður vafri
- 3xHDMI, 1xScart, 1xComponent, 1xLAN o.fl.
- USB tengi fyrir myndbönd, tónlist og ljósmyndir

40PFL6626T

**21% afsláttur**

**149.995**  
VERÐ ÁÐUR: 189.995

**eða 13.277 kr. á mánuði**  
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 159.325 kr.

**KR SPILIÐ**

**495**

Fyrir alla KR-inga og aðra áhugasama um Vesturbæjarstórveidið. 2000 splunkunýjar spurningar tengdar knattspyrnu og KR.

KRSPILIÐ

**50 stykki**

**52% afsláttur**

**1.695**  
VERÐ ÁÐUR: 3.495

**TRUST**

Heryrartól með hljóðnema. Með höfuðbandi yfir eyrun og aftur fyrir hausinn. Hægt er að beygja hljóðnemann. Hækka og lækka takki á snúru.

TRUTALOU

**30 stykki**

**40% afsláttur**

**5.995**  
VERÐ ÁÐUR: 9.995

**Logic 3**

PS3: Toppdrive GT stýri. Virkar fyrir PS3, PS2 og PC/gúmmigrip/fótstig fylgja.

PSU448

**100 stykki**

**50% afsláttur**

**1.495**  
VERÐ ÁÐUR: 2.995

**PHILIPS**

Opin heyrnartól með stillanlegri spöng og góðum hljómi.

SHP1900

**100 stykki**

**33% afsláttur**

**5.995**  
VERÐ ÁÐUR: 8.995

**NOKIA**

GSM sími sem tekur 2 SIM kort (Dual Sim). Allt að 6,5 klst í tali og 600 klst í bið. MP3 hringitónar. 65 þús 1,8" litaskjár. Með dagatali, vekjaraklukku, vasaljósi, T9, MP3 spilara o.fl.

NOK101(RED/BLA)

**Dú getur verið með 2 símakort frá mismunandi símafyrirtækjum á sama tíma. Nýttu þér frítt innan símafyrirtækis hjá tveimur símafyrirtækjum í einu tæki.**

**50 stykki**

**50% afsláttur**

**6.495**  
VERÐ ÁÐUR: 12.995

**Electrolux**

Öflugur 600W blandari með 1,5 lítra glerkönnu. 3 hraðastillingar og púls. Ræður auðveldlega við ísmola.

ASB2600

**30 stykki**

**30% afsláttur**

**16.795**  
VERÐ ÁÐUR: 23.995

**AEG**

Vönduð 2100W AEG ryksuga með hepasíu sem má þvo. „DustMagnet“ haus tryggir meira sogafl og sérstök grind utan um pokann einfaldar svo pokaskiptin. 9 m vinnuradius.


AJM6717



**EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ**  
Fiskislóð 15 - 101 Reykjavík

**GILDIR LAUGARDAG TIL SUNNUDAGS**  
EÐA Á MEÐAN BIRGDIR ENDAST

## FRAMHALD AF SÍÐU 42



ÚT UM STOFUGLUGGANN Fjallið Hestur blasir við handan Djúpsins, nær leikur báran við ströndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STOFUSTÁSS Fornar bækur kola og kaffikvörn.



MYLLAN Í notkun frá 1840-1917 og eitt sumar bústaður fálkaunga.



BJÖRN BALDURSSON Framan við gestamóttökuhúsið.



SALVAR BALDURSSON Við gangspilið. Íbúðarhúsið í baksýn.



VIGURBREIÐAN Gæti sagt frá svaðilföllum ef hún mætti mæla.



VERÐLAUNAVEGGUR Þegar líður á vorið raða æðarkollur sér í hólfin neðst.



FORNGRIPIR Skilvindur, strokkur og fleiri þarfapng.



## HÚN ER EINS ÁRS!

**HEILT ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ VIÐ OPNUÐUM  
VERSLUN OKKAR Í BANKASTRÆTI.**

VIÐ HÖLDUM UPP Á ÞAÐ MEÐ **35%  
AFMÆLISAFSLÆTTI** AF ÖLLUM  
CINTAMANI VÖRUM Í VERSLUNUM OKKAR,  
**31. MARS TIL 8. APRÍL.**

**KOMDU Í HEIMSÓKN OG TAKTU ÞÁTT  
Í GLEÐINI MEÐ OKKUR.**

CINTAMANI BANKASTRÆTI 7  
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3  
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI SMÁRALIND  
201 KÓPAVOGI, S. 533 3013

CINTAMANI KRINGLUNNI  
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003



**CINTAMANI**  
WWW.CINTAMANI.IS



**KOMINN HEIM** Vinsældir lags Helga Júlíusar Óskarssonar, Stöndum saman, sem Valdimar Guðmundsson syngur koma höfundinum nokkuð á óvart. „Ég bjóst aldrei við þessari velgengni, en líklega hjálpast margt að við að gera lagið vinsælt. Textinn samræmist ástandinu í þjóðfélaginu, þessum miklu umræðum um kreppuna, hrunið og fleira í þeim dúr.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ný veröld opnaðist fyrir mér

**Helgi Júlíus Óskarsson** bjó í Bandaríkjunum í 25 ár og starfaði sem hjartalæknir. Hann gaf út sína fyrstu plötu 52 ára árið 2010, flutti til Íslands og gerði tvær plötur til viðbótar og á nú eitt vinsælasta lag landsins. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Helga.

**E**ftir 25 ára dvöl sem hjartalæknir í Bandaríkjunum er óhætt að segja að Helgi Júlíus Óskarsson hafi komið með krafti inn í íslenskt tónlistarlíf. Um það bera þrjár plötur á jafnmörgum árum vitni, en Helgi gaf út sína fyrstu plötu, *Sun For A Lifetime*, árið 2010 og árið eftir fylgdi breiðskífan *Haustlauf*. Rólegt og þjóðlagaskotið popp er fyrirferðarmikið á báðum plötunum. Sú nýjasta, reggí-platan *Kominn heim* sem kom út í janúar síðastliðnum, hefur hlotið fyrirtaks

dóma og lagið *Stöndum saman*, sem Valdimar Guðmundsson syngur, er eitt allra vinsælasta laga landsins það sem af er árinu.

## Betri lög á plötunni

*Koma þessar vinsældir lagsins Stöndum saman þér á óvart?*

„Já, svo sannarlega. Ég bjóst aldrei við þessari velgengni, en líklega hjálpast margt að við að gera lagið vinsælt. Textinn samræmist ástandinu í þjóðfélaginu, þessum miklu umræðum um kreppuna, hrunið og fleira í þeim dúr. En að mínu mati og margra annarra eru jafnvel enn

betri lög á plötunni sem verður svo að koma í ljós hvort falli í kramið hjá fólki. Ég gæti trúað að lögin *Þú ert mín* og *Mig langar* til höfðu til margra, enda hafa ýmsir nefnt þau sem sín eftirlætislög á plötunni. Titillagið, *Kominn heim* sem Valdimar Guðmundsson syngur eins og mörg lög á plötunni, er líka í miklu uppáhaldi hjá mér. Vinur minn samdi við það skemmtilegan texta sem er eins konar kveðja til Bandaríkjanna þar sem ég bjó í aldarfjórðung.“

## Afdrifaríkur draumur um KK

Tónlistarmaðurinn og læknirinn er fæddur árið 1958 og var því kominn yfir fimmtugt þegar fyrsta platan hans kom út, sem verður að teljast býsna óvenjulegt. *Hversu lengi hefur hann verið að stússast í tónlist?*

„Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík og fyrstu árin bjó ég á Hjarðarhaganum í Vesturbænum. Ég var svo heppinn að búa í sama húsi og Róbert Abraham Ottósson, þáverandi stjórnandi Sinfóníunnar, sem var gyðingur sem flúði til Íslands á stríðsárnum og mjög merkilegur maður. Róbert leyfði mér að glamra á hljóðfærin sín þegar ég var krakki, stærðarinnar flygil og orgel, en þegar ég hugsa til baka finnst mér ótrúlegt að hann hafi leyft mér þetta. Róbert skrifaði líka niður nóturnar við fyrsta lagið sem ég samdi, þegar ég var sjö ára gamall í söngtíma í skólunum. Ég á þessar nótur enn þá og varðveiti vel. Síðar lærði ég á gítar í tvö ár hjá Jóni Páli Bjarnasyni djassgítarleikara. Ég hætti þó að læra á gítar þegar ég var tíu ára en tók hljóðfærið aftur upp í gagnfræðaskóla, en þar

lærðist manni fljótt að gítarleikur þótti dálítið „kúl“. Þá spilaði ég bara eftir eyranu og þannig hefur það verið síðan. Lengi vel dútlaði ég mér við tónlist fyrst og fremst til að róa mig eftir erfiða daga í námi eða vinnu og samdi ekkert kerfisbundið.“

## Hvernig komu þá plöturnar þrjár til?

Fyrir þremur árum datt mér skyndilega í hug að kaupa mér upptökutæki til að auðvelda mér að muna melóðíurnar sem eiga til að gleymast ef þær eru ekki skrifaðar niður, og fór að semja lög. Svo breyttust hjóla aðstæður og vegna heilsuþrestra var mér ráðlagt að minnka við mig vinnu og álag. Ég hafði unnið eins og brjálæðingur öll þessi ár, en stundum finnst mér eins og margir geri sér ekki grein fyrir því hversu gríðarlegt álag fylgir því að vera læknir. Í Bandaríkjunum þykir eðlilegt að vinna tólf til fjórtán tíma á dag og svo næturvaktir ofan á, svo lítið er um frí. Auk þess hefur maður áhyggjur af erfiðustu tilfellunum þegar maður er kominn heim. Þetta tekur allan þinn tíma og nánast ekkert er eftir. Þess vegna opnaðist í raun fyrir mér ný veröld þegar ég fékk skyndilega frí og félagslíf. Frændi minn, klarinettuleikari, heyrði upptökurnar

mínar og hvatti mig til að gefa þær út en ég hélt að hann væri að gera grín að mér. Svo gerðist það eina nóttina að mig dreymdi að ég og KK, sem ég þekkti ekkert persónulega, værum að syngja og spila saman lögin mín. Konan mín, sem er mikil áhugamanneskja um drama, sagði mér að þetta þýddi hreinlega að ég ætti að tala við KK. Til að byrja með hló ég að henni, en hún spurði mig ítrekað og á endanum sendi ég honum tölvupóst og í kjölfarið disk með upptökunum mínum.“

## Hvernig tók KK í erindið?

„Hann var afar hjálplegur, sagði mér að lögin væru vel þess virði að gefa út og hvatti mig til að gera það vel en ekki kasta til höndum. KK kom mér í samband við tónlistarmanninn Svavar Knút Kristinsson, sem er yndislegur maður og frábær tónlistarmaður, og hann tók að sér að vinna með mér fyrstu tvær plötur-

ar. Það var geysilega jákvæð og skemmtileg reynsla sem gerði mig fárveikan af tónlistarbakeríunni. Þegar ég var við upptökur í Hljóðrita í Hafnarfirði hjá Kidda Hjalmi [Guðmundi Kristni Jónssyni] leyfði ég honum og Sigurði Guðmundssyni, en þeir eru meðlimir í Hljómsveitinni Hjalmmum, að hlusta á nokkur reggílög sem

Fyrnist 31. maí 2012.  
Gildir til 30/4 eða meðan birgðir endast.

**50% AFSLÁTTUR**  
2mg - 2.662kr. - 5.324kr.  
4mg - 3.723kr. - 7.446kr.  
210 STK. PAKKNINGAR

**Lækkaðu lyfjakostnaðinn**

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Opið mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

Páskablað 2012

# Margt smátt ...



## Enn birtir!

Við sjáum nú vorið umhverfis okkur enn á ný eftir langan og dimman vetur og mennirnir fagna þótt á mismunandi máta sé. Veturinn fór vissulega um okkur ólíkum höndum en fræin í moldinni eru enn á sínum vísa stað og af þeim vaxa ný og fögur blóm og tré.

Hjálparstarf kirkjunnar stendur nú fyrir söfnun til að sá fræjum vonar og aukinna lífsgæða hjá þeim allt of mörgu Íslendingum sem búa við erfiðar aðstæður. Við höfðum því til ykkar sem geta látið eitthvað af hendi rakna.

Þú hugsar kannski lesandi góður: „Hvað ætli mitt framlag skipti svo sem máli?“ Við þig get ég fullyrt að framlag þitt skiptir miklu fyrir þann sem nýtur þess og ef til vill enn meira máli fyrir þig sem einstakling. Þegar allt kemur til alls áttu ekkert nema það sem þú gefur öðrum! Gjöf er því beggja hagar og fátt er betra en að sjá lítið fræ sem vantaði frjóan jarðveg bera fagan ávöxt.

Innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins hefur breyst og aukist í tímans rás. Starfið miðar nú enn frekar að því

að hjálpa fólki að standa á eigin fótum, halda reisn sinni. Við Hjálparstarfið vinnur bæði gott fagfólk og starfsmenn alla daga og einnig frábærir sjálfbóðaliðar sem reglulega gefa vinnu sína með margvíslegum hætti.

Þessi beiðni um hjálp núna kemur til vegna þess að Hjálparstarfið vill halda áfram á sömu braut, geta aðstoðað fólk með fjárframlögum fyrir nauðpurftum og vill styrkja fólk til að mennta sig sem á engan kost á því nema það eigi einhvern bakhjarl. Áfram viljum við styðja þá sem í erfiðleikum eiga og eiga um leið samstarf við aðrar hjálparstofnanir. Hjálparstarfið vill geta stuðlað að breytingum og umbótum.

Við biðjum ykkur um að taka vel á móti hjálparbeiðni sem ykkur mun berast.

Gleðilega páska, kæru lesendur!

Ingibjörg Pálmadóttir,  
formaður Hjálparstarfs kirkjunnar



## Hjálpum heima

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

 **Hjálparstarf kirkjunnar**  
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400




# Hjálpum heima

Páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar rennur að þessu sinni til innanlandsaðstoðar. Aðstoðin er fjölbreytt. Í fyrra hófst sú nýjung að gefa inneignarkort í matvöruverslunum í stað þess að úthluta mat í poka og hefur það reynst mjög vel. Skjólstæðingar eru ánægðir og finnst þeim sýnd meiri virðing, auk þess sem valfrelsi þeirra er virt. En aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar einskorðast ekki við mataraðstoð, heldur er einnig veitt fjármálaráðgjöf, stuðningur vegna lyfjakostnaðar, skólagöngu og frístunda barna og ungmenna, einstaklings- og fjölskylduráðgjöf, fataúthlutun og ýmis námskeið til sjálfstyrkingar.

Á síðasta ári voru 7.407 afgreiðslur þar af voru á 8 mánuðum 2.547 afgreiðslur vegna inneignarkorta. Þegar framfærsla korthafa er skoðuð kemur í ljós að


## Allar afgreiðslur/Inneignarkort



38% eru á örorkubótum, 22% á atvinnuleysisbótum, 17% hafa atvinnu og 11% eru á framfærslu sveitarfélaga. Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem fá kort eða 78% en oftast eru það þær sem sækja um þó að eiginmaður sé til staðar. Hluti af skýringunni er einnig að einstæðir foreldrar, oftast einstæðar mæður, eru 55% umsækjenda. Fleiri upplýsingar má lesa úr grófum hér fyrir neðan og til hliðar.

Það að um helmingur þeirra sem fá kortin séu á örorkubótum og framfærslu sveitarfélaga og rúmlega helmingur einstæðir foreldrar er augljós vísbending um erfiða stöðu þessara hópa og nauðsyn þess að koma til móts við þá.

## Framfærsla korthafa



**Hjálparstarf kirkjunnar**


Framkvæmdastjóri: Jónas Þ. Þórisson  
Margt smátt, 1. tbl. 24. árg. 2012  
Ábyrgðarmaður: Bjarni Gíslason

Prentvinnsla:  
Umbrot: Pipar/TBWA  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja




Með því að styðja innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar hjálpar þú til sjálfshjálpar.

Greiddu valgreiðslu í heimabanka, gefðu framlag á [framlag.is](http://framlag.is) eða inn á reikning: 0334-26-886 kt. 450670-0499. Takk fyrir stuðninginn.

## Skipting korthafa eftir kyni



## Hlutfall einstæðra foreldra með kort





# Fjármálaráðgjöfin mikilvæg viðbót

Það er markmið Hjálparstarfs kirkjunnar að veita heilðræna aðstoð sem hjálpar fólki til sjálfshjálpar. Að efla hæfileika og getu hvers og eins til að komast upp úr erfiðum aðstæðum til betra lífs. Þá dugar mataraðstoð ein og sér skammt. Þess vegna hefur ráðgjafabáttur starfsins verið eflur til muna. Fjármálaráðgjöf er liður í því.

Reyndur sjálfstætt starfandi fjármálaráðgjafi býður fram vinnu sínu á föstudögum. Í boði er ókeypis ráðgjöf sem hefur það að markmiði að aðstoða fólk við að ná varanlegum töku á fjármálum sínum. Eftir viðtal við félagsráðgjafa okkar er hægt að fá tíma hjá fjármálaráðgjafanum. Nánast hefur verið uppþokað í þessa ráðgjöf frá upphafi.

*Ráðgjöf í fjármálum er mikilvæg.*

## „Ég fékk hreinlega nýja von“

Ráðgjöfin hefur reynst frábærlega vel, dæmi um umsagnir fólks eru: „Ég fékk alveg nýja sýn á þessu mál“, „nú þori ég að opna gluggaumslögin og er með plan um hvernig ég ætla að vinna úr þessu“, „ég fékk hreinlega nýja von og sé fram úr vandamálunum“.

## Gögnin góður grunnur

Með umsókn um mataraðstoð þarf að skila inn gögnum um tekjur og gjöld, sem er liður í því að meta stöðu hvers og eins. Þessi gögn verða síðan góður grundvöllur fyrir áframhaldandi vinnu með fjármálaráðgjafa. Það er vissulega fyrirhöfn að safna gögnum saman en hún er sannarlega þess virði þegar yfirsýn og skilningur á raunverulegri stöðu verður skyrari og grunnur skapast fyrir áframhaldandi úrlausn mála. Ábyrgðin er ekki tekin frá einstaklingnum en honum er hjálpað til að greina vandann og sjá nýjar lausnir.



Skjólstæðingar hafa orðið:

## „Fjármálaráðgjöfin opnaði mér nýja sýn“

*Einstæð móðir með 2 börn, er öryrki.*

### Hver er staða þín?

„Ég er með mikið af skuldum og er komin í vítahring út af smálánum, tók ný lán til að greiða gömul. Það eru líka veikindi hjá mér, á við þunglyndi og maníu að stríða. Þegar ég er í maníu þá hættir mér til að fara að versla og vera góð við börnin mín og gefa þeim dýrar gjafir. En þetta kemur jú allt í bakið á manni. Ég fer ekki út að skemmta mér, reyki ekki og drekk ekki. Ég fæ aðstoð í gegnum félagsþjónustuna og barnaverndarnefnd.“

### Hvernig finnst þér kortaleiðin koma út fyrir þig?

„Allt annað, mikið betra, nú get ég valið sjálf vörurnar sem ég fæ. Það er líka meiri virðing í þessari aðferð.“ Hvernig virkar kortaleiðin með tilliti til barna? „Kortaleiðin sýnir líka börnum meiri virðingu, það spyrst fljótt út meðal þeirra ef sum börn fara til góðgerðasamtaka að fá mat. Nú eru þau eins og öll hin börnin, fara bara í búðir.“

### Sérðu einhvern galla við kortaleiðina?

„Ég þyrfti hreinlega að fá peningaupphæð tvisvar sinnum í mánuði en þá þyrfti auðvitað meira fjármagn. Erfiðleikarnir hjá mér eru það miklir að mjög fljótt eftir mánaðarmót er ekki til neinn peningur, tala nú ekki um í lok mánaðar.“

### Hefurðu nýtt þér aðra aðstoð?

„Já ég hef farið í fjármálaráðgjöf, matreiðslunámskeið og einnig á námskeiðið Konur eru konum bestar, sem var frábært. Fjármálaráðgjöfin opnaði mér nýja sýn. Ég var hætt að opna gluggaumslögin. Fjármálaráðgjafinn kom fram við mig af virðingu og sýndi mér fram á að það væri von, þetta væri hægt og ráðlagði mér um næstu skref. Ég er rétt að byrja á þessu ferli. Það er allt annað þegar maður sér leið út úr vandanum. Ég gefst ekkert upp, veit að það birtir um síðir.“





# „Lærir meðan lifir“



Hjálparstarf kirkjunnar býður skjólstæðingum sínum að taka þátt í ýmis konar námskeiðum sér að kostnaðarlausu. Í vetur var hjálparstarfið í samstarfi við Rauða kross Íslands með fjögur lífsleiknánámskeið undir

yfirskriftinni „Matseld og lífsleikni í góðum hópi“.

Á þessum námskeiðum var megináherslan á kennslu og þjálfun í að elda ódýran og hollan mat. Guðni matráður og kennari í Hlíðaskóla sá um matreiðslukennsluna.

Með aðstoð Guðna og sjálfboðaliða frá Rauða krossinum elduðu þátttakendur hollan og góðan kvöldverð sem var snæddur í lok dags. Á námskeiðunum var einnig fjallað um heilsu og vellíðan, fjármál og að setja sér markmið í lífinu. Það var gert með þeim hætti að nokkrir aðilar komu inn á námskeiðin með erindi. Þessir aðilar voru Sigurður Erlingsson frá Velgengni með fræðslu um fjármálin, Gunnhildur Sveinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Erla Íþróttakennari fjallaði um mikilvægi hreyfingar, svefnis og fleiri þátta til að viðhalda góðri heilsu og Hugrún Guðmundsdóttir markþjálfari var með erindi um að ná tökum á lífinu og setja sér markmið. Að auki var sr. Petrína Mjöll Jóhannsdóttir með innlegg um sjálfstyrkingu á seinni tveimur námskeiðunum. Námskeiðin heppnuðust vel og kom fram almenn ánægja með þau sem og óskir um framhald.

## Sjálfstyrking

Hjálparstarfið hefur einnig boðið konum að taka þátt í sjálfstyrkingarnámskeiðum sem haldin eru bæði í Grensáskirkju og Hallgrímskirkju. Þetta eru námskeiðin „Konur eru konum bestar“. Þau miða að því að byggja upp sjálfsmýnd kvenna og skapa þeim vettvang til að kynnast sjálfrum sér betur í góðu samfélagi við aðrar konur. Þessi námskeið hafa notið mikilla vinsælda sl. 20 ár og verið haldin víðsvegar um landið. Hafa þær konur sem þátt hafa tekið á vegum Hjálparstarfsins verið afar ánægðar með námskeiðið.

## SUMARDEKKIN ERU KOMIN Í HÚS

### MARANGONI



VERSO



MYTHOS



E-LOGIC



E-COMM

### E-COMM SENDIBÍLADEKK

- \*Ný og endurbætt hönnun
- \*Eldsneytissparandi tækni
- \*umhverfisvæn framleiðsla

### YOKOHAMA

Yokohama sumardekk  
**LOKSINS fáanleg á Íslandi!**



Yokohama dekkin fást  
undir flestar gerðir bíla



PETTA ER AÐEINS BROT AF ÞVÍ ÚRVALI SEM  
AÐ VIÐ HÖFUM UPP Á AÐ BJÓÐA!!



**DEKKJAHÖLLIN**  
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

Skeifunni 5, 581 3002  
Pverklettum 1, 471 2002  
Draupnigötu 5, 462 3002  
[www.dekkjahollin.is](http://www.dekkjahollin.is)



# Gögn nauðsynleg til að meta stöðu hvers og eins

Þeir sem sækja um mataraðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, sem er fólgin í inneignarkortum í matvöruverslunum, þurfa að skila inn gögnum um tekjur og gjöld. Þetta er nauðsynlegt til að meta stöðu hvers og eins og þörf fyrir aðstoð.

## 10% yfir viðmiðum

Því miður er fjármagn takmarkað og því eru það barnafjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu sem geta sótt um mataraðstoð en hinir beðnir að leita til annarra samtaka sem veita mataraðstoð. Annars staðar þar sem öðrum samtökum er ekki til að dreifa geta allir sótt um. Gögnin eru nauðsynleg til að tryggja að aðstoðin renni til þeirra sem verst eru settir. Hjálparstarfið notast við neytluviðmið Umboðsmanns skuldara, þeir sem eru undir þessum viðmiðum geta fengið aðstoð. Um 10% þeirra sem sækja um eru yfir þessum viðmiðum.

Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að sækja um beint til Hjálparstarfsins en um allt land taka prestar og djáknaar við umsóknum og gögnum.

Markmiðið er alltaf að hjálpa til sjálfshjálpar og því er nauðsynlegt að staldra við og skoða stöðu hvers og eins og sameiginlega sjá hvernig hægt er að komast yfir erfiða þroskulda, til betri lífsafkomu. Markmið með allri aðstoð er að hún verði til þess að viðkomandi þurfi ekki hjálp síðar meir.

Arion banki styður kortaleiðina með fjárstuðningi og veitir kortin sjálf að kostnaðarlausu. Bónus, Norvik sem m.a. er með Krónuverslanirnar og Samkaupsverslanirnar hafa einnig stutt vel við kortaleiðina.

## Fyrirhöfnin borgar sig

Vissulega er ákveðin fyrirhöfn að tína til gögnin en reynslan hefur sýnt að margir hafa einmitt vegna gagnanna áttað sig betur á stöðu sinni og fengið betri yfirsýn. Upphafið að allri aðstoð er að átta sig á stöðunni eins og hún er, á hvaða sviðum getur hver og einn bætt sjálfur úr og hvar getur viðbótarstuðningur verið nauðsynlegur. Í þessu ferli eru gögnin nauðsynlegur hlekkur. Eftir að aðstoð hefur verið ákveðin er öllum gögnum skilað.

## Skjólstæðingar hafa orðið:

# „Það eina sem ég leyfi mér er að hafa netið“

### Einstæð móðir með 2 börn

#### Hver er staðan þín?

„Ég er með lág laun og há mánaðarleg gjöld miðað við launin. Leiga og annað hefur hækkað. Ég er hætt með margt sem margir líta á sem sjálfsagðan hlut eins og áskriftir að sjónvarpsrásum og öðrum slíkum hlutum, það eina sem ég leyfi mér er að hafa netið.“

#### Hvernig finnst þér kortaleiðin koma út fyrir þig?

„Mjög vel, nú getur maður valið vörurnar sjálfur, áður fékk maður stundum mat sem enginn á heimilinu borðaði. Maður er líka meðvitaðri um verð þegar maður verslar inn sjálfur, ég skoða vel alla afslætti og tilboð og reyni að versla þegar slíkt er í gangi.“

#### Er þetta betra en gamla aðferðin?

„Eins og ég sagði er frábært að geta valið sjálfur og svo þarf maður ekki að fara margar ferðir, maður sækir kortið og svo er bara lagt inn á það og svo versla ég í verslun í nágrenni við heimili mitt. Það er dýrt að keyra þegar bensínverðið er svona hátt og það er líka dýrt að taka strætó. Þannig að kortin eru líka hagstæð að þessu leyti.“

#### Sérðu einhvern galla við kortaleiðina?

„Það er kannski helst að það getur verið svolítið erfitt að safna saman þeim gögnum sem eiga að fylgja umsókninni um tekjur og gjöld, en svo þegar það er búið fær maður líka sjálfur góða yfirsýn yfir stöðuna.“

#### Hefurðu nýtt þér aðra aðstoð?

„Já ég hef fengið stuðning vegna lyfjakostnaðar.“

#### Eitthvað að lokum?

„Það er alltaf erfitt að sækja sér aðstoð og ég sleppi því ef ég mögulega get en svo kemur maður þegar maður verður og þá er maður mjög þakklátur fyrir þessa aðstoð.“

# Allt í áli!

VANDAÐAR OG ÞYKKAR ÁLUMBÚÐIR

Veislubakkar  
Brauðform  
Kökuform  
Grillbakkar

Tilvalið í:

- frystinn
- baksturinn
- örbylgjuna
- á grillið

MINNI ÞRIF • ÞÆGILEGT Í NOTKUN

Álformin fást í öllum betri verslunum







# Fagleg rök ráða starfsaðferðum

Árlega leitar fjölbreyttur hóps fólks eftir aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Vandi þeirra er fjölbættur og margháttaðar orsakir liggja að baki stöðu þeirra.

Margir búa við sára fátækt, hafa litla menntun, lítinn félagslegan stuðning og þó nokkrir hafa einangrast félagslega vegna aðstæðna sinna. Þjónusta Hjálparstarfs kirkjunnar felst meðal annars í því að veita þessum hópi fólks mataraðstoð, fataúthlutun, styrki til lyfjakaupa og félagslega ráðgjöf. Mikilvægur þáttur í starfinu er stuðningur við efnalítil börn og unglunga til að gera þeim kleift að stunda nám og taka þátt í tómstundum og öðru félagslífi.


## Aukin þörf eftir hrun

Efnahagshrunið haustið 2008 hafði í för með sér breytingar á fjárhagsstöðu margra. Aukin þörf skapaðist fyrir aðstoð hjá hjálparstofnunum og fjöldi sem til þeirra leitaði jókst verulega. Til Hjálparstarfs kirkjunnar leitaði nýr hópur fólks sem aldrei hafði sótt um aðstoð áður. Jafnframt lækkaði meðalaldur þeirra einstaklinga sem óskuðu eftir aðstoð og hópur yngsta fólksins sem voru á aldrinum 18–22 ára stækkaði nokkuð. Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar margfaldaðist eftir efnahagshrunið.

## Valdefling og notendasamráð

Starfsfólk og sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar skynjuðu þörf fyrir aukna og breytta aðstoð og brugðust fljótt og faglega við til að mæta þörfum fólksins. Þegar verið er að vinna með félagsleg vandamál og aðstæður í lífi fólks er ekki hægt að gefa ákveðna forskrift hvernig bregðast eigi við vandanum. Mikilvægt er þó að fagfólk beiti faglegri þekkingu og geti fært rök fyrir aðferðum sínum og nálgunum. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar starfa félagsráðgjafar sem nýttu faglega þekkingu sína til að koma á breytingum við matarúthlutun og aðra aðstoð. Leiðarljós breytinganna var hugmyndafræði valdeflingar og notendasamráðs til að mæta þörfum notenda þjónustunnar. Markmiðið með valdeflingu er að bæta félagslega stöðu og almenn lífsgæði fólks. Með valdeflingu er verið að gera fólki kleift að breyta aðstæðum sínum sér í hag og draga fram þarfir sínar með þroska og eflingu á sjálfmynd, sjálfsvirðingu og lífsgæðum. Með valdeflingu er lögð áhersla á val, vald og ákvörðunarrétt þeirra sem á þjónustu þurfa að halda. Notendur þjónustunnar eru gerðir meðvitaðir um að þeir hafi rétt til að hafa áhrif á þjónustuna sem þeim er veitt, þeir eru sérfræðingar í eigin lífi og hafa upplifað þær aðstæður sem verið er að reyna að breyta. Hugtakið notendasamráð er nátengt valdeflingu. Þar sem notendasamráði er beitt er áhersla lögð á lýðræðislega nálgun, samvinnu, samráð og þátttöku notandans svo hann stýri sjálfur þeirri þjónustu sem hann fær. Með notendasamráði er hægt að bregðast fljótt við þeim óskum sem fram koma. Notandinn þekkir aðstæður sínar og getur gefið mikilvægar upplýsingar um hvernig þjónusta hentar honum til að mæta þörfum sínum. Hugtakið valdefling og notendasamráð tengjast bæði lífsgæðum og almennum mannréttindum, þau eru ekki íhlutun eða

## Meðalaldur þeirra sem fá aðstoð



stjórnunaraðferðir heldur hugmyndafræði sem unnið er eftir til að efla fólk til sjálfshjálpar.

## Inneignarkort tekin upp og ráðgjöf aukin

Ákvarðanir um breytingar á þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar voru teknar á grunni þess hver þörf var fyrir aðstoð eins og hún birtist í viðtölum við notendur þjónustunnar. Breytingar voru gerðar á framkvæmd mataraðstoðar, starf sjálfboðaliða var aukið og skipulagt af fagfólki stofnunarinnar til að gera vinnuna árangursríkari. Breytingarnar fólu í sér að notendur þjónustunnar fengu inneignarkort í matvöruverslanir í stað matargjafa í poka. Þeir sem fá inneignarkort þurfa að koma með gögn um tekjur sínar og gjöld til að sýna fram á þörfina fyrir aðstoð. Samfara breytingum á mataraðstoð var bæði félagsleg- og fjármálaráðgjöf aukin verulega og komið var á lífsleikinámскеiðum fyrir fullorðna. Starfsfólk Hjálparstarfsins taldi að með aukinni faglegri ráðgjöf og stuðningi gæti fólk náð skrefinu lengra í lífi sínu með því að hafa heildarsýn yfir aðstæður sínar. Lögð var áhersla á að finna úrræði og úrlausn á stöðu hvers og eins. Fólk var stutt til sjálfshjálpar til að stuðla að því að það þyrfti ekki að reiða sig eingöngu á utanaðkomandi aðstoð hjálparstofnana.

## Rannsókn leiðir í ljós ánægju með breyttar áherslur

Haustið 2011 gerði undirrituð rannsókn á upplifun notenda þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar af breyttum áherslum á mataraðstoð og starfsaðferðum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar benda til að notendum þjónustunnar sem rætt var við líkaði þjónustan betur eftir breytingarnar og auðveldaði þeim margt. Með inneignarkortum gátu viðmælendur í rannsókninni skipulagt innkaup sín og valið og keypt það sem þeir vildu borða. Einnig kom fram í niðurstöðunum að fólk gat ekki alltaf nýtt sér það sem var í matarpökunum af ólíkum ástæðum. Mikilvægur þáttur var einnig sá að notendur þjónustunnar upplifðu sig sem þátttakendur í daglegu lífi samfélagsins í stað þess að upplifa niðurlægingu við að bíða eftir mat í bíðröð. Viðmælendum fannst flestum alveg sjálfsagt að koma með gögn um tekjur sínar og gjöld til að sýna fram á þörf sína fyrir aðstoð. Mörgum fannst það jafnvel gott því að á þann hátt lá það ljóst fyrir að þau þurftu á aðstoðinni að halda í raun.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að allir viðmælendur voru ánægðir með breytt fyrirkomulag og telja sig hafa aukið val í annars erfiðum aðstæðum sínum. Það kom líka fram í svörum þeirra að þeir hefðu ekkert val um það hvort þeir leituðu til hjálparstofnana eða ekki, staða þeirra væri þannig og þörfin brýn. Fræðimenn hafa bent á að val og þátttaka er nauðsynleg og ein af grunnþörfum mannsins. Fram kom hjá viðmælendum að þeir vildu aukið sjálfstæði og ekki þurfa að vera í þeirri stöðu að vera bara þiggjendur. Þeir töldu ráðgjöfina mikilvæga þar sem hún gæti dregið úr einangrun og aukið sjálftraust og virkni þeirra. Allir viðmælendur sögðust þakklátir fyrir það að geta lagt sitt af mörkum með því að taka þátt í rannsókninni.

## Ölmusuhugsun verði útrýmt

Í ljósi þessara niðurstæðna má hvetja velferðarkerfið og hjálparstofnanir til að gera notendum það kleift að hafa áhrif á stöðu sína í samfélaginu. Þátttaka getur falist í ólíkum verkum og framkvæmdum. Mikilvægt er að vinna í samvinnu við notendur þjónustunnar og þeir sjálfir komi með hugmyndir að framtíðaráætlunum sem hæfa getu þeirra og óskum. Í þeirri vinnu verður að tryggja að mannréttindahugsun verði höfð að leiðarljósi og ölmusuhugsun verði útrýmd til að tryggja gagnkvæma virðingu og skilning allra aðila. Það verður að skapa þær aðstæður í samfélaginu að allir eigi möguleika á að bæta aðstæður sínar og ná skrefi lengra í lífinu. Það verður ekki gert fyrir hvern og einn, hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni velferð. Hins vegar er hægt að skapa aðstæður sem auka velferð sem flestra og gera öllum kleift að vera þátttakendur í samfélaginu á einn eða annan hátt. Það er verkefni framtíðarinnar að finna leiðir til að hámarka hagnað íbúanna sem eru bestu lífsgæði öllum til handa.



Katrín G. Alfreðsdóttir  
meistaraneimi í félagsráðgjöf

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 31. MARS 2012

## Kynningarblað

Sólarlandaferðir,  
borgarferðir,  
heilsuferðir,  
innanlandsflug,  
rútuferðir,  
fróðleikur og fjör.



## Sífelld að bæta við áfangastöðum

Heimsferðir hafa verið að bæta við áfangastöðum og fjölga flugferðum til að anna eftirspurn og virðist ferðahugur kominn í landann.

**S**alan hefur gengið ótrúlega vel að undanförunu segir Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða. Við höfum verið að bæta við áfangastöðum og fjölga flugferðum til nánast allra áfangastaða. Í sumar bjóðum við flug til Billund í Danmörku, Alicante (Benidorm), Malaga (Costa del Sol), Mallorca, Tenerife og Tyrklands. Þá má nefna helgarferðir til Barcelona, Budapest, Ljubljana, Prag, Róm og Sevilla á árinu.

Bein flug til Alicante hafa að sögn Tómasar hlotið ótrúlega



Tómas J. Gestsson

góðar viðtökur. „Við höfum því bætt við flugferðum og erum að hefja sölu á vikulegum ferðum í haust.“

Tómas segir spennandi sumarleyfisferðir til Tyrklands einnig í boði, eins og á liðnum árum, og að mikil ásókn hafi verið í þær. Majorka, perla Miðjarðarhafsins, er svo komin aftur á kortið en síðast var flog-

ið þangað árið 2009. „Þá bjóðum við áfram ferðir til Costa del Sol, sem er tvímælalaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga sem vilja í sólina, enda býður enginn annar áfangastaður á Spáni jafn glæsilegt úrval gistingu, veitingastaða og skemmtunar. Þess má auk þess geta að örstutt er að skreppa yfir til Afríku og Gibraltar frá Costa del Sol.“ Töfrar Andalusíu hafa að sögn Tómasar heillað alla þá sem henni kynnast. „Á Costa del Sol eru ferðalangar í hjarta fegursta hluta Spánar og í seilingarfjarlægð frá Granada,

Sevilla og Cordoba, Jerez, Ronda og Cadiz.“

Meðal nýjunga hjá Heimsferðum er flug til Billund á Jótlandi en þaðan liggja vegir til allra átta í Danmörku auk þess sem stutt er til Þýskalands. Heimsferðir bjóða auk þess fjölbreyttar sérferðir og siglingar.

„Við erum meðal annars með ferð til Vínarborgar og Györ í vor. Farið verður í fylgd Gunnhildar Gunnarsdóttur sem þekkir þetta svæði einstaklega vel. Þá erum við með Marokkóferð 12. maí í 10 nætur. Þetta er einstakt tækifæri

til að kynnast þessu spennandi landi en farið er í fylgd fararstjórans Trausta Hafsteinssonar.

Margar gönguferðir til Ítalíu eru í boði á vegum Heimsferða og má einnig nefna 9 daga rómantíska ferð um sögulega bæi í mið-Englandi í byrjun júní. „Þá er ávallt boðið upp á geysivinsælar golf-ferðir til suður-Spánar. Þessar ferðir eru að mestu uppseldar en örfá sæti eru laus 2. maí í 10 daga ferð til Novo Sancti Petri á sérstöku tilboði. Eins erum við með 5 daga golferð til Barcelona þann 27. apríl.“

# Sól

## í allt sumar

Frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistingukostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.



## Billund

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



# Góður vinur í Lundúnum

Ertu á leið til London en veist ekki upp á hár hvað þú ætlar að skoða eða hvernig best er að upplifa borgina? Þá hefur íslenska ferðaþjónustan 2 Do in London svarið og útvegar allt sem hugurinn gírnist svo gesturinn fái sem mest út úr dvölinni.

Við erum með lista yfir bestu leyndarmál Lundúna; þau sem ekki eru í boði í venjulegum túristahandbókum, og lista yfir helstu markaði, tískuverslanir og „second-hand-búðir“ borgarinnar,“ upplýsir Róbert Aron Magnússon sem ásamt Heiðari Haukssyni stofnaði 2 Do in London um áramótin.

Báðir eru búsettir í enska höfuðstaðnum og með áratuga reynslu í tónleika- og viðburðahaldi hér heima og erlendis.

„Það er auðvelt að týna sér í stórborg,“ segir Róbert. „Margir sem koma til Lundúna verða óruggir og vita ekki hvern þeir geta spurt eða leitað til. Þá er kærkomið að geta fengið alla hjálp á einum stað og við því dálítið eins og góður vinur í London,“ segir Róbert og brosir.

Hann segir London hafa upp á margt að bjóða og að þar finnst allt sem hugurinn gírnist.

„Það kemur eflaust mörgum á óvart að London er frábær fyrir barnafjölskyldur með sína fjölmörgu skemmtigarða, dýragarða, leikhús og annað barnvænt. London er reyndar skemmtileg fyrir allan aldur og næturlífíð eitt það allra besta í Evrópu. Við höfum aðgang að öllum helstu

næturklúbbunum og um að gera að nýta sér það til að komast fljótt og örugglega inn,“ segir Róbert.

Í ár fljúga fjögur flugfélög frá Íslandi til Lundúna og stefnir í metaðsókn mörlandans til heimborgarinnar við Tempsá.

„Strax nú um páskana hefst straumur íslenskra ferðalanga til Lundúna og í sumar verður mikið um að vera; tónlistarhátiðir, Ólympíuleikarnir, fótbolti og fleira,“ segir Róbert sem í 2 Do in London er með stóran gagnagrunn um allt sem borgin geymir og bregst hratt og vel við öllum fyrirspurnum.

„Á okkar snærum starfa mjög traustir aðilar sem sérhæfa sig í öruggri afhendingu miða á alla leiki í enska boltanum. Þá útvegum við miða í leikhús, á tónleika og pöntum borð með litlum fyrirvara á bestu veitinga- og skemmtistaði borgarinnar, ásamt því að sérsníða dvölinna fyrir fólk á öllum aldri.“

Í samstarfi við Iceland Express stendur 2 Do in London fyrir pakkaferðum á tónleika Rihönnu, Madonnu, Bruce Springsteen og fleiri sem eru í uppsiglingu í Lundúnum í sumar, ásamt því að vinna með tengiliðum á Norðurlöndunum sem selja fyrir þá tón-

leikamiða í Svíþjóð og Noregi.

„Í London er mikið um fals og ólöglega miða á tónleika, en við útvegum miða beint frá tónleikahöldurum á bestu fánlegu kjörum og með öruggri miðaafhendingu,“ segir Róbert.

Hann segir töfra Lundúna felast í fjölbreytileika menningar og mannlífs.

„London er margslungin og svo margt hægt að gera annað en að þramma í búðir á Oxford-stræti eða á Piccadilly Circus,“ segir Róbert og minnst á skruðgarða borgarinnar sem hann segir dásamlega vin á sumrin.

„Það kom mér líka á óvart hvað London er lítil þrátt fyrir að vera jafn margmenn og stór. Frá austri til vesturs tekur stutta stund að fara enda á milli og í fyrri settu borgaryfirvöld upp hjólaleigur víðsvegar og frábært er að hjóla um hverfi sem maður annars sæi ekki. Ég mæli því hiklaust með reiðhjóli fyrir eitt pund á sólarhring, í stað þess að taka lest eða dýran leigubíl á milli staða. Þannig kynnist maður borginni líka betur og uppgötvar sjarma hennar til hlítar.“

Nánari upplýsingar á [www.2do-inlondon.com](http://www.2do-inlondon.com). Netfang: [2doinlondon@gmail.com](mailto:2doinlondon@gmail.com).



Höfuðborg Englands er töfrum hlaðin og með gnægtaborð freistandi afþreyingar. Hér sést yfir Tempsá, Westminster-höll og Big Ben frá Victoria-turninum. NORDIC PHOTOS/GETTY



Á sumrin er indælt að slaka á í Hyde Park eða öðrum skruðgördum Lundúna og nóg pláss til að finna ýmist iðandi mannlíf, rólegan lund til lesturs eða ástafundar, og blómlega áningarstaði fyrir nestisferð.

## Mikill vöxtur Icelandair á 75 ára afmælisári félagsins

Icelandair fangar 75 ára afmæli á þessu ári. Um leið býður félagið upp á langstærstu áætlun í sögu félagsins en gert er ráð fyrir að flytja um tvær milljónir farþega á árinu.

### Denver og Akureyri nýir áfangastaðir

„Við reiknum með að vöxturinn verði um 14 prósent milli ára,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair. „Bæði erum við að bjóða upp á nýja áfangastaði, eins og Denver í Colorado, og að bæta í áætlun til fjölda áfangastaða okkar. Icelandair er burðarás í flugsamgöngum milli Íslands og annarra landa og nú leggjum við áherslu á að jafna árstíðasveifluna, og auka hlutfallslega meira við flugið á veturna en á sumrin,“ útskýrir Birkir. Hann segir breytingarnar ganga vel. Þegar hefur verið tilkynnt um aukin vetrarflug til London Gatwick og þá bætti félagið við flugi til New York í haust. Þá er enn von á nýjum áfangastöðum.

„Það er gaman að segja frá því að nýr áfangastaður Icelandair í sumar er hér innanlands, það er Akureyri. Við ætlum að bjóða upp á flug til og frá Akureyri um Keflavíkurlugvöll frá ýmsum áfangastöðum í Evrópu og Bandaríkjunum nú í sumar,“ segir Birkir. „Viðskiptavinir munu geta bókað flugið og innritað sig alla leið til og frá áfangastöðum félagsins erlendis.“

Flugið verður tvisvar til fjór- um sinnum í viku frá 7. júní til 30. september. Flugdagar verða mánudagar, fimmtudagar, föstudagar og sunnudagar. Brottför frá



Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, boðar nýja áfangastaði félagsins, meðal annars innanlands.

MYND/GVA

Akureyrarflugvelli verður klukkan 14.30 og landing á Keflavíkurlugvelli klukkan 15.20.

„Tímasetningin gerir það að verkum að fjölmargir áfangastaðir Icelandair liggja vel við þessu beina tengiflugu frá Akureyri,“

segir Birkir og nefnir til dæmis New York, Boston, Washington, Seattle og Halifax í Norður-Ameríku og London, Kaupmannahöfn, Frankfurt, Amsterdam, Brussel og Ósló í Evrópu. Brottför frá Keflavíkurlugvelli til Akureyr-

ar er fyrirhuguð klukkan 16.20 og landing á Akureyri kl. 17.05. Þannig skapast bein tenging við komutíma frá helstu áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Akureyrarflugið er því bókanlegt sem hluti af flugi Icelandair til og frá

Íslandi og mun félagið leigja Fokker 50 flugvél af systurfyrirtækinu Flugfélagi Íslands til þess.

„Með þessum hætti erum við að opna nýja leið fyrir ferðamenn frá fjölmörgum áfangastöðum í leiðakerfi okkar til Akureyrar.“

Freestyle Cruising  
með Norwegian Cruise Line

# Skemmtisiglingar MEÐ GLÆSISSKIPUM GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



NORWEGIAN CRUISE LINE ER EITT  
FREMSTA SKIPAFÉLAGIÐ ÞEGAR KEMUR  
AÐ SKEMMTISIGLINGUM OG HEFUR Í  
FJÖGUR ÁR Í RÖÐ VERIÐ VALIÐ BESTA  
SKIPAFÉLAGIÐ Í EVRÓPU.

www.norraena.is



## SPIRIT

Miðjarðarhafið  
Fimm lönd - tíu hafnir  
Brottför 24. ágúst, heimkoma 7. september  
Verð á mann m/v tvíbýli  
380.000 kr. án glugga  
410.000 kr. sjávarsýn  
450.000 kr. m. svölum

## FIMM LÖND TÍU HAFNIR

FULLT FÆÐI OG ÖLL  
SKEMMTIDAGSKRÁ UM BORD  
INNIFALIN Í VERÐI

24. ágúst: Flogið til Kaupmannahafnar og þaðan til Barcelona þar sem lent er kl. 18:05  
Gist á notalegu hóteli í tvær nætur.  
26. ágúst: Farið um hádegi um borð í Spirit sem leggur úr höfn kl. 19:00  
27. ágúst: Komið til Toulon í Frakklandi kl. 08:00 og farið þaðan kl. 18:00  
28. ágúst: Komið til Livorno (Flórens og Pisa) á Ítalíu kl. 08:00 og farið úr höfn kl. 19:00  
29. ágúst: Komið til Civitavecchia, hafnarborgar Rómar, kl. 08:00 og lagt úr höfn kl. 19:00  
30. ágúst: Komið til Napólí (Sorrentó/Kaprí/Pompei) á Ítalíu kl. 08:00 og lagt úr höfn kl. 19:00  
31. ágúst: Siglt um Messinasund og yfir í Eyjahafið.  
1. september: Komið til grísku eyjarinnar Mikonos kl. 07:00 og haldið úr höfn kl. 14:00  
2. september: Komið til Ístanbúl í Tyrklandi kl. 09:00 og lagt úr höfn kl. 18:00  
3. september: Komið til Izmir (Ephesus) í Tyrklandi kl. 13:00 og farið þaðan kl. 19:00  
4. september: Komið til Pireus, hafnarborgar Aþenu, kl. 08:00 og farið kl. 18:00  
5. september: Siglt áleiðis til Feneýja á Ítalíu.  
6. september: Komið til Feneýja kl. 14:00 og gist um borð í skipinu í eina nótt.  
7. september: Flogið til Amsterdam og síðan heim um kvöldið.



BETRI STOFAN



## MEÐ EPIC FRÁ BARCELONA

14. sept. Flogið til Kaupmannahafnar og Barcelona þar sem lent er kl. 18:05. Gist í tvær nætur.  
16. sept. Farið í Epic um hádegi og lagt úr höfn kl. 18:00  
17. september: Á siglingu allan daginn og fínt að skoða skipið.  
18. sept. Komið til Napólí (Pompei/Kaprí/Sorrentó) á Ítalíu kl. 07:00 og farið þaðan kl. 19:00.  
19. sept. Komið til Civitavecchia, hafnarborgar Rómar, kl. 07:00 og farið þaðan kl. 19:00.  
20. sept. Komið til Livorno (Pisa og Flórens) á Ítalíu kl. 07:00 og siglt úr höfn kl. 19:00.  
21. sept. Lagt að bryggju í Cannes í Frakklandi kl. 08:00 og farið þaðan kl. 19:00.  
22. sept. Komið til Marseille í Frakklandi kl. 07:00 og farið kl. 16:00.  
23. sept. Komið til Barcelona kl. 05:00. Gist í eina nótt á sama hóteli og á leiðinni út.  
24. sept. Flogið frá Barcelona til Osló kl. 13:15 og þaðan heim og lent í Keflavík kl. 22:35.

## EPIC

Með Epic frá Barcelona  
Brottför 14. september,  
heimkoma 24. sept.  
Verð á mann m/v tvíbýli

325.000 kr. án glugga  
340.000 kr. studio  
365.000 kr. m. svölum



## DAWN

Karabíkahafið fyrir jólin  
Brottför 30. nóvember,  
heimkoma 12. des.  
Verð á mann m/v tvíbýli

280.000 kr. án glugga  
295.000 kr. sjávarsýn  
310.000 kr. m. svölum

Þar sem uppselt er í siglinguna um Karabíahaf 9. nóvember hefur verið ákveðið að fara í aðra slíka ferð. Flogið verður til Orlando 30. nóvember, gist í tvær nætur á Florida Mall hótelinu og siglt frá Tampa 2. desember. Komið verður við í Roatán í Hondúras, Belize, Costa Maya í Mexíkó og Cozumel í Mexíkó. Komið til Tampa á nýjan leik 9. desember

## JÓLAINNKAUPIN Í FLORIDA OG VIKU SKEMMTISIGLING

30. nóvember: Flogið með Flugleiðum til Flórída og gist í tvær nætur á Florida Mall hótelinu.  
2. desember: Ekið til Tampa og farið um borð í DAWN sem leggur úr höfn klukkan 16:00.  
3. desember: Á siglingu allan daginn og fínt að skoða skipið.  
4. desember: Komið til Roatán í Hondúras kl. 09:00 og farið þaðan kl. 17:00.  
5. desember: Komið til borgarinnar Belize kl. 08:00 og farið í land með léttabátum.  
6. desember: Komið til Costa Maya í Mexíkó kl. 08:00 og siglt úr höfn kl. 17:00.  
7. desember: Lagt að bryggju í Cozumel í Mexíkó kl. 08:00 og farið þaðan kl. 17:00.  
8. desember: Á siglingu allan daginn og um að gera að njóta þess eins og kostur er.  
9. desember: Komið til Tampa kl. 08:00. Ekið að Florida Mall hótelinu og gist þar í tvær nætur.  
11. desember: Flogið frá Orlandó kl. 18:00 og lent í Keflavík kl. 06:10 að morgni 12. nóvember.

og ekið upp til Orlandó þar sem gist verður í tvær nætur á Florida Mall hótelinu. Í þessari glæsilegu verslunarmiðstöð er gott að versla fyrir jólin og ekki skemmir fyrir að hótelið er í sama húsi. Flogið heim síðdegis 11. desember og lent í Keflavík snemma að morgni þess 12.


### Íslenskur fararstjóri

Innifalið: Flug fram og til baka, allar ferðir milli flugvallar, hótels og skips erlendis, hótelliging, íslenskur fararstjóri, fullt fæði og öll skemmtidagskrá um borð.



Lágmarkspáttaka er 20 manns og áskiljum við okkur rétt til að fella ferðina niður ef næg páttaka fæst ekki.

**NORRAENA**  
FERÐASKRIFSTOFAN  
Stangarhyl 1 • 110 Reykjavík • Sími: 570 8600



## LAXNESS YFIR SÆNSKUM KJÖTBOLLUM

Stokkhólm er gaman að heimsækja allan ársins hring og borða góðan mat. Í borginni er fjöldi veitingastaða þar sem huggulegt er að tylla sér með góða bók, eftir Laxness til dæmis. Þeir sem vilja kynna ekta sænskum mat og eiga náðuga stund með góða bók yfir sænskum kjötbollum, skelfiski eða laxi ættu að kíkja á Den Gyldene Freden en staðurinn er í eigu Sænsku akademíunnar sem velur Nóbelsverðlaunahafa í bókmenntum. Segir sagan að við eitt ákveðið borð í matsalnum hafi ákvarðanir um Nóbelsverðlaunahafa verið teknar í gegnum tíðina. Því má vel ímynda sér að Halldór Laxness hafi eitt sinn verið til umræðu við borðið í kjallaranum meðan Nóbelsnefndin gæddi sér á kjötbollum. Veitingastaðurinn er í elsta hverfi borgarinnar, Gamla Stan, í kjallara gamallar byggingar en á vefsíðunni [www.visitstockholm.com](http://www.visitstockholm.com) er að finna upplýsingar um staðinn auk fjölda annarra áhugaverðra staða, hótela og afþreyingar í borginni.



## HELLA Í EYRUM

Hella í eyrum er hvítleiður fylgikvilli flugferða en af hverju fáum við hellu?

Eyrað skiptist í þrjá hluta, úteyra og hlust, miðeyra eða hljóðhol og innra eyra. Úteyrað og hljóðholið eru fyllt lofti og skilur hljóðhimnan á milli. Hellan stafar af þrýstingsmun yfir hljóðhimnuna og myndast þegar skyndileg breyting verður á innri eða ytri þrýstingi. Kokhlustin, sem er mjög grónn pípa, tengir miðeyrað við kokið og þegar hún opnast kemst auka loft út og þrýstingurinn jafnast. Þess vegna má reyna að geispa eða kyngja til að losna við helluna.

Heimild: *Vísindavefur Háskóla Íslands*


## GRANNASTRÍÐ Í SKANDINAVÍU

Það eru ekki allir sáttir við að Svíar skuli auglýsa Stokkhólm sem höfuðstað Skandinavíu, „Capital of Scandinavia“. Nú hefur norskur ferðamálastjóri kvartað formlega yfir þessu slagorði og segir það misvísandi.

„Stokkhólmur liggur í útjaðri Skandinavíu og er með þriðja stærsta flugvöllinn á Norðurlöndum. Það getur því ekki verið rétt að kalla borgina þessu nafni,“ segir Norðmaðurinn. Frá árinu 2005 hefur Stokkhólmur markaðssett sig undir þessu slagorði sem hefur vakið talsverða reiði íbúa hjá grannþjóðunum, Noregi og Danmörku. Margir Kaupmannahafnarbúar hafa sent kvörtunarbref til markaðsstofunnar. Svíarnir svara með því að vísa til þess að borgin sé miðsvæðis, íbúar

séu 3,5 milljónir og að þeir fái um 40% ferðamanna sem heimsækja Skandinavíu. Auk þess benda þeir á að í Stokkhólmi séu Nóbelsverðlaunin afhent.

Norðmaðurinn kaupir ekki þessa skýringu. Hann telur að Ósló, Kaupmannahöfn og Gautaborg séu mun meira miðsvæðis en Stokkhólmur. Einnig bendir hann á að bæði Kastrup-flugvöllur og Gardermoen séu stærri en Arlanda. Þá minnir hann á að friðarverðlaunin séu veitt í Ósló. Loks bendir norsk ferðamálastjóriinn á að Skandinavía sé hvorki ríki eða land og geti því ekki haft eigin höfuðborg. „Stokkhólmur er ekkert betri en aðrar höfuðborgir í Skandinavíu,“ skrifar Norðmaðurinn. [Aftonbladet.se](http://Aftonbladet.se) og [vg.no](http://vg.no) greina frá þessu.



# Heilsuferð til Spánar þar sem konur blómstra

Heilsuborg efnir til kvænnaferðar til Spánar 23.-30. maí þar sem áhersla verður lögð á heilbrigðan lífsstíl, gleði, dekur og fræðslu.

Ferðin er ætluð konum á öllum aldri og boðið verður upp á mjög fjölbreytta dagskrá sem hentar öllum aldri. „Tilgangurinn er að vinna ofan af sér eftir veturinn og endurhlaða batteríin fyrir sumarið,“ segir Anna Borg, fararstjóri ferðarinnar, sem einnig er sjúkraþjálfari hjá Heilsuborg. Með henni verður Sigríður Arnardóttir, Sirrý, fararstjóri en hún var að senda frá sér bókina Blómstraðu í lífi og starfi - Laðaðu fram það góða. Allir sem skrá sig í ferðina fá eintak af bókinni.

### Hollur lífsstíll

„Í ferðinni tvinnast saman hreyfing, gleði, dekur og fræðsla. Við viljum stuðla að þeim þáttum sem snúa að betri heilsu. Á hverjum morgni hreyfum við okkur og teygjum síðan á ströndinni. Boðið verður upp á heilsusamlegan mat en hálf fæði er innifalið. Okkar markmið er að innleiða heilbrigðar venjur án öfga. Við viljum sem sagt finna hinn gullna meðalveg,“ segir Anna. „Sirrý verður með frábæra dagskrá sem byggir á nýju bókinni hennar. Sjálf starfa ég sem sjúkra- og einkaþjálfari hjá Heilsuborg og mun hafa alla þjálfun einstaklingsmiðaða. Það ættu því allir að geta tekið þátt í því sem fram fer. Ég vil gjarnan hjálpa konunum að finna sitt jafnvægi og tileinka sér hollari lífsstíl án skyndilausna. Það er betra að finna sér réttan farveg til að árangurinn verði varanlegur,“ segir Anna.

„Fyrir utan hreyfingu og hollt mataræði bjóðum við upp á dekur, enda er þetta spa-hótel. Leirböð eru í boði, við förum í vínsmökkunarferð og við kíkjum í verslanir. Það verður boðið upp á eitthvað skemmtilegt alla dagana,“ segir Anna og bætir því við að öll þátttaka í dagskránni er frjálst val.

### Dekur og lúxus

Hótelid sem dvalið verður á er sunnan við Alicante. Það er fjögurra stjörnu og heitir Costa Narejos. Það er í Los Alcazares sem er 100 metrum frá stærsta innhafi Evrópu, Mar Menor. Strandlengjan einkennist öll af miklum hreinleika og góðri aðstöðu. Á hótelinu er líkamsræktarsalur og heilsulind þar sem boðið er upp á nudd og snyrtimedferðir. Golf er innan seilingar frá hótelinu.

Þetta er í annað sinn sem Anna



Teygjur á ströndinni eftir hressandi morgungöngu.

og Sirrý fara með hóp í heilsuferð til Spánar og segja þær að mjög skemmtileg stemning hafi skapast í fyrri.

### Engin einmana

„Það sem mér finnst svo gott við þessar ferðir er að konurnar koma á sínum forsendum. Þær velja úr dagskránni sem hentar þeim en þetta eru konur á öllum aldri,“ segir Sirrý. „Margar eru þreyttar eftir veturinn og vilja fá sól, hvíld og dekur á meðan aðrir vilja taka sig í gegn. Ég býð upp á samverustundir úti við sundlaugina þar sem ég spjalla um samskiptafærni og að laða til okkar það góða. Það má kannski segja að við Anna bætum hvor aðra upp, þar sem hún sér um líkamlega hlutana á meðan ég er með þann andlega.“

Málningarþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. á netfangið: malarar@simnet.is og s. 891 9890.

**VINNAN**  
**GÖFGAR**

Öll málningar og verktakabjónusta. Gæði framfar illu. vinnangofgar.is, s.7780100. 5% af hagnaði af verki til mottumars.Bjóðum upp á raðgreiðslur.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

**Nudd**

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

**Spádómar**

**Spásímenn 908 5666**  
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Spásími 908 7000**

Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbærni, draumar og trúnaður. Opíð frá 10-17 lau og allan sun. S. 863 1987 visa/euro.

Spái: í spil, bolli, lófa og rúnir. Kr. 4500. Tímáparentanir í síma 845 8896.

**Húsviðhald**

**Sprautulökkun**  
sprautum innréttingar, innihurðir, húsgögn og fl. Sækjum og sendum á höfuðborgarsvæðinu. Gerum föst verðtilboð.  
**Gná ehf, Uppl. s. 894 7200.**

**Viðhalds**  
**VERK ehf**

**Húsviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**

Múrara, málarar, háþrýstjvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**VIÐHALD**  
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumest m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmiðavinnu • pipulagnir • raflagnir
- flisalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.  
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**RENNUR & NIDURFÖLL**

ERU RENNRNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Uppsetningar, Pakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjamsklæðningu og alla aðra Blíkksmiðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

**Parketslípun**  
sólfallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

**Gólf list**

99% RYKFRITT

**Steinslípun**  
**Kjarnaborun**  
**Steinsögun**

Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu  
Litliklettur.is - s: 699-0355

**Hellulagnir/Pallasmíði**  
Tökum að okkur alla lóðalögun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardaunsnr@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flisalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Þjónustuauglýsingar** Sími 512 5407

**Fyrirtæki í ferðapjónustu til sölu!**

Er með leyfi til ferðaskipulagninga og bílaleigu, og bílar fylgja, auk þess allt kynningarefni og viðskiptasambönd. . Góð heimasíða fylgir. Verð kr. 7,5 millj. fyrir allt

Uppl gefur :  
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is

**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið. Mikkið úrval af skartgripaefni, gott verð. Allt til gler og leir vinnslu.

ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF

**GLIT**  
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

www.glit.is

Tökum að okkur nidurrif Innanhúss og utan einnig Jarðvinnu

**DEMOLITION**  
Team

tel: 7737878  
email: nidurrif@gmail.com

**Lok á heita potta**

Áklæði úr sterkum pvc segldúk til í 3 litum Gerum einnig yfirbreiðslur á kemur, báta og fl.

Upplýsingar gefur Kristinn í síma 899-7663 eða tjalda@simnet.is

**XPRENT**  
-merkir allt!

Umhverfismerkingar. Bíla- og gluggamerkingar. Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

**Frábær GSM myndavél og öryggiskerfi**

Hægt er að tengja 10 skynjara við myndavélina. Sendir myndir í símann eða á e-mail.

Dalvegur 16b s: 554-2727  
verð frá kr. 48.346

Hugna.is

**VERK ehf.**  
BYGGINGAFÉLAG

Rafvirkjar - Smiðir  
Flísalagnir - Múrara  
Málara - Pípara

Allar almennar húsviðgerðir!  
698 6738  
www.lp-verk.is

**LOK Á HEITA POTTA**

- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

Fjarðarbólstrun Sími 864 4188  
fjarðarbollstrun@gmail.com

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

**BROTAFL**  
STEINSÖGUN • BORUN • BROT

Brotafli ehf  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
Netfang: brotafl@simnet.is

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR  
BREMSUKLOSSAR  
SPINDILKÚLUR  
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA  
SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066

**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÚÐUNS**

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510  
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.

**OK**  
VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**  
gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

**PVC - U  
PLAST GLUGGAR  
& HURÐIR  
ÍSLENSK  
FRAMLEIÐSLA**

**Ekkert viðhald**

**Kjarnagluggar**  
Selhelli 13 Hafnarfirði  
Sími: 554 2800  
www.kjarnagluggar.is

**byggjum:  
múrarar  
málarar  
píparar  
flísalagnir  
alhlíða viðhald**

heildarlausnir  
í framkvæmdum  
www byggjum.is  
s.578 6080

**byggjum**

**Rafvirkjun**

**Raflagnir  
Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733

**Jón Jónsson**  
Löggiltur rafverktaki  
www.raflagnir.is

**Raflagnir, dyrasímar.**  
S. 663 0746.  
Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**B.S. VERKTAKAR**

Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktakar.is

**Til sölu**

Eddystone herfirill til sölu Cal 3006 gott ástand 120.000 7705144

**Atvinna**

**„Uppsláttur“ Verktaki óskast.**

Traustur byggingaraðili óskar eftir tilboði í uppsteypu á tveimur 36 íbúða fjölbýlishúsum ásamt bílakjallara.

Verkkaupi útvegjar vönduð mót og krana til verksins. Aðeins vanir og vandvirkir menn koma til greina.

**Upplýsingar í síma 665-8867  
haghus@internet.is**

**Verðmætaskápar**  
Kjörin stærð fyrir heimili

**ÖRYGGI VELFERÐ**

Vefverslun - oryggi.is  
Sími 570 2400 - Askalind 1

**ÖRYGGIS  
MIBSTÖÐIN**

**Gama-  
Gisti-  
Salernis-  
hús**

VIÐGERÐIR • LEIGA • SALA

**www.stolpigamar.is  
568-0100**

**Stólpi Gámar ehf**  
Grettisgötu 5, 104 Reykjavík

**Slökkvitæki og  
reykskynjarar**

**ÖRYGGI VELFERÐ**

Vefverslun - oryggi.is  
Sími 570 2400 - Askalind 1

**ÖRYGGIS  
MIBSTÖÐIN**

**Fermingartilboð**

15% afsláttur af öllum saltkristalslömpum. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata). Ópið mán-fös 12-18, lau 12-15. Sími 517-8060. ditto.is

Til sölu 4ltíð notuð 15" nagladekk verð 25000 og 26" 21gría trex fjallahjól, verð 15þús s.7725290

Innréttingar og lager til sölu. Mikið að flottum innréttingum fyrir verslanir. Einngi góður fatalager til sölu. Skoðið á www.gulahusid.is og sendið fyrirspurnir á skrifstofa@gulahusid.is

**Frystiskápur til sölu**

IGNIS Frystiskápur til sölu Gamall en góður. 20.000 kr s.6154349

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is  
S. 552-4910.**

**Námskeið**

**STANGVEIÐIMENN ATHUGIÐ**

Síðasta námskeið vetrarins í flugköstum í TBR húsinu Gnoðavogi 1. **Hefst sunnudaginn 1. apríl kl. 20:00. Kennst verður 1 - 15 - 22 - 29 apríl.**

Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu (**ekki kort**) mætið tímanlega munið eftir inniskóm.

**Verð 13.000 kr enn 11.000 kr til félagsmanna.**  
Uppl. í síma 894 2865 Gíslis eða í síma 896 7085 Svavar KKR, SVFR og SVH

**Kaupi gull !**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin**

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseöla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

**Sjónvarp**

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örkyja. Sækjum. Litsyn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**Verslun**

**eros.is**  
"Kryddi á elverun"

**Heilsuvörur**

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. S. 896 4662 www.lifstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**

**TANTRA NUDD**  
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**  
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Ópið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

**Þjónusta**

**Dóra Dröfn Skúladóttir**, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@sinnet.is.

**Húsnæði í boði**

Herb. í Bökkunum til leigu, eldunaraðst. aðgang. að salemi og sturtu S 6931954

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

109 Rvk - Seljahverfi Gott herb. aðgangur að baðherb., ísskáp, o.fl. Snýrtileg aðstaða. Reglusemi áskilin. Uppl. 891 7630.

Til leigu 2. herb. íbúð á svæði 108 (langagerði) 2 mán trygging. Uppl í s. 896 0096

**Akureyri - gisting**

Yndisleg fullbúin íbúð á besta stað. Uppl. í S.770 5018, inra@hive.is Gott tilboð

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**www.aksturinn.is  
S. 694 9515**

Öku og bifhólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**www.aksturinn.is  
S. 694 9515**

Öku og bifhólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**Dýrahald**



Til sölu 4 ára gömul Ensk Bulldog tík, aðeins gott framtíðarheimili kemur til greina. Uppl. í síma 662-2700



Allt fyrir hænur. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Ópið mán-fös 10-18



Australian Shepherd hvolpar til sölu. Afhendast í apríl, með ættbók. Uppl. um gotið á www.reese8.weebly.com eða í síma 899 7500.



**Langar þig í hund?**

Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarféлага. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is

**Hestamennska**

Smíða innréttingar í hesthús, heitgalvanserað. Margra ára reynsla. Uppl. í s. 869 6690 / Aðalsteinn.

**Húsnæði í boði**

Herb. í Bökkunum til leigu, eldunaraðst. aðgang. að salemi og sturtu S 6931954

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

109 Rvk - Seljahverfi Gott herb. aðgangur að baðherb., ísskáp, o.fl. Snýrtileg aðstaða. Reglusemi áskilin. Uppl. 891 7630.

Til leigu 2. herb. íbúð á svæði 108 (langagerði) 2 mán trygging. Uppl í s. 896 0096

**Akureyri - gisting**

Yndisleg fullbúin íbúð á besta stað. Uppl. í S.770 5018, inra@hive.is Gott tilboð

Lagtaekur maður (Handyman) óskast. Mála, þrifa, aka. 30 ára eða eldri. Uppl. í S. 664 5900

**Vinna heima**

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 821 4445

Óska eftir smíðum/launamönnum í klæðningarvinnu. Vissa/Kristján s. 821 9661.

105 Stangarholt. Fint stúdíóherb fyrir einstakl. Bjart og rúmgott með eldh. innr. Vask, ísskáp, stór fataska, þvottav. tengi. Internet. V. 40 þ. með öllu. S. 891 8610.

Til leigu lítil 36,5fm húsnæði, vestanlega á Grettisgötu fyrir ýmislega atvinnu starfsemi t.d. hönnun eða skrifstofu. í 101 Rvk. Uppl. í s. 820 4947.

Herb. til leigu í Kóp. Laust. V. 30þ. á mán. + 3 mán. fyrirf. S. 868 7283 eða 692 3397.

**Húsnæði óskast**

Íbúðareigandi í Hfj óskar eftir að leigja 3ja herb. íbúð í 101 í 1-2 ár jafnvel lengur. Reyklaus,reglusöm án gæludýra. Öruggar greiðslur. uppl. í s.6935016 eða hhibud@gmail.com

Óska eftir húsnæði sem fyrst með húsgögnum í skammtímaleigu. Uppl. s. 659 9508

Húsnæði með bílskúr óskast ca. 15/6-15/9 í Rvk eða Kópav. 3-5 svefnherb, 1-2 baðh. Helst með húsbúnaði, þvottavél og þurrkara. Vinsamlegast hafið samband við Tómas í brattahlid. accounting@gmail.com Brattahlid Iceland Adventure

**Sumarbústaðir**



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**

Gistiaðstaða f. 10-12 manns. Helgarleiga 60þús. sun-föst 5 nætur 75þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhús.edicypages.com

**Nuddpottur**

Til sölu nýr 40 stúta nuddpottur m/2 dælum frá poulsen. Uppl. í síma 898 8040.

**Atvinnuhúsnæði**

flott húsnæði flott staðss. til leigu hentar hönnun-tísku-skó uppl sendist á 101mids@gmail.com

**Geymsluhúsnæði**

Óska eftir að taka geymsluhúsnæði á leigu í hált ár á suðvestuhorninu. S. 892 0222

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Bílskúr**

Til leigu 21m2 bílskúr í 108 Reykjavík. Hít, rafmagn, kalt vatn. Laus frá 1.apríl. Verð 32.000.Sími 693 9049

**Gisting**

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

Verð frá 1050 dkr/móttin í 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038 apartments.cph@gmail.com www.ibudikoben.is

**Atvinna í boði**

**Veislulist Skútan**  
Óskar eftir starfsmanni í uppvask og aðstoð í eldhús frá kl. 08-16.

**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 565 1810**

**Atvinna óskast**

Smíðir geta bætt við sig verkefnum t.d. gluggasmíði og viðgerðir, sólpallar, girðingar og alla almenna viðhaldsvinnu úti sem inni. S. 899 4049

**Einkamál**

**NÝTT NÚMÉR 908 1666**

Spjalldómur, hlökkum til að heyra í þér.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**  
Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og starfsfólk á vaktir.

Unnið er á 15 daga vöktum.

Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi.

Áhugasamir setji inn umsókn á **www.nings.is**

**Hreint ehf**  
is seeking part time cleaning employers. During the day or in the evening. Applicants must be over 20 years old, speak English or Icelandic and be able to provide a clean criminal record. Hreint works in Reykjavík area, Akureyri, Akranes, Hveragerði and Selfoss.

**For more information contact Hreint tel: 554-6088.**  
**For an online application go to www.hreint.is**

**Hreint ehf**  
óskar eftir starfsfólki í hlutastörf við ræstingar, dag- og síðdegisræstingar. 20 ára og eldri, íslensku- eða enskumælandi skilyrði með hreint sakavottorð. Starfsstöðvar Hreint eru á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Akranesi, Hveragerði og Selfossi.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma: 554-6088.**  
**Hægt er að sækja um störf á www.hreint.is**

**HANDVERK Í HÁVEGUM HÁFTO**

**KORNIÐ**

**Afgreiðslufólk óskast!**  
vantar í fullt starf og hlutastarf í bakaríni okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is

**The Laundromat Cafe**

**The Laundromat Cafe**  
leitar að vönu starfsfólki í eldhús, full vinnu eða hlutastarf. Frábær starfsandi og góðar tekjur í boði fyrir rétta aðila :)

**Umsóknir sendist á yfirkokkinn okkar elskulega Þorkel Garðarsson í netfang : Laundromatcafe@gmail.com**

**N1**

óskar eftir að ráða áreiðanlega og öflugra starfsmenn til starfa á hjólbarðaverkstæðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu.

**Nánari upplýsingar veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030. Áhugasamir sækja um á www.n1.is**

Óskum eftir starfsfólki í eldhús og uppvask í hlutastarf. 18 ára aldurstakmark. Umsóknir sendist á rubyuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

**Atvinna óskast**

Smíðir geta bætt við sig verkefnum t.d. gluggasmíði og viðgerðir, sólpallar, girðingar og alla almenna viðhaldsvinnu úti sem inni. S. 899 4049

**Einkamál**

**NÝTT NÚMÉR 908 1666**  
Spjalldómur, hlökkum til að heyra í þér.

# Camplet-tjaldvagnar: Léttir og meðfærilegir

Rúmgóðir og meðfærilegir tjaldvagnar njóta vaxandi vinsælda hérlandis. Ellingsen selur slíka vagna í góðu úrvali. Þar á meðal Camplet-tjaldvagna sem góð reynsla er komin á hérlandis.

Sala á tjaldvögnum hefur aukist verulega síðustu ár. Þór Ragnarsson, sölumaður hjá Ellingsen, spáir því að engin undantekning verði á því í ár. „Salan fer vel af stað. Allt bendir til þess að við Íslendingar séum loksins að komast upp úr hjólförum kreppunnar.“

Spurður hvers konar tjaldvagnar njóti vinsælda segir Þór viðskiptavinum helst á höttunum eftir léttum og meðfærilegum vögnum. „Fólk kysir vagna sem eru ekki mikið þyngri en 250 kíló og þar af leiðandi bæði auðveld og ódýra í drætti,“ útskýrir hann. Getur hann þess að tjaldvagnar af þessu tagi hafi lengi verið til á markaði en séu nú aftur að verða eftirsóttir eftir að eldsneytisverð hækkaði.

Þór segir Ellingsen selja nokkrar gerðir tjaldvagna sem falla í þennan flokk. Þar séu vagnar frá Camplet einna vinsælastir. „Enda ekki að ástæðulausu. Því auk þess að vera léttir þá eru vagnarnir bæði rúmgóðir og þægilegir í uppsetningu. Það tekur ekki nema um fimm til tíu mínútur að setja þá upp,“ bendir hann á og bætir við að fyrir utan hefðbundinn

staðalbúnað á borð við vask, eldavél, eldhúsinnréttingu og vatnsdælu sé fjölbreytt úrval aukahluta í boði. „Þar á meðal hliðarherbergi, stórt þakskyggni, farangursbox framan á vagninn og margt fleira. Eða allt eftir þörfum hvers og eins. Gríðarlegir möguleikar eru í boði.“

Framleiddar eru nokkrar gerðir af Camplet-tjaldvögnum. „Þar kemur Camplet Classic sterkur inn. Þetta er fjögurra manna tjaldvagn, átján fermetra, búinn svefnherbergjum, fyrrnefndum staðalbúnaði og akrýl öndunardúk að auki. Með aukaherbergi verður hann sex manna,“ lýsir Þór.

## Vandað vörumerki

Spurður út í Camplet segir hann þetta vera danskt fjölskyldufyrirtæki sem eigi sér langa og farsæla sögu. Tjaldvagna hafi það framleitt í ein 40 ár og dæmi séu um að allt að 25 ára gamlir vagnar sjáið hér á götum. „Sem eru auðvitað góð meðmæli, sýnir fram á að endingin er góð, á undirvagni, skel og dúk,“ segir Þór. „Á þeim öllum er tveggja ára ábyrgð en hingað til hefur lítið reynt á hana.“

Þór segir vel tekið á móti gestum og gangandi hjá Ellingsen. Fyrirtækið rekur verslanir á Fiskislóð 1 í Reykjavík og Tryggvabraut 1 til 3 á Akureyri. Nánari upplýsingar á heimasíðu Ellingsen. Slóðin er ellingsen.is.



Þór Ragnarsson, sölumaður hjá Ellingsen, spáir mjög góðri sölu á tjaldvögnum í ár.

MYND/VALLI



Þór segir Camplet-vagnana léttu og meðfærilega sem geri þá þægilega í drætti og uppsetningu.

MYND/VALLI

Vel fer um fólk í Camplet Classic og er hægt að bæta við alls konar aukabúnaði til að auka á þægindin.



Camplet-tjaldvagnarnir eru búnir öllum helstu þægindum.

# Aliner fyrirmynd annarra A-húsa

Ellingsen selur Aliner A-hús í góðu úrvali en þau eru þekkt fyrir fallega hönnun og þægindi.

„Þetta eru alveg rosalega flottir vagnar, vel einangraðir, ekki nema um þrjátíu sekúndur í uppsetningu og búnir öllum helstu þægindum, miðstöð, ísskáp, eldavél og fleiru. Svo eru þeir alveg einstaklega þægilegir í drætti. Munar næstum engu um þá.“

Þannig lýsir Þór Ragnarsson, sölumaður hjá Ellingsen, Aliner, svokölluðum A-húsum, sem fyrirtækið býður í góðu úrvali. Hann segir að miðað við hversu meðfærilegur vagnarnir séu, til dæmis minni en hjólhýsi, komi mörgum verulega á óvart hversu rúmgóðir þeir eru.

„Fólk rekur oft upp stór augu þegar inn í vagnanna er komið. Enda er þetta næstum eins og að vera í hjólhýsi. Einn helsti munurinn er sá að menn þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því að komast heim til sín. Þeir brjóta bara húsin saman og fara heim.“

Þór segir góða reynslu komna á Aliner hérlandis. „Hún nær aftur um 20 ár en vagnarnir sjálfir hafa verið framleiddir í Bandaríkjunum í um 30 ár,“ bendir hann á og bætir við að Aliner hafi sett ný viðmið í framleiðslu A-húsa. „Sérstaklega er varðar þann eiginlega að geta brotið húsin saman. Í raun má segja að í þeim efnum sé Aliner fyrirmynd annarra A-húsa.“




Flottir, vel einangraðir, einfaldir í uppsetningu og búnir öllum helstu þægindum. Þannig lýsir Þór Ragnarsson Aliner A-húsunum. Mörgum kemur á óvart hversu rúmgóð húsin eru.

MYND/VALLI



Í ár ætlar Ellingsen að bjóða upp á þrjár gerðir af Aliner:  
Aliner Expedition  
Aliner Expedition Titanium  
Aliner Classic með utan vega (off-road) búnaði



„Þetta er besti tjaldvagninn á markaðnum í dag,“ segir Jóhannes Þórarinnsson, innkaupa-  
stjóri hjá Víkurverki, en hann hefur sjálfur ferðast með Family Camp pvers og kruss um  
landið í öllum veðrum.

MYND/VILHELM



Family Camp er léttur tjaldvagn sem auðveldlega er hægt að ferðast með um hálendið.

MYND/VÍKURVERK

# Íslenskur tjaldvagn

**Víkurverk** kynnir tjaldvagn sem er sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður. Vagninn er hannaður og framleiddur hér á landi og þolir vel ferðalög um hálendið og yfir óbrúðar ár.

**F**amily Camp er íslensk hönnun frá A til Ö. Sá sem framleiðir hann var umboðsaðili fyrir CombiCamp á Íslandi til fjölda ára og byggir á þeirri reynslu,“ útskýrir Jóhannes Þórarinnsson, innkaupa-  
stjóri hjá Víkurverki í Kópavogi en Víkurverk fer með söluumboð Family Camp.

Tjaldvagninn er smíðaður hér á landi til að standast íslenskar aðstæður. Uppbyggingin er svipuð og í hjólhýsi, vagninn er úr trefjaplásti með 15 millimetra einangrun í hliðum og í lokinu er 10 millimetra einangrun. Undir svefnstæðinu er 15 sentimetra ými sem einnig myndar einangrunarlag.

„Vagninn er mjög hlýr en dúkurinn er úr 100 prósent bómull og

svefntjöldin einnig. Ég svaf sjálfur í svona vagni í lok október í sex stiga frosti og þá var ekki nema eins stig frost inni í vagninum,“ segir Jóhannes.

Þá eru einnig sérstök stormstög sem tryggja stöðuglyndi þegar hvasst er. Farangursgrindin er hluti af læsingunni á lokinu svo engin hætta er á að vagninn opnast á ferð. Í vagninum er svefnpláss fyrir fjóra í tveimur herbergjum. Hann er einfaldur í uppsetningu og tekur einungis nokkrar mínútur að reisa hann og setja upp for-  
tjald.

„Þetta er besti tjaldvagninn á markaðnum í dag,“ segir Jóhannes. „Við höfum þegar kynnt hann fyrir samstarfsaðilum okkar erlendis og það er gríðarlegur áhugi

á að selja hann út. Þá bjóðum við miðstöð með tjaldvagninum sem þekktist ekki annars staðar en það hefur vantað á íslenskan markað,“ útskýrir Jóhannes og segir það meðal annars ástæðu þess að margar fjölskyldur hafi farið úr tjaldvagni yfir í fellihýsin undanfarin ár. Tjaldvagninn sé þó liprari til allra ferða.

„Family Camp er einungis 310 kíló að eigin þyngd og hvaða bíll sem er getur dregið hann. Við bjóðum vagnana með 2 kílóvatta miðstöð sem gengur fyrir gasi og rafmagni. Það er því hægt að nota vagninn í hvaða veðri sem er allan ársins hring og þvælast með hann þvert yfir hálendið. Ég ætla til dæmis sjálfur í útilegu um páskana en það er ekki algengt að

fólk komist í útilegu í byrjun apríl á Íslandi, en með Family Camp er það hægt. Tjaldvagninn er einnig mjög þéttur og þolir vel að fara yfir sverustu ár og það fer ekki inn í hann eitt rykkorn á malarvegum,“ segir Jóhannes.

Family Camp var frumsýndur á síðasta ári en sala hófst á honum í ár. Jóhannes segir áhugann mikinn og Family Camp sé það sem íslenskt útilegufólk hafi beðið eftir.

„Íslendingar eru mikið fyrir útilegur og þessi vagn er til dæmis mjög sniðugur kostur fyrir ungt barnafólk sem ekur á litlum, eyðslugrönnum bíl. Hann er einnig á mjög góðu verði en við bjóðum hann núna á tilboði með miðstöð á 1.390.000 krónur.“



Svefnpláss er fyrir fjóra í tveimur herbergjum.

MYND/VÍKURVERK

## FAMILY CAMP

Galvaniseruð grind með AL-KO flexitor

13 tommu felgur

Heildarlengd 360 sentimetrar

Breidd 171 sentimetrar

Heildar leyfileg þyngd 550 kg

Burðargeta 240 kg



Fiatinn á Hellisandi.



Soffía við eldamennskuna í húsbílnum.



Félagar úr húsbílafélaginu á góðri stund.

# Með ferðabakteríu í blóðinu

Soffía Ólafsdóttir, formaður Félags húsbílaeigenda, segir haustlitadýrðina á Þingvöllum vera eitt af því fegursta sem getur að líta á landinu.

**Þ**etta er afskaplega skemmtilegur ferðamáti,“ segir Soffía Ólafsdóttir, formaður Félags húsbílaeigenda. Hún kveðst hafa ferðast um landið í tjaldi til að byrja með en árið 1990 fjárfest í fellihýsi og skipt svo yfir í húsbíl nú árum seinna. Hún hefur því töluverða reynslu af hinum ýmsu gerðum ferðahýsa.

„Þetta er þriðji bíllinn sem við eigum, ég er reyndar orðin ein núna þar sem ég missti manninn minn fyrir tveimur árum,“ segir Soffía. Það aftrar henni þó ekki frá því að setjast upp í húsbílinn og

aka af stað. Í dag ferðast hún mikið með fjölskyldunni og vinahópum. „Það er þessi ferðabaktería í blóðinu, einn sonur minn er í félaginu og er með bíl, svo hefur dóttir mín ferðast með mér og barnabörnin.“ Einnig fer hún í ferðir með ferðafélögum í Félagi húsbílaeigenda sem er með skipulagðar hópferðir á hverju ári vítt og breitt um landið. Soffía fékk sjálf ferðabakteríuna frá sínum foreldrum sem ferðudust mikið. „Þau voru komin með húsbíl löngu á undan okkur og við fengum húsbílabakteríu frá þeim, svona gengur þetta í næstu

ættleggi.“ Spurð hvort hún eigi sér uppáhaldsstað á landinu segir Soffía að litadýrðin á Þingvöllum á haustin sé einstök. „Gaman er að fara í helgarferð á haustin bara til að fylgjast með litadýrðinni, ef að gott er veður og spegilslétt vatnið. Þá er það eins og málverk.“

Bíllinn sem hún ekur á er 2009 árgerðin af Fiat með LMC yfirbyggingu sem hún keypti hjá Víkurverki. „Maður fer ekki mikið út fyrir hefðbundna vegi á þessum bíl, við köllum þessa bíla pappakassa. Það eru bílar sem eru betur búnir til fjallaferða sem notaðir

eru í það.“ Hún bendir fólk á að skoða vel það sem í boði er áður en fjárfest er í bíl. Gott sé að leita ráða hjá fólkum sem átt hefur húsbíl í einhvern tíma, svo sé bara að skoða og spyrja ráða hjá söluáðilum. Hún hrósar Kjartani Jóni Bjarnasyni, verkstæðisformanni Víkurverks, sérstaklega og er greinilega ánægð með þá þjónustu sem bíllinn hefur fengið þar.

Soffía hefur mest ferðast innanlands en þó farið tvisvar til Færeyja og einu sinni til Noregs og segist vel geta hugsað sér að fara á báða þessa staði aftur í góðra vina hópi.

Hvað varðar sumarið er nóg um að vera. Þar á meðal „stóra ferðin“ sem er níu daga ferð sem farið er á hverju ári á vegum félagsins. Að þessu sinni er stefnan tekin á Vestfirðina. „Ég hvet alla þá sem eiga húsbíl að ganga í Félag húsbílaeigenda, þetta er skemmtilegur félagskapur með lífsglöðu og skemmtilegu fólkum sem á það sameiginlegt að ferðast um landið,“ segir Soffía. Hún bendir áhugasömum á heimasíðu Félags húsbílaeigenda, husbill.is, þar sem er að finna allar upplýsingar um þær ferðir sem farnar eru auk annars fróðleiks.





Dómkirkjan í Köln lætur engan ósnortinn.



Barcelona iðar af lífi.



Vilnius, höfuðborg Litháen, geymir fallegar perlur.



Prag er heillandi borg sem er gaman að heimsækja.



Edinborg býr yfir einstökum sjarma.

# Iceland Express á fljúgandi ferð

Sumaráætlun Iceland Express einkennist af krafti og áráðni þar sem boðið er upp á margar nýjungar fyrir íslenska ferðamenn.

Fjórir nýir og spennandi áfangastaðir bætast í sumaráætlun Iceland Express í sumar. Þetta eru Prag, Vilnius, Köln og Edinborg og hafa bæði íslenskir ferðamenn sem og íbúar þessara borga brugðist mjög vel við þessara nýju ferðamöguleikum. Allt eru þetta miklar menningarborgir með fjölbreyttu mannlífi, sögu og afþreyingarmöguleikum. Útlit er fyrir að flogið verði til Prag og Kölnar inn í haustið og jafnvel veturinn, enda eftirspurnin mikil. Í Prag bjóðast miklir möguleikar á ódýru flugi um austur- og suður Evrópu með

systurfélaginu Holidays Czech Airlines sem sér um allt flug fyrir Iceland Express.

Barcelona nýtur einnig stöðugt meiri vinsælda sem áfangastaður og er stefnt að því að lengja ferðatímabilið þangað inn í haustið. Iceland Express er þátttakandi í verkefninu Ísland allt árið og því er unnið að því að fjölga þeim áfangastöðum sem flogið er til inn í haustið og jafnvel veturinn. Hluti af þessu er að bjóða erlendum ferðamönnum upp á fleiri möguleika á áfangastöðum á Íslandi en Keflavík. Þegar sumarflugi Iceland Express milli Akureyrar og

Egilsstaða til Kaupmannahafnar lýkur í ágúst er stefnan sett á beint flug milli Akureyrar og einhvers áfangastaðar í Evrópu í október og nóvember. Þar virðist mesta eftirspurnin vera eftir beinu flugi til London. Þá er verið að skoða flug frá Akureyri í febrúar. Allt er þetta gert í samvinnu við ferðabjónustuna og fleiri aðila á Akureyri og Norðurlandi til að auka ferðamannastrauminn yfir vetrartímann.

Markmið Iceland Express er og hefur alltaf verið að lækka verð, bæði innlendum og erlendum ferðamönnum til hagsbóta sem

þá hafa meira milli handanna á ferðalögum sínum. Í níu ára sögu sinni hefur Iceland Express verið leiðandi í lækkun á verði farmiða og ætlar sér að vera leiðandi í þeirri vaxandi samkeppni sem er í flugi til og frá Íslandi.

Iceland Express leiðbeinir fólki við að fullkomna ferðina sína og býður upp á ýmiss konar þjónustu í þeim efnum. Félagið er með hagstæða samninga við bæði hótél og bílaleigur þannig að óvíða er hægt að tryggja sér ódýrari gistingu og bílaleigubíla víðs vegar um Evrópu en hjá okkur.

Hjá Iceland Express er rekin

öflug hópadeild sem leggur sig fram við að gera hópferðina ógleymanlega. Ýmsir möguleikar eru á að sérsníða hópferðina, til dæmis með sérstökum mat um borð í flugvélunum og jafnvel skemmtiatriðum ef þess er óskað. Þá býður ferðaskrifstofan Express ferðir einnig upp á marga spennandi möguleika í hagstæðum sérferðum og borgarferðum þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar er næst á dagskrá skemmtiferð með Helga Björns söngvara til Berlínar sem var einnig í boði í fyrra en seldist upp á augabragði.

# Paradís fyrir börn í París

Pegar ferðalög með börn til útlanda standa fyrir dyrum er viðmiðið gjarna að ungvíðið hafi aðgang að strönd, leiktækjum og sundlaug. Með réttu skipulagi má þó hæglega taka börnin með í borgarferðir og allar líkur á að nýr ævintýraheimur opnast.



**Dóra Magnúsdóttir,**  
markaðsstjóri  
ferðamála hjá  
Höfuðborgar-  
stofu skrifar:

**B**orgarferðir eru gjarna skipulagðar út frá þörfum fullorðinna, sem skottast burt frá börnum og buru til þeirra lystisemda sem borgirnar hafa upp á að bjóða, svo sem í mat og menningu. En borgir eru sannkallaður ævintýraheimur fyrir börn sé rétt haldið á spilunum við undirbúning og skipulagningu ferðarinnar. Þær geta verið meira krefjandi en um leið meira gefandi með fræðslu og uppbyggilegri samveru. Þegar heim er komið stendur eftir eftirminnileg ferð sem skilur ef til vill meira eftir en vikugutl við sundlaugarbakka.

Magnaðar kirkjur, eldgömul og ógnvænleg málverk á glæsilegum söfnum, bátsferðir um ár og síki þar sem njóta má útsýnis yfir stórkostlegar byggingar og svo auðvitað fallegir garðar, kaffihús, skemmtigarðar, sporvagnar og lífið í stórborginni sem eru svo allt öðruvísi en á Fróni.

Með þessari atriði í huga er ljóst að París er paradís fyrir barnafjölskyldur svo fremi sem nokkrir mikilvægir og hagnýtir þættir eru hafðir í huga svo sem:



Ævintýrin lifna við í Disneylandi.

- Að taka almennt lengri tíma í hlutina þegar börn eru með í för.
- Að hvíla litla ferðalanga reglulega, vera með þægilegan bakpoka og hafa alltaf vatn og hollt nasl með í för.
- Nýta salerni alls staðar þar sem hægt er að koma því við.
- Leyfa barninu / börnunum að taka myndir, skoða kortið, velta fyrir sér leiðarkerfum neðanjarðarlesta og strætó og þess háttar þannig að það verði virkur þátttakandi í ferðinni. Slíkur undirbúningur nýtist barninu vel þegar það fer á eigin vegum út í heim síðar á ævinni.
- Það er ágætis viðmið að ferðast

ekki með of ung börn í borgarferðum. Stálpuð börn eru líklegri til að njóta borganna betur.

Eiffel-turninn er sennilega þekktasta kennileiti í heimi og magnað verkfræðiundur. Allt í sambandi við þennan turn er líklegt til þess að vekja óskipta aðdáun og „váá-viðbrögð“ barna og hrifnæmra sálra. Hæðin, sagan, gerð hans, þ.e. hvernig hann er skrúfaður saman upp í loft eins og mekkanó, lýsingin og glitljós-in eftir myrkur, lyftuferðin og útsýnið. Fjómargir hafa lagt leið sína upp í þennan magnaða turn, en eins og alltaf þegar ferðast er með börn, hafa þau lag á því að opna



Eiffel-turninn er magnaður á öllum tímum sólarhringsins.

augu hinna eldri fyrir ýmsum földum smáatriðum sem eru oft býsna mögnuð.

Disneyland í París vill stundum gleymast vegna þess að sama land í Flórída ku vera enn stærra og þekktara. Þessi víðfrægi skemmtigarður, sem er uppfullur af karakterum úr sögum sem börn þekkja vel, er aðgengilegur og laus við að vera yfirgengilegur. Fólk gleymir sér í ævintýraheimi með fallegum prinsessum, Lísu í Undralandi, Bósa Ljósár, vondum stjúpum og eldspúandi drekkum, í rússíbönnum, völundarhúsum, út í geim og inn í völundarhús. Walt Disney kvikmyndaverið gegnt Disneylandi

sjálfu er kapítuli út af fyrir sig sem höfðar meira til stálpaðri barna og unglunga.

Notre Dame kirkjan í París er gríðarlega glæsileg bygging. Gerð hennar hófst á öndverðri 12. öld þó svo hún hafi verið endurbyggð gegnum aldirnar. En það er ekki aldur kirkjunnar sem vekur mesta athygli barna og hrifnæmra ferðamanna, heldur stærðin og öll dýrðin. Það er ágætis ráð að horfa á Disney-útgáfuna af Hringjaranum í Notre Dame og tengja heimsóknina til borgarinnar betur við bygginguna, litríka gluggana, dýrlingana og ógnvekjandi steinþursana sem veita kirkjunni vernd gegn illum öndum og eru ansi illskeyttir á að líta.

Louvre-safnið. Hver segir að börn geti ekki heillast af heimslitinni? Monu Lísu, Venus frá Míló, raunverulegum og eldgömlum egypskum múmíum og fjöldanum öllum af stórskrýtnum málverkum, feitu englabörnum með vængi, heilögum Maríum, skrímslum, styrjöldum og fleiru sem málurum aldanna hefur þótt ástæða að setja á mynd. Hér þarf sérstaklega að hafa í huga að ganga ekki fram af ungvíðinu með því að heim-sækja of margar álmur né ætla að uppfærða of mikið, heldur leyfa börnunum einfaldlega að njóta þess sem fyrir augu ber án kvaða en með hvíld.

## Fjölbreytt þjónusta fyrir ferðamenn

Ferðþjónustufyrirtækið **Kynniferðir** hefur í áratugi boðið ferðamönnum upp á fjölbreyttar og hagkvæmar rútuferðir.

**I**rúmlega 40 ár hefur ferðþjónustufyrirtækið Reykjavík Excursions – Kynniferðir keyrt erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland og verið leiðandi í skipulögðum rútuferðum hérlandis. Fyrirtækið býður upp á rútuferðir til vinsælla ferðamannaástaða, skoðunarferðir í og við Reykjavík með leiðsögn auk ýmissa annarra ferða. Samfara auknum ferðamannastraumi til landsins hafa Kynniferðir aðlagð þjónustu sína að auknum kröfum ferðamanna.

### Hentugur kostur fyrir ferðamenn

Fyrir ferðamenn sem vilja ferðast á ódýran og hagkvæman hátt um Ísland er Iceland on your own (Ísland á eigin vegum) góður valkostur. Fjölmargar ferðir eru í boði fyrir ferðamenn og með GPS tækninni er boðið upp á leiðsögn á ensku fyrir ferðamenn. Þórarinn Þór, sölu- og markaðsstjóri Kynniferða, segir erlenda ferðamenn hafa tekið þessari nýjung vel. „Leiðakerfi okkar er byggt á gömlum grunni og hentar mjög vel fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Það er ekki bara hentugt fyrir erlenda ferðamenn heldur líka fyrir Íslendinga sem vilja ferðast um landið, til dæmis fyrir þá sem eru að skipuleggja gönguferðir.“ Að sögn Þórarins eru erlendir ferðamenn í miklum meirihluta en Ís-



Ísland á eigin vegum og Flugrútan er heppilegur ferðamáti fyrir Íslendinga segir Þórarinn Þór, sölu- og markaðsstjóri Kynniferða.

MYNDI/ANTON BRINK

lendingum fjölga þó jafnt og þétt. Vinsælustu áfangastaðir Kynniferða eru Landmannalaugar, Þórsörk, Skaftafell og Jökulsárlón.

### Þægindi í fyrirrúmi

Flugrútan hefur í rúmlega 30 ár flutt farþega til og frá Leifstöð. Hingað til hafa erlendir ferðamenn að mestu leyti nýtt sér þá þjónustu en Kynniferðir eru í meiri mæli að kynna þjónustuna fyrir innlendum ferðalöngum. Þórarinn segir Íslendinga hingað til hafa verið trega við að nýta sér þessa þjónustu og kjósa frekar að ferðast á milli með einkabíl eða að láta sækja sig í Leifstöð. „Augljós kostur við Flugrútan er sá að farþegar geta slak-

að á á ferð sinni milli höfuðborgarsvæðisins og Leifstöðvar. Þar sem allar rútur okkar eru með þráðlausu neti geta farþegar nýtt tímann til vinnu eða skemmtunar.“ Hann segir að Kynniferðir séu að kynna þennan valkost betur fyrir Íslendingum, þá sérstaklega þeim sem búa nálægt BSÍ. „Íslendingar eru farnir að nýta sér meira Flugrútan þótt sú þróun sé hæð. Það virðist vera þannig að Íslendingar séu bara svo vanir að fara á einkabíl út í Leifstöð eða láta sækja sig þangað. Það kostar sitt að keyra á milli og geyma bílinn við Leifstöð, sérstaklega ef maður keyrir einn. Því er Flugrútan skynsamlegasti kosturinn.“



## Mér finnst rigningin blaut

Fátt er leiðinlegra en blaut fót í útilegu. Það er rigning úti, krakkarnir eru búnir að vaða út í læk og fyrr en varir eru vistarverurnar fullar af blautum og rökum fötum sem erfitt getur verið að þurrka. Ef ekki er hægt að komast í þurrkara eða þvottahús á tjaldsvæðinu eru góð ráð dýr. Hér á eftir eru nokkur ráð sem gætu hjálpað.

- Vertu viss um að vera með nóg af fötum til skiptanna.
- Vertu með aukatösku, box eða poka til að geyma blaut fót í ef ekki er hægt að þurrka þau strax.
- Taktu með regnföt, góðan skóbúnað, regnslá og regnhlíf.
- Forðastu að taka með föt sem draga mikinn raka í sig og eru lengi að þorna; gallabuxur og bómullarfatnaður er lengi að þorna. Gerviefni úr póliester dregur minni raka í sig og þornar fyrr.
- Vertu með nóg af sokkum til skiptanna og poka til að setja í skóna ef í harðbakkann slær.
- Taktu snæri og þvottaklemmur með. Auðvelt er að strengja þvottasúru milli trjágreina eða tjaldsúlna til að hengja blautu fötin á.
- Kveiktu lítinn varðeld og þurrkaðu fötin, gættu þess þó að hann trufla ekki aðra eða af honum stafi hætta. Varastu að fara of nálægt, fötin gætu brunnið eða komið af þeim brunalykt.
- Leggðu fötin á heitan stein eða flöt sem sólin hefur hitað, snúðu flíkinni reglulega til að flýta fyrir þurrkun. Þessi aðferð hefur þó þann ókost að fötin gætu fokið eða óhreinkast.
- Reyndu að skipuleggja ferðalagið eftir veðurspánni og forðastu rigningu.
- Ef það rignir er gott að hafa góðar bækur meðferðis eða spil. Fátt er notalegra en að sitja inni og hlusta á þægilegan rigningarniðinn fyrir utan.

Hunt's



# GAME OF THRONES

EVROPUFRUMSYNT Á ÍSLANDI 2. APRÍL



Game of Thrones, þáttaröðin sem heimurinn hefur beðið eftir, verður Evrópufrumsýnd á Stöð 2. Hver þáttur verður sýndur hér innan sólarhrings frá frumsýningu í Bandaríkjunum. Misstu ekki af þessum mögnuðu þáttum sem voru að stórum hluta teknir á Íslandi.

Tryggðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is) því styrjöldin er í nánd!

Með áskrift að stöð 2 fylgir



243 KR.

Á DAG

FRÁBÆR DAGSKRÁ FRAMUNDAN:

**MIÐ ÍSLAND**

NÝ GAMANÞÁTTARÖÐ HEFST 22. MARS

**HANNAÐ FYRIR ÍSLAND**

SPENNANDI HÆFILEIKAKEPPNI HEFST 21. MARS

OG BESTA BARNAEFNI Í HEIMI FYRIR BÖRNIN



## Á EIGIN VEGUM

**Ferðalangur.net** er upplýsingavefur og ferðavefur fyrir ferðalanga sem ferðast á eigin vegum. Þar er að finna upplýsingar um borgir, bæi, flug, hótél, bílaleigu, íbúðaskipti og ýmislegt fleira.

Á síðunni er líka að finna rafræna bók, Vertu þín eigin ferðaskrifstofa, sem gagnast þeim sem vilja ferðast með sem hagkvæmustum hætti.

Á bak við vefsíðuna stendur Margrét Gunnarsdóttir upplýsingafræðingur sem hefur talsverða reynslu af fararstjórn og ferðalögum.



## GÓÐUR GÁTLISTI

**Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins** hefur sett saman gátlista fyrir ferðalagið. Þar eru upp talin atriði sem rétt er að huga að áður en haldið er af stað í ferðalag erlendis. Hægt er að finna listann í ítarlegri útgáfu á vefsíðunni [utanrikisraduneyti.is](http://utanrikisraduneyti.is).

Ferðaviðvaranir  
Upplýsingar um næsta íslenska sendiráð og/eða ræðisskrifstofu  
Vegabréf  
Vegabréfsáritanir  
Ökuskirteini  
Peningar  
Farmiðar  
Ferðatryggingar  
Vottorð – sjúkratryggingakort  
Bólusetningar  
Ferðalög með börn  
Lög, reglur og siðvenjur í því landi sem heimsækja á



## DAGSKRÁ ALDREI FÓR ÉG SUÐUR TILBÚIN

**Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar** Aldrei fór ég suður hafa kynnt allar hljómsveitirnar sem koma fram. Hátíðin fer fram á Ísafirði um páskahelgina og er þetta í niunda sinn sem hátíðin er haldin. Meðal hljómsveita sem koma fram í ár eru HAM, Sykur, Jón Jónsson, Skálmöld, Retro Stefson og Páll Óskar sem syngur með Sunnukórnum. Yfir 30 listamenn koma fram á hátíðinni í ár. Tónlistarhátíðinni verður streymt á vef Inspired by Iceland en hátíðin var einnig send út í fyrra. Þá fylgdust um 26.000 manns með beinni útsendingu. Um 3.000 manns sækja hátíðina en ekkert kostar inn á hana. Allir listamenn sem koma fram gefa vinnu sína.



# flugrútan



**Reykjavik  
Excursions**  
KYNNISFERÐIR

# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

**NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.**

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkflugvöll.

Kaupu miða núna á [www.flugrutan.is](http://www.flugrutan.is)

**Alltaf laus sæti.**

Frí þráðlaus internet-  
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin  
101 Reykjavík  
☎ 580 5400  
main@re.is • www.re.is



Skannaðu strikamerkið með snjallsímanum þínum





# „Án sjálfboðaliðanna væri þetta ekki hægt“



Stund milli stríða hjá sjálfboðaliðum.

Sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar eru fjölmargir. Um 70 eru á lista og um 20 mæta í hverri viku til mismunandi verkefna.

Sumir flokka fót sem hafa verið gefin og raða í hillur eftir stærðum og gerðum, aðrir taka að sér að úthluta fötunum. Nokkrir flokka umsóknir og fara í gegnum gögn. Svo þarf að taka til og breyta skipulagi og annað sem til fellur.

Starfsmenn Hjálparstarfsins eru sjö. „Án sjálfboðaliðanna væri þetta ekki hægt“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, „aðstoðin sem við

veitum er það fjölbreytt og viðamikil að við gætum þetta ekki án sjálfboðaliðanna. Þeir eru líka svo áhugasamir og hvetjandi og hafa oft lausnir á vandamálum sem við höfum ekki komið auga á. Við erum mjög þakklát fyrir frábært framlag þeirra.“

Milli stríða er sest við kaffiborðið, þá eru oft frjóar umræður um starfið og hvernig megi bæta það enn frekar.

Hjálparstarfið vill halda vel utanum sjálfboðaliðana og hefur sett sér verklagsreglur sem tryggja eiga trúnað og virðingu.

## „Takið þið á móti fötum?“

„Takið þið á móti fötum?“ er algeng spurning til okkar á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar. Svárið er „Já, við tökum á móti öllum fötum, sérstaklega koma fót á börn og unglinga sér vel.“

Sjálfboðaliðar fara í gegnum fötin sem við fáum, flokka og raða í hillur. Fataúthlutun fer fram á þriðjudögum kl. 10-12. Aftur eru það sjálfboðaliðar sem taka á móti fólki og aðstoða við að finna réttar stærðir. Mikið magn berst í hverri viku, ný og notuð fót sem eru vel með farin. Öll fót eru afhend án endurgjalds og koma sér mjög vel fyrir marga. Það kostar ekki lítið að klæða unglinga í dag og þegar börnin eru fleiri en eitt þarf ekki að efast um að kostnaðurinn getur orðið mikill.

Þau fót sem fara ekki út á ákveðnum tíma eru gefin áfram til hjálparstarfs erlendis og það sem sem er ónothæft fer til Fjöliðjunnar á Akranesi í tuskugerð. Ekkert fer til spillis.



Hjálparstarfið þakkar þeim fjölmörgu sem hafa komið með fót á skrifstofuna að Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík. Fataúthlutunin fer fram í lagerhúsnæði á sama stað.

Skjólstæðingar hafa orðið:

## „Núna förum við bara í venjulega búð“

Einstæð móðir með 3 börn. Er frá Litháen en hefur búið á Íslandi í 7 ár. Er í 50% starfi.

„Aðalvandamálið hjá mér er að launin duga ekki fyrir útgjöldum mánaðarins. Ég er ekki með neinar skuldir en þarf að borga leigu og annan fastan kostnað. Ég lifi mjög sparlega, bruðla ekkert, launin eru bara svo lág og ég get ekki fengið meira en 50% starf“.

**Hvernig finnst þér kortaleiðin koma út fyrir þig?**

„Það er frábært að þurfa ekki að bíða í röð og geta valið sjálfur í matvörubúð hvaða mat við borðum“.

**Hvernig virkar kortaleiðin með tilliti til barna?**

„Mjög vel, þau sögðu við mig einu sinni áður þegar við biðum eftir að fá mat í poka: „Þetta er skritin búð sem við förum í hér, þetta er ekki venjuleg búð“. Nú geta þau komið með í venjulega búð eins og aðrir“.

**Sérðu einhvern galla við kortaleiðina?**

„Auðvitað mætti upphæðin sem er lögð inn vera hærrí, en ég kvarta ekki, það munar mikið um þetta.“

**Hefurðu nýtt þér aðra aðstoð?**

„Já ég hef fengið stuðning til lyfjakaupa og almenna ráðgjöf.“

**Eitthvað að lokum?**

„Það er gott að koma til Hjálparstarfsins, hér er fólk ekki flokkað eftir þjóðerni eins og ég upplifði á öðrum stað.“

## Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.  
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400.  
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig. Einfalt og gleðilegt.



Óskalistinn minn:

Rúm  
Myndavél  
Svefnpoki  
Ipad  
Webcam  
Handklæði  
Teppi  
Orðabók  
Hálsmen  
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.

Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugur fyrir 3 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra. 5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 1 geit. Nammi! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara málsgrautur!





## Að eiga ekki fyrir lyfjum

Ein afleiðing efnahagslegra þrenginga og niðurskurðar á Íslandi er að sumir þeirra sem eru svo ólánsamir að þurfa lyf eiga í erfileikum með að standa undir kostnaði. Bæði er að tekjuafgangur hefur minnkað og gjöld og verð hafa hækkað. Mikil aukning hefur orðið á beiðnum um stuðning vegna lyfjakostnaðar. Lyf & heilsa hefur stutt myndarlega við Hjálparstarf kirkjunnar og stofnað sjóð sem veitt er úr til lyfjakaupa. Önnur lyfjafyrirtæki hafa einnig veitt stuðning.

### Ekki hvaða lyf sem er

Strangar reglur gilda um hvaða lyf er hægt að greiða. Til dæmis er ekki veittur stuðningur vegna lyfja sem er hægt að selja á götunni, lyfja sem fólk er með lyfjakort fyrir og lyf sem fólk notar að staðaldri. Hjálparstarfið getur, fjárhagsins vegna, aðeins greitt lyf sem fólk þarf óvænt á að halda vegna skyndilegrar upptöku. Að vera sendur heim af spítala og geta svo ekki keypt þau lyf sem þarf er staða sem margir þekkja, því miður. Í slíkri neyð er gott að geta fengið stuðning ekki síst á þetta við þegar börn eiga í hlut og aldraðir.

### Fyrstu merki um efnahagsbata hljóta að vera að allir eigi fyrir lyfjum

Fyrstu merki þess að úr sé að rætast í efnahagsmálum Íslands hljóta að vera að enginn þurfi að upplifa að eiga ekki fyrir lyfjum. Það hlýtur að vera eitt af forgangsverkefnum yfirvalda að koma þessum málum í lag. Að segja að ástandið sé að batna, að tókum hafi verið náð á vandanum, en leysa ekki úr þessum málum er ótrúverðugt.

## Ekki sjálfsagt fyrir alla að ljúka námi í framhaldsskóla

Þegar herðir að hjá fjölskyldum leiðir það stundum til þess að það sem áður var eðlilegt og auðvelt verður nær ómögulegt. Þetta getur t.d. átt við skólagöngu ungmenna í framhaldsskóla. Þröngur fjárhagur fjölskyldu getur leitt til þess að ekki er til peningur til að greiða skólagjöld, námsgögn og annað sem fylgir námi í framhaldsskóla.

Framtíðarsjóður Hjálparstarfs kirkjunnar styður ungmenni 16-20 ára til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem leiðir til starfsréttinda eða opnar leið til háskólanáms. Nemendur fá aðstoð við að greiða námsgögn, skólagjöld, kaupa tölvu eða greiða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi. Menntun eykur líkur á öruggri framfærslu og farsælu lífshlaupi.

### Stuðningur sem ræður úrslitum

Þau eru orðin mörg ungmennin sem haf tjáð þakklæti fyrir stuðninginn, sem gerði gæfumuninn. Komið stolt á skrifstofu Hjálparstarfsins með útskriftarskrirteinin með bros á vör og von í brjósti um góða framtíð í starfi eða áframhaldandi námi. Þetta á við um strákinn sem lauk námi í bifvélavirkjun og fékk vinnu á verkstæði og stúlkuna sem hóf nám í háskólanum í læknisfræði sem hafði verið hennar draumur frá barnæsku. Það eru líka ófá dæmi um einstaklinga sem hafa komið og viljað leggja sitt af mörkum í Framtíðarsjóðinn sem þeir nutu stuðnings úr þegar á þurfti að halda.

### Virkjum unga fólkið

Engu að síður segir Sejersted ljóst að fyrir eða síðar þurfi að endurmeta EES-samninginn og semja um breytingar, hvort sem það yrði eftir fáein ár eða hugsanlega áratug.

„Valkostirnir eru í meginatriðum þrír: Einn er óbreytt ástand, annar er full aðild að ESB og svo er útganga úr EES. Þetta getur haldið áfram svona í einhvern tíma, en enginn veit hve lengi það gengur.“

Þeir Sejersted og Sverdrup komu til Reykjavíkur í vikunni og kynntu íslenskum ráðamönnum helstu niðurstöður skýrslunnar. Þeir hittu meðal annars Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og áttu einnig fund með utanríkismálanefnd þingsins.

Héðan héldu þeir svo beint til Bretlands þar sem þeir kynntu þarlandum ráðamönnum niðurstöður rannsókna sinna. Svo virðist sem Bretar hafi nokkurn áhuga á að kynna sér valkosti við Evrópusambandið.

„Perhaps not the Shakespeare we are used to, but this is Shakespeare as he should be.“  
Sean Connery

Allir 10 ára fá frítt í fylgd með foreldri

## Rómeó og Júlía í 10 ár

Árið 2002 frumsýndi Vesturport Rómeó og Júlía á Litla sviði Borgarleikhússins. Stefnt var að 10-15 sýningum. 10 árum og 400 sýningum síðar höldum við uppá afmælið með nokkrum hátíðarsýningum. Mjög líklega í allra síðasta sinn.

VesturPort | Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Lambakjöt  
NÁTTÚRULEGA GOTT

FABRIKKU

## Páskalamborgari

FYRIR 4

- 480 gr. lambaprime
- Íslenskir sveppir
- 8 hvítlauksgeirar
- 4 msk. smjör
- 4 Maribo ostsneiðar
- Grænt kál (t.d. Lambhagasalat)
- 8-12 rauðlaukshringir
- 8 tómatsneiðar
- Bernaisesósa
- Salt og pipar
- 4 hamborgarabrauð

Skerið 120-140 gr. lambaprimesteik í þrjár sneiðar eftir endilöngu þannig að hún verði um 3 x 40 gr. sneiðar. Hitið grillið í hámarkshita (eða pönnuna í neyð). Grillið lambaprime sneiðarnar í 3-4 mínútur á hvorri hlið (mælt er með meðalsteikingu). Pönnusteikið sveppina í smjörinu og hvítlauknum. Slökkvið undir pönnunni, leggið ostsneiðina ofan á sveppina og setjið lokið á. Penslið hamborgarabrauðið að innan með smjöri eða ólífuolíu og hitið snögg á grilli.

**Samsetning Páskalamborgarans:**  
Setjið grænmetið í botnbrauðið, bernaisesósu ofan á grænmetið, leggið steikurnar yfir, þá sveppina með brædda ostinum. Toppíð með meiri sósu og lokið með brauðhattinum.

LAMBAKJOT.IS

# Leitin að lífi í ljósárafjarlægð

Geimvísindastofnanir leita gagnert að reikistjörnum um alla vetrarbrautina þar sem líf gæti þrífist. Kepler-sjónaukinn frá NASA og fleiri tæki eru notuð til að greina hnettina og síðustu mánuði hafa hver stórtíðindin rekið önnur. *Porgils Jónsson* kynnti sér leitina að tvíförum jarðarinnar og möguleikanum á að finna líf á öðrum hnöttum í margra ljósára fjarlægð.

Jarðarbúar hafa í aldanna rás horft upp til stjarnanna og velt því fyrir sér hvað þar væri að finna og hvort þar sé líf, jafnvel verur sem horfi til baka í svipuðum þöngum. Hvort sem um er að ræða örverur eða litla græna menn með ýmislegt misjafnt á þrjónunum eru vísindamenn og áhugafólk hugfangið af þessum þælingum og eru fullkomnustu tæki og tól notuð til þess að leita að nýjum heimum.

Undanfarið hafa borist fjölmargar fréttir af þessum rannsóknnum þar sem sífellt finnast fleiri reikistjörnur um óravíddir alheimsins sem eru af réttri gerð og búa við réttar aðstæður til að þar geti mögulega þrífist líf. Leitinn beinist að svokölluðum fjarreikistjörnum sem eru reikistjörnur á braut um stjörnur utan okkar sólkerfis. Til að geta talist lífvænleg þarf fjarreikistjarna til dæmis að vera af réttri gerð, það er bergstjarna en ekki gashnöttur, af réttri stærð og ekki síst að vera hæfilega langt frá stjörnunni sem hún gengur um. Sé hún of nálægt verður hún of heit, líkt og er tilfellið með Venus og Merkúr í okkar sólkerfi, og sé hún of langt í burtu, eins og Mars, er of kalt til að líf geti þrífist þar.

## Milljarðar „Gullbrár-reikistjarna“

Þetta fjarlægðarbil kallast lífbelti en í daglegu tali er líka talað um Gullbrár-beltið og Gullbrár-reikistjörnur, og er þar vísað til ævintýrisins þekktu um stúlkuna Gullbrá sem laumaði sér inn í hús bjarnafjölskyldunnar og kundi best að meta grautinn, stólinn og rúmið sem voru „alveg passlegt“.

Í vetrarbrautinni eru hundruð milljarða sóla og eins og gefur að skilja næst ekki að fylgjast með nema broti af líklegum stjörnum. Það er til dæmis gert með HARPS mælitæki ESO, stjörnu-stöð Evrópulanda á suðurhveli, og Kepler-sjónauka NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna. Með þeim hefur þó margt athyglisvert komið í ljós, til dæmis upplýsti ESO á dögunum að vísindamenn teldu að tugi milljarða bergreikistjarna, sem eru örlítið stærri en jörðin, væri að finna í lífbeltum stjarna í vetrarbrautinni.

## Tímamótafundur


En er raunhæft að finna nýja jörð annars staðar í geimnum? NASA staðfesti í fyrsta sinn í desember síðastliðnum að vísindamenn stofnunarinnar hefðu fundið tvær bergstjörnur á stærð við jörðina, í kringum stjörnunna Kepler 20, í um þúsund ljósára fjarlægð frá jörðu. Þær eru hins vegar of nálægt stjörnunni sinni og of heitar til þess að líklegt sé að fljótandi vatn sé þar að finna. Í sama mánuði fannst önnur fjarreikistjarna, Kepler 22b, í 600



ÚTHÖF Í ÓRAVÍDDUM ALHEIMSINS Rannsóknir hafa leitt í ljós að milljarðar reikistjarna í vetrarbrautinni gætu verið af réttri gerð til að líf gæti þrífist þar. Nýjustu fréttir eru af reikistjörnunni Gliese 667 Cc sem er í 22ja ljósára fjarlægð frá jörðu. Þessi mynd er unnin af ESO og sýnir hvernig gæti verið umhorfs á yfirborði hennar. MYND/ESO

## Leitin að annarri jörð

Kepler-sjónauka NASA var skotið á loft árið 2009 til þess að leita fjarreikistjarna, sérstaklega þeirra sem líkjast jörðinni. Sjónaukinn fylgist stöðugt með birtu frá um 150.000 stjörnum í vetrarbrautinni á svæði milli Svansins og Hörpunnar, til að greina stærð reikistjarna með þvergönguáðferðinni.



milljón ljósára fjarlægð frá jörðu, en hún er fyrsta fjarreikistjarna sem finnst á lífbelti á braut um aðra stjörnu. Hins vegar er ekki ljóst hvort um bergstjörnu sé að ræða og því óljóst hvort þar sé lífvænlegt.

líkari jörðinni en nokkur önnur sem hingað til hefur fundist, Gliese 667 Cc. Hún er um það bil fjórum sinnum þyngri en jörðin, en þar er þó talið mjög líklegt að fljótandi vatn sé að finna.

Þetta svið rannsókna er tví-

Undanfarið hafa borist fjölmargar fréttir af þessum rannsóknum þar sem sífellt finnast fleiri reikistjörnur um óravíddir alheimsins sem eru af réttri gerð og búa við réttar aðstæður til að þar geti mögulega þrífist líf.

## Líklega fljótandi vatn að finna

Í ár hefur enn dregið til tíðinda þar sem í janúar var tilkynnt um uppgötvun á þremur smæstu reikistjörnum sem fundist hafa á braut um aðra stjörnu sem líkist sólinni. Allar eru þær smærri en jörðin, sú smæsta er á stærð við Mars. Nýjustu fréttirnar eru hins vegar frá ESO en í vikunni var tilkynnt um að HARPS mælitækið hafi uppgötvað bergstjörnu sem er í 22 ljósára fjarlægð og

mælalaust eitt allra mest spennandi verkefni sem nú er í gangi í stjörnufræðunum og stórtíðindi berast reglulega. Hinn gamli draumur mannkyns um að öðlast vissu um að líf finnst á öðrum hnöttum rætist ef til vill ekki á næstu árum, en eftir því sem fleiri „Gullbrár-reikistjörnur“ finnast aukast líkurnar.

Heimildir: Stjörnufræðivefurinn, NASA.gov, Discovery.com.

## ■ SÆVAR HELGI BRAGASON, RITSTJÓRI STJÖRNUFRÆÐIVEFSINS



## Finum ekkert nema við leitum

Sævar Helgi Bragason, ritstjóri Stjörnufræðivefsins, fylgist grannt með rannsóknum á aðstæðum á fjarreikistjörnum og segir að það sé afar heillandi svið.

„Hvatinn á bak við þessar rannsóknir er vitanlega leitinn að lífi í geimnum,“ segir Sævar og bætir því við að rannsóknarferlið sé flókið en um leið mjög skemmtilegt.

„Stærð reikistjarnanna er ákvörðuð með svokallaðri þvergönguáðferð. Til dæmis fylgist Kepler-sjónaukinn stöðugt með stjörnum og mælir breytingar í birtumagni þegar reikistjarna gengur fyrir hana. Til að komast að því hvort um sé að ræða gashnött eða bergstjörnu þarf fyrst að finna massa hennar með svokallaðri sjónstefnumælingu, og þá er hægt að ákvarða eðlismassann og bera saman við það

sem við þekkjum, til dæmis jörðina, ef eðlismassinn er mun minni en jarðarinnar er líklegast um gashnött að ræða.“

En hvernig má sjá, úr þessari órafjarlægð, hvort líf sé að finna á reikistjörnum sem uppfylla öll skilyrðin?

Sævar segir að til þess þurfi að greina lofthjúp reikistjarnanna.

„Við þyrftum ansi öflugan sjónauka til að skera úr um hvort líklegt sé að líf finnst á reikistjörnu. Við myndum þá fylgjast með hnettinum ganga fyrir stjörnunna og greina litróf ljóssins sem berst í gegnum lofthjúpin. Með því getum við efnagreint lofttegundirnar. Ef þar eru til dæmis metan, súrefni og koldíoxíð væri það mjög sterkt merki um líf, en það væri ólíklegt ef ekkert væri að sjá nema vetni og helíum.“

Finnist reikistjarna sem uppfyllir öll skilyrði; bergstjarna í hæfilegri fjarlægð frá stjörnu með lofthjúp sem bendir til lífs, er engu að síður mikið verk önnuð til að skera úr um hvort líf sé þar að finna.

„Gliese 667 Cc er í 22 ljósára fjarlægð og miðað við tæknina sem við búum við í dag tæki það okkur um 300.000 ár að ferðast þangað! Ef þar væru hins vegar búsettar viti bornar verur sem búa svo vel að eiga útvarpssjónauka, er málið að senda þeim skilaboð. Það tekur ekki nema 22 ár að senda skilaboðin þangað og svo 22 ár til að fá svar til baka. Það er farsælasta aðferðin sem við höfum nú, þangað til að við finnum tækni sem getur komið okkur milli staða í geimnum með meiri hraða. Það er auðvitað framtíðarstef, en við munum aldrei finna neitt nema við leitum.“

# Lagersala

# 20-70%

## AFSLÁTTUR

Nýjar vörur með 10% afslætti

**40% AFSLÁTTUR**



**GALZONE** form.  
Nú kr. **276** fullt verð kr. 460.

**30% AFSLÁTTUR**

**90.993**  
FULLT VERÐ: 129.990



**COBRA** 3 sæta sófi.  
Vienna svart áklæði.  
B:218 D:85 H:85 cm.

**50% AFSLÁTTUR**



**BREEZI**  
lukt. Nú kr. **3.495**  
fullt verð kr. 6.990.

**30% AFSLÁTTUR**

**83.993**  
FULLT VERÐ: 119.990



**L A Z B O Y**  
**RALEIGH** La-z-boy stóll.  
Vínrautt áklæði. B:85 D:82 H:98 cm.

**60% AFSLÁTTUR**



**BE ONE** kerti, öll Be On Fire kerti með 60% afslætti.

**20% AFSLÁTTUR**

**63.992**  
FULLT VERÐ: 79.990



**L A Z B O Y**  
**ANDERSON** La-z-boy stóll.  
Ljóst áklæði. B:80 D:76 H:104 cm.



HJÓNIN Einar og eiginkonan Sigrún Ingólfssdóttir, „fjármálaráðherra Íshesta“ til margra ára eins og Einar orðar það, eiga fimm börn og fjórtán barnabörn og búa í Garðabænum. „Án Sigrúnar væri þetta fyrirtæki ekki til,“ segir Einar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hef meiri tíma með hestunum

**Einar Bollason** er einn stofnenda ferðabjónustufyrirtækisins Íshesta sem fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu í gær. Hann lét nýlega af starfi framkvæmdastjóra og sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá áformum sínum, ferlinum í körfunni og erfiðri einangrunarvist.

**Æ**tli stærsta breytingin sé ekki sú að núna förum við hjónin að geta komist á hestbak aftur. Á sínum tíma stofnuðum við Íshesta til að geta verið í hestamennsku, en stundum okkar með hestunum hefur fækkað afar mikið síðustu tíu árin eða svo. Við erum bæði við góða heilsu og hlökkum til að ríða út í sumar og ferðast um landið okkar. Margir hafa spurt okkur hvers vegna við ákváðum að selja fyrirtækið á uppgangstímum eins og nú, en ég spyr á móti hvort ekki sé rétt að njóta lífsins meðan maður enn getur. Við höfum áður fengið tilboð sem við höfum ekki haft áhuga á, en stundum koma tilboð sem ekki er hægt að hafna,“ segir Einar Bollason sem nýlega lét af starfi framkvæmdastjóra Íshesta, frumkvöðlafyrirtækis í hestatengdri ferðabjónustu, en Íshestar fögnuðu þrjátíu ára afmæli sínu í gær með pompi og prakt.

Nýr framkvæmdastjóri Íshesta, Fannar Ólafsson, fór fyrir litlum hópi fjárfesta sem keyptu fyrirtækið í haust af 25 hluthöfum, þar á meðal Einari og Sigrúnu Ingólfssdóttur eiginkonu hans sem áttu um þriðjungshlut. Einar hefur þó ekki skilið alveg við starfsemi Íshesta því að ósk nýrra eigenda gegnir hann starfi stjórnarformanns næstu tvö árin og er viðloðandi

fyrirtækið sem hann stofnaði ásamt fleirum árið 1982.

„Ég þarf ekki að mæta í vinnuna á hverjum degi en er í þónokkru starfi við að halda í hendina á Fannari,“ segir Einar og bætir við að honum líftist mjög vel á nýja eigendur og að skiptin fari vel í hann. „Fannar uppfyllti öll skilyrðin. Hann er alinn upp í sveit, hestamaður af guðs náð, mikill stjórnandi og ekki síst var hann miðherji og fyrirliði hjá KR í körfuboltanum. Reyndar heldur hann ekki með Boston Celtics í NBA heldur einhverju furðulegu liði sem ég man ekki hvert er. Ef hann væri Los Angeles Lakersmaður hefði þetta ekki komið til greina,“ segir Einar og hlær, en hann er sem kunnugt er einn hardasti stuðningsmaður KR og Boston Celtics sem sögur fara af.

## Tilviljun réði för

Einar segist stoltur af því að hafa átt hlut í að ryðja brautina fyrir hestatengda ferðabjónustu hér á landi með stofnun Íshesta, en fyrirtækið var fyrst senn teygundar til að bjóða upp á skipulagðar hestaferðir með fyrir fram ákveðnum dagsetningum sem auglýstar voru í bæklingum og víðar. Það var þó fyrir einskæra tilviljun að fyrirtækið komst á laggirnar.

„Helgi Ágústsson vinur minn, sem lengi var sendiherra í Englandi, Bandaríkjunum og víðar, spurði mig hvort ég og Sigrún

konan mín gætum ekki farið með sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, admíralinn á Keflavíkflugvelli og fleira fólk í stutta hestaferð um Suðurland. Ég hafði samband við Guðmund Birki Þorkelsson, körfuknattleiksmann sem ég hafði þjálfað hjá HSK, sem jafnframt var bóndi í Miðdal og saman söfnuðum við saman öllum okkar hestum og fórum í þrjú daga ferð. Fólk var svo ánæggt að það spurði hvort við vildum ekki fara með þau yfir Kjöl sumarið eftir. Við vorum bara kennararæflar sem höfðum í raun varla efni á að standa í hestamennsku og slógum til, þótti það fín leið til að afla peninga til að fjármagna áhugamálið. Arni Björgvinsson og Jenný Sigmundsdóttir vinafólk okkar komu inn í þetta með okkur, en í fyrstu ferðinni yfir Kjöl voru átta farþegar og tuttugu starfsmenn, svo það varð skiljanlega ekki mikill afgangur. En við höldum áfram og í dag eru það um 25.000 manns sem nýta sér einhvern anga af bjónustu okkar á ári,“ segir Einar, en blað þótti brotið í sögu ferðamála hér á landi þegar Hestamiðstöð Íshesta í Hafnarfirði var opnuð árið 2000. Icelandair, dótturfélög þess og fleiri aðilar komu að þeim framkvæmdum og breyttust Íshestar þá í raun úr frumherjafyrirtæki yfir í hlutafélag.

Einar segir fyrirtækið ávallt hafa lagt mikla áherslu á umhverfismál og var hann til að

mynda formaður umhverfisnefndar Samtaka ferðabjónustunnar um árabíl. Meðal annars vegna þess og gæðastefnu fyrirtækisins hafa Íshestar getið sér gott orð á erlendum vettvangi, sem Einar segir öllu skipta þegar kemur að árangri á sviði ferðabjónustu. „Það skiptir engu máli hversu mikið við auglýsum eða í hve mörgum sýningum við tökum þátt. Einn óánægður viðskiptavinur getur hæglega eyðilagt margra ára og margra milljóna markaðsstarf. Viðskiptavinurinn hefur alltaf rétt fyrir sér og ef eitthvað kemur upp þá kippum við því bara í liðinn. Þessu verða aðilar í íslenskri ferðabjónustu að gera sér grein fyrir, en í heildina held ég að við Íslendingar getum verið stolt af okkar ferðabjónustu. Svartasti bletturinn á henni í dag eru öll þessi leyfislausu fyrirtæki og svarta atvinnustarfsemin sem er gífurleg, hvort sem hún er meiri í ferðabjónustu en í öðrum atvinnugreinum eða ekki. Á aðalfundi Samtaka ferðabjónustunnar fyrir tveimur vikum kom fram að samtökin hafa eytt fleiri milljónum og ráðið sérstakt starfsfólk til að leita þessi fyrirtæki uppi. Það er ótrúlegt að atvinnuvegasamtök þurfi að standa í svona nokkru sem ætti að vera hlutverk stjórnvalda, en þó gott að einhver geri þetta því þetta er risavandamál.“

**KR-ingur en þykir vænt um Val** Framkvæmdastjórinn fyrrverandi

er borinn og barnfæddur vesturbæingur, fæddur á Vesturgötu 38 þar sem hann bjó ásamt foreldrum sínum, sem skildu þegar Einar var fimm ára, í annarri af tveimur íbúðum á efri hæð hússins. Í hinni bjó afi Einars, en á neðri hæðinni Páll Einarsson, hæstaréttardómari og fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur. Síðar festu hjónin Jón Baldvin Hannibalsson og Bryndís Schram kaup á húsinu og enn síðar tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir.

KR-ingurinn hóf íþróttaférlinn í ÍR því enginn körfuknattleikur var stundaður í Vesturbænum á þeim tíma. „Með ÍR varð ég Íslandsmeistari árið 1959, en sá titill var í raun ólöglegur því ég var bara sextán ára í þriðja flokki og í þá daga mátti ekki spila upp fyrir sig. Það hvarflaði bara ekki að nokkrum manni að spyrja því ég var svo stór,“ rifjar Einar upp. Í kjölfarið fylgdu nærri tuttugu titlar sem leikmaður og þjálfari. Lengst af var hann hjá KR en var einnig viðloðandi Þór Akureyri, Hauka og fleiri félög, auk þess sem hann lék með landsliði Íslands og þjálfaði liðið með hléum á árunum 1974 til 1987.

Við síðustu aldamót var Einar svo valinn sem leikmaður í lið aldarinnar og sem þjálfari aldarinnar af nefnd skipaðri valinkunnum körfuboltaspekingum. Svo skemmtilega vill til að Sigrún, eiginkona Einars, var einnig valin í lið aldarinnar í handknattleik,



en hún lék um árabíl með Val og varð Norðurlandameistari með íslenska handknattleikslandsliðinu árið 1964.

„Sigrún er ofsalega mikill Valsari og ég ber líka mikinn hlýhug til félagsins og leiðist þessi illindi milli sumra stuðningsmanna Vals og KR, þótt smá rígur sé auðvitað bara skemmtilegur. Við fórum mikið saman á völinn í gamla daga og það var dálítið erfitt í kringum 1972 þegar Valur var með sitt gullaldarlið í fótboltanum. Þá varð ég oft svo full þegar KR tapaði fyrir Val að á endanum stakk Sigrún upp á því að við slepptum því bara að fara á leiki liðanna, sem við gerðum,“ segir Einar og hlær.

#### Geirfinnsmálið var klúður

Árið 1976 sat Einar, ásamt þremur öðrum, saklaus í 105 daga í einangrun í Síðumúlafangelsinu eftir að Erla Bolladóttir og aðrir sakborningar í Geirfinnsmálinu höfðu bendlað hann við málið. Í október síðastliðnum skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að fara yfir gögn í málinu og var Einar meðal þeirra sem leitað var til í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á málið og rannsókn þess á sínum tíma.

„Ég settist niður með starfshópnum í kaffi og kókur og ræddi við þetta fólk sem var alveg yndislegt. Eftir smá stund varð ég þó að standa upp og fara fram, næstum fjörutíu árum síðar, því það þyrmdi yfir mig. Þetta er nokkuð sem fer ekki í burtu heldur verður maður að læra að lifa með því,“ segir Einar og bætir við að hann hafi aldrei lesið staf í málsgögnum eftir áfallið sem einangrunarvistin olli honum. Hann hefur kosið að tjá sig fremur lítið um málið hin síðustu ár. „Mér fannst komið nóg af þessu og sérstaklega núna síðustu árin þegar margir, til dæmis Erla hálf systir mín sem ég hef skiljanlega haft lítil samskipti við, tjá sig um málið. Auðvitað veit ég ekkert um það hvort þetta fólk sem var dæmt er sekt eða saklaust. Aftur á móti veit ég að það er ekki saklaust að því að hafa logið upp á fjóra saklausa menn. Fyrir það átti það sannarlega skilið að sitja inni í einhver ári, en það er eins og margir gleymi því alltaf. Allt þetta mál var hvílfikt klúður og það er ótrúlegt að engir hausar skuli hafa verið láttnir fjúka í kjölfar þess.“

#### David Stern full á öræfum

Einar var kennari í 23 ár og sá aðallega um dönskukennslu, fyrst í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, sínum gamla skóla, en einnig á Akureyri og víðar en lengst í Flensborg. Hann lagði körfubolta-skóna á hilluna árið 1979 og margir sem yngri eru muna fyrst eftir honum sem sjónvarpsmanni á Stöð 2, en þar lýsti hann NBA-leikjum við góðan orðstír um árabíl.

„Það var mjög gaman að eiga þátt í þessari miklu körfubolta-sprengju sem varð í kjölfarið á því að Stöð 2 hóf að sýna NBA-leiki,“ segir Einar og bætir við að téða sprengingu megi rekja til Jónasar R. Jónssonar, fyrrum umboðsmanns íslenska hestsins og þáverandi starfsmanns Stöðvar 2. „Jónas var á ferðinni í New York og labbaði sér einfallega inn á skrifstofu NBA-deildarinnar og spurði hvort hann mætti ekki senda út leiki. Þetta var ótrúlegt. Við vorum fjórða landið sem sýndum NBA-leiki á eftir Bandaríkjunum, Frakklandi og Filippseyjum og njótum þess enn að hafa verið svona fljót af stað. David Stern, yfirmaður deildarinnar, hefur sagt mér frá því að það vakti mikla öfund hjá stærri þjóðum þegar litla Ísland var ávallt sett í öndvegi, til dæmis þegar við fórum út til að lýsa Stjórnuleikjunum á sínum tíma. Stern hefur reyndar komið til Íslands með konunni sinni þar sem þau gistu í tjaldi á Norðurlandi í þrjár vikur. Konan hans er mikill náttúruunnandi en Stern kallinn var ekki sérlega hrifinn af þessu. Hann var hundfull yfir að hínast heillengi í einhverju tjaldi uppi á öræfum.“

## STRESSAÐUR Á KR-LEIKJUM

„Ég er í Þjóðkirkjunni og ég er í KR. Ekkert endilega í þessari röð,“ segir Einar hlær þegar talið berst að ástríðu hans fyrir félaginu sem hann lék með og þjálfaði í áraradír. Eftir að ferlinum lauk hefur hann ávallt fylgst vel með árangri KR í körfunni og mætir á flesta leiki. „Ég verð oft hrikalega stressaður á leikjum, sérstaklega í úrslitakeppninni, og get varla horft. Oft er ég á fleygiferð um húsið og stundum bíð ég úti og fæ einhvern til að segja mér hvernig staðan er.“

KR hóf titilvörn sína í úrslitakeppninni á fimmtudagskvöld með sigri á liði Tindastóls. Einar segir baráttuna verða erfiða í vor, KR hafi á að skipa mörgum góðum leikmönnum en stundum vanti baráttu í liðið. „Það vantar smá Fannar í þá,“ segir hann og vísar til fyrirliða liðsins á síðasta ári sem tók við af Einari sjálfum sem framkvæmdastjóri Íshesta. „En á góðum degi getum við unnið hvern sem er.“



FEÐGIN Einar með Bryndísi dóttur sinni, sem um árabíl hefur unnið við hlið foreldra sinna hjá Íshestum, árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON



## Fermingargjöf Arion banka

Þegar stórum áfanga er náð er mikilvægt að huga að framtíðinni. Arion banki leggur til 5.000 kr. mótframlag ef 30.000 kr. eða meira eru lagðar inn á Framtíðarreikning. Framtíðarreikningur gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra sparnaðarreikninga bankans og er því áhugaverð leið fyrir ungt fólk sem vill byrja að undirbúa framtíðina.

Láttu gjöfina taka vaxtarkipp hjá okkur.

arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki



**MEÐ KÓNGAFÓLKINU** Með hollenskum skátum og sænsku konungshjónunum en Karl Gústaf er mikill skáti og heiðursformaður World Scout foundation.



**Á HEIMSMÓTI** Með skátum frá Líbanon sem skemmtu með þjóðlagatónlist og þjóðdönsnum á Jamboree í Svíþjóð í fyrrasumar.



**ÚR KAFI** Skátahöfðinginn skelti sér í brúarstökk á aldarafmæli kvenskáta 2010.

# Er um að komast í tísku aftur

Bandalag íslenskra skáta hlaut samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Röksemd: Skátahreyfingin hefur gegnt mikilvægu hlutverki sem valkostur í frístundastarfi barna og ungmenna í hundrað ár og leitt marga inn í veröld útivistar og náttúruskoðunar. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** spjallaði við **Braga Björnsson** skátahöfðingja.

**Þ**að eru forréttindi að vera skátahöfðingji og verkefni eru fjölbreytt. Þau byggjast á heimssóknum á dreka-skátamót hjá yngstu krökkunum og að vera í kokteilboðum með barónessum og kóngum og öllu þar á milli,“ segir Bragi Björnsson lögmaður og skátahöfðingji Íslands sem hefur verið stanslaust í skátastarfi í þrjátíu og tvö ár og gegnt ýmsum embættum.

Bragi kveðst hafa eignast vini til lífstíðar innan hreyfingarinnar enda sé heillandi að fá að hitta fólk alls staðar að úr heiminum með ólíka trú og ólíkan bakgrunn og það eina sameiginlega sé skátastarfið. Þegar spurt er nánar út í samskipti hans við kóngafólk svarar hann. „Félagsskapurinn World Scout Foundation hefur þann tilgang að safna fé til heims-hreyfingar skáta og heiðursformaður hans er Karl Gústaf Svíakóngur sem er mikill skáti. Hann mætir líka á öll heimsmót sem eru haldin á fjögurra ára fresti og sefur þar í tjaldi eins og við hin. Þeir eru ekkert sérstaklega hrifnir af því öryggisverðirnir.“

## Á enn upp á pallborðið

Nú er hátíðaár hjá íslenskum skátum því hundrað ár eru frá því hreyfingin skaut rótum hér á landi. „Þetta er vissulega merki- legur áfangi,“ segir Bragi. „Það er ekkert sjálfgefið að frjáls félags- samtök skuli hafa verið á lífi í hundrað ár ef maður veltir fyrir sér öllum breytingunum sem orðið hafa í heiminum á þeim tíma. Skátahreyfingin varð til árið 1907 – hún var ekki stofnuð formlega – heldur varð til þannig að Baden nokkrum Powell fannst börn í borgum ekki hafa nóg fyrir stafni og vildi gefa þeim tækifæri til að verja frístundum sínum á uppbyggilegan hátt. Hann fór að skrifa efni sem höfðaði til krakka og kenna þeim að stofna flokka sem leystu hinar ýmsu þrautir úti í náttúrunni. Hugmyndin fór eins og eldur í sínu um Bretland og Baden Powell ákvað að hætta sínum ferli í hernum til að halda utan um starfið. Þrátt fyrir allar tæknibreytingar sem orðið hafa síðan á það ásvirtýri sem skátahreyfingin er enn upp á pallborðið.“

Bragi viðurkennir að samkeppni um frítíma barna sé mun meiri en fyrir einni öld, þar komi til tölvur, sjónvarp, íþróttir, almenn tónlistarkennsla og margt fleira. „Aðalatriðið er að börn hafi aðgang að heilbrigðum félags- skap,“ segir hann. „Tækið sem við skátarnir höfum er útilífið og sú áskorun að kljást við náttúruna. Krakkarnir mynda hópa sem takast á við ýmsar þrautir og finna lausnir. Við fullorðna fólk eignum að vera þeim til halds og trausts en ekki gera hlutina fyrir þá. Hitt er svo ljóst að skátafélögin



Í **GLÖÐUM HÓPI** Bragi að leik með dreka-skátum á dreka-skátamóti á Úlflljótuvatni 2011.

eru knúin áfram af hugsjón og krafti vissra einstaklinga og þar sem fullorðið fólk tekur að sér að vera sveitarforingjar er mesti stöðugleikinn í starfinu. Á því hvílir sú krafa að hafa starfið það spennandi að krökkunum leiðist ekki og okkar verkefni sem erum að sinna landshreyfingunni er að finna leið til að létta undir með þessum sjálfboðaliðum svo þeir brenni ekki út.“

## Þóttum hallærisleg

Bragi segir þekkt að þegar krakkar komist á gelgjaldurinn vilji áhuginn minnka á skipulögðum tímstundum. Þó kveðst hann finna fyrir breytingu á því á síðustu árum. „Okkur er að takast að halda betur í aldursþöpin frá fermingu fram að menntaskóla. Björgunarsveitir taka inn nýliða um 17 ára aldurinn og það hefur verið mjög eðlilegt framhald hjá mörgum skátum að ganga til liðs við þær. Vegna þeirra skýru markmiða skátahreyfingarinnar að gera unglinga að virkum og

ábyrgum einstaklingum er það þeim eðlilegt að láta gott af sér leiða í björgunarsveitum. Við teljum okkur líka finna að gildi okkar skátanna séu aftur að komast í tísku eftir hrún. Við þóttum ansi hallærisleg á tímabili. Ég fann það á eigin skinni að sumum þótti einkennilegt að lögmaðurinn skyldi vera að eyða tíma sínum í eitthvert sjálfboðaliðastarf í stað þess að græða peninga. En það er mun meiri skilningur á starfi okkar í samfélaginu í dag. Við þreytumst líka seint á að benda á að niðurstöðurnar af þjóðfundinum, um þau gildi sem íslenska þjóðin taldi skipta mestu máli, hafa ótrúlega samsvörun við skátalögin. Og nú þegar við fögnum því að hafa verið við lýði í hundrað ár þá lítum við ekki bara í baksýnisspegilinn heldur horfum fram á veginn í þeirri trú að sá samhugur og sú hjálsemi við náungann sem við lofum í skátaheitinu eigi fullt erindi áfram. Þess vegna erum við svo bjartsýn.“

## Bæði kennir og lærir

Bragi sá um matarúthlutun á landsmóti 1999. Þá komu breskir skátar til hans, afskaplega kurteisir og sögðust vera ánægðir með matinn, gallinn væri bara sá að mjólkinn í grænu umbúðunum væri alltaf súr. Þá var ekki um annað að gera en að setjast niður með 18 manna hóp og kenna honum að borða súrmjólk með púðursykri og tilheyrandi.



Á undirbúningsfundi vegna 100 ára afmælis skátahreyfingarinnar í heiminum 2007 var Bragi að kynna sér matarmálin. Meðal félaga hans frá Asíu var mikil rekistefna út af því hvernig hrísgrjón yrði boðið upp á. Íslendingurinn hafði enga grein gert sér fyrir því að mikill munur væri á lengd og breidd hrísgrjóna. Maðurinn er alltaf að læra.

Skátastrákurinn frá Íslandi reiknaði heldur ekki með því að þurfa nokkru sinni að mæta á skátafund í smóking, innan um barónessur, kóngafólk og forstjóra stórfyrirtækja. En að því kom.



Sérfræðingar okkar  
veita góð ráð varðandi  
viðhaldið og vorverkin



VERÐVERND BYKO  
**LÆGSTA  
VERÐIÐ**

# VIÐ LÉTTUM ÞÉR VORVERKIN

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



Góð ráð varðandi viðhald tréhúsgagnanna og pallsins



Góð ráð  
á BYKO.is



Góð ráð varðandi viðhald grillsins



Góð ráð  
á BYKO.is



Vörur fyrir viðhald bílsins

**Í DAG KL. 11-15**

Viðhaldsdagur í öllum verslunum okkar



Vörur fyrir viðhald reiðhjólsins

**KAFFIHORN**

BYKO BREIDD

PIZZA, SAMLOKA  
EÐA PYLSA MEÐ  
GOSI Á AÐEINS:

**195** kr.



Verið velkomin

# Tiger nýtur enn gríðarlegra vinsælda

Bandaríski kylfingurinn bætti enn einum titlinum í safnið eftir 30 mánaða þrautagöngu. Útlit fyrir mjög harða keppni á fyrsta stórmóti ársins. **Sigurður Elvar Þórólfsson** kannaði stöðuna á **Tiger Woods** sem andar nú ofan í hálsmálið á keppinautumum.

**K**ylfingurinn Tiger Woods andar nú ofan í hálsmálið á keppinautum sínum í aðdraganda fyrsta stórmóts ársins, Mastersmótsins, sem hefst á Augusta-vellinum á fimmtudaginn í næstu viku. Bandaríkjamadurinn hefur hægt og bitandi náð að efla leik sinn eftir hörmulegt gengi á golfvelli undanfarna 30 mánuði og voru margir farnir að efast um að Woods gæti snúið við blaðinu á ný.

Einkalíf Tigers Woods hefur verið helsta fréttæfnið á þeim tíma en nú gæti orðið breyting þar á. „Tigurinn“ er búinn að brjóta ísinn og landaði hann sínum 72. sigri í PGA-mótaröðinni sl. sunnudag á Arnold Palmer-meistararamóti. Þar með lauk rúmlega tveggja ára bið bandaríska kylfingsins eftir sigri í atvinnu-móti. En hann hefur aldrei, frá árinu 1996, látið jafnlangan tíma líða á milli sigra.

Allt frá því að framhjáald Tigers Woods varð aðalfréttæfnið á heimsvísu í lok ársins 2009 hefur Tiger Woods verið langt frá sínu besta. Og margir voru búnir að afskrifa kappann. Hann sýndi það á Bay Hill-vellinum um liðna helgi að Tiger Woods er til alls líklegur. Hann er eftir sigurinn þriðji sigursælasti kylfingur PGA-mótaröðarinnar frá upphafi með 72 sigra. Sam Snead er þar efstur með 82 sigra og Tiger Woods þarf aðeins einn sigur til viðbótar til þess að ná jöfnu við „Íslandsvininn“ Jack Nicklaus, sem er með 73.

Þrátt fyrir að skuggi hafi hvílt yfir mannorði kylfingsins eftir að upp komst um tvöfalt líferni hans hans í nóvember 2009 eru vinsældir Tigers Woods engu líkar. Aðeins körfuboltamaðurinn Michael Jordan er á sama stelli ef miðað er við sjónvarpsáhorf. Undanfari 15 ár hefur „Tigeræði“ ríkt á heimsvísu.

Metáhorf var á Mastersmóti árið 1997 þegar Tiger Woods landaði sínum fyrsta sigri á stórmóti. Hann varð þar með yngsti sigurvegari mótsins frá upphafi, 21 árs gamall, en hann sigraði með 12 högga mun og „rústaði“ keppinautum sínum. Mastersmótið árið 2001, þar sem Tiger Woods sigraði, er með annað hæsta sjónvarpsáhorf í sögu golfþróttarinnar. Og þegar Tiger Woods var fjarverandi í langan tíma árið 2008 vegna hnemeiðsla féll sjónvarpsáhorfið um 47% að meðaltali á þeim mótum þar sem Woods hafði keppt árið áður.

Í könnun sem gerð var nýlega kom í ljós að Woods fékk 53% atkvæða þegar spurt var um hvaða kylfingi þátttakendur vildu



**ENDURKOMA** Tiger Woods náði að vinna golfmót um sl. helgi eftir 30 mánaða bið. Bandaríski kylfingurinn ætlar sér stóra hluti á Mastersmóti sem hefst á fimmtudaginn á Augusta-vellinum í Georgíu.

helst fylgjast með í sjónvarpi. Norður-Írinn Rory McIlroy fékk 15% atkvæða og Phil Mickelson 7%.

Tímarnir hafa breyst og samkeppnin er mun meiri hjá bestu kylfingum heims. Kylfingar frá Bretlandseyjum skipa þrjú efstu sætin á heimslistanum, Englendingurinn Luke Donald er þar efstur, ungstirnið Rory McIlroy frá Norður-Írlandi er annar og Englendingurinn Lee Westwood er þriðji.

Í dag búast sjónvarpsáhorfendur ekki við yfirburðasigrum hjá Tiger Woods – sem var nánast regla frekar en undantekning í byrjun þessarar aldar. Almennur fylgdist nú með Woods til þess að sjá hvort hann sé líklegur til þess að ná fyrri getu, og sýni yfirburði sína á ný. Eitt hefur ekki breyst, það eru allir að fylgjast með Tiger Woods.

Sigmundur Einar Másson, Íslandsmeistari í högguleik 2006, segir að sjálfstraustið leki af Tiger

## TIGER WOODS

Kylfingurinn heitir í raun **Eldrick Tont Woods**. Fæddur: **30.12 desember 1975. (36 ára)**  
Hæð: **1,85 m.**  
Þyngd: **84 kg.**  
Sigrar á PGA-mótaröðinni: **72.**  
Tiger er í þriðja sæti yfir flesta sigra frá upphafi.  
Aðeins **Sam Snead (82 sigrar)** og **Jack Nicklaus (73 sigrar)** eru þar fyrir ofan.  
Sigrar á Evrópumótaröðinni: **38.**  
Tiger er einnig í þriðja sæti yfir flesta sigra frá upphafi á Evrópumóta-

röðinni. Aðeins **Seve Ballesteros (50)** og **Bernhard Langer (42)** eru fyrir ofan Tiger á þessum lista.  
Sigrar á stórmótum, alls **14.**  
Er annar í röðinni á þessum lista.  
Aðeins **Jack Nicklaus** er efstur með **18** risatítla.  
Árangur Tigers:  
Mastersmótið: (**'97, '01, '02, '05**)  
Opna bandaríska meistaramótið (**'00, '02, '08**),  
Opna breska meistaramótið (**'00, '05, '06**),  
PGA-meistaramótið (**99, 00, 06, 07**).

Woods eftir sigurinn um sl. helgi og það sé gott fyrir golfþróttina að fá hann í fremstu röð á ný. „Sjálfsstraust er mikill partur af þessu og meira að segja hjá þeim bestu. Mesta ógn Tigers er hann sjálfur, ég held að hann sigri ekki á Mastersmóti en hann verður á

meðal 5 efstu. Tiger Woods tekur samt einn af risatitlunum á árinu 2012. Það er erfitt að segja að hann sé sá besti sem uppi hefur verið en hann var langbestur seinasta áratug en ég efast um að einhver muni einhvern tímann ná að vera með eins mikla yfir-

burði og hann var með frá 1998 til 2008,“ sagði Sigmundur Einar sem er atvinnumaður í íþróttinni og keppir fyrir GKG.

Hinn 36 ára gamli Tiger Woods hefur gengið í gegnum miklar breytingar allt frá árslokum 2009. Eiginkona hans, Elin Nordgren, fór frá honum þegar upp komst um margra ára framhjáald hans. Frá þeim tíma hefur Woods fengið nýjan mann á „pokann“ í stað hins geðþekka Stevie Williams frá Nýja-Sjálandi. Williams var aðstoðarmaður Tigers Woods á 13 af þeim 14 stórmótum sem hann hefur unnið. Woods hrsti einnig upp í þjálfarateymi sínu.

Fall Woods á heimslistanum var gríðarlegt en hann var í efsta sæti í lok ársins 2009 og hann fór niður í það 58. – sem er líklega botninn fyrir Woods. Eftir sigurinn um sl. helgi er Woods búinn að koma sér í upp í sjötta sæti heimslistans. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort hann nái fyrri styrk á ný.

## GRÍÐARLEG AUKNING Á VERÐLAUNAFÉ Á PGA MÓTARÖÐINI

### 8 milljarða kr. árstekjur þrátt fyrir 40% launalækkun

**T**iger Woods hefur á undanförunum áratug verið tekjuhæsti atvinnuþróttamaður heims. Aðeins brot af tekjum hans eru verðlaunafé á atvinnu-mótum. Tekjur Woods hafa hins vegar minnkað töluvert eftir að „geislabaugurinn“ var rífinn af honum í lok ársins 2009. Hann var með rétt um 8 milljarða kr. í árstekjur árið 2011 og er það um 40% lækkun frá árunum þar á undan. Rétt um 4-5 milljarðar króna farnir úr bókhaldinu.

Keppinautar hans hafa hagnast gríðarlega á vinsældum Woods. Heildarverðlaunafé í PGA-mótaröðinni var 70 milljón dalir árið 1996 á fyrsta árinu sem Tiger Woods var atvinnumaður. Frá þeim tíma hefur verðlaunaféð hækkað gríðarlega og í ár skipta kylfingarnir um 300 milljónum dala á milli sín eða sem nemur 38 milljörðum króna og hefur þessi upphæð því hækkað um 30 milljarða króna frá árinu 1996. Hvað sem mönnum finnst um Tiger Woods þá er ljóst að án hans væri atvinnugolfið ekki eins vinsælt.



**GOTT TEYMI** Tiger Woods og Hank Haney náðu góðum árangri á sínum tíma þegar þeir unnu saman.

### Umdeild bók hjá fyrrum þjálfara Woods

**H**ank Haney, einn þekktasti golfkennari veraldar, er ekki ofarlega á jólakortalista Tiger Woods á þessu ári, og Haney er líklega bara alls ekki á þeim lista. Hinn 57 ára gamli Bandaríkjamadur var þjálfari Woods á árunum 2004-2010. Á þessum tíma sigraði Woods á 6 stórmótum og vann yfir 30 mót í PGA-mótaröðinni. Haney gaf út bók í síðustu viku sem ber nafnið „The Big Miss“ og þar dregur Haney ekkert undan þar sem hann vitnar í trúnaðarsamtöl þeirra á þessum tíma. Haney er handviss um að Tiger Woods sé sá besti frá upphafi og þann kafla sé nú þegar búinn að skrifa í golfsöguna.

„Ég er viss um að það mun aldrei koma fram kylfingur með eins mikla hæfileika og Tiger Woods,“ sagði Haney á dögunum en hann hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir útgáfu bókarinnar. Ekki síst af öðrum golfkennurum sem eru

margir hverjir æfir yfir hegðun Haney.

Að þeirra mati hefur Haney rofið trúnað við kylfing sem var „skjólstæðingur“ hans áður. Margir líkja þessu við trúnaðarskyldu lögfræðinga og jafnvel þagnarskyldu presta. Haney er sama um þessar skoðanir enda hefur hann ekki í hyggju að starfa á ný sem þjálfari hjá atvinnukylfingum í PGA-mótaröðinni. Hann er vellauðugur og rekur golfskóla víðs vegar um Bandaríkin. Haney hefur einbeitt sér að sjónvarpsþáttagerð um golfkennslu á undanförunum árum. Þar er raunveruleikabáttaröð um körfuboltamanninn Charles Barkley það stærsta sem Haney hefur komið að – enda verkefnið nánast ómögulegt og það skilja þeir sem hafa séð Barkley sveifla golfkylfu. Nánar verður fjallað um þessa umdeildu bók í sérblaði um Mastersmótið sem kemur út miðvikudaginn 4. apríl.

# Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi  
mælir með vörum frá Neutral



## STÓRÞVOTTUR FRAMUNDAN?

Ekkert jafnast á við Neutral Storvask til að komast til botns í þvottakörfunni. Hentar fyrir þvott af öllu tagi.



## HAFÐU ÞAÐ FÍNT

Silkihönskum, ullarteppum og dúnúlpum hæfir 30 til 40 gráðu þvottur í höndum eða vél með Neutral Uld- og finvask.



## NÚ ER ÞAÐ SVART

Neutral Sort vask varðveitir svartan glæsileikann svo hann tapi ekki lit sínum. Upplitað er bara ekki í físku þessa dagana.

Fyrir alla muni, ekki láta þennan lenda í hvíta þvottinum.

Létt er að flokka litríka sokka.



## NÚ ER ÞAÐ HVÍTT

Ensímin í Neutral Hvid vask losa þig við erfiða bletti og óhreinindi. Það skilar sér í björtum og hvítum þvotti. Fljótandi Neutral leysist vel upp og hentar því vel í handþvottinn.



## HALTU LÍFI Í LITUNUM

Settu svolítið af Neutral Color í hölfið og njóttu þess að fá þvottinn jafn litríkan úr vélinni aftur. Þetta er kröftugt, þú notar bara lítið af dufti í hverja vél. Fljótandi Neutral Color endist líka og endist.



**ÞRÍR VINIR** Mennirnir á bak við Game of Thrones, handritshöfundarnir og framleiðendurnir David Benioff og Dan Weiss ásamt höfundi bókanna George R.R. Martin, til hægri.



NORDICPHOTO/GETTY

# Úr greipum nördanna

Aðstandendur sjónvarpsþáttanna **Game of Thrones** óttuðust að sverð-sveiflandi lávarðar og eldspúandi drekar myndu aðeins höfða til lítils hóps fantasíu-nörda. Raunin varð önnur. Undir rauðrósöttum rúmgafli tók *Sif Sigmarsdóttir* tali tvíeykið á bak við þættina og fór vel á með þeim er þau ræddu um væntingarnar og velgengnina. En skyndilega skipaðist veður í lofti.

**B**ankið á hurðina er veikt. Dágóð stund líður áður en tekið er í húninn og krúnurókuðu höfði stungu hikandi inn um gættina á litlu hótélherbergi Soho Hótelsins í Lundúnum. Andlitið er mjóslegið og á nefinu hvíla silfrúð spangargleraugu. Búkurinn sem fylgir höfðinu inn um dyrnar fullkomnar staðalmyndina sem flestir hafa af ungum karlmönnum sem hafa gaman af fantasíum; mjósleginn, klæddur sniðlitum gallabuxum og stuttermabol með mynd af pixluðum tölvuleikjafígúrum að slást.

Dan Weiss er annar tveggja framleiðenda og handritshöfunda fantasíuþáttanna Game of Thrones sem byggðir eru á bókum ritshöfundarins George R. R. Martin.

## Ekki hefðbundin fantasía

Þættirnir, sem gerast í skálduðum miðaldaheimi þar sem sjö fjölskyldur heyja blóðuga baráttu um völd og járnhásæti, eru í aðra röndina hefðbundin fantasía. Um moldugar götur innan borgarveggja arka brúnabungir, hárfagrir karlmenn sveipaðir efnismiklum skikkjum og úfnum gærum sem líkjast helst afturgöngum úr búningasafni Hrafns Gunnlaugssonar. Um grænar gresjur ríða hestum vöðvastælt tröllumenni með augnarfaða í fylgd fáklæddra kvenna með hár niður á mjaðmir. En varast skal að láta loðið yfirborðið, eldspúandi drekana og yfirnáttúrulegar óvættirnar blekkja. Game of Thrones er langt frá því að vera venjuleg fantasía.

Á hæla Weiss inn í herbergið fylgir hinn helmingur tvíeykisins bak við verðlaunabættina.

Ef Dan Weiss er holdgervingur þeirra gilda sem virðast á yfirborðinu liggja til grundvallar Game of Thrones er David Benioff lifandi líkneski alls þess sem flestir töldu ómögulegt að fantasíu-sjónvarpsþáttur gæti nokkru sinni verið uns Game of Thrones tók að birtast á skjáum um heim allan: Fágaður, svalur og fjöldanum að skapi. Klæddur óaðfinnanlega pressaðri bláköflóttu skyrtu undir aðsníðnum bleiserjakka geislar af

honum áreynslalaus Hollywood-„glamúr“. Og gljáinn er ekta. Til margra ára hefur Benioff starfað farsælega sem handritshöfundur í borg englanna. Eftir hann liggja myndir á borð við Troy og The 25th Hour. Og til að fullkomna þakkann: Benioff er kvæntur Hollywood leikkonunni Amöndu Peet sem margir þekkja úr kvikmyndinni The Whole Nine Yards.

Þar sem við sitjum undir rauðrósöttum rúmgafli sem áfastur er veggnum – rúmið hefur verið fjarlæggt og í þess stað er komið dúkalagt borð – gera samstarfsmennirnir og vinirnir til fjölda ára tilraun til að greina hvernig Game of Thrones tókst hið ómögulega; að endurheimta fantasíu-greinina úr greipum nördanna og fanga áhuga hins almenna manns.

## Höfða til breiðs hóps

Weiss segir það eðli sögunnar sem veldur því til hve breiðs hóps þættirnir ná. Þungamiðja hennar sé ekki drekarnir eða seiðkonurnar – í henni sé mun minni áhersla lögð á galdra og hið yfirnáttúrulega en venjan er í fantasíum – heldur alvöru fólk sem tekst á við alvöru vandamál. „Sögusvið þáttanna er vissulega fantasíuheimur,“ segir hann og liggur lágt rómur. „En þegar alls er gætt fjalla þættirnir einfaldlega um venjulegt fólk með venjulega drauma, vonir og þrár. Baráttan um völd er eins alls staðar; ást sem fólk ber til fjölskyldu sinnar er eins alls staðar; og átökin milli þessara tveggja þátta – hvernig þeir orka hvor á annan – er eins alls staðar. Von okkar er að Game of Thrones séu fantasíuþættir eins og Sóprano-fjölskyldan er mafíósa-þættir; helgaðir ákveðinni kvikmyndagrein og tilheyra sem slíkir ákveðnum flokki en taka jafnframt á almennum mannlegum málefnum sem varða okkur öll.“

Er þeir Weiss og Benioff hófu fyrst vinnu við þættina lifðu þeir í stöðugum ótta við að sverðsveiflandi lávarðar og kjaftforir dvergar myndu í besta falli trekka að dyggan en óhjákvæmilega lítinn hóp fantasíu-aðdáenda. Raunin varð önnur útskýrir hinn þrúðbúni Benioff og leggur svo fagmannlega

## SLEGIST UM VÖLDIN Í ÆVINTÝRAHEIMI GAME OF THRONES



Baráttan um völdin heldur áfram í annarri þáttaröð Game of Thrones. Barátta Lannister og Stark fjölskyldnanna leikur sem fyrr lykilhlutverk í þáttunum. Á myndunum má sjá Joffrey Baratheon sem tilheyrir Lannister-ættinni og situr á valdastóli í Vesturási. Robb Stark (til hægri) hefur hins vegar ekki mikinn áhuga á að lúta hans stjórn. Sýningar á þáttunum hefjast á mánudag á Stöð 2 en þættirnir verða sýndir á stöðinni sólarhring á eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.



snyrtar hendur á borðið að ólíklegt verður að teljast að þær hafi gert mikið af því að fletta blaðsíðum lítt þekktra fantasíuskáldsagna eða fitla við tölvuleikjafjarstýringar. „Ein algengustu og ánægjulegustu viðbrögðin sem við fengum við fyrstu seríunni voru: „Ég er ekki hrifinn af fantasíum og þegar ég heyrði fyrst um þáttinn – að í honum væru drekar og slíkt – vissi ég að ég hefði ekki áhuga. En svo horfði ég á einn þátt, féll samstundis fyrir karakterunum og nú er ég húkkaður.“ Það var mesta hrós sem við gátum fengið.“

## 13 Emmy-tilnefningar

Rétt eins og formúlukendur Hollywood-„glamúr“ Benioff er ekta eru vinsældir þáttanna ekta. Þeir teljast nú fimmtu vinsælustu þættir í sögu kapalstöðvarinnar HBO sem framleiðir þá og fylgja þeir fast á hæla Sex and the City. Þættirnir hlutu 13 tilnefningar til Emmy verðlaunanna og tvær til Golden Globe verðlaunanna. Samningar voru gerðir um framleiðslu annarrar seríu aðeins tveimur dögum eftir að fyrsti þátturinn

var sýndur í sjónvarpi og er frumsýningar hennar í apríl beðið með eftirvæntingu.

En þrátt fyrir velgengni eru Weiss og Benioff lítt láttir. Þeir eru yfirvegaðir í fasi, ef ekki feimnir. Nafnið George ber ítrekað á góma en félögunum er mikið í mun að deila heiðrinum með höfundi bókanna sem þættirnir eru byggðir á. „George hefur tekið töluverðan þátt í öllu ferlinu,“ segir Benioff og útlistar aðkomu rithöfundarins að framleiðslu þáttanna: Hann skrifaði handrit að einum þætti í hvorri seríu, hann tók þátt í að velja leikarana auk þess sem hann er sérlegur ráðgjafi þegar kemur að því að skapa heim bókanna.

## Rætt um rétt útlit dreka

„George hafði til að mynda mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig drekarnir líta út,“ segir Benioff og strýkur lófanum yfir þykkt, dökkt hárið sem nemur við sterkelegan kjálka settum grófum skeggbroddum. „Hann vildi tryggja að drekarnir hefðu tvo fætur – ekki fjóra fætur og vængi. Tvo fætur

og vængi.“ Benioff glottir. „George hefur hugsað um dreka mun lengur en við.“ Í sömu andrá hallar Weiss sér fram og grípur orðið: „Ég eyddi reyndar löngum stundum í að velja fyrir mér útliti dreka þegar ég var tólf ára.“ Hann hlær hikstakendum hlátri. Játningin kemur ekki á óvart.

Fæstir almennir lesendur höfðu heyrt rithöfundarinn George R. R. Martin getið fyrir en sjónvarpsþættir Benioff og Weiss komust í hámmæli. Árum saman hafði hann hins vegar getið sér gott orð meðal svokallaðra fantasíu-nörda. Innan þeirrar kreösu breiddist orðspor hans út er meðmæli gengu frá manni til manns með bókaflökki hans sem ber heitið A Song of Ice and Fire og þættirnir Game of Thrones eru byggðir á. Fljótt fundu aðdáendur bókanna, sem nú eru orðnar fimm að tölu, sér vettvang á veraldarvefnum til að eiga samskipti sín á milli. Fjöldi aðdáenda-síðna og vef-spjallsvæða spratt upp tileinkaður epískri sögunni. En ást aðdáenda er hverful. Hluti þeirra snerist nýverið gegn höfundinum í óþreyju sinni eftir að fá að vita

## ÍSLAND EINS OG TÖLVUGRAFÍK

„Ég elska landið þitt!“ hrópar leikarinn Kit Harington upp yfir sig er blaðamaður kveðst vera frá Íslandi og vilja fá að ræða við hann um tókur þáttanna Game of Thrones sem fram fóru á Vatnajökli í nóvember síðastliðnum. „Það er einn af þessum stöðum sem ég myndi vilja flytja til. Ég elska það í alvöru! Ísland á sérstakan stað í hjarta mér.“

Ákafi Kit er svo dásamlega einlægur að blaðamaður þarf að hafa sig allan við að teygja ekki fram arma og klípa í rjóðar, tuttugu og fimm ára kinnarnar á honum og segja „gútsí-gú“. Kit er nýtskrifaður úr leiklistarskóla. Engu að síður hafa honum hlotnast tvær stórar rullur á síðustu misserum: Annars vegar aðalhlutverkið í leikritinu War Horse sem sýnt var í breska Þjóðleikhúsinu og nú síðast hlutverk geðþekka bastarðsins Jon Snow í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones.

„Við dvöldum á Íslandi í um fjórar vikur við tókur,“ segir Kit. „Við tókum upp á þremur mismunandi stöðum á jöklinum. Og það var kalt.“ Hann hlær. „Skeggið á okkur fraus.“ Rakað virðist bústið andlit hans barnslegt. Ungæðislegur glampi er í koparbrúnum augunum. Þetta er tæpast ásjóna manns sem maður fæli það torvelða verkefni að verja heimsálfuna Vesturás fyrir ágangi lifandi dauðra ófreskja sem kallast Hvítgöngurnar (White Walkers).

„Ísland tók vel á móti okkur. Við vorum mjög heppin með veður. Dagarnir voru heiðskírir og vetrarsólin skein á okkur. Einn myndatökumannanna sagðist hafa skotið magnaðasta myndskotið ferils síns á jöklinum. Allt í einum heyrðum við einhverjum hrópa: „JESS!“

Kit segist nýverið hafa fengið að horfa á brot úr senum sem teknar voru upp á Íslandi. „Þær eru

svo fallegar og framandi. Þær líta út eins og tölvugrafík. Við fórum til Íslands til að forðast að nota tölvugrafík en furðulegt nokk varð niðurstaðan í raun óraunverulegri en grafík.“

Persóna Kit í þáttunum er send til hins kalda Norðurs þar sem hann gengur til liðs við varðlið Næturvarðanna. Hjálpaði kuldinn á Íslandi honum að komast í karakter?

„Sem leikari er engu líkt að vera staddur í umhverfi eins og því sem karakterinn á að vera staddur í. Og Ísland er eins nálægt Norðrinu og hægt er að hafa það. Það er kalt, hrjóstrugt, landslagið er framandi og á sinn eigin hátt er það gríðarlega fallegt. Aðstæður hjálpuðu okkur leikurunum mjög.“

Áætlað er að tókur á þriðju seríu Game of Thrones hefjist í júlí. Kit segist vona að þær fari aftur fram á Íslandi.



hvernig ævintýrinu lýkur – upphaflega áttu bækurnar aðeins að vera þrjár en eru nú sagðar eiga að verða sjö. Stefnir sú saga í að verða um margt jafndramatísk og fantasía George R. R. Martin.

### Beðið eftir sögulokum

„Togaðu ritvélinu út úr rassgatinu á þér og haltu áfram að skrifa,“ voru skilaboð til Martin frá aðdáenda sem orðinn var langeygður eftir nýrri bók í flokknum sem nú þegar telur um 5000 blaðsíður, 1,7 milljón orð og meira en 1000 nafngreindar persónur. Aðrir hafa sett upp heilu vefsíðurnar helgaðar, að þeim finnst, seinagangi Martin. Þar núa þeir höfundu vinnulagi hans um nasir og saka hann um leti þegar kemur að skrifunum. „Fyrst við vitum öll að [Martin] getur ekki skrifað nema hann sé staddur á sérstaka rit-staðnum sínum, íklæddur sérstöku rit-stígvélunum sínum, með hitann nákvæmlega stilltan á 20 gráður og sólina í Vatnsberanum geri ég ráð fyrir að sá stóri hafi ekki komið einu einasta orði niður á blaði í dag.“

Matthías hefur verið fastráðinn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2006. Hann heldur þó einleikstónleika reglulega. Hann er til að mynda nýkominn frá Finnlandi þar sem hann flutti óbókonsert eftir Karólínu Eiríksdóttur með Borgarkammersveit Seinäjoki undir stjórn Toumas Rousi. Fyrr á árinu frumflutti hann sama verk með Kammerveit Reykjavíkur á Myrkum músíkdögum.

Anna Guðný Guðmundsdóttir kemur fram með Matthías á tónleikunum. Hún hefur starfað á Íslandi við margvísleg störf píanistans, í kammertónlist, meðleik og sem einleikari og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2009 sem flytjandi ársins. Anna Guðný hefur verið píanóleikari Kammerveitar Reykjavíkur um langt árabil. Hún er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Tónleikar Matthíasar og Önnu Guðnýjar hefjast klukkan fimm í dag.  
sigridur@frettabladid.is

## Annar í afmæli

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Silfurbergi í Hörpu á morgun klukkan tvö undir yfirskriftinni „Annar í afmæli“. Á síðustu tónleikum sínum fagnaði sveitin 20 ára afmæli með því að leika tónlist sem tengist gesta-stjórnendum hennar í gegnum árin, innlendum og erlendum.

Á tónleikunum á morgun verður haldið áfram með afmælissagnaðinn, en að þessu sinni flutt ýmis stök verk sem samin hafa verið fyrir sveitina á liðnum árum. Á efnisskrá verða verk

eftir Veigar Margeirsson, Eero Koiviston, Daniel Nølgård og Ólaf Gauk Þórhallsson. Þá verða frumflutt tvö ný verk eftir Stefán S. Stefánsson og Lars Jansson. Stjórnandi á þessum tónleikum verður Sigurður Flosason. Þess má geta að síðasta plata Stórsveitarinnar, HAK, fékk tvenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlauninum nú nýverið.

Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni Lyginni líkast sem Jazzhátíð Reykjavíkur stendur fyrir í Hörpu 1. apríl.

**BYLGJAN 989**

**Sprengisandur kraftmikill þjóðmálaþáttur**

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

SO YOU THINK YOU CAN  
**DANCE**

**HEIMSPÆKKT DANSSTJARNNA ÚR HINUM VIRTU ÞÁTTUM**  
kennir SjóðHeita danstíma 12.-14. apríl nk. í Þrótti!



**GEV MANOUKIAN** - Lærðu  
af þeim sem eru fremstir á  
sínu sviði í HEIMINUM!

Tryggðu þér  
pláss með því að  
skrá þig strax á  
dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



**HIP HOP  
BREAK**

Ekki missa af  
þessu einstaka  
tækifæri!

Seinast var **UPPSELT** - Skráðu þig strax á **dancecenter.is!**

Upplifðu DansGleðina! StórGlæsileg sýning  
14. apríl í **HÖRPUNNI** með Gev & nemendum!

**SKRÁÐU  
ÞIG NÚNA**  
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á [dancecenter.is](http://dancecenter.is)  
og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK.  
Einnig er hægt að senda tölvupóst á  
[dancecenter@dancecenter.is](mailto:dancecenter@dancecenter.is) eða hringja  
í síma **777 3658** hjá DanceCenter Reykjavík.

**DÖNSUM svo lengi sem lifum!**

**BREAK:** Yngri og eldri hópur  
**HIP HOP:** Yngri og eldri hópur

**SUMARnámskeiðin hefjast í beinu framhaldi í júní!**



Danslið þáttanna  
kemur sérstaklega  
á vegum:



[www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is)



**LESA FYRIR BÖRNIN** Auðunn Blöndal og Oddný Sturludóttir eru á meðal þeirra sem lesa fyrir börnin.

## Auðunn Blöndal les fyrir börnin

Farfuglaheimilið Kex verður með heimilislegan sunnudag á morgun. Dagskráin hefst klukkan 11 og stendur fram eftir degi. Dagskráin hefst með bílskúrssölu þar sem Þórunn Antonía, Kormákur Jarl, Snæfríður Sól og fleiri taka til í skúrnum og selja varning á góðu verðu. Þá hyggst Hálfán Pedersen, hönnuður Kex, selja af sér listamannaspjarirnar.

Klukkan eitt hefst svo svokallaður kósý upplestur þar sem valdir einstaklingar lesa upp úr uppáhaldsbarnabókinni sinni. Á meðal þeirra sem lesa upp eru Auðunn Blöndal, Oddný Sturludóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Arnar Eggert Thoroddsen, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Nanna Kristín Magnúsdóttir.

Loks hefst brjáláð barnastuð og munu Stefán Karl, Edda Björg og fleiri flytja uppáhaldsbarnalögin sín.



# HRUNIÐ Í HJÁVERKUM

Myndlist ★★★★★

**Skjól**

Einar Falur

**Sýnt í Listasafni ASÍ til 1. apríl**

Haustið 2008 er mörgum í fersku minni. Flestir muna hvar þeir voru staddir Glitnishelgina – sjálfur var rýnir uppi í bústað – og allir þegar Geir H. Haarde ávarpaði þjóð sína grátandi í sjónvarpssal og kvaddi hana með hinum fleygu orðum: „Guð blessi Ísland“ sem ásamt „helvítis foking fukk“ urðu einkennisörð hrunsins. Þessir frasar eiga enn við og kannski aldrei betur en nú enda er ballið bara rétt að byrja. Hér er að sjálfsögðu átt við hið menningarlega og andlega hrun sem ekki sér fyrir endann á. Allir þurfa á einn eða annan hátt að gera upp uppáhaldshrunið sitt en fæstir hafa getuna eða tækin til þess og því er ekki von á góðu. Ljósmyndarar eru oft vel tækjum búnir og sumir þeirra kunna að smella af á réttum tíma. Að fara fram á frumleika er hins vegar til of mikils mælt þegar óveðursöflin berja á landinu, hvað þá þegar stormurinn er genginn yfir og eyðimörkin blasir við.

Einar Falur Ingólfsson hefur lengi verið í fremstu röð ljósmyndara, bæði uppi á Mogga og annars staðar og hefur sýnt myndir sínar hér og þar auk þess að vera liðtækur pennt. Hann hefur gefið út nokkrar ljós-



myndabækur hjá bókaútgáfunni Crymogeu sem á heiðurinn af sumum af falletustu bókum í heimi. Ein sú alfallegasta er Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods sem einmitt er eftir fyrrnefndan Einar Fal og var í smíðum haustið sögulega 2008.

Þrátt fyrir annir tókst ljósmyndaranum að leggja drög að sýningunni sem nú hangir í Listasafni ASÍ. Sýningin er persónulegt uppgjör við hrunið og gott að hann skyldi finna tíma til að klára verkefnið meðan efnið er enn þá ferskt.

Yrkisefni sýningarinnar er sunnudagurinn eða sumarleyfið þar sem tilgang lífsins er að finna. Þegar samfélagið er orðið óbærilegt eru eðlileg viðbrögð að leita á náðir einhvers ástands þar sem tilveran er hrein og nakin. Flóttinn verður æ áleitnara yrkisefni eftir því sem sljóleiki listanna gagnvart þjóðfélagsmálum eykst: Reistu tjald þitt fjarri heiminum,

annað svarar ekki kostnaði. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Skríddu í skjól, þar er kjarni tilverunnar.

Sýningunni er skipt í þrjá hluta og er bróðurpartur hennar til-einkaður flóttanum, Griðastaðir í Ásmundarsal og Skjól í Arinstofu.

Í Gryfju má hins vegar finna ljóðrænar yfirborðsmyndir af fósturjörðinni sem ljósmyndarinn kallar Svörð. Myndirnar af sverðinum eru yndislegar en virka svolítið eins og uppfyllingarefni í samhenginu. Rýnir er þó ósammála þeirri gagnrýni að GPS-hnit hefðu bætt hina hárbeyttu listrænu sýn ljósmyndarans knáa. Sumir listamenn virðast þurfa niðurnjörvaða aðferðafræði til að ráða ferðinni og flytja þá gjarna í skjól GPS-tækisins sem gefur verkunum menntað yfirbragð á kostnað listræns gildis.

Einstaka myndir á sýningunni eru algjört konfekt fyrir augað, til dæmis myndin af Helga Þorgils Friðjónssyni og Margræti konu hans. Það er gaman að segja frá því að í Ingólfsstræti er sýning á skemmtilegum portrettmyndum eftir Helga Þorgils og þar má finna málverk af Einari Fal og reyndar öðrum frábærum listamönnum.

Ásmundur Ásmundsson

**Niðurstaða:** Sýningin er persónulegt uppgjör við hrunið. Gott að ljósmyndarinn skyldi finna tíma til þess enda þurfa allir fyrir eða síðar að gera upp sitt hrun. Hann leitast við að fanga kjarna tilverunnar og finnur hann í skjóli.

# ANNAR

# Í AFMÆLI



## STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR 20 ÁRA

**Stjórnandi Sigurður Flosason**

Stórsveitin heldur áfram að fagna tuttugu ára afmæli. Flutt verða verk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir sveitina á liðnum árum. Höfundar eru Eero Koiviston, Veigar Margeirsson, Daniel Nolgård og Ólafur Gaukur Þórhallsson. Einnig verða frumflutt ný verk eftir Stefán S. Stefánsson og Lars Jansson.

**HARPA / Silfurberg**  
sunnudag, 1. apríl kl. 14:00  
Miðaverð kr. 2000

Tónleikarnir eru hluti af tónlistarhátíðinni **Lyginni líkast** sem Jazzhátíð Reykjavíkur stendur fyrir í Silfurbergi, Hörpu 1. apríl. Miðverð á staka tónleika er kr. 2.000 en kr. 3.500 á alla tónleika dagsins.

Miðar á [harpa.is](http://harpa.is) og í miðasölu Hörpu.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Laugardagur 31. mars 2012**

→ Gjörnigar

**15.00** Gjörnigahátíðin Halarófa verður haldin um miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða vorhátíð, endahnút og lokahnykk á tveimur námskeiðum við myndlistardeild LHÍ. Hátíðin byrjar fyrir framan Kaffistofuna, Hverfisgötu 42B þar sem upphafsgjörnigar eiga sér stað. Gestir hátíðarinnar verða síðan leiddir um næsta nágrenni. Allir velkomnir.

→ Listasmiðja

**13.00** Smíðja um notkun, stjórnun og smíði róbota verður haldin í Hafnarhúsi. Um er að ræða þriðja samstarfsverkefni Lornalabs og Listasafns Reykjavíkur á þessu ári. Gestafyrirlesarar eru Joseph Timotei Foley og Stefán Freyr Stefánsson. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

→ Sýningar

**15.00** Sýningin A N I M U S opnar í 002 gallerí, Þúfubarði 17, Hafnarfirði. Um er að ræða 24 tíma sýningu þar sem sex listamenn eru innlokkaðir í svefnherbergi Birgis Sigurðssonar, sem breytir heimili sínu í gallerí yfir helgi.

**15.00** Sýning Þórs Sigmundssonar og Þjeturs Stefánssonar verður opnuð í sal íslenskrar grafíkur, Hafnarhúsinu. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Málverkasýning myndlistardeildar Fjölbrautaskólans í Breiðholti verður opnuð í Gallerí Tukt, Pósthússtræti 3-5.

→ Hátíðir

**18.00** Blúshátíð Reykjavíkur hefst með Blúsdegi í miðbænum.

→ Umræður

**14.00** Heimspekikaffihúsið verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Hvað er líffskoðun? Allir velkomnir.

→ Uppákomur

**11.00** Páskabasar verður haldinn í Kattholti, Stangarhyl 2. Kökur, ýmsir munir, páskaskraut og margt fleira. Basarinn stendur til klukkan 16:00.

→ Tónlist

**17.00** Úrslitkvöld Músíktílauna 2012 verður haldið í Austurbæ. Alls keppa 10 bönd um sigurinn og mikil fjölbreytni er í tónlistarstefnum þeirra. Rás 2 mun útvarpa beint frá kvöldinu. Miðaverð er kr. 1.500.

**17.00** Matthías Nardeau óbóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari flytja eina svítu og þrjár sónotur fyrir óbó og píanó í Salnum, Kópavogi.

**17.00** Matthías Birgir Nardeau og Anna

JÓNSI OG GRETA SALÓME



AGENT FRESCO



GREIFARNIR



Styrkt af  
Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

Guðný Guðmundsdóttir spila verk eftir frönsk tónskáld frá fyrri hluta tuttugustu aldarinnar í Salnum, Kópavogi. Aðgangseyrir er kr. 3.500.

**21.00** Hljómsveitin Champions of Death spilar gleðilegt þungarokk á Bar 11. Að tónleikum loknum mætir DJ í búrið. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Ljótú hálfvitarnir standa fyrir söngskemmtun á Café Rosenberg.

**22.00** Hljómsveitirnar Heflamir og Trúboðarnir halda tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Báðar hljómsveitir innihalda spilafélaga sem hafa leikið í mörgum af helstu rokk- og poppsveitum Norðlendinga. Miðaverð er kr. 1.500.

**23.00** Iceland Airways hitar upp með fríum tónleikum á NASA. Fram koma Sóley, Agent Fresco og breska hljómsveitin All The Young.

**23.00** Hljómsveitin Sixties heldur sveitaball á Ob-La-Di Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Tónleikar með Contalgen funeral á Þýska barnum, Tryggvagötu 11. Á miðnætti stígur húsbandið Bundesligan á svið, með Sverri Bergmann á mikrafóninum. Frítt inn til miðnættis og eftir það er 1.000 króna aðgangseyrir, en frír bjór fylgir hverjum miða.

**23.30** Hljómsveitin Í Svörtum Fötum leikur á skemmtistaðnum SPOT í Kópavogi. Sérstakur gestur verður Greta Salóme, Eurovisionstjarna, og munu þau Jónsi flytja saman lagið Never Forget, ásamt nokkrum vel völdum Eurovisionslögurum.

**23.59** Greifarnir spila á nýjum stað, 600, á Akureyri. Öll bestu Greifalögin, gömul og ný, munu hljóma.

#### → Leiðsögn

**15.00** Einar Falur verður með leiðsögn um sýningu sína, Skjól, í Listasafni ASÍ.

**15.00** Orrí Finnbogason, gullsmiður, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Rætur - íslensk samtímaskartgripahönnun sem stendur nú yfir í Hafnarborg.

#### → Fyrirlestrar

**13.00** Listamennirnir Nomedá og Gediminas Urbonas ræða verkefnið UTO-PIA á fjórða fyrirlestri fyrirlestrarraðarinnar Panora-Listir, náttúra og stjórnmál í Listasafni Íslands.

#### → Útivist

**10.00** Hjólreiðaferð verður farin frá Hlemmi á vegum LHM. Hjólað verður um borgina í rólegri ferð í um tvo tíma. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

#### Sunnudagur 01. apríl 2012

#### → Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

#### → Uppákomur

**11.00** Heimilislegur sunnudagur verður á KEX Hostel. Meðal annars verður bílskúrssala þar sem verður að finna allt milli himins og jarðar, auk þess sem þekktar manneskjur lesa úr uppáhaldsbarnabókunum sínum og söngvarar fara yfir uppáhaldsbarnalögin sín.

**14.00** Sprengjugengið mætir í Ásmundarsafn og sýnir nokkrar vel valdar efnafræðibrellur fyrir alla fjölskylduna.

**14.00** Í Gerðubergssafni verður boðið upp á páskafoundur fyrir alla, en þar eru sunnudagar barnadagar.

**19.00** Bridge, Barometer, er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

#### → Tónlist

**12.15** Kvartett Kammersveitar Reykjavíkur stendur fyrir tónleikaseríu í Kaldalóni, Hörpu. Fluttir verða kvartettir Jóns Leifs, þrjú að tölu, auk þess sem verk annarra íslenskra tónskálda verður á öllum tónleikum. Að þessu sinni verður fluttur Quartetto II op. 36 Vita et mors eftir Jón Leifs og verk eftir Svein Lúðvík Björnsson. Miðaverð er kr. 1.500.

**14.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Silfurbergi, Hörpu, undir yfirskriftinni Annar í afmæli. Miðaverð er kr. 2.000. Tónleikarnir eru hluti af tónlistarháttíðinni Lyginni líkast sem haldin verður þennan dag. Miðaverð á alla tónleika dagsins saman er kr. 3.500.

**17.00** Barokkóperan Dido og Aeneas eftir Henry Purcell verður flutt í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Flytjendur eru kammerkórinn Hymnodia og Barokksveit Hólastiftis undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar.

#### → Leiðsögn

**14.00** Rákel Pétursdóttir verður með leiðsögn um yfirlitssýningu á verkum Rúrí í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg. Í tengslum við leiðsögnina gefst börnum og fullorðnum tækifæri til að vinna út frá nokkrum verkum sýningarinnar á sérstakri fjölskyldusmiðju.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).

# Góð lausn fyrir óþolinmóða

Hvernig myndir þú bregðast við ef gesturinn á næsta borði við þig á veitingastað fengi að borða matinn þinn? Líklega yrðir þú hissa, síðan reiður og svo myndirðu líklega hringja á lögrelguna.

Það er einmitt þetta sem á sér stað í leikritinu Lamb fyrir tvo, sem leikfélagið Peðið frumsýnir í dag klukkan 17 á Gallery Bar 46 á Hverfisgötu 46. Í leikstjórnarstólum situr einn stofnenda leikfélagsins, Lísu Pálsdóttir, sem flestir tengja fyrst við Ríkisútvarpið.

„Ég lærði leiklist á sínum tíma, flutti svo úr landi og lék svolítið í Danmörku. Hér heima lék ég svo í Hryllingsbúðinni í Gamla bíói, en sneri mér svo að því að vinna í útvarpinu,“ rifjar Lísu upp. Þetta er í fjórða sinn sem hún leikstýrir verki fyrir Peðið.

Leikhópurinn Peðið sérhæfir sig í að leika á börum. Frá stofnun árið 2005 hefur hann sett upp 2-3 sýningar á ári. „Þetta er sérstök blanda af fólki á öllum aldri, afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og háskólaþing í bland. Það er helst að okkur vanti mjög ungt fólk. En það er víst bannað fyrir ungt fólk að koma á barinn.“

Verkið tekur um hálf tíma í flutningi og gestir geta sötrað sinn bjór í rólegheitum á meðan þeir njóta þess. „Þetta er góð lausn fyrir óþolinmóða leikhúsgesti,“ segir Lísu.

Til stendur að sýna fimm sýningar, í dag, á morgun, á skírdag, föstudaginn langa og laugardaginn 7. apríl, allar klukkan 17. - hhs

PEÐIÐ Frumsýnir Borð fyrir tvo á Gallery Bar 46 í dag klukkan 17.



## Jón Jónsson heldur fræðslufund fyrir ungt fólk á Akureyri

Jón Jónsson **hagfræðingur**, tónlistarmaður og fótboltakappi, fræðir ungt fólk um fjármál á skemmtilegan hátt á **Hótel KEA**, mánudaginn 2. apríl. Húsið opnar kl. 19:00 og fundurinn hefst kl. 19:30.

#### Helstu atriði sem Jón fer yfir eru:

- \* Hvað eru peningar?
- \* Hvernig á að spara?
- \* Að læra að velja og hafna
- \* Peningar og hamingja


Boðið verður upp á gos og pítsu og í lok fundar tekur Jón nokkur lög.

Allir 12-16 ára krakkar eru sérstaklega velkomnir ásamt foreldrum sínum.

Skráning á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

[arionbanki.is](http://arionbanki.is) – 444 7000

 Arion banki



**EIGA AÐ HÆTTA Á PILLUNNI** Vísindamenn hjá Stirling-háskólanum mæla með að konur hætti á pillunni til að komast að því hvaða hug þær beri í raun til maka síns. Rannsóknir sýna fram á að konur sem eru á getnaðarvarnarpillunni séu líklegri til að dvelja lengur í óhamingjusömum samböndum en þær sem eru það ekki.



**NÝTT MERKI** Sænski tískurisinn ætlar að koma á laggirnar nýju og dýrara fatamerki.  
NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýja keðjan fær nafn

**TÍSKA** Tískukeðjan H&M hefur tilkynnt nafnið á nýrri og dýrari „lúxus“ línu sinni. Sænska dagblaðið Dagens Nyheter segir nafnið á línunni vera & Other Stories.

Talsmaður H&M segist þó ekki vilja kalla nýju línuna lúxus-merki þó gæði hönnunarinnar verði meiri en hjá H&M og fötin dýrari eftir því. „Þetta verður verslunarkeðja sem hefur sömu markmið og H&M; að veita viðskiptavininum okkar besta verð miðað við gæði,“ var haft eftir talsmanni H&M.

## Playstation 4 á næsta ári?

**TÆKNI** Orðrómur er uppi um að fjórða útgáfan af leikjätölvunni Playstation frá Sony eigi að heita Orbis og sé væntanleg í búðir á næsta ári. Menn telja að þessi nýjasta útgáfa muni tengjast Vita-kerfinu og að ekki verði hægt að spila leikina í öðrum leikjätölvum. Ekki verður heldur hægt að spila PS3-leiki í tölvunni. Að sögn BBC hafa forsvarsmenn Sony ekki viljað staðfesta neitt en ljóst er að spennan fyrir tölvunni er mikil víða um heim.



### NÖRDAR

Mynd af Albert Einstein þekur hálfan handlegg **Óskars Hallgrímssonar**, en eins og sjá má er mikil hugsun á bak við hana. Meðal þess sem sjá má í flúrinu eru teningar með tölunum 3, 1 og 4, atóm og stjörnuhimininn. **Oddur Gunnarsson Bauer** er með nokkur flúr fyrir utan myndina af Skull kid sem er á upphandleggnum. Þar á meðal er setningin „Am I really living, or am I just dying“ úr lagi með Trúbrot húðflúruð um hálsinn á honum.

# Nördalegustu húðflúr Íslands fundin

**Keppni um nördalegasta húðflúr Íslands var haldin á vegum Nörda norðursins og Bleksmiðjunnar, á Facebook-síðu þeirra fyrrnefndu. 69 myndir af nördalegu flúri bárust í keppnina.**

„Þetta var nú bara gert í einni lotu, en ég sat í stólnum frá svona 11.30 til 17 með smá pásam,“ segir Oddur Gunnarsson Bauer um húðflúr sitt af Skull Kid, úr tölvu-

leikjaseríunni Zelda, sem vann keppnina.

Keppnin fólst í því að fá sem flest meðmæli á Facebook-síðunni Nörd Norðursins og Oddur og einn annar keppandi, Andri Már, báru höfuð og herðar yfir aðra í keppninni. Þeir náðu báðir vel yfir 1000 meðmælum meðan aðrir voru að fá frá 18 upp í rúmlega 400. „Ég og vinir mínir vorum duglegir að deila síðunni á Facebook og hvetja fólk til að kjósa. Það er nú yfirleitt þannig sem svona keppnir virka,“ segir Oddur um sigurinn. Það

var Sigrún á Bleksmiðjunni sem gerði flúrið. Óskar Hallgrímsson, ljósmyndari og nemi í grafískri hönnun, skartar mynd af Albert Einstein yfir helming hægri handlegs. Það var valið nördalegasta flúrið af dómnefnd sem samanstóð af fulltrúum frá Nördum norðursins og Bleksmiðjunni. „Ég er mikill áhugamaður um eðlisfræði, vísindi og mannleg gæði og að mínu mati persónugerir Einstein þessa hluti,“ segir Óskar. Hann hannaði flúrið sjálfur í samvinnu við Jón Þór Ísberg á Kingdom Within Tattoo

Studio. „Þetta tók ein fimm eða sex skipti en er sama og tilbúið núna. Ég ætla reyndar að bæta við mynd af Richard Feynman á handlegginn en hann er hinn upphaldseðlisfræðingurinn minn,“ segir Óskar.

Óskar er flúraður víða um líkamann og er meðal annars með tvær ljósmyndir eftir sig flúraðar á bakið. „Þær eru báðar af mönnum í New York. Annar er göturóni og mig grunar sterklega að hinn sé mafíósi,“ segir Óskar sem er hvergi nærri hættur að leggjast undir nálina. [tinnaros@frettabladid.is](mailto:tinnaros@frettabladid.is)

## WAREHOUSE

Vorhátíð í Kringlunni í dag!

**20%**

afsláttur af öllum vörum  
Gjöf fyrir alla sem versla hjá okkur!\*



Kynning frá Sif Cosmetics

milli 14:00 – 17:00

og lúxus prufa fyrir alla sem versla\*

**Lukkupottur**  
**Léttar veitingar**

Warehouse Kringlunni | s. 517-3290

\*meðan birgðar endast



**LYF GEGN OFFITU** Vísindamenn telja sig hafa fundið lyf sem eykur brennslu og er ætlað fólki sem þjáist af offitu.  
NORDICPHOTOS/GETTY

## Vísindamenn rannsaka lyf gegn offitu

**HEILSA** Bandarískir vísindamenn telja sig hafa fundið lyf sem eykur brennslu og er ætlað fólki sem þjáist af offitu. Lyfið, sem hefur áhrif á líkamsklukku fólks, gæti einnig hjálpað einstaklingum er þjáast af háu kólesteróli og sykursýki.

Lyfið samanstendur af tilbúnum sameindum sem hafa bein áhrif á líkamsklukku þeirra er neyta þess. Líkaminn hægir á brennslu að nóttu til en sé lyfsins neytt helst

hún óbreytt allan sólarhringinn. Lyfið var prófað á feitum músum og grenntust þær allar þrátt fyrir að fá óbreytta fæðu. Að auki minnkuðu líkurnar á háu kólesteróli hjá músunum og sykursýki minnkaði um 12 prósent.

„Áhrifin hafa verið mjög jákvæð fram að þessu,“ sagði Thomas Burris, prófessor hjá Scripps Research Institute í Flórída, þar sem rannsóknirnar voru gerðar.



# STÓR LAGERSALA

## Á ÚTIVISTAR & GOLFFATNAÐI



Verð áður kr. 16.990  
Verð nú kr. 9.900



Verð áður kr. 15.990  
Verð nú kr. 5.900



Verð áður kr. 10.990  
Verð nú kr. 4.900

# ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Mikið úrval af golffatnaði,  
útivistarfatnaði, barnafatnaði  
og mörgu fleiru.

### OPNUNARTÍMAR

|             |          |           |
|-------------|----------|-----------|
| Laugardagur | 31. mars | kl. 10-18 |
| Sunnudagur  | 1. apríl | kl. 11-18 |
| Mánudagur   | 2. apríl | kl. 12-20 |

Lagersala - Nýbýlavegi 18  
(Dalbrekkumegin) - Kópavogi

**ZO·ON**  
I C E L A N D

[www.zo-on.is](http://www.zo-on.is)





**27 ÁRA Í DAG** Leikkonan Jessica Szohr er hvað best þekkt fyrir leik sinn sjónvarpsþáttaröðinni Gossip Girl.



**VELGENGNI** Tim Schou og félagar í A Friend In London halda í tónleikaferð með Backstreet Boys og New Kid On The Block í apríl.

## Túrar með goðsögnum

Danska stráka hljómsveitin A Friend In London er heldur betur búin að slá í gegn frá því hún mætti til Düsseldorf og söng lagið New Tomorrow fyrir hönd Dana í Eurovision-keppninni í fyrra.

Lagið hefur verið eitt það vinsælasta í spilun eftir keppnina, en það náði fimmta sætinu með 134 stig. Á úrslitakvöldi undankeppni Eurovision í Danmörku, Dansk Melodi Grand Prix, þann 21. janúar síðastliðinn kom hljómsveitin fram ásamt Backstreet Boys-meðlimnum Howie D. Það sem fáir vissu þá var að það var aðeins upphafið af samstarfi hljómsveitanna því nú hefur verið tilkynnt að A Friend In London fari með Backstreet Boys og New Kids On The Block í tónleikaferð um Evrópu. Ferðin hefst í Dublin á Írlandi þann 21. apríl og ferðast hljómsveitirnar um Bretland og til Hollands, Belgíu, Sviss, Danmerkur og Noregs, áður en ferðinni lýkur í Ósló í Noregi þann 14. maí. - trs

## Bítlar ekki á hjólastólum

Bítlarnir hafa komið í veg fyrir að hollenskt fyrirtæki noti nafn hljómsveitarinnar á hjólastóla sem það framleiðir. Apple Corps, sem Bítlarnir stofnuðu, hafði áður komið í veg fyrir að fyrirtækið notaði Bítlanafnið á önnur farartæki sem það framleiddi. Núna hefur Evrópu dómstóllinn dæmt Apple Corps í hag og meinað hollenska fyrirtækinu einnig að nota Bítlanafnið á hjólastólana. Dómstóllinn taldi ekki við hæfi að hið góða orð sem færi af Bítlunum og það hversu góð söluvara þeir eru yrði notfært til að selja hjólastólana.



**GÓÐIR GESTIR** Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ, sést hér ásamt Kríu, Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og dóttur hans Tinnu.



**SPENNT** Pau Sigurður Arnarsson, Arnar Hannesson og Anna Ólafsdóttir á tiskusýningunni.



**FLOTTAR** Pær Carolina, Eva, Mai og Halla mættu spenntar á sýninguna.



**ÁHUGASAMIR** Gestir sýningarinnar fylgdust spenntir með.



**LITRÍKT** Þessi frumlegi kjóll var meðal þess sem mátti sjá á tiskupallinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# LITRÍKT HJÁ FATAHÖNNUÐUM FRAMTÍÐINNAR

Annars árs namar í fatahönnun við Listaháskóla Íslands blésu til tiskusýningar í skemmu Brims Seafood. Sýningin var í tengslum við Reykjavík Fashion Festival og margir lögðu leið sína til að sjá frumlega hönnun fatahönnunarnema. Meðal gesta var forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson ásamt dóttur sinni Tinnu. Sýningargestir voru sammála um að framtíðin í fatahönnun væri björt.



**GAMAN** Förðunarmeistarinn Ísak ásamt vinkonu sinni Anitu.

## JÁKVÆTT NÁMSKEIÐ UM HJÓNABAND OG SAMBÚÐ Í HÖRPU 28. APRÍL.

Námskeiðið verður haldið í Kaldalóni og hefst það kl.20.00

Á námskeiðinu verður farið í gegnum helstu hættur sem að hjónabandi og sambúð stöðja í dag og bent á leiðir til að varast þær.

### Markmið kvöldsins er:

- AÐ KVEIKJA FERSKAR HUGMYNDR Í SAMBANDINU
- AÐ FINNA NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ LEYSA ÚR VANDA
- AÐ GERA GOTT SAMBAND BETRA OG TRAUSTARA
- AÐ SKOÐA SAMSKIPTI OKKAR TIL AÐ STYRKJA ÞAU
- AÐ NJÓTA GÓÐRAR KVÖLDSTUNDAR MEÐ ÁSTINNI SINNI

Í lok námskeiðsins fá þátttáknendur sjö vikna heimaverkefni til að styrkja sambandið enn frekar.

Leiðbeinandi er sr. Þórhallur Heimisson, en yfir 6000 pör hafa tekið þátt í hjónanámskeiðum hans.

Upplýsingar og skráning fer fram í síma 8917562 og á [thorhallur33@gmail.com](mailto:thorhallur33@gmail.com)

## Hungurleikarnir að seljast upp

Hungurleikarnir, íslensk þýðing bókarinnar The Hunger Games eftir Suzanne Collins, er uppseld á lager Forlagsins. Fjögur þúsund eintök eru farin úr húsi en einhver eintök eru þó eftir hjá smásölum.

„Unglingarnir streyma í búðirnar, sem er frábært. Hungurleikaæðið er algjörlega byrjað,“ segir Erla Björg Gunnarsdóttir hjá Forlaginu. Samnefnd kvikmynd hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum og hefur einnig fengið góða aðsókn hér heima. „Innbundna bókin kom út fyrir jólin og þá kveiktu krakkarnir ekki eins mikið á þessu. Þetta byrjaði fyrir alvöru tveimur til þremur vikum fyrir frumsýningu myndarinnar.“

Bókin er nýkomin út í kilju og einnig í rafbókarformi. Vegna þessara miklu vinsælda hefur Forlagið ákveðið að flýta þýðingu á næstu bók í þrileiknum en hún átti upphaflega að koma út fyrir næstu júl. Stefnt er á útgáfu hennar í maí í þýðingu Guðna Kolbeinssonar.

- fb



**VINSÆLIR HUNGURLEIKAR** Kvikmyndin The Hunger Games hefur vakið mikla athygli á samnefndri bók Suzanne Collins.

# ferð.is

Ný ferðaskrifstofa á netinu

**Lækkað verð til Tyrklands og Portúgal!**  
**100 sæti í boði!**

## HraðFERÐ

Taktu þátt í HraðFERÐ og sparaðu.  
Lækkað verð á völdum dagsetningum.



### Bodrum

#### Flug og gisting

**Pedalisa Apartment**

22. júní - 3. júlí

Verð frá **99.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.  
Innifalið: Flug, skattar og gisting.  
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 119.550 kr.

### Portúgal

#### Flug og gisting

**Ondamar**

19. - 26. júní

Verð frá **90.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.  
Innifalið: Flug, skattar og gisting.  
Verð m.v. 2 í studio frá 103.531 kr.

### Flugsæti

#### Portúgal

19. - 26. júní

Verð frá **79.900 kr.**

#### Tyrkland

22. júní - 3. júlí

Verð frá **89.900 kr.**

Innifalið: Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

### Úrval af gistingu í boði, sjá nánar á Ferð.is

\*Tilboðið gildir á eftirfarandi dagsetningum: Portúgal 8. maí í tvær vikur, 19. og 26. júní í viku, 10. og 24. júlí í tvær vikur.  
Tyrkland 22. júní, 3., 13. og 24. júlí í 10 og 11 náttu ferðir.

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með ferð.is kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

fljúgðu fyrir miðna

ferð.is  
sími 570 4455



## Losar sig við glæsivillu

Madonna hefur sett á sölu glæsivillu sem hún keypti með fyrrum eiginmanni sínum Guy Ritchie í Beverly Hills árið 2003. Villan kostaði um 1,6 milljarða króna og er 540 fermetrar með þrjú svefnherbergi og fimm baðherbergi.



MADONNA

Allt var endurinnréttað þegar Madonna og Ritchie fluttu inn. Einnig er á löðinni stór sundlaug og tennisvöllur.

Eftir að Madonna skildi við Ritchie árið 2008 flutti hún til New York. Hún er núna að undirbúa stórt tónleikaferðalag um heiminn til að kynna sína nýjustu plötu.

## John hefði líka dáíð

Söngvarinn Elton John segir að það hefði auðveldlega getað farið eins fyrir honum og Whitney Houston, sem lést í febrúar langt fyrir aldur fram. Það hefði gerst ef honum hefði ekki tekist að verða allsgáður árið 1990.

„Ég hefði auðveldlega getað lent í því sama og Whitney Houston. Það er kraftaverk vegna þess að ég er viss um að ég notaði alveg jafnmikið kókaín og hún,“ sagði söngvarinn. Hann á núna fjórtán mánaða son með manni sínum David Furnish og þakkar það vímuefnaleysisinu.

# BLÚS LÆKNAR ÖLL VANDAMÁL

**John Primer spilar á Blúshátíð í Reykjavík um páskana. Hann spilaði með goðsögninni Muddy Waters á sínum yngri árum.**

Bandaríski blústónlistarmaðurinn John Primer spilar á Blúshátíð í Reykjavík um páskana. Hann hlakkar til að koma til landsins og ætlar að dvelja hér í fjóra daga.

„Þetta verður gaman,“ segir Primer, sem spilar með The Blue Ice Band á Hótel Nordica 4. apríl.

gott tækifæri fyrir mig og mikil reynsla. Muddy var frábær náungi.“

Primer gekk næst til liðs við Magic Slim og hljómsveit hans Teardroppers. Samstarfið entist í rúman áratug og að því loknu ákvað Primer að einbeita sér að sólóferli sínum og fór að gefa út eigin plötur. Hann er einmitt að taka upp nýja plötu um þessar mundir en ætlar ekki að spila efni af henni í Reykjavík, heldur einbeita sér að eldra efni.

Primer var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna árið 2009

“Blús er tilfinning sem lætur mér líða vel. Hann er hluti af mínu lífi og læknar öll mín vandamál.”

Primer fæddist í Mississippi 1945 en fluttist til Chicago 1963 og spilar því hinn svokallaða Chicago blús. Hann hóf feril sinn í hljómsveitinni The Maintainers sem blandaði saman sálar- og blústónlist. Primer kynntist Sammy Lawhorn sem hafði spilað með goðsögninni Muddy Waters og fékk þar góða leiðsögn. Þegar annar þekktur blúsari, Willie Dixon, safnaði mönnum saman í All Stars-hljómsveit árið 1979 réð hann Primer sem gítarleikara. Árið eftir fékk Muddy Waters Primer til að spila í hljómsveit sinni og þar lék hann þar til Waters lést árið 1983. „Það var frábært að spila með Muddy. Það var einn skemmtilegasti tími ævi minnar. Þeir verða ekki stærri en hann,“ segir Primer með sterkum Mississippi-hreim. „Þetta var mjög

ásamt fleiri blúsrum fyrir tvöföldu plötuna Chicago Blues: A Living History. Árið eftir var hann tilnefndur í fjörgang til bandarísku blúsverðlaunanna en tókst ekki að bera sigur úr bítum. Í ár hefur hann einnig verið tilnefndur til sömu verðlauna en þau verða afhent í maí. Aðspurður hvaða þýðingu þessar tilnefningar hafa fyrir hann segir Primer: „Þær þýða það að maður verður bara að halda áfram að spila blúsinn og ekki hætta fyrr en maður hefur unnið einhver verðlaun,“ segir hann og hlær. „Bara halda áfram og gefast ekki upp.“

En hvað er það við blúsinn sem er svona heillandi? „Blús er tilfinning sem lætur mér líða vel. Hann er hluti af mínu lífi og læknar öll mín vandamál.“

freyr@frettabladid.is



TIL ÍSLANDS Bandaríski blústónlistarmaðurinn John Primer spilar á Blúshátíð í Reykjavík um páskana.

## Snýr aftur í Batman

Staðfest hefur verið að Liam Neeson leiki í nýjustu Batman-myndinni, The Dark Knight Rises, sem kemur út í sumar. Hinn 59 ára leikari mun endurtaka hlutverk sitt sem Ra's al Ghul í myndinni en hann lék sömu persónu í Batman Begins.

Aðeins verður um lítið hlutverk að ræða, enda var persónan drepin í Batman Begins. „Ég veit ekkert um hvað myndin er og ég veit ekki einu sinni hvort ég verð í henni. Þetta er lítið hlutverk og ég verð þarna ef ég verð ekki klipptur út,“ sagði Neeson við CNN.

Josh Spence mun leika persónu Neeson sem ungan mann í myndinni. Christian Bale verður áfram í hlutverki Batman, auk þess sem Tom Hardy og Anne Hathaway verða í stórum hlutverkum.



AFTUR Í BATMAN Liam Neeson leikur í nýju Batman-myndinni The Dark Knight Rises.



TIL ÍSLANDS Bandaríska rokk sveitin This Will Destroy You kemur til landsins í apríl.

## This Will Destroy You spilar í Hörpu í apríl

Fyrstu tónleikar í tónleikaröðinni Stopover Series verða í Hörpu 17. apríl. Þar koma fram bandaríska jaðarrokk sveitin This Will Destroy You frá Texas og Kimono.

Stopover Series er sett saman og studd af Kimi Records, Kex Hostel, Icelandair, Hörpu, Gogoyoko og Reyka. Tónleikaröðin hefur það markmið að bjóða upp á tónleika með reglulegu millibili með spennandi jaðarhljómsveitum af erlendum uppruna. Fyrirkomulaginu er þannig háttað að hljómsveitir nýta sér kosti leiðarferfis Icelandair og stoppa hér á leið sinni yfir Atlantshafið og nýta

hér tímamann til tónleikahalds og hvíldar.

This Will Destroy You gaf út sína aðra plötu, Tunnel Blanket, á síðasta ári sem hlaut góðar viðtökur. Sveitin hefur átt fjölmörg lög í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum undanfarið ár og á hún til að mynda lag í myndinni Moneyball.

Rokksveitin Kimono fagnar tíu ára afmæli sínu um þessar mundir með ýmsum hætti, meðal annars með útgáfu á tónleikaupptökum sem og tónleikahaldi ýmiss konar. Miðasala á tónleikana hefst þriðjudaginn 3. apríl og fer fram á Harpa.is og Midi.is.

**Páskatilboð**

**ÁRHÚS HELLU**

Meira en bara gisting

Í tilefni af kaupum okkar á Árhúsum þá bjóðum við sérstakt tilboð nú um páskana, **2 fyrir 1**

Þú borgar fyrir eina nótt í smáhúsunum okkar en gistir í tvær, eða þú borgar fyrir 2 nætur en gistir í fjórar nætur. Þeir sem nýta sér þetta einstæða tilboð fá síðan 10% afslátt af veitingum í Café Árhús.

▶ Á laugardagskvöldið verður lifandi tónlist frá kl. 22 - 24

▶ Á páskadag verður farið í ratleik með börnin (glæsilegir vinningar)

Kynnið ykkur þetta frábæra tilboð - verðið kemur ykkur á óvart

Árhús Hellu Sími 487 5577  
arhus@arhus.is - www.arhus.is

# Finnst Kim dónaleg

Fyrirsætan og vandræðagæmli-  
ingurinn Janice Dickinson er  
ekki aðdáandi raunveruleika-  
stjórnnunnar Kim Kardashian ef  
marka má orð hennar við blaða-  
mann RadarOnline.

Í viðtalinu er Dickinson spurð  
út í atvik sem átti sér stað í Los  
Angeles í síðustu viku þegar  
kona hellti úr hveitipoka á Kim  
Kardashian til að mótmæla loð-  
feldanotkun stjórnnunnar. „Að  
henda hveiti í fólk er dónalegt.  
Mér finnst að Kim hefði átt að  
vera þakin tjöru og fiðri. Ég styð  
PETA og finnst allir þeir sem  
klæðast loðfeldum vera dónalegir



**ÓSÁTT VIÐ KIM** Janice Dickinson finnst  
að Kim Kardashian hefði átt að fá verri  
útreið á blaðamannafundi í síðustu viku.

NORDICPHOTOS/GETTY

og ógeðfelldir. Sérstaklega Kim  
Kardashian, hún er mjög dónaleg  
og ógeðfelld,“ sagði fyrirsætan.

# Ferillinn var að hrúni kominn

Lindsay Lohan segir að vandamál  
í einkalífínu hafi orðið til þess að  
leiklistarferill hennar hafi verið að  
hrúni kominn.

Leikkonan hefur komist í kast  
við lögin og farið nokkrum sinnum  
í meðferð undanfarin ár. Skilorðs-  
bundinn dómur sem hún fékk árið  
2007 fyrir að aka undir áhrifum  
áfengis rann út fyrir skömmu.

Hún viðurkennir að það hafi  
tekið langan tíma að átta sig á  
að hún yrði að horfast í augu við  
vandamál sín svo hún gæti horft  
fram á veginn. „Það er þungu  
fargi af mér létt núna og ég er  
bæði þakklát og ánægð og tilbúin

til að horfa til framtíðar,“ sagði  
Lohan við TMZ. Spurð hvað  
hefði breytt hugarfari hennar í  
tengslum við skilorðið sagði hún:  
„Ég hef þroskast og litið til baka  
og séð hversu mikla vinnu ég lagði  
á mig til að komast á þann stall  
sem ég vildi vera á og þá meina  
ég skemmtanabransann. Þegar  
ég horfi á hvernig mér tókst að  
eyðileggja það allt þá hugsa ég  
með mér: „Þetta er ekki það sem  
ég ætlaði mér. Núna þarftu að  
vakna,“ sagði Lohan.



**EKKI Á SKILORÐI** Leikkonan Lindsay  
Lohan er ekki lengur á skilorði.



**VINSÆL** Spennumyndin Svartur á leik  
hefur notið mikilla vinsælda.

## Svartur á leik út á land

Tryllirinn Svartur á leik er á  
leiðinni í kvikmyndahús úti á  
landi og eru sýningar í þann  
mund að hefjast eða eru þegar  
hafnar á Dalvík, Selfossi, Ísa-  
firði, í Borgarbyggð, Vest-  
mannaeyjum og víðar.

Um fimmtíu þúsund manns  
hafa séð myndina og hefur hún  
halað inn rúmlega 63 milljón-  
um króna í tekjur. Hún er nú  
þegar orðin fjórða tekjuhæsta  
íslenska kvikmynd allra tíma.  
Mikil eftirspurn hefur verið  
eftir myndinni úti á landi og má  
því búast við álíka góðri aðsókn  
þar og á höfuðborgarsvæðinu.

## Mátar hönnun sína

Fatahönnuðurinn Victoria Beck-  
ham segist sjálf máta frumgerð  
hönnunar sinnar svo hún sjái  
betur hvernig flíkurnar passi.

„Það er fyndið að við mátum  
flíkurnar á himinháar, sautj-  
án ára gamlar fyrirsætur og  
svo kem ég og segi: „Jæja, nú  
ætla ég að máta. Ég stend fyrir  
hina venjulegu konu.“ Þannig  
finnst mér best að vinna og  
þetta er hluti af hönnunar-  
ferlinu. Ég stend á nærfötunum  
einum fata og máta föt og efni,“  
sagði Beckham í viðtali við  
Harper's Bazaar UK. Ummælin  
hafa vakið nokkra athygli því  
mörgum þykir Beckham tölu-  
vert grennri í vexti en meðal-  
kvenmaðurinn.

**VAKINN**  
Gæða- og umhverfiskerfi  
fyrir íslenska ferðapjónustu

Kynntu þér málið á  
**vakinn.is**

**skemmtilegr**

# Páskarnir eru skemmtilegri með Stöð 2

Fullorðna fólkið á æsispennandi páskafri í vændum á Stöð 2 með mögnuðum kvikmyndum og vönduðum þáttum. Ungu kynslóðin fær hins vegar risastóran skammt af barnaefni af besta tagi.

**PUBLIC ENEMIES**  
Johnny Depp í sannsögulegri glæpamynd.  
Skirdag kl. 21:55

**INHALE**  
Magnþrungin spennumynd eftir Baltasar Kormák.  
Páskadag kl. 21:50

**VETURHÚS**  
Stærsta björgunarafræk Íslandssögunnar.  
Páskadagdag kl. 20:00

**VALKYRIE**  
Tom Cruise í stórmynd um morðtilræði gegn Hitler.  
Laugardaginn 7. apríl kl. 21:50

**GAME OF THRONES**  
Serían sem heimurinn hefur beðið eftir. Þættirnir eru Evrópufrumsýndir á Stöð 2, aðeins nokkrum klukkustundum á eftir USA.  
Annar í páskum kl. 20:55

**GREY'S ANATOMY**  
Vinsælasti þáttur Stöðvar 2 er kominn aftur!  
Hefst miðvikudaginn 11. apríl kl. 21:15

**COUPLES RETREAT**  
Frábær rómantísk gamanmynd.  
Laugardaginn 7. apríl kl. 20:00

**BLACK SWAN**  
Áhrifamikil Óskarsverðlaunamynd með Natalie Portman.  
Föstudaginn langa kl. 22:35

**SANNKÖLLUÐ VEISLA FYRIR BÖRNIN**  
TANGLED - Disney ævintýri eins og þau gerast best. Frumsýning í sjónvarpi: SVEPPI OG DULARFULLA HÓTELHERBERGID ...og frábært úrval af öðru vönduðu barnaefni á íslensku alla páskana!

**Tryggðu þér Stöð 2 um páskana í síma 512 5100 eða á stod2.is**

# Reyndi fyrst fyrir sér í karóki

Lagið Tenderloin með hljómsveitinni Tilbury hefur hlotið mikið lof meðal íslenskra tónlistaráhugamanna sem segja frumraun sveitarinnar lofa góðu um framhaldið. Söngvari Tilbury er trommarinn Þormóður Dagsson sem lék áður með hljómsveitunum Skakkamanager, Jeff Who? og Hudson Wayne.

„Þetta byrjaði vorið 2010, þá hafði ég sagt mig úr öllum hljómsveitunum sem ég spilaði með og farið að stunda meistaranám. Ég varð þó eitthvað eirðarlaus og samdi nokkur lög fyrir sólvörkum mitt, Formann Dagsbrúna. Þegar ég ákvað loks að taka upp lögin vantaði mig hljóðfæraleikara með mér og þá fór þetta fyrst á skrið,“ útskýrir Þormóður. Sem fékk til liðs við sig þá Kristinn Evertsson, Arnar Eldjárn, Guðmund Óskar og Magnús Tryggvason Elíason og úr varð hljómsveitin Tilbury. Spurður út í hljómsveitarnafnið segir Þormóður það eiga lítið skylt við samnefnda borg í Englandi heldur vera vísun í samnefnda smásögu eftir Þórarín Eldjárn og stuttmynd að sama nafni í leikstjórn Viðars Víkingssonar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Þormóður reynir fyrir sér sem söngvari



**MIKILL KARÓKI MAÐUR** Þormóður Dagsson skipti trommuleik út fyrir söng. Hann er söngvari hljómsveitarinnar Tilbury en fyrsta lag sveitarinnar hefur vakið mikla lukku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

en söngkunnátta hans hefur hingað til helst einskorðast við karóki. „Ég er mikill áhugamaður um karóki og hef stundað það grímt síðustu ár. Ég söng reyndar mikið með þegar ég spilaði á trommum og varð oft hás eftir tónleika, þannig kannski var þetta eðlileg þróun.“

Þormóður viðurkennir þó að það hafi verið skritin tilfinning að

stíga í fyrsta sinn fram á svið sem söngvari hljómsveitar í stað þess að vera á bak við trommusettið. „Ég var alltaf frekar öruggur með mig á bak við trommusettið, þess vegna er þetta skemmtileg áskorun fyrir mig,“ segir hann að lokum.

Fyrsta plata Tilbury, Exorcise, kemur út á vegum Record Records þann 7. maí.

- sm

**SMÁRABÍÓ** *GLERANGU SELD SÉR* **5%**

**LORAX** *FRÁ HÖFUÐJUM AULINN EG* **L**

**21 JUMP STREET FORSYNING** **14**

**THE VOW** **16**

**SVARTUR Á LEIK** **16**

**HÁSKÓLABÍÓ** *NÁNAR Á MIÐIJS* **5%**

**LORAX - ISL. TAL - 2D** KL. 1 (TILBOÐ) - 3-6 **L**

**LORAX - ISL. TAL - 3D** KL. 1 (TILBOÐ) - 3-4-6 **L**

**HUNGER GAMES KL. 1 (TILBOÐ) - 3-5-8-10-20\*\* - 11** **12**

**HUNGER GAMES LUXUS** KL. 2-5-8-11 **12**

**ACT OF VALOR** KL. 10.35 **16**

**THE VOW** KL. 8 **L**

**SVARTUR Á LEIK** KL. 5.30-8-8.15-10.20\*\* - 10.30\* **16**

**ALVIN OG ÍKORNARNIR 3** KL. 1 (TILBOÐ) **L**

**SMÁRABÍÓ** *GLERANGU SELD SÉR* **5%**

**LORAX** *FRÁ HÖFUÐJUM AULINN EG* **L**

**21 JUMP STREET FORSYNING** **14**

**THE VOW** **16**

**SVARTUR Á LEIK** **16**

**HÁSKÓLABÍÓ** *NÁNAR Á MIÐIJS* **5%**

**LORAX - ISL. TAL - 2D** KL. 1 (TILBOÐ) - 6 **L**

**LORAX - ISL. TAL - 3D** KL. 3.30 (TILBOÐ) - 6 **L**

**HUNGER GAMES** KL. 3 (TILBOÐ) - 6-9-10.30 **12**

**ACT OF VALOR** KL. 8 (SUN) - 10.30 **16**

**THE VOW** KL. 8 **L**

**SVARTUR Á LEIK** KL. 5.30-8-10.30 **16**

**ALVIN OG ÍKORNARNIR 3** KL. 3.30 (TILBOÐ) **L**

**WRATH OF THE TITANS**

SAM WORTHINGTON, RALPH FIENNES OG LIAM NEESON Í MAGNAÐRI ÆVINTÝRAMYND STÖRKOSTLEG ÞRÍVÍDD

FRÁ HÖFUÐJUM AULINN EG

**LORAX** *FRÁ HÖFUÐJUM AULINN EG* **L**

**BRIDESMAIDS**

**PROJECT X**

**JOHN CARTER**

**WRATH OF THE TITANS** 3D 12

**WRATH OF THE TITANS** KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 12

**WRATH OF... VIP** 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 2D 12

**FRIENDS WITH KIDS** KL. 5:40 - 8 - 10:20 2D 12

**PROJECT X** KL. 8 - 10:10 2D 16

**JOHN CARTER** KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D 16

**FRÍÐA OG DÝRÍÐ** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**JOURNEY 2** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**FJÓRFISKARNIR** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**DÝRA FJÓR** 3D KL. 3:40 2D 12

**THE MUPPETS MOVIE** KL. 1 - 3:20 2D 12

**HUGO** MED TEXTA KL. 5:30 2D 12

**ALFABAKKA**

**WRATH OF THE TITANS** 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 3D 12

**WRATH OF THE TITANS** KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 12

**WRATH OF... VIP** 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 2D 12

**FRIENDS WITH KIDS** KL. 5:40 - 8 - 10:20 2D 12

**PROJECT X** KL. 8 - 10:10 2D 16

**JOHN CARTER** KL. 5:20 - 8 - 10:40 2D 16

**FRÍÐA OG DÝRÍÐ** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**JOURNEY 2** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**FJÓRFISKARNIR** KL. 1:30 - 3:40 2D 12

**DÝRA FJÓR** 3D KL. 3:40 2D 12

**THE MUPPETS MOVIE** KL. 1 - 3:20 2D 12

**HUGO** MED TEXTA KL. 5:30 2D 12

**AKUREYRI**

**WRATH OF THE TITANS** KL. 6 - 8 - 10:10 12

**FRÍÐA OG DÝRÍÐ** ISL. TAL Í 3D KL. 2 12

**JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND** KL. 4 12

**PRÚÐULEIKARNIR** ENSKT TAL ISL. TEXTI KL. 2 12

**FJÓRFISKARNIR** KL. 4 12

**A FEW BEST MEN** KL. 6 12

**FRIENDS WITH KIDS** KL. 8 12

**JOHN CARTER** KL. 10:10 16

**SELFLOSS**

**WRATH OF THE TITANS** KL. 5:50 - 8 - 10:10 12

**FRIENDS WITH KIDS** KL. 5:50 - 8 12

**THE WOMAN IN BLACK** KL. 10:10 16

**PUSS IN BOOTS** KL. 2-4 12

**FJÓRFISKARNIR** KL. 2 12

**FRÍÐA OG DÝRÍÐ** KL. 4 12

**Páska, barna og Fjölskyldu bíó**

450 kr. í Sambíóin um páskana á valdar fjölskyldumyndir um helgina og alla páskana

**SAMBIO.IS**

SÝNINGARTÍMAR SÉRMEKTIÐ Í DAGLEGUM AUGLÝSINGUM SAMBÍÓA EINNIG Á [HTTP://PASKAR.SAMBIO.IS](http://PASKAR.SAMBIO.IS)

**Ódýrt í bíó**

ÍSLENSKT TAL

**LORAX** *FRÁ HÖFUÐJUM AULINN EG* **L**

**HUNGER GAMES** **12**

**ALVIN OG ÍKORNARNIR 3** **L**

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

**TILBOÐSBÍÓ**

**LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR**

**SMÁRABÍÓ** *GLERANGU SELD SÉR* **5%**

**HUNGER GAMES** KL. 1 **12**

**LORAX 3D/2D** KL. 1 **L**

**ALVIN OG ÍKORNARNIR 3** KL. 1 **L**

**HÁSKÓLABÍÓ** *NÁNAR Á MIÐIJS* **5%**

**HUNGER GAMES** KL. 3 **12**

**LORAX 3D/2D** KL. 3.30 **L**

**ALVIN OG ÍKORNARNIR 3** KL. 3.30 **L**

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) / [midi.is](http://midi.is) ■ Hluti af Europa Cinemas

**FÖSTUDAGUR: CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ AMMA LO-FI 20:00 (BOÐSSÝNING), 22:00 ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:10 ■ BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20 THE DESCENDANTS 17:40 ISL. TEXTI ENG. SUBS**

**SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skirteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.**

**CARNAGE** NÝJASTA MYND ROMAN POLANSKI

SAVE THE BEST PIECE FOR LAST.



# AMERICAN PIE: REUNION

Coca-Cola Hraðpeningar

FRUMSÝND 4. APRÍL

Drepfyndin mynd sem gefur fyrstu myndunum ekkert eftir!

FORSALA HAFIN Á *midi.is* OG *SAMBIO.IS*





**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON** hefur skrifað undir nýjan samning við spænska úrvalsdeildarfélagið CAI Zaragoza sem gildir til næstu tveggja ára. Hann hefur spilað vel með liðinu í vetur en það er sem stendur í sjöunda sæti deildarinnar. Hann hefur verið á Spáni síðan 2009 en deildin þar telst ein sú sterkasta í Evrópu.



**STILIAN PETROV** Hefur verið fastamaður í liði Aston Villa undanfarin ár.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrirliði Aston Villa:

## Greindist með bráðahvítblæði

**FÓTBOLTI** Stilian Petrov, fyrirliði Aston Villa og búlgarskur landsliðsmaður, hefur greinst með bráðahvítblæði en félagið greindi frá því í gær. Fram kom í yfirlýsingu félagsins að Petrov hafi fengið hita eftir leik liðsins gegn Arsenal um síðustu helgi og hann hafi síðan gengist undir lækni-skoðanir. Niðurstaða þeirra var staðfest í gær.

Petrov hefur verið á mála hjá Villa síðan 2006 og er í miklu upphaldi hjá stuðningsmönnum þess. Við tekur erfið meðferð og biðja fulltrúar félagsins um að Petrov og fjölskyldu hans verði gefið næði á þessum erfiðu tímum.

- esá



**LAGERBÄCK** Landsliðsþjálfarinn undirbýr liðið fyrir undankeppni HM.

MYND/VILHELM

Vínáttulandsleikur í ágúst:

## Færeyingar koma í Dalinn

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mun mæta Færeyingum í vínáttulandsleik á Laugardalsvelli þann 15. ágúst næstkomandi. Fyrsti leikur Íslands í undankeppninni er gegn Norðmönnum á Laugardalsvelli þann 7. september.

- hbj



**DAGNÝ SKÚLADÓTTIR** Getur orðið deildarmeistari í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

N1-deild kvenna í handbolta:

## Valur þarf stig fyrir norðan

**HANDBOLTI** Lokaumferð N1-deildar kvenna fer fram í dag og þá ræðst hvornig liðin raða sér inn í úrslitakeppnina. Valskonur þurfa stig á móti KA/Þór fyrir norðan til að tryggja sér deildarmeistaratitilinn en Akureyrar-liðið er í baráttunni við Gróttu um sjötta og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina.

Til þess að komast inn í úrslitakeppnina þarf KA/Þór að vinna sinn leik og treysta á það að Gróttu taki ekki stig á útvelli á móti Stjörnunni. Stjörnunur keppa við HK um 4. sætið. Liðin eru jöfn að stigum en Stjarnan stendur betur í innbyrðisviður- eignum. HK heimsækir FH en Stjarnan tekur á móti Gróttu. Allir leikirnir hefjast klukkan 16.00.

- 66j

# Sviarnir stálu mér ekki

Skúli Jón Friðgeirsson er nýjasti íslenski atvinnumaðurinn í fótboltanum en hann gekk í gær frá fjögurra ára samningi við sænska liðið IF Elfsborg. „Mjög góð kaup hjá IF Elfsborg,“ segir íslenski landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck.

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Skúli Jón Friðgeirsson gekk í gær frá fjögurra ára samningi við sænska úrvalsdeildarliðið IF Elfsborg. Þessi 22 ára gamli kappi sem getur spilað bæði sem miðvörður og bakvörður átti frábært ár með KR í fyrra en er nú tilbúinn í næsta skref á ferlinum.

